

**Sp. 518. Tillaga til þingsályktunar [254. mál]**

um stefnumörkun í landbúnaði.

Frá landbúnaðarráðherra.

Alþingi ályktar, að meginmarkmið í málefnum landbúnaðarins skuli vera:

1. Fjölbreytt og hagkvæm framleiðsla landbúnaðarafurða, í samræmi við neysluþarfir þjóðarinnar og hráefnisþörf iðnaðarins.
2. Tekjur og félagsleg aðstaða þeirra, sem búvöruframleiðslu stunda, sé sambærileg því, sem aðrar stéttir hafa.
3. Skipulag búvöruframleiðslunnar og atvinnutækifæra í sveitum í samræmi við þá stefnu, sem ákveðin er í byggðamálum og eðlilega nýtingu landskosta.

Stefnt verði að því að ná ofangreindum markmiðum með beinum samningum ríkisvaldsins og þeirra, sem búvöruframleiðslu stunda, og á grundvelli 5 ára áætlunar um þróun framleiðslunnar, m. a. með eftirgreindum aðgerðum og leiðum:

**1. Framleiðslumarkmið.**

Áhersla verði lögð á að fullnægja þörfum landsmanna fyrir þær búvörur, sem unnt er að framleiða í landinu og stuðla með því að öryggi þjóðarinnar. Taka skal í því sambandi mið af óskum neytenda um fjölbreytt vöruframboð og þörfum iðnaðarins fyrir hráefni. Gerð verði neysluáætlun fyrir þjóðina með hliðsjón af almennum mannelissjónarmiðum og eðlilegri nýtingu innlendra framleiðslumöguleika. Nýjar búgreinar verði reyndar. Lögð verði megináhersla á þær greinar sem nýta innlenda fóðurframleiðslu. Framleiðslan verði miðuð við innanlandsþarfir, og sveiflur sem óhjákvæmilega verða af völdum árferðis. Ekki verði stefnt að útflutningi á framleiðsluvörum nema viðunandi markaður sé fyrir hendi.

**2. Tekju- og þjónustumarkmið.**

Lögð verði áhersla á að tryggja þeim sem að búvöruframleiðslu starfa, fjárhagslega afkomu sem er sambærileg við það sem verkamenn og iðnaðarmenn hafa. Kappkostað verði að bæta afkomuna, og tryggja sem lægst verð á matvælum með því að auka hagræði hverskonar við búvöruframleiðsluna. Leitast verði við að ná því marki með aukinni rannsóknastarfsemi í þágu landbúnaðarins, hagfræðiaðstoð og fræðslu og leiðbeiningastarfsemi fyrir bændur.

Einnig láti landbúnaðarráðuneytið, í samvinnu við samtök bænda, gera búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir fyrir landbúnaðarframleiðsluna. Lán og framlög til landbúnaðarins verði samræmd þessum áætlunum.

Í því skyni að ná tekjumarkmiði, verði á áætlunartímanum heimilt að flytja fjármagn af styrkjum og útflutningsbótum á milli ára, enda verði heildarupphæð á tímabilinu innan þeirra marka, sem lög leyfa.

Unnið verði að félagslegum umbótum sem m. a. tryggi að bændur geti notið reglulegs frítíma, orlofs og aðstoðar í veikinda- og slysatilfellum, líkt og aðrir þjóðfélagshópar, svo og bættri þjónustu hins opinbera á sviði heilbrigðismála, menntunar, samgangna og orkumála.

### 3. Byggðamarkmið.

Til að forðast frekari röskun í byggð landsins skal stefnt að því að dreifing setinna býla um landið verði sem mest í því horfi sem nú er. Í því skyni verði gerðar ráðstafanir til að styrkja búsetu í einstökum byggðum eða landssvæðum. Kostnaður af slíkum aðgerðum verði borinn af því fé sem þjóðin ver til að halda jafnvægi í byggð landsins. Í þessu sambandi verði lögð áhersla á að draga úr framleiðslu stærri bóa og á nýjar arðbærar búgreinar en forðast umframframleiðslu búvöru sem ekki styðst við öruggan og viðunandi markað.

## Greinargerð.

### I. KAFLI INNGANGUR.

Segja má að aukin framleiðsla og framleiðni hafi verið ríkjandi markmið í málefnum landbúnaðarins undanfarna áratugi. Aukin framleiðsla var sjálfsagt markmið þegar þörfum þjóðarinnar fyrir landbúnaðarafurðum var ekki fullnægt. Einnig má segja að aukin framleiðsla hafi verið sú leið, sem bændum hefur helst verið fær til þess að ná auknum tekjum.

Aukin framleiðsla er hinsvegar vafasamt markmið þegar þörfum þjóðarinnar hefur verið fullnægt, ef annar viðunandi markaður er ekki fyrir hendi. Þetta hefur samtökum bænda verið ljóst undanfarin ár, og hafa farið fram á viðtækari heimildir til þess að sporna gegn óæskilegri aukningu framleiðslunnar. Ekki hefur þó náðst samstaða á Alþingi um slíkar heimildir fyrr en e. t. v. nú. Jafnframt hefur umframframleiðslan aukist, einkum þrjú síðustu árin, svo að nú horfir til stórra vandræða.

Um leið og samtökum bænda eru veittar auknar heimildir til þess að sporna gegn framleiðslu, er nauðsynlegt að marka nýja stefnu í málefnum landbúnaðarins. Ákveða verður hvaða markmið ber að leggja til grundvallar svo og þær leiðir sem fara ber til þess að ná slíkum markmiðum.

Með þessari tillögu til þingsályktunar er farið fram á að Alþingi ákveði slíkt. Þau markmið sem ákveðin verða, munu verða lögð til grundvallar í heinum samningum ríkisins og framleiðenda landbúnaðarafurða, sem að er stefnt og við gerð áætlunar um þróun landbúnaðarins, sem ákveðið er að gera, og þær leiðir fyrst og fremst farnar, sem Alþingi bendir á.

Með fjárveitingu á fjárlögum 1979, var veitt heimild til að ráða sérstakan ráðunaut um stefnumörkun í landbúnaði. Hákon Sigurgímsson, sem var starfsmaður Stéttarsambands bænda, var í desember s. l. ráðinn til þessa starfs. Hefur Hákon haft umsjón með gerð þessa verks, en auk þess hafa eftirgreindir eintaklingar lagt til efni í greinargerð með þessari tillögu:

Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, Árni Jónasson, erindreki Stéttarsambands bænda, Sveinn Tryggvason, framkvæmdastjóri, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Pétur Sigurðsson, mjólkurtæknifræðingur, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Jón R. Björnsson, fulltrúi, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Agnar Guðnason, blaðafulltrúi bændasamtakanna, Halldór Pálsson, búnaðarmálastjóri, Óttar Geirsson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Ólafur Dýrmundsson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Erlendur Jónasson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Ólafur E. Stefánsson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Axel Magnússon, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Óli Valur Hansson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Árni G. Pétursson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Sigurjón Bláfeld, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Sveinn Hallgrímsson, ráðunautur, Búnaðarfélagi Íslands, Gísli

Kristjánsson, fyrrv. ritstjóri, Búnaðarfélagi Íslands, Ketill A. Hannesson, forstöðumaður Búreikningastofu landbúnaðarins, Jónas Jónsson, ritstjóri, Búnaðarfélagi Íslands, Björn Sigurbjörnsson, forstjóri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Gunnar Sigurðsson, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Bjarni Einarsson, Framkvæmdastofnun ríkisins, Sigurður G. Þorsteinsson, Framkvæmdastofnun ríkisins, Jón M. Guðmundsson, bóndi, Reykjum, Mosfellssveit, Árni Jónsson, landnámsstjóri, Landnámi ríkisins, Stefán Pálsson, forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Guðmundur Sigþórsson, deildarstjóri, landbúnaðarráðuneytinu, Magnús B. Jónsson, skólastjóri, Bændaskólanum á Hvanneyri, Grétar Unnsteinsson, skólastjóri, Garðyrkjuskólanum Reykjum, Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri, Gunnarsholti, Sigurður J. Líndal, bóndi, Lækjamóti, V.-Hún., Ingi Tryggvason, verkefnisstjóri, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Þór Guðjónsson, veiðimálastjóri, Veiðimálastofnuninni, Edvald B. Malmquist, yfirmatsmaður garðávaxta, Grænmetisverslun landbúnaðarins.

Þá hefur þessi tillaga verið kynnt á fjölmönnum fundum með fulltrúum framleiðenda, opinberra stofnanna, neytenda, fulltrúum verslunaraðila o. fl. Hafa á slíkum fundum komið fram fjölmargar athyglisverðar ábendingar. Öllum þessum aðilum er þakkað þeirra framlag.

Í þessari tillögu er valin sú leið að hafa markmiðin fá og þannig, að þar komi fram meginatriði nýrrar landbúnaðarstefnu. Með þessu móti eru aðalatriðin látin ráða stefnunni, fremur en aukaatriði. Í seinni hluta tillögunnar er hins vegar bent á ýmis undirmarkmið og leiðir, sem fara má.

Meginmarkmiðin eru talin þrjú: framleiðslu-, tekju- og byggðamarkmið. Lagt er til sem aðalmarkmið, að framleiðslan verði sem næst neysluþörfum þjóðarinnar og hráefnisþörf iðnaðarins. Að sjálfsögðu merkir þetta ekki að áhersla verði ekki lögð á framleiðslu, sem arðbær er til útflutnings og gjaldeyrisaflandi, enda eru slíkar búgreinar ákaflega mikilvægar sem leiðir til þess að ná bæði tekju- og byggðamarkmiðum.

Um markmið og leiðir er ítarlega rætt, bæði beint og óbeint í hinum ýmsu köflum greinargerðarinnar, sérstaklega þó köflum VII og IX. Þó er rétt að vekja sérstaka athygli á því ákvæði í liðnum tekjumarkmið, þar sem farið er fram á heimild til að ráðstafa styrkjum og útflutningsbótum á milli ára á áætlunartímanum, enda verði heildarupphæðin á tímabilinu í heild, ekki hærri en lög gera ráð fyrir. Að sjálfsögðu verður að afla nánari heimildar í lögum. Liggur nú þegar fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingar á jarðræktarlögum, sem að þessu hnígur. Ráðstöfun útflutningsbóta mun hins vegar koma til umræðu við meðferð framleiðsluráðslaga. Slík heimild er mjög mikilvæg í þeirri viðleitni að draga nokkuð úr tekjuskerðingu bænda á fyrri hluta áætlunartímabilsins.

## II. KAFLI

### LANDBÚNAÐARSTEFNA FYRRI ÁRA.

#### 1. Inngangur.

Naumast er hægt að tala um eiginlega stefnu í landbúnaðarmálum á Íslandi fyrr en kemur fram á 4. áratug þessarar aldar.

Á síðustu öld má segja að hagsmunir landbúnaðarins hafi um leið verið hagsmunir þjóðarinnar allrar og voru flestar stjórnathafnir miðaðar við þarfir hans.

Hið gamla samfélag bændanna, þar sem aðalatriðið var að hvert býli væri sjálft sér nægt um flesta hluti, var þá enn í fullum blóma.

Í upphafi þessarar aldar bjuggu 80% þjóðarinnar enn í sveitum landsins, en aðeins 20% í þéttbýli. Á fyrstu áratugum aldarinnar varð veruleg breyting á búsetu landsmanna og þéttbýlisstaðir tóku mjög að eflast og fólki að fækka í sveitum. Um leið var grundvöllur hins hefðbundna bændaþjóðfélags brostinn. Landbúnaðurinn

fékk nýtt hlutverk og byggði nú afkomu sína í æ rikari mæli á sölu afurða til íbúa þéttbýlisstaðanna .

Lengst af var sá háttur á hafður, að bóndinn fór sjálfur með gripi sína og afurðir í kaupstaðinn og seldi beint til neytenda eða kaupmanna.

Þetta voru bændum fyrirhafnarsöm og oft óhagstæð viðskipti. Þegar fólki fækkaði í sveitum var ekki tími til að sinna slíkum viðskiptaháttum, og með vaxandi þéttbýli jukust einnig kröfur um hreinlæti og vöruvöndun. Bændur tóku að sameinast um söluna. Viðast tóku kaupfélögin við afurðasölunni, byggðu sláturhús og stofnuðu mjólkurbú. Annarsstaðar voru stofnuð sérstök sláturfélög og mjólkursamlög.

Á 19. öldinni var mest unnið að eflingu landbúnaðarins án beinna lagafyrirmæla, en með vaxandi þéttbýli og nýjum atvinnugreinum breyttist aðstaða landbúnaðarins og hann fór að eiga í samkeppni við aðra atvinnuvegi um vinnuafli, fjármagn og fyrirgreiðslu í þjóðfélaginu.

Þessi breytta staða kemur glögg fram í athugasemdum við stjórnarfrumvarp til laga um Ræktunarsjóð Íslands, sem samþykkt var á Alþingi 1925, en þar segir:

„Á umliðnum árum, að minnsta kosti síðan 1913, hafa einatt komið fram óskir um sérstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, byggðar á því, að þær lánsstofnanir, sem til eru í landinu, komi landbúnaðinum ekki að fullum notum, og að til hans renni ekki svo mikill hluti af lánsfé í landinu, sem eðlilegt væri og vera þyrfti, til þess að framfarir í þeim atvinnuvegi fylgdust með framförum annarra atvinnuvega landsmanna.“

Á 3.—5. áratug aldarinnar var hlutur landbúnaðarins í hinu nýja og breytta þjóðfélagi 20. aldarinnar tryggður með margvislegri lagasetningu á Alþingi. Þessi lagasetning markar um leið hina opinberu landbúnaðarstefnu, sem fylgt hefur verið á Íslandi síðustu áratugina.

Hér á eftir verður reynt að gera grein fyrir einstökum þáttum þessarar lagasetningar, og ýmsum öðrum atriðum sem þar hafa haft áhrif til mótunar.

## 2. Jarðræktarlögin.

Eins og fyrr segir, var á 19. öldinni mest unnið að eflingu landbúnaðarins án beinna lagafyrirmæla. Þegar landið fékk fjárforræði var farið að veita styrk til búnaðarumbóta, sem einkum gekk til jarðræktarinnar. Voru settar reglur um þessar greiðslur á Alþingi 1881.

Hin fyrstu jarðræktarlög voru samþykkt 20. júní, 1923. Höfuðmarkmið laganna var að koma fastri skipan á yfirstjórn ræktunarmála í landinu og að ríkið styrkti bændur og aðra ræktunarmenn til ræktunar, svo og að efla tæknilega aðstöðu bænda til ræktunar.

Samkvæmt lögum þessum mátti veita framlag úr ríkissjóði til bygginga á áburðarkjöllurum, safnþróum og til ræktunarframkvæmda og til að koma upp matjurtagörðum. Framlag mátti vera  $\frac{1}{3}$  kostnaðarverðs til annars en matjurtagarða, sem voru styrktir að  $\frac{1}{5}$  hluta.

Breyting var gerð á lögumum árið 1942 og ákvæðin um styrkveitingar rýmkuð. Var þá farið að veita framlög til bygginga á heyllöðum og til girðinga um ræktunarlönd.

Árið 1950 var enn gerð breyting á lögumum og þá stofnuð embætti héraðsráðunauta í jarðrækt. Skyldu laun þeirra greiddast að  $\frac{3}{5}$  hlutum úr ríkissjóði. Í reynd hefur þetta ekki verið framkvæmt eins og lögin gera ráð fyrir. Búnaðarsamböndin hafa greitt héraðsráðunautunum hærra laun en ríkissjóður hefur talið sér skylt að taka þátt í. Þá var einnig tekið upp framlag til vélgrafinna skurða, er nam helmingi kostnaðar.

Breytingar, sem gerðar hafa verið á jarðræktarlögum frá árinu 1950 miða flestar að því að fjölga styrkhæfum framkvæmdum. Tekið hefur verið upp framlag til byggingar garðávaxtageymslna, súgurrkunarkerfa, verkfærageymslna, enduræktunar túna, grænófóðurræktar, hagaræktar, vatnsveitna til heimilis- og búsparfa o. fl. framlög.

Árið 1945 voru samþykkt lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Lög þessi heimiluðu búnaðarsamtökum (ræktunarsamböndum) að taka að sér ákveðnar ræktunarframkvæmdir á sinu svæði fyrir kostnaðarverð.

Á grundvelli þessara laga voru á næstu árum stofnuð 70 ræktunarsambönd í landinu. Gerð var áætlun um ræktunarframkvæmdir fyrir allt landið, sem miðuð var við það að öll heyöflun bænda færi fram á ræktuðu landi.

Hafa lög þessi haft mikla þýðingu fyrir eflingu jarðræktarframkvæmda, ekki síður en jarðræktarlögin sjálf.

Þá hafði starfsemi Vélasjóðs einnig mikla þýðingu fyrir framgang jarðræktarmála. Sjóðurinn var stofnaður 1942. Hann veitti styrki til kaupa á stórvirkum tækjum, einkum jarðýtum, og keypti og rak skurðgröfur eða leigði þær ræktunarsamböndum. Framræstan var undirstaða hinnar miklu ræktunar. Einnig var Vélasjóður verktaki við stærri ræktunarframkvæmdir, gegn kostnaðarverði.

Þá skal hér getið eins atriðis, sem mikla þýðingu hefur haft í ræktunarmálum og fyrir allar framfarir í landbúnaði, en það er tilkoma tilbúins áburðar. Notkun hans hófst ekki almennt hér á landi fyrr en eftir 1928.

Fyrstu árin beitti Búnaðarfélag Íslands sér fyrir innflutningi hans, en árið 1928 tók ríkið að sér einkasölu á tilbúnum áburði, og giltu þau lög þar til Áburðarverksmiðjan kom til sögunnar 1954.

Sú stefna hins opinbera, sem fram kemur í þeirri lagasetningu, sem hér hefur verið lýst miðar fyrst og fremst að því að efla innlenda fóðurframleiðslu með framlögum til jarðræktar, áburðarhúsa og fóðurgeymslna, og í öðru lagi að því að koma jarðræktarframkvæmdum í félagslegt form til að gera þær ódýrari og framfarirnar örari. Jafnframt eru jarðræktarframlögin í raun niðurgreiðsla á framkvæmdakostnaði. Hafa þau áhrif til lækkunar á verði búvara og koma þannig neytendum til góða.

Búnaðarfélag Íslands hefur frá upphafi annast framkvæmd jarðræktarlaganna. Skylt hefur verið að greiða framlög til þeirra framkvæmda sem, að dómi Búnaðarfélagsins og trúnaðarmanna þess teljast styrkhæfar, samkv. jarðræktarlögum.

Við endurskoðun jarðræktarlaganna 1950 var ákveðið að ríkissjóður greiddi verðlagsuppbót á jarðræktarframlög samkvæmt vísitölu framfærslukosinaðar. Árið 1955 samþykkti Alþingi að greiða 15% álag umfram þá uppbót sem ákveðin var 1950.

Árin 1959—1965 héldust jarðræktarframlög óbreytt að verðgildi og rýrnuðu mjög í þeirri öru verðlagsbreytingu sem var á þeim árum.

Árið 1965 voru jarðræktarlögin enn endurskoðuð og framlög bundin ákveðinni vísitölu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Síðast var lögnum breytt árið 1972. Var þá grundvöllur framlaganna endurskoðaður, og styrkhæfum framkvæmdum fjölgað. Meðal annars voru þá tekin upp framlög til vatnsveitna til heimilis- og búþarfa.

Nokkuð er breytilegt hve háir hundraðshluti framlög samkvæmt jarðræktarlögum eru af meðalkostnaði við einstakar framkvæmdir. Í lögnum er ákveðið að framlög til framræslu skuli vera 70% af kostnaði, við plógræsi 75% og 50% af kostnaði við vatnsveituframkvæmdir. Á síðasta ári var framlag til nýræktar í mýri um 50% af áætluðum meðalkostnaði pr. ha., 47% til grænófóðurræktar, 17% til girðinga pr. m, 11% pr. m<sup>3</sup> í þurrheyshlöðum, 28% í votheyshlöðum og um 37% pr. m<sup>3</sup> í áburðargeymslum. Þess ber að geta að lán Stofnlánadeildar landbúnaðarins til framkvæmda, sem njóta framlaga, skv. jarðræktarlögum eru hlutfallslega lægri en lán til annarra framkvæmda.

Fjöldi jarðarbótarmanna var um 3000 á árinu 1977.

Framlög til jarðabóta og bygginga samkvæmt lögnum voru sem hér segir, vegna framkvæmda á árinu 1977:

Tegund framkvæmdar	Framlög kr.	% af heildar- framlögum
Jarðrækt .....	386 892 715 <sup>1)</sup>	36.5
Byggingar .....	435 592 162	41.0
Vatnseitur .....	83 041 315	7.8
Plógræsi .....	25 247 447	2.4
Framræsluskurðir .....	130 410 029	12.3
	<b>Framlög samtals 1 061 213 668</b>	<b>100.0</b>

### 3. Nýbýlalöggjöfin.

Tilskipanir og lög um nýbýli og endurbyggingu jarða voru um skeið einn stærsti þátturinn í áhrifum ríkisvaldsins til skipulagsbreytinga í landbúnaði. Fram til ársins 1936 höfðu gilt ýmis lög og tilskipanir um þetta efni, en þá voru, með setningu laga um nýbýli og samvinnubyggðir, mörkuð tímamót í landnámsmálum.

Tilgangur þeirra var að sem mest af árlegri fjölgun þjóðarinnar ætti kost á að fá býli í sveit til ábúðar, þar sem landbúnaður væri stundaður sem aðalatvinnuvegur. Stuðningur ríkisins átti að vera það riflegur, að stofnverð býlanna yrði ekki hærra en svo að meðal fjölskylda gæti haft þar sæmileg afkomuskilyrði. Með lögum þessum var Byggingar- og Landnámsjóði Búnaðarbankans skipt í tvær deildir. Önnur þeirra átti að veita lán til endurbygginga húsa í sveitum, en hin, Nýbýlasjóður, lán til að reisa nýbýli og samvinnubyggðir. Í styrk til framkvæmda samkvæmt lögum þessum mátti að hámarki veita 7/17 af stofnkostnaði býlis og lán máttu að hámarki vera sama hlutfall af stofnkostnaði.

Árið 1946 var gerð grundvallarbreyting á landnámslögum með setningu laga um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum. Með lögum þessum var Landnám ríkisins stofnað, og skyldi það starfa undir stjórn nýbýlastjórnar og landnámsstjóra, sem áður hafði notið ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands við framkvæmd landnámslaga.

Samkvæmt þessum nýju lögum undirbjó Landnám ríkisins eftir tillögu nýbýlastjórnar, land til ræktunar, þar sem stofna skyldi byggðahverfi í sveitum, einstök býli eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kaupstún og kaupstaði. Landnámið keypti land til þessara nota, en heimild var til að taka það eignarnámi að tillögu nýbýlastjórnar. Að loknum undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar var því ráðstafað á erfðaleigu til einstaklinga eða byggðafélaga eða notað til að reisa svokölluð byggðahverfi, en í þeim skyldu vera minnst 5 býli.

Til byggingar útihúsa og íbúðarhúsa í byggðahverfum veitti Byggingasjóður lán, allt að 75% af byggingarkostnaði. Sá sjóður var, eins og áður er getið, stofnaður með sameiningu Byggingasjóðs. Nýbýlasjóðs og smábýladeildar Búnaðarbanka Íslands. Við kaup á þessum býlum þurfti að leggja út ¼ hluta af byggingarkostnaði húsa á býlinu og fylgdi þá jafnframt umráðaréttur yfir 5 ha. ræktaðs lands. Samkvæmt lögum þessum var einnig mögulegt að stofna nýbýli með skiptingu á jörðum, eða landi utan lögbýla, sem til þess hentaði. Veittu nýbýlastjórn og Byggingasjóður hliðstæða fyrirgreiðslu til slíkra nýbýla og býla í byggðahverfum. Við skiptingu eldri jarða til stofnunar nýbýlis var það skilyrði sett, að nýbýlið hefði minnst 12 ha. ræktunarlands og nægilegt beitarland, að mati nýbýlastjórnar.

Frá stofnun Landnáms ríkisins og til ársloka 1970 var veittur styrkur til nýbýla, eftir árum, sem hér segir:

1) Þar af grænófóðurakrar kr. 131 732 791.

Tímabil:	Nýbýli (1):	Smábýli (2):	Garðyrkju- býli (3):	Endurb. eyðijarða (4):	Alls:	(1) + (4):
Að 1950 .....	143	0	0	5	148	148
1951—1955 .....	252	0	0	80	332	332
1956—1960 .....	214	8	17	60	299	274
1961—1965 .....	101	22	11	18	152	119
1966—1970 .....	38	23	23	12	96	50
Alls	748	53	51	175	1027	923

Stofnuð voru samtals 923 nýbýli við endurbyggingu eyðijarða eða við nýbyggingu á býli á þessu tímabili, og er það nálægt 1/5 hluti allra jarða í landinu.

Þess ber að geta að í sumum tilfellum er nýbýlisstofnunin nánast formsatriði eða hefur leitt til þess að eldri jörðin lagðist af. Einnig, að margt þeirra nýbýla, sem stofnuð voru í byggðahverfum voru ekki nytjuð nema skamman tíma. Ljóst er hins vegar að nýbýlastarfsemin hafði mikla þýðingu til að viðhalda fjölda jarða í byggð og hamla gegn byggðaröskuninni.

Með lagabreytingu árið 1971 var breytt um stefnu í landnámsmálum. Stofnun nýbýla var eftir það ekki megin markmið heldur hagfelld þróun byggðarinnar, sem stuðlað gæti að traustri búsetu.

Tekið var að veita framlög til sameiningar jarða og settar reglur um stofnun félagsbúa og um félagsræktun. Nutu bændur sömu réttinda við stofnun félagsbús og stofnun nýbýlis. Eftir breytinguna á landnámslögum árið 1971, veitir stofnun nýbýlis ekki rétt til neinnar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu eða framlaga umfram það, sem er til annarra býla samkvæmt jarðræktarlögum og lánafyrirgreiðslu í samræmi við almennar lánareglur Stofnlánadeildar. Við þessa breytingu hætti Landnámið að rækta ákveðna tústærð fyrir hvert býli í byggðahverfum og reisa nauðsynleg mannvirki. Krafa um lágmark ræktanlegs lands á nýbýli var færð í 100 ha.

Samþykkt nýbýlisstofnunar er því í raun ekki annað en viðurkenning á býlinu sem sjálfstæðri framleiðslueiningu í landbúnaði.

Á tímabilinu 1971—1978 hefur verið samþykktur eftirtalinn fjöldi býla hjá Landnámsstjórn.

Tímabil:	Nýbýli og <sup>1)</sup> fleirbýli (1):	Smábýli (2):	Garðyrkju- býli (3):	Endurb. eyðijarða (4):	Alls:	(1) + (4):
1971—1978 .....	258 <sup>2)</sup>	67	111	67	403	325

Með lagabreytingunni 1971 hófst jafnframt nýr þáttur í starfsemi landnámsins. Ákveðið var að gera áætlun um skipulega byggingu grænifóðurverksmiðja um landið með hliðsjón af staðháttum og þörf á að efla innlendan fóðuriðnað. Samkvæmt þessum ákveðnum hafa nú verið reistar tvær grænifóðurverksmiðjur og bygging tveggja til viðbótar undirbúin. Áður voru í eigu ríkisins tvær grænifóðurverksmiðjur og ein er í einkaeign.

#### 4. Búfjárræktarlögin.

Árið 1931 voru samþykkt lög um búfjárrækt. Voru þau arftaki eldri laga frá 1905 um kynbætur nautgripa. Eftir þeim lögum störfuðu nautgriparæktarfélag bænda í mörgum sveitum og höfðu náð mjög athyglisverðum árangri. Meðalnyt „árskúa“ í nautgriparæktarfélagunum hafði vaxið úr 2210 l árið 1905 í 2580 l árið 1930.

Með lögum 1931 var komið heildarskipulagi á kynbótastarfsemina í landinu og stefnt markvisst að umbótum í fóðrun búfjárins.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið frá 1931 kemur hinn stefnumarkandi tilgangur laganna mjög glögg fram:

- 1) Með fleirbýli er átt við skiptingu á ábúðarrétti, sem ekki leiðir í öllum tilfellum til skiptingar jarðarinnar.
- 2) Þar af 9 sjálfstæð nýbýli.

„Hið opinbera hefir um langt skeið stutt að því að heyðflun yrði ódýrari, en af alhug er fyrst unnið að því með jarðræktarlögum.

Árangur hefir þá líka náðst. Til muna færri fólk en áður vann að heyskap, heyjar nú á hverju ári meira en áður var gert. Eftir því sem næst verður komist munar þetta um fjórða hluta frá því sem var fyrir 15 árum. (Athugunin byggð á því, sem 150 bændur hafa gefið upp um þetta efni).

Með ríkissjóðsstyrknum til túnbótanna hefir því náðst verulegur árangur, og aðstaðan fyrir næstu kynslóð er hún tekur við af þeirri, sem nú er uppi, er ólíkt betri en var fyrir núverandi kynslóð, er hún byrjaði verulega á umbótunum.

En þó þarna sé fengin mikilsverð framför, þá vantar hitt jafnframt, að hugsað sé um að bæta búféð, svo það umsetji fódrið í sem mestar og bestar afurðir. Þetta verður að fylgja með auknu ræktuninni ef vel á að fara, annars næst ekki verulegur árangur.

Fyrir því þarf Alþingi að fara að stuðla að því að hafist verði handa, og af alhug unnið að kynbótum búfjárins. Með starfsemi Búnaðarfélags Íslands má að visu segja að nokkuð hafi verið unnið á þessu sviði fyrir opinbert fé, en með lagafrumvarpi því, er hér liggur fyrir er málinu gefið fastara form, og það ákveðið, að svo framarlega sem starfið sé rekið svo, að vænta megi árangurs af, þá sé því að lögum tryggður styrkur.“

Lögin kveða á um starfsemi kynbótafélaga í nautgripa-, sauðfjár- og hrossarækt. Einnig um fódurbirgðafélög bænda og búfjártryggingar. Stuðningur hins opinbera er í formi stuðnings við kynbótafélögin og við búfjársýningar. Þeim hefur verið breytt nokkrum sinnum, síðast 1973, en megin tilgangur þeirra er þó óbreyttur enn.

Árangur af þessu starfi hefur orðið mjög mikill eins og fram kemur í kaflanum um kynbótastarfseina (sjá III. kafla).

Kostnaður við framkvæmd búfjárræktarlaga var um 160 milljónir á síðasta ári þar af námu launagreiðslur til frjótekna um 59 milljónum, en samkvæmt lögum eru 65% af launum þeirra greidd úr ríkissjóði.

## 5. Lánastofnanir.

Með vaxandi sérhæfingu í framleiðslu landbúnaðarvara, aukinni vélvæðingu og kröfum um bætтан húsakost hefur stofnfjárbörf landbúnaðarins farið vaxandi. Mikill hluti fjármyndunar í landbúnaðinum hefur komið frá bændum sjálfum, þ. e. með eigin vinuframlagi við framkvæmdir, eigin fjárframlagi bóndans og með því að stofna til lausaskulda.

Til viðbótar þessu hefur komið fyrirgreiðsla fjárfestingarsjóða landbúnaðarins og óafturkræf framlög hins opinbera.

Samþykkt laga um Ræktunarsjóð árið 1925, ásamt samþykkt jarðræktarlaganna tveim árum fyrr, er fyrsta viðleitni hins opinbera til þess sérstaklega að sjá hörfum landbúnaðarins fyrir fjármagni til framkvæmda borgið. Hlutverk Ræktunarsjóðs var að lána til jarðræktar og húsagerðar á býlum bænda og landnema. Að visu hafði, með lögum árið 1900, verið stofnaður Ræktunarsjóður til þess að lána bændum fé til jarðræktarframkvæmda, en sá sjóður hafði hvergi nærri reynst þess megnugur að leysa fjárbörf landbúnaðarins á því sviði.

Búnaðarbanki Íslands var stofnaður með lögum 14. júní, 1929, og varð Ræktunarsjóður há ein af deildum hans. Aðaltilgangur með stofnun bankans var að greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra er stunda landbúnað. Bankinn starfaði í upphafi í 6 deildum með aðgreindum fjárhag, er nefndust sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, hústofnlánadeild. Ræktunarsjóður, lánadeild smábýla við kaupstaði og kaupstún og Bvægingar- og landnámssjóður. Skipting á verkefnum deildanna var sú að sparisjóðsdeildinni voru ætluð almenn innláns- og útlánsviðskipti. Veðdeildinni var ætlað að lána gegn veði í jörð til bænda eða annarra sem hefðu að starfi búrekstur og mátti lánsuphæðin ekki fara yfir 3% hluta virðingarverðs fasteignarinnar. Lánsfími var allt að 40 ár. Bústofnlánadeildin veitti einungis bændum eða öðrum, er stund-



uðu kvikfjárrækt lán til bústofnsauka eða til að koma upp bústofni, sem máttu nema allt að helming af verði hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá. Þessi ákvæði komu aldrei til framkvæmda vegna fjárskorts.

Hlutverk ræktunarsjóðs er áður rakið. Hámarksupphæð lána úr sjóðnum mátti vera  $\frac{3}{5}$  hluti af virðingarverði jarðabóta og  $\frac{1}{2}$  af virðingarverði húsa.

Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún veitti allt að  $\frac{3}{4}$  af virðingarverði húseigna, mannvirkja og lands til smábýla í grennd við kaupstaði eða kauptún. Skilyrði fyrir lánveitingunni voru, að býlið gæti fullræktað, að minnsta kosti veitt fjölskyldu þriðjung framfæris. Byggingar- og landnámssjóður var fyrst stofnaður árið 1928 og hafði það verkefni að lána til endurbyggingar á íbúðarhúsum í sveitum og byggingar á nýbýlum. Auk þess var honum ætlað að lána sérstaklega til bæjarfélaga, þar sem nauðsynlegt var talið að auka mjólkurframleiðslu. Lánsfjárhæð mátti nema allt að verði aðfengins byggingarefnis og  $\frac{2}{3}$  hlutum af kaupmi smíða.

Helstu breytingar, sem gerðar hafa verið á lánakerfi landbúnaðarins að formi til hafa verið til einföldunar því.

Árið 1946 var með lögum um nýbyggingar og endurbyggingar í sveitum, stofnaður Byggingarsjóður með sameiningu Nýbýlasjóðs, Byggingarsjóðs og Smábýladeildar Búnaðarbankans. Lánveitingar sjóðsins voru til endurbyggingar íbúðarhúsa á sveitabýlum og til byggingar íbúðarhúsa og peningahúsa á nýbýlum og býlum í byggðahverfum. en byggðahverfi samanstóðu af minnst 5 býlum, þar sem framkvæmdir allar við ræktun og byggingar fóru fram eftir ákveðnu skipulagi. Í mörgum byggðahverfanna urðu þó býlin færri en 5 þegar til framkvæmda kom. Lán úr Byggingarsjóði máttu nema allt að 75 prósent af kostnaðarverði einstakra bygginga og veitt til allt að 42 ára.

Árið 1947 var breytt lögum um Ræktunarsjóð. Hlutverk sjóðsins, auk þess að veita stofnlán til jarðræktar og annarra landbúnaðarmannvirkja á hújörðum, varð enn fremur að veita stofnlán til mjólkurvinnslustöðva, kjötfrystihúsa og verksmiðja, sem unnu úr landbúnaðarafurðum, s. s. skinnaverksmiðja. Einnig til rafvæðingar í sveitum svo og til bústofnsauka og til kaupa á vélum. Þau ákvæði komu aldrei til framkvæmda vegna fjárskorts. Upphæð stofnlána mátti nema allt að 30 prósent til framkvæmda, er nutu styrks samkvæmt jarðræktarlögum og 60 prósent til annarra. Lánstími var 5 til 25 ár.

**Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Árið 1962 var Ræktunarsjóður og Byggingarsjóður sameinaðir og stofnuð Stofnlánadeild landbúnaðarins. Fjármagnsbörf þessara tveggja sjóða hafði farið hratt vaxandi vegna aukinnar uppbyggingar í landbúnaði og hækkandi verðlags, svo að þeir tekjustofnar, sem sjóðirnir höfðu, voru ónógir. Stofnlánadeild var með lögum afmarkaðir árvissir tekjustofnar, sem voru: Fast árlegt framlag úr ríkissjóði, 4 milljónir króna, 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, er greiddist af hændum og árlegt framlag ríkissjóðs, er nam sömu upphæð. Þá var lagt gjald á útsöluverð á mjólk og rjóma og á smásöluverð annarra húvara, er skyldi svara til 0.75% af verði landbúnaðarvara í verðlagsgrundvelli. Stofnlánadeildin veitti stofnlán til endurbyggingar íbúðarhúsa í sveitum og til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum og auk þess til allra þeirra verkefna, sem Ræktunarsjóður áður annaðist, annarra en rafvæðingar og til byggingar á íbúðarhúsum fyrir iðnaðarmenn í sveitum (bíónustubýli). Lánstími mátti nema frá 5—42 ár, eftir tegund framkvæmdarinnar. Til byggingar á útihúsum og túnræktar allt að 25 ár, og til íbúðarhúsa allt að 42 árum. Til óvaranlegri framkvæmda, s. s. vélakaupa, girðinga og bústofnskauna var lánstíminn 5—12 ár.

Þeir tekjustofnar, sem deildinni voru markaðir 1962 hafa revnst ónógir til að sinna lánsfiarbörf landbúnaðarins. Valda þar einkum auknar kröfur til útbúnaðar á vinnustöðvum landbúnaðarins, mikil uppbygging þeirra og ört hækkandi verðlag.

Til að ráða hér bót á voru tekjustofnar deildarinnar auknir árið 1973. Var það gert á eftirfarandi hátt. Í fyrsta lagi var framlag bænda til deildarinnar hækkað

í 1% úr 0.75% af grundvallarverði. Í öðru lagi var álag á söluverð búvára hækkað í 1% af heildsöluverði, en var áður 0.75% af grundvallarverði. Þá var ríkissjóði gert að greiða mótframlag jafnhátt framlagi frá bændum og af söluverði búvaranna, en áður greiddi ríkissjóður einungis framlag á móti því gjaldi, sem kom frá bændum. Fast framlag ríkissjóðs hækkaði einnig úr 4 milljónum króna í 25 milljónir.

Við þessa breytingu kom einnig gjaldskylda á útflutta búvöru, sem jók tekjur deildarinnar all verulega. Alls munu tekjur deildarinnar af föstum tekjustofnum hafa tvöfaldast við þessa breytingu.

Auk breytinga á tekjustofnum deildarinnar 1973 voru sett inn þau ákvæði að lánareglur deildarinnar megi miða við að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú (440 ærgildi), en hafa möguleika á að bæta hagkvæmni bú síns með stækkun, njóti hagkvæmari lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi svo sem það er á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að bankaráð Búnaðarbankans taki ákvörðun um beitingu þessa ákvæðis hverju sinni. Með því er deildin komin inn á aðgerðir, sem eru stefnumarkandi í skipulagsmálum landbúnaðarins, og var því ákveðið að fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands taki sæti í bankaráðinu, þegar rætt er um málefni Stofnlánadeildarinnar. Einnig var ráðinn sérstakur forstöðumaður fyrir deildina.

Á sama hátt og bændur með minna en  $1\frac{1}{2}$  verðlagsgrundvallarbú geta notið sérstakra kára, er heimilt að skipta lánunum til búna, sem eru eða verða yfir því marki þannig að hluti lánanna verði á dýrari kjörum eða að veita lægri hundradshluta en almennt út á framkvæmdina. Á viðurkenndum félagsbúum nýtur hver aðili lánaréttinda og kjara sem almennur bóndi. Í útlánareglum stofnlánadeildarinnar hefur þetta bó verið takmarkað. Lánað er fullt fyrir einn aðila, en 75% fyrir hvern aðila til viðbótar. Heimilt er að ákveða mismunandi vaxtakjör til sömu framkvæmdar effir heim mörkum, sem áður voru nefnd. Þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt. Lán til landbúnaðarframkvæmda s. s. útihúsabygginga, ræktunar og vélakaupa skulu vera með að minnsta kosti hálfu prósentu hærri vexti en lán til íbúðarbygginga.

Á síðasta ári var lögum Stofnlánadeildar enn breytt. Tekinn var upp nýr tekjustofn, sem er 1% viðbótarálag á útsöluverð allra landbúnaðarvara. Skal nota fá það, sem innheimtist samkvæmt þessu ákvæði til að jafna lánakjör deildarinnar.

Þá var einnig sú breyting gerð, að hámarks lánstími var stuttur úr 42 í 25 ár.

Frá síðustu áramótum varð sú breyting á lánum til íbúðarhúsabvæginga í sveitum, að þau færðust til Húsnæðismálastofnunar ríkisins og lúta sömu ákvæðum og lán til almenns íbúðarhúsnæðis.

Stofnlánadeildin veitir nú lán til eftirtalinna verkefna:

- a) Til jarðakaupa.
- b) Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin vlrækt, loðdýrarækt og lax- og silungseldi.
- c) Til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.
- d) Til heykögglaferksmiðja og heyburrkunarstöðva, viðgerðaverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verksætða, er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir: til hústofnskaupa, búvéla og þungavinnuvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.

Stjórn Stofnlánadeildarinnar gerir tillögur um lánareglur deildarinnar, sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

Árið 1972 var tekin upp 25% gengistrygging á lánum til vinnslustöðva landbúnaðarins, en stjórn deildarinnar fylgdi þeirri stefnu allt til ársins 1976, að lán til framkvæmda á húsiörðum skyldu vera óverðtryggð. Þá var tekin upp 25% verðtrygging á öllum helstu lánaflokkum og hækkuð í 33% á síðasta ári. 50% gengistrygging er á lánum til dráttarvélakaupa og byggingar landbúnaðarverkstæða og 100% verðtrygging á lánum til fiskeldisstöðva, minkabúa, grænfóðurferksmiðja, vinnslustöðva og til kaupa á þungavinnuvélum.

Lánsfjárhæð til framkvæmda á bújörðum nemur frá 40—60%, og lánstími má vera allt að 20 ár á lánnum til útihúsa, annarra en hesthúsa. Þar sem lánstíminn er 10 ár og 15 á lánnum til hænsnahúsa. Á öðrum lánnum er lánstíminn skennumri, 6—15 ár.

Vextir eru nú þeir sömu og hjá öðrum fjárfestingarsjóðum, 13% á lánnum með 33% verðtryggingu, 11.5% á lánnum með 50—60% verðtryggingu og 5.5% á lánnum með fulla verðtryggingu.

Útlán Stofnlánadeildar námu kr. 2 513 600 000 á s. l. ári.

Eins og áður er getið var það stefna stjórnar Stofnlánadeildarinnar til ársins 1976, að lán til annarra framkvæmda en vinnslustöðva skyldu vera óverðtryggð. Á sama tíma hefur deildin tekið all mikið fé að láni erlendis og verðtryggð lán innanlands. Þetta fé hefur síðan verið lánað til framkvæmda í landbúnaði. Ýmist án verðtryggingar eða með takmarkaðri verðtryggingu eins og fram kemur hér að framan. Þótt frávik séu frá því um einstaka lánaflokka. Þetta hefur leitt til þess að hagur deildarinnar er mjög slæmur. Erlendar skuldir deildarinnar námu kr. 4 666 517 573 um síðustu áramót og verðtryggðar innlendar skuldir kr. 3 241 781 958.

Taþ deildarinnar vegna gengisbreytinga á s. l. ári nam kr. 1 417 289 014.

Erlendar skuldir deildarinnar og verðtryggðar innlendar skuldir eiga að greiðast að mestu á næstu 7—10 árum. Ljóst er því, að mjög verður þrengt að hag hennar á næstu árum, miðað við núverandi tekjustofna og þá útlánastefnu, sem fylgt hefur verið.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum árið 1966. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki og lán til framleiðniaukandi hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum, má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innanlands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki má m. a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnabags þeirra.

Landbúnaðarráðherra skipar stjórn sjóðsins, samkvæmt tilnefningu eftirtalinnna aðila, einn frá hverjum: Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Búnaðarbanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins og formann án tilnefningar.

Sjóðurinn hefir einbeitt starfsemi sinni að fáum verkefnum, þar sem um er að ræða nýjungar í tækni og vinnubrögðum, er geta haft verulega aukningu í framleiðni í för með sér. Fram til 1971 voru megin viðfangsefni sjóðsins að vinna að tankvæðingu á býlum með mjólkurframleiðslu, fullkomna tæknibúnað í sláturhúsum í sambandi við nýjar vinnuáferðir, er hófust í sláturhúsi Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi og að rannsóknum á bættri vinnutilhögum í gripahúsum.

Árið 1972 fékk sjóðurinn aukin framlög frá því opinbera og gat aukið starfsemi sína. Beindist sú aukning að upphyggingu á sláturhúsum um allt land, eftir þeirri áætlun, sem um það var gerð fyrir tímabilið 1970—1975. Áætlun þessi miðar að því að gera búfiárlátrun um allt land sem hagkvæmasta og stuðla að lækkun á slátrunar- og vinnslukostnaði kjöts. Sjóðurinn hefur veitt styrk til uppbyggingar sláturhúsa, er nemur 33% af kostnaðarverði með tæknibúnaði, eftir því sem greiðslugetan hefur leyft hverju sinni. Á síðasta ári veitti sjóðurinn styrk til matvælarannsóknna á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Framlag ríkissjóðs til sjóðsins hefur staðið nær óbreytt að krónutölu frá árinu 1974, og hefur því dregið mjög úr starfsemi hans síðustu árin.

Biagráðasjóður var stofnaður 1913 til aðstoðar fyrir landsmenn í hallæri eða til að afstýra því. Sjóðurinn fékk fast framlag frá sveitarfélögunum, sem var ákveðin krónutala á hvern íbúa. Árið 1967 var sjóðnum skipt í þrjár deildir, sem eru sameignardeild, séreignadeild sýslu- og bæjarfélaga og afurðatjónadeild landbúnaðarins.

Tekiur afurðatjónadeildar eru nú 0.35% gjald af söluvörum landbúnaðarins.

sem bændur greiða, og jafn hátt framlag úr rikissjóði. Einnig 25% af framlagi sveitarfélaga til sjóðsins.

Hlutverk deildarinnar er að veita lán og óafturkræf framlög til sveitarfélaga eða einstakra bænda til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár af völdum óþurrka eða uppskerubrests, og til að bæta stórfellt afurðatjón, þar með talið tjón í garðrækt eða felli búfjár af völdum sjúkdóma.

Starfsemi Bjargráðasjóðs hefur haft mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn og verið bændum trygging gegn áföllum af völdum veðurfars og búfjársjúkdóma. Á kalárunum svonefndu, á síðari hluta 7. áratugsins, veitti sjóðurinn til dæmis þeim bændum mikla fyrirgreiðslu, sem illa urðu úti vegna grasleysis og er það vafalaust stærsta verkefni Bjargráðasjóðs til þessa, á sviði landbúnaðarins.

Fyrirgreiðsla afurðatjónadeildar var á s. l. ári sem hér segir:

Óafurkræf framlög .....	kr. 37 000 000
Vaxtalaus lán .....	— 103 000 000

**Samtals kr. 140 000 000**

Óafurkræf framlög eru eingöngu veitt vegna búfjártjóna. Vaxtalaus lán endurgreiðast á 5 árum.

## 6. Afurðasölulögin.

Fram til 1934 voru verðlags- og afurðasölumál landbúnaðarins að mestu óskipulögð. Á síðustu öld og á fyrstu áratugum þessarar gildi víða hið gamla skipulag, að hver bóndi sá um dreifingu á sinni vöru, annaðhvort til neytenda eða kaupmanna.

Frá því um 1880 og fram yfir aldamót var allmikið selt af lifandi fé til slátrunar í Breflandi. Þegar tók fyrir hann markað var farið að huga að hættri slátrun og verkun kjöts hér heima með útflutning fyrir augum, og tóku fyrstu slátruhúsin til starfa árið 1907 á Húsavík, hjá Kaupfél. Þingvinga, og á Akurevri hjá Kaupfél. Eyfirðinga. Sama ár var Slátrufélag Suðurlands stofnað og opnaði það slátruhús í Reykjavík. Kjötframleiðslan var nú orðin all miklu meiri en hörf var fyrir innanlands, og var útflutningur kindakjöts mikill á árunum frá aldamótum og fram að seinni heimsstyrjöldinni, oft nær helmingur framleiðslunnar og stundum meira. Fyrst framanaf var kjötið flutt út saltað, aðallega til Noregs, en upp úr 1931 komu frystibúsin til sögunnar fyrir förgöngu samvinnufélaganna og var þá kjötið flutt út frvst.

Fram til síðustu aldamóta var allur miólkuriðnaður hér á landi heimilisiðnaður. Árið 1900 var fyrsta rjómbúíð stofnað og síðan hvert af öðru næstu 5 árin. Urðu þau flest 33 talsins.

Rjómbúin tóku við rjóma frá bændum til smiðgerðar. Smiðið var selt til Englands og náðist sæmlegur árangur eftir því sem há var talið. Þó voru veitt svokölluð útflutningsverðlaun fyrir útflutt smjör (uppbætur), sem námu talsverðum fjárhæðum. Einnig framleiddu sum búin nokkuð af osti til útflutnings.

Flest rjómbúin lögðust niður á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Smiðr beirra var gert úr sandamjólk, en vegna hækkunar á kindakiöti, sem varð á styrjaldarárunum, hóttu fráfarur ekki borga sig og lögðust niður að mestu.

Árið 1917 var Mjólkurfélag Reykjavíkur stofnað til að koma skipulagi á miólkursölu í Reykjavík. Mjólkurbúin voru síðan stofnuð hvert af öðru. Þau tóku við kúamiólk frá bændum til vinnslu og sölu. Ekkert skipulag var á miólkursölu og þegar kom fram um 1930 var seld, í Reykjavík og Hafnarfirði, miólk og miólkurvörur frá nokkrum miólkursamlögum. Auk þess seldu einstakir framleiðendur, er höfðu búskap á bæjarlandinu og í nágrennasveitunum, mjólk beint frá búum sínum til neytenda. Þetta skipulagsleysi hafði í för með sér óhæfilega mikinn kostnað við sölu og dreifingu mjólkurinnar. Lánsviðskipti voru algeng og innheimtan oft erfið.

Verðmyndun afurðanna var að mestu háð verðlagi á erlendum mörkuðum og verð-

lag ótryggt. Við heimskreppuna um og eftir 1930 lamaðist allt athafnalíf og fólk missti atvinnu sína og gat naumast veitt sér brýnustu lífsnauðsynjar. Verð á húvörum féll þá stórlega svo að búrekstri, sem enn var megin uppistaða atvinnulífsins, var stefnt í voða.

Til að ráða fram úr þeim vanda, sem skapast hafði, var stofnaður skuldaskilaskjóður bænda og sett löggjöf um sölu landbúnaðarafurða. Lög þessi, sem almennt hafa verið kölluð afurðasölulögin, voru sett sem bráðabirgðalög haustið 1934 og síðan samþykkt á Alþingi í desember sama ár. Þau eru fyrstu lög um verðlagningu og sölu landbúnaðarafurða, sem sett eru hér á landi.

Megin markmið laganna, sem fjölluðu annars vegar um meðferð og sölu á sauðfjárafurðum og hins vegar um sölu og meðferð mjólkur, var að tryggja neytendum næga og góða vöru og jafna afurðaverð og útsöluverð sem mest milli einstakra sölustaða. Með stofnun samtaka um sölu á mjólk var stefnt að sparnaði við dreifingu mjólkurinnar, sem kæmi bændum og neytendum til hagsbóta. Sú varð raunin af stofnun Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík, bændur fengu herra verð fyrir mjólkina en áður var, og verð til neytenda lækkaði. Þá gerðu lögin ráð fyrir að verðfall á erlendum mörkuðum skyldi bætt upp af innlendu markaðsverði og að jöfnuð yrði með töku verðjöfnunargjalds aðstaða þeirra framleiðenda, sem seldu megnið af vörum sínum við óhagstæðari skilyrði en hinir sem bjuggu í nágrenni helstu markaðsstaðanna. Með lögunum var tveim nefndum falin verðlagning húvara, kiötverðlagsnefnd og mjólkurverðlagsnefnd. Voru þær þannig skipaðar, að framleiðendur skipuðu tvo menn, neytendur tvo, en landbúnaðarráðherra skipaði oddamann. Lögin gáfu ekki ákveðin fyrirmæli um við hvað verðlagningin skyldi miðuð hverju sinni. Leiddi það til þess að kjör bænda versnuðu í hlutfalli við kjör annarra stétta við þá öru breytingu kaupgjalds og verðlags, er varð á fyrstu árum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Árið 1942 var gerð rannsókn á tekjum 109 þúsund íbúa landsins, en þá voru íbúar taldir 124 þúsund. Niðurstaða rannsóknarinnar varð sú, að ef tekjur bænda voru settar 100 og þeim deild í tekjur annarra tiltekinna starfshópa varð útkoman þessi:

Bændur höfðu	104.40%	í	tekjur	miðað	við	laun	verkafólks	við	bústörf.
— — —	55.08%	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	iðnaðarmanna.
— — —	42.34%	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	verslunarfólks.
— — —	45.93%	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	bílstjóra.
— — —	55.90%	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	starfsmanna ríkis og bæja.
— — —	71.99%	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	— — —	verkafólks í kaup- og bæjum

Árið 1943 var með lögum um dýrtiðarráðstafanir stofnuð fyrsta Sexmannanefndin, til að ákveða húvöruverð. Verkefni nefndarinnar var að finna grundvöll vísitölu framleiðslukostnaðar landbúnaðarvara, er miðaðist við það, að heildartekjur þeirra, sem landbúnað stunda, yrðu í sem nánustu samræmi við tekjur annarra stétta. Nefndin var skipuð 2 fulltrúum framleiðenda, 2 fulltrúum neytenda og síðan voru í henni 2 opinberir embættismenn.

Nefndin varð sammála um „grundvöll landbúnaðarvísitölu“ sem var að bústærð, afurðamagni og frádráttarliðum sem næst landsmeðalbúi. Kaupliður grundvallarins var ákveðinn með tilliti til þeirrar tekjukönnunar, sem að framan er getið.

Starf þessarar nefndar markar þýðingarmikil tímamót í sögu verðlagsmála landbúnaðarins, og segja má að þessi fyrsti verðlagsgrundvöllur hafi orðið fyrirmynd allra þeirra verðlagsgrundvalla er síðan hafa verið gerðir.

Haustið 1945 skipaði landbúnaðarráðherra 25 manna búnaðarráð. Var það skipað án tilnefningar og stjórn afurðasölumálanna tekin úr höndum bænda. Lagðar voru niður ýmsar nefndir, sem áður höfðu annast einstaka þætti þeirra mála og

yfirstjórn afurðasölumála landbúnaðarins sameinuð í eina stofnun. Búnaðarráð byggði þó ákvarðanir sínar við verðlagningu haustin 1945 og 1946 að nokkru á þeim grunni, sem lagður hafði verið árið 1943 með fyrsta verðlagsgrundvellingnum.

## 7. Framleiðsluráðslögin.

Árið 1947 voru samþykkt á Alþingi lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Sú skipan verðlag- og afurðasölumála, sem þá var tekin upp hefur staðið óbreytt síðan í öllum megin atriðum.

Í ákvæðum Framleiðsluráðslaganna er að finna lokadrættina í þeirri landbúnaðarstefnu, sem felst í landbúnaðarlöggjöf þeirri, sem sett var á árunum 1923—1947 og hér hefur verið reynt að lýsa.

Framleiðsluráð er skipað 7 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda og 4 mönnum tilnefndum af sölusamtökum landbúnaðarins. Helstu verkefni þess eru:

- a) Að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara.
- b) Að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar.
- c) Að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna.
- d) Að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utanlands og innan.
- e) Að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast best þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma.

Þá er Framleiðsluráði falið að annast verðmiðlun til að jafna áhrif mismunandi markaðsstöðu milli framleiðenda og því heimiluð taka verðjöfnunargjalds til að jafna halla af útflutningi umfram 10% verðábyrgð ríkissjóðs.

Með framleiðsluráðslögunum var stofnuð ný Sexmannanefnd, sem skyldi ákveða verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara með hliðsjón af að tekjur þeirra, sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Nefndina skipuðu 2 fulltrúar tilnefndir af Stéttarsambandi bænda, 1 tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins og 3 fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur, einn frá hverjum. Ágreiningi skyldi vísað til yfirnefndar, sem í áttu sæti fulltrúar framleiðenda, fulltrúi neytenda og Hagstofustjóri. Framleiðsluráð átti að ákveða heildsöluverð og smásöluverð á búvörum í samræmi við afurðaverð í verðlagsgrundvelli.

Þrívægis hafa verið gerðar breytingar á Framleiðsluráðslögunum með samningum milli neytenda og framleiðenda, árin 1960, 1966 og 1975. Lang þýðingarmesta breytingin var gerð árið 1960 og hefur hún haft veruleg stefnumarkandi áhrif. Þá voru tekin upp ákvæði um að tryggð skuli greiðsla á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, sem svarar allt að 10% heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár.

Jafnframt var bannað að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum mörkum með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Aðdragandi þessarar breytingar er í stuttu máli þessi:

Vegna áhrifa sauðfjársjúkdómanna, sem hér herjuðu á árunum 1935—1956 dró mjög úr útflutningi kindakjöts árin 1948—1956. Var hann þau ár mjög lítill og sum enginn. Árið 1957 hófst útflutningur kindakjöts að marki aftur og voru það ár flutt úr 2 300 tonn. Talsverður halli var á þessum útflutningi. Á þessum árum gildi mjög flókið kerfi á greiðslum uppbóta til útflutningsatvinnuveganna og mismunandi hátt gengi krónunnar var í gildi á sama tíma. Árið 1957 var ákveðið að landbúnaðurinn skyldi njóta svipaðra uppbóta á fob-verð landbúnaðarvara og bátaútvegurinn nyti á þorskveiðum. Haustið 1958 ákvað Framleiðsluráð að nota hluta þessara uppbóta til að hækka verð á ull, sem þá var mjög lágt. Þetta leiddi til þess, að verð á útfluttu kjöti lækkaði og ljóst var að grundvallarverð myndi ekki nást. Þá greip Framleiðsluráð til þess ráðs að leggja sérstakt verðjöfnunargjald á verð kjötsins

á innlendum markaði til að standa undir halla af útflutningi. Þessari málsmeðferð undu fulltrúar launþegasamtakanna ekki og töldu hana brot á verðlagslöggjöf landbúnaðarins. Þeir höfðuðu mál á hendur Framleiðsluráði. Réttur Framleiðsluráðs til þessarar verðjöfnunar var staðfestur af dómstólum á þeim forsendum, að bændur næðu, að öðrum kosti, ekki þeim tekjum, sem þeim voru ætlaðar í verðlagsgrundvellingum.

Við þessi málalok drógu launþegasamtökin til baka umboð fulltrúa sinna í Sexmannanefnd og var verðlagskerfi landbúnaðarins þar með óvirkt.

Til lausnar þessum vanda voru gerðar breytingar á Framleiðsluráðslögunum. Þær fólu í sér, að bannað var að hækka verð á búvörum innanlands með verðjöfnunargjaldi til að bæta upp verð útfluttra vara. Í stað þess tók ríkissjóður að sér að tryggja verð á útfluttum vörum, allt að 10% heildarverðmætis landbúnaðarframleiðslunnar á verði til framleiðenda.

Einnig var heimilað að breyta verði á búvörum ársfjórðungslega vegna breytinga á launum og verðlagi rekstrarvara o. fl. kostnaðarliða. Þá var í þriðja lagi gerð sú veigamikla breyting, að réttur til að skrá heildsölu- og smásöluverð búvara var tekin af Framleiðsluráði og fenginn Sexmannanefnd í hendur.

Ákvæðið um útflutningsbæturnar hefur reynst mikilvæg tekjutrygging fyrir bændastéttina. Hafa bændur fengið það verð, sem Sexmannanefnd hefur ákveðið, án verulegra affalla, að undanteknum verðlagsárunum 1967/68, 1968/1969 og á síðustu tveim verðlagsárunum, en þá hefði verðið ekki náðst án sérstakra viðbótargreiðslna úr ríkissjóði.

Kostnaður við starfsemi Framleiðsluráðs er borinn af framleiðendum með gjöldum af framleiðslunni. Kostnaður vegna starfa Sexmannanefndar er greiddur úr ríkissjóði.

#### 8. Búnaðarmálasjóður.

Lög um Búnaðarmálasjóð voru samþykkt árið 1945. Tekjur sjóðsins voru í uphafi ½% af verði helstu framleiðsluvara bænda. Var gjaldið hugsað sem einskonar stéttarfélagsgjald bændastéttarinnar, til stuðnings og eflingar ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum hennar.

Fyrstu þrjú árin var varsla sjóðsins í höndum Búnaðarfélags Íslands og Búnaðarbankans. Árið 1948 var lögunum breytt og gjaldinu skipt að jöfnu milli Stéttarsambands bænda og búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin nota féð til ýmissa hagsmunamála bænda, er þau annast. Hluti Stéttarsambandsins af gjaldinu er eini tekjustofn þess. Stéttarsambandið notar tekjur af gjaldinu til að standa stráum af rekstri skrifstofu í Reykjavík og af annarri starfsemi sinni. Á síðustu árum hefur það varið nokkru fé til auglýsinga og kynningar á búvörum og til markaðsleitar erlendis.

Árið 1959 var lögunum um Búnaðarmálasjóð enn breytt. Var þá lagt á ½% viðbótargjald, tímabundið. Rann gjald þetta til byggingar Bændahallarinnar. Árið 1967 lækkaði gjaldið til Bændahallarinnar í ¼%, en um leið var ákveðin ¼% gjaldtaka til Bjargráðasjóðs. Gjaldið til Bændahallarinnar féll niður árið 1969.

#### 9 Lífeyrissjóður bænda.

Nær öll lagasetning, sem greint hefur verið frá hér að framan, miðar að umbótum á framkvæmdasviðinu og á sviði markaðsmála. Undantekning eru þó tekjuviðmiðunarákveði Framleiðsluráðslaganna og sú tekjutrygging, sem felst í ákvæðunum um útflutningsbætur.

Árið 1970 voru samþykkt lög um Lífeyrissjóð bænda, og er óhætt að segja, að samþykkt þeirra sé fyrsta spor stjórnvalda í þá átt að bæta félagslega stöðu búvöruframleiðenda. Rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum eiga allir bændur á lögbylum, sem þar eiga heima og náð hafa 20 ára aldri. Einnig starfsmenn á lögbylum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur.

Þöggjöld sjóðfélaga eru tekin með gjaldi af framleiðslu þeirra. Mótframlag skal samkvæmt lögum greiðast með gjaldi, sem leggja skal á útsöluverð búvara. Þetta ákvæði hefur ekki enn verið framkvæmt og greiðir ríkissjóður mótframlagið.

Þeir bændur, sem fæddir eru 1914 eða fyrr fengu, við stofnun sjóðsins, réttindi til ellilífeyris, sambærileg því, sem félagar í verkalýðshreyfingunni fengu með lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélagum.

Lífeyrissjóður bænda veitir enga lánafyrirgreiðslu beint til sjóðfélaga. Hins vegar lánar sjóðurinn Stofnlánadeild landbúnaðarins fé til ákveðinna lánaflokka, íbúðabygginga-, bústofnskaupa-, og jarðakaupalána.

#### 10. Niðurgreiðslur á vöruverði.

Þótt niðurgreiðslur séu í eðli sínu ekki málefni landbúnaðarins eru áhrif þeirra á markaðsmálin slík, að ekki fæst heilleg mynd af þróun málefna landbúnaðarins síðustu áratuginna, nema þeim séu gerð nokkur skil.

Niðurgreiðslur á vöruverði voru fyrst teknar upp hér á landi árið 1943. Þá var greitt niður verð á kindakjöti, nýmjólk, smjöri og kartöflum. Árið 1947 var farið að greiða niður verð á smjörlíki og saltfiski, og verð á nýjum fiski árið 1957. Byrjað var að greiða niður verð á skyri, rjóma, mjólkurosti og mysuosti árið 1956. Aðeins mjólk og smjör hafa verið greidd niður óslitið frá 1943. Aðrar vörur hafa verið greiddar niður tímabundið, oft stuttan tíma í einu.

Ákvarðanir um niðurgreiðslur eru fyrst og fremst liður í efnahagsráðstöfunum hverju sinni. Þær eru tæki stjórnvalda í baráttunni gegn hækkun verðlags í landinu og í viðleitni þeirra til að jafna aðstöðumun þegnanna.

Sem ástæður fyrir því, að fremur er valið að greiða niður verð búvara, s. s. mjólkur og kindakjöts en aðrar matvörur, má nefna að verð þeirra vegur tiltölulega þungt við útreikning framfærsluvísitölunnar. Önnur ástæða er sú, að búvörur eru tiltölulega stór hluti af neyslu tekjulægra fólks og hefur lækkun á verði þeirra því mikil áhrif til tekjuöflunar í þjóðfélaginu. Þriðja ástæðan er svo sú, að sölukerfi landbúnaðarins er það vel skipulagt, að auðveldara er að koma við nauðsynlegu eftirliti en ef greiða ætti niður verð á öðrum matvörum, svo sem fiski.

Fyrir framleiðendur búvara hafa niðurgreiðslur á verði þeirra bæði kosti og ókosti. Miklar niðurgreiðslur virka almennt örvandi á búvörusölu. Ef um þróngan markað er að ræða og eftirspurn er mjög háð verði vörunnar, s. s. á smjöri, geta niðurgreiðslur einnig haft veruleg áhrif til hags fyrir framleiðendur. Ennfremur ef vara á í samkeppni við aðrar skyldar vörur, líkt og er um t. d. kindakjöt, ekki sist þegar um offramleiðslu og erfið markaðsskilyrði er að ræða eins og nú er í kindakjötsframleiðslunni. Ókostirnir eru hins vega einkum þeir, að misræmi getur skapast í eftirspurn eftir skyldum vörum, þannig að tregðu gætir í sölu einnar vörutegundar vegna mikillar niðurgreiðslu á annarri. Þetta gerðist á árunum 1974 og 1975 þegar niðurgreiðsla var mjög mikil á kindakjöti, en engin á nautakjöti. Þá söfnuðust birgðir af því, svo til vandræða horfði. Eftir að niðurgreiðslur voru teknar upp á nautakjöti haustið 1975, komst fljótlega á jafnvægi að nýju. Annar ókostur, og e. t. v. sá alvarlegasti, eru tíðar sveiflur í fjárhæð niðurgreiðslna og þar með á verði varanna. Þetta skapar öryggisleysi meðal neytenda og getur beint neyslunni að vörutegundum með stöðugra verði. Nánar verður vikið að áhrifum niðurgreiðslnanna í kaflanum um markaðsmálin.

#### 11. Fjárskiptin.

Ekki fæst heildarmynd af þróun landbúnaðarmála síðustu áratuginna, nema getið sé að nokkru sauðfjársjúkdómanna, sem hér geysuðu frá 1933—1955 og áhrifa þeirra á landbúnaðarframleiðsluna víða um landið.

Forsaga þessa máls er í stuttu máli sú, að árið 1933 voru fluttar til landsins á vegum ríkisstjórnarinnar, 20 kindur, 15 hrútar og 5 ær af Karakúlfjárkyni. Voru



þær frá dýraræktarstofnun háskólans í Halle í Þýskalandi. Vottorð dýralækna um tyllsta heilbrigði fjárins fylgdu.

Tilgangurinn með innflutningnum var sá að auka arðsemi sauðfjárræktar, einkum á þann hátt að framleiða verðmæt unglambaskinn.

Fyrstu tvo mánuðina var féð í einangrun, en eftir það var því dreift víða um land.

Ári síðar varð vart fyrstu veikinnar, mæðiveiki, að Deildartungu í Borgarfirði og nokkru síðar varð vart þurramæði í Reykjadal í S.-Þingeyjarsýslu. Fimm árum síðar varð svo vart þriðju veikinnar, garnaveiki, á Fljótsdalshéraði.

Fjárpestir þessar breiddust fljótt út og ollu bændum geysilegu tjóni. Árið 1933 var sauðfjáreign landsmanna 728 þúsund fjár og hafði aldrei áður orðið fleira. Á 10 árum fækkaði fénu um rúm 100 þúsund vegna vanhalda af völdum pestanna. Eftir að skipulegur niðurskurður hófst fækkaði fénu enn meira og varð það fæst 410 þúsund árið 1951.

Þegar ljóst var hver vágstur var hér á ferðinni, brugðu stjórnvöld við og skipuðu nefnd til að sjá um aðgerðir til að stöðva útbreiðslu sjúkdómanna og útrýma þeim.

Reistar voru varnargirðingar milli landshluta og einstakra svæða til að hindra samgang sauðfjárins og koma í veg fyrir að smit bærast.

Garnaveikinni tókst að halda í skefjum með rannsóknum (húðprófunum) sem sýndu hvort um smit væri að ræða. Því fé sem smitast hafði var slátrað. Um 1950 var á rannsóknarstofunni að Keldum fundið upp bóluefni gegn veikinni og hefur með því og áframhaldandi rannsóknum og sýnatöku verið unnt að halda garnaveikinni í skefjum.

Til útrýmingar mæðiveikinni var gripið til niðurskurðar sauðfjár á einstökum bæjum, sveitum og heilum landshlutum. Var þá öllu sauðfé slátrað á svæðinu og heilbrigt fé fengið í staðinn. Víðast hvar var svæðið haft fjárlaust í heilt ár til að tryggja betur útrýmingu veikinnar. Mæðiveikin barst aldrei til Vestfjarða né til hluta af Þingeyjarsýslum, Austurlands og Skaftafellssýslna og var flutt heilbrigt fé þaðan.

Aðgerðir þessar voru kostaðar af hinu opinbera og var kostnaður mjög mikill. Bændur fengu greiddar bætur vegna afurðatjóns og uppeldisstyrk vegna nýs fjárstofns.

Fjárskiptunum lauk árið 1955. Baráttunni við sauðfjársjúkdómanna er þó í raun ekki enn lokið því í gildi eru ýmsar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu þeirra að nýju.

Hér eru ekki tók á að lýsa nánar þessari baráttu, en til að gefa nokkra hugmynd um hvílikt stórvirki þar var unnið, má nefna, að árið 1949 höfðu samtals verið reistir 1 552 km af varnargirðingum.

Á 11 árum fóru fram fjárskipti á öllu svæðinu frá Jökulsá á Fjöllum vestur um land að Mýrdalssandi, að frátöldum Vestfjörðum norðan girðingar úr Berufirði í Steingrímsfjörð. Slátrað var 290 þúsund fjár auk lamba og í staðinn var flutt inn á svæðið um 180 þúsund fjár.

Fyrir landbúnaðinn var þetta gífurlegt tjón. Margir bændur hættu búskap af þessum sökum og voru áhrif sauðfjársjúkdómanna ein af orsökum þeirrar byggðaröskunar sem hér varð á eftirstriðsárunum.

Að verulegu leyti má rekja það til afleiðinga sauðfjársjúkdómanna hve mjólkurframleiðslan hefur aukist í sumum héruðum. Á þeim svæðum þar sem nær eingöngu var stunduð sauðfjárrækt reyndu menn að bæta sér upp tjónið af fjármissinum með því að hefja mjólkurframleiðslu. Þetta á t. d. við um Skagafjörð, Húnavatnsýslur, Snæfellsnes og Dal og hluta af Austurlandi. Í Dölum varð tjón bænda mjög tilfinnanlegt, þar sem tvívegis varð að skera niður, áður en tókst að ráða niðurlögum sjúkdómanna.

## 12. Aðrir áhrifaþættir.

Ýmis lagafyrirmæli og opinberar aðgerðir, aðrar en hér hafa verið raktar, hafa átt sinn þátt í mótun landbúnaðarstefnunnar. Skal þar nefnd fyrirgreiðsla bankakerfisins á sviði afurðalána til sölufélaga bænda. Hefur þessi lánastarfsemi greitt mjög fyrir að félögin gætu staðið skil á afurðaverðinu til bænda. Hömlur á innflutningi búvara, sem settar eru af öryggisástæðum vegna hættu á því að með þeim geti borist búfjársjúkdómar, eru jafnhliða vörn fyrir landbúnaðarframleiðsluna gegn samkeppni erlendis frá.

Þá má nefna ábúðarlögin og jarðalögin. Tilgangur jarðalaganna er að tryggja að nýting lands utan þéttbýlisstaða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðfélagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda.

Einnig ber að nefna lög um búnaðarfræðslu og rannsóknastarfsemi, sem hafa mjög mikla stefnumarkandi þýðingu, rannsóknastarfsemin þó alveg sérstaklega. Verður nánar vikið að báðum þessum þáttum síðar.

Þá skulu nefnd ákvæði um landgræðslu, skógrækt og veiðimál og fjárframlög til þeirra mála. Áhrifa þeirra verkefna er þó ekki farið að gæta nema að litlu leyti enn, þótt þau komi vafalítið til með að hafa mikla þýðingu síðar.

## 13. Samtök bænda.

Ekki verður þróun landbúnaðarmála á síðustu áratugum rakin og mótun landbúnaðarstefnu, án þess að getið sé samtaka bænda og áhrifa þeirra á framvindu þessara mála.

Hreppabúnaðarfélögin eru undirstaða félagssamtaka bænda. Þau greinast í Búnaðarfélag Íslands annars vegar, sem annast hinn faglega þátt félagsstarfseminnar og Stéttarsamband bænda hins vegar, en það annast hinn beina hagsmunabátt félagsstarfseminnar.

Fyrstu hreppabúnaðarfélögin voru stofnuð árið 1842. Félögin höfðu að markmiði að vinna að alhliða umbótum á búrekstri bænda. Þau veittu verðlaun fyrir aukið framtak í búrekstri, þau hvöttu til margvíslegra búnaðarumbóta með leiðbeiningum og létu búfróða menn ferðast um og veita verklega aðstoð við jarðabætur.

Árið 1928 var það gert að skilyrði fyrir greiðslu styrks til einstaklinga, samkvæmt jarðræktarlögunum, að þeir væru félagar í hreppabúnaðarfélagi og er svo enn. Nú eru starfandi um 200 hreppabúnaðarfélag í landinu.

Stofnun búnaðarsambandanna hófst árið 1902. Þau eru samtök hreppabúnaðarfélaganna og fara með yfirstjórn búnaðarmála, hvert á sínu svæði. Þau annast leiðbeiningarstarfsemi fyrir bændur, á sviði jarðræktar og búfjarræktar, og margvíslega aðra starfsemi, sem lýtur að framkvæmd búnaðarmála. Búnaðarsamböndin eru 15 talsins.

Búnaðarfélag Íslands er landssamtök bænda og eru búnaðarfélögin og búnaðarsamböndin deildir í því. Það var stofnað árið 1899. Búnaðarfélagið var arftaki enn eldri samtaka, Húss- og bústjórnarfélags Suðुरamtsins, sem stofnað var 1837. Búnaðarfélag Íslands annast yfirstjórn búnaðarmála í landinu, annarra en verðlags- og kjaramála bænda. Það hefur á hendi umsjón með framkvæmd búfjár- og jarðræktarlaga, og er tengiliður bænda við almenna rannsóknastarfsemi í búvísindum í landinu. Það annast yfirstjórn leiðbeiningarstarfseminnar, rekstur Búreikningastofu landbúnaðarins og fjölmargt annað, sem of langt mál væri að telja. Búnaðarþing fer með æðstu stjórn búnaðarfélagsskaparins. Fulltrúar á Búnaðarþingi eru 25. Þeir eru ýmist kosnir beinni kosningu á hverju búnaðarsambandssvæði eða á aðalfundum búnaðarsambandanna. Búnaðarþing kemur saman árlega. Það kys Búnaðarfélagi Íslands stjórn. Búnaðarþing fær til umsagnar flest þau lagafrumvörp, sem Alþingi fjallar um og snerta málefni landbúnaðarins. Það hefur því haft

mjög mikil áhrif á þá lagasetningu, sem hér að framan er lýst og hefur haft forgöngu um hana að miklu leyti.

Kostnaður við starfsemi Búnaðarfélagss Íslands er að mestu greiddur úr ríkissjóði.

Stéttarsamband bænda var stofnað árið 1945. Hlutverk þess er að vera baráttu-aðili bændastéttarinnar um hagsmunamál hennar. Á 3. og 4. áratug aldarinnar höfðu stéttarfélög verkamanna og launamanna eflst mjög. Hlutföllin í þjóðfélaginu höfðu raskast og minni hluti þjóðarinnar vann að landbúnaði en áður var. Komu þá fram raddir meðal bænda um að stofna yrði samtök um hagsmuni stéttarinnar, ef viðunandi jafnvægi ætti að haldast milli stétta þjóðfélagsins. Um 1930 voru stofnuð Landssamtök bænda, en þau störfuðu aðeins fá ár.

Haustið 1944 urðu miklar deilur um meðferð verðlagsmála. Landbúnaðarvisitalan hafði þá hækkað um 9.4%. Ríkisstjórnin fór þá fram á, að Búnaðarþing samþykkti eftirgjöf á þeirri hækkun. Miklar deilur urðu um þetta en meirihluti búa- aðarþingsfulltrúa samþykkti þó eftirgjöfina í trausti þess að kaupgjaldi yrði almennt haldið niðri, en við það var ekki staðið.

Eftir þetta komu fram mjög háværar raddir meðal bænda um að nauðsynlegt væri að stofna sérstök hagsmunasamtök, sem væru fjárhagslega og á annan hátt óháð ríkisvaldinu. Var þá Stéttarsambandið stofnað að Laugarvatni 9. september 1945.

Hlutverk sambandsins er að sameina bændur um sérstök hagsmunamál stéttarinnar og hafa forustu um, að þeir beiti samtakamátti sínum til að fá framgengt sanngjörnum og sameiginlegum kröfum þeirra í verðlags- og viðskiptamálum.

Uppbygging Stéttarsambands bænda er þannig, að hreppabúnaðarfélögin kjósa tvo fulltrúa (kjórmenn) hvert til að mæta á svonefndum kjórmannafundi í hverri sýslu. Kjórmannafundurinn kýs síðan tvo fulltrúa á aðalfund sambandsins. Kosning til aðalfundar fer fram annað hvert ár. Aðalfundurinn er æðsta samkomu sambandsins. Þar eru rædd verðlags- og kjaramál stéttarinnar og stefna mörkuð í þeim efnum. Fundurinn kýs sjö manna stjórn fyrir sambandið annað hvert ár. Stjórn Stéttarsambandsins skipar meirihluta Framleiðsluráðs og kýs tvo fulltrúa í Sexmannanefnd. Það er því að mjög miklu leyti ráðandi um framkvæmd verðlags- og afurðasölulöggjafarinnar. Síðan það kom til sögunnar hefur það einnig haft mikil áhrif á lagasetningu um landbúnaðarmál.

#### 14. Landbúnaðarstefnan og framkvæmd hennar.

Hér að framan hefur verið greint frá þeim lagalega ramma, sem markað hefur landbúnaðarstefnu hins opinbera síðustu 40 árin. Þýðingarmestu lagabálkarnir voru samþykktir á Alþingi á 24 ára tímabili eða frá 1923—1947. Það eru Jarðræktarlögin, Búfjárræktarlögin, lögin um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir, nýbýlaloggjöfin, afurðasölulöggjöfin og ákvæði um lánastofnanir landbúnaðarins. Í lagasetningu þessari virðast felast fjögur megin markmið.

Efling landbúnaðarins til að framleiða vörur til að fullnægja þörfum þjóðarinnar og tryggja á þann hátt öryggi hennar og til gjaldeyrisöflunar.

Í öðru lagi hefur verið stefnt að því að tryggja þeim, sem búvöruframleiðslu stunda hliðstæðar tekjur og aðrar tilteknar stéttir hafa.

Í þriðja lagi er stefnt að því að gera framleiðsluna ódýrari með því að auka afköst og hagræði í landbúnaðarframleiðslunni svo sem frekast er unnt til að tryggja neytendum sem hagstæðast verð á búvörum.

Í fjórða og síðasta lagi felst í stefnunni rík viðleitni til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Á öllum þessum sviðum hefur orðið verulegur árangur, þótt takmarkinu hafi ekki að öllu leyti verið náð.

Í heild ber stefnan vott um stórhug þeirra manna, sem mestan þátt áttu í að móta hana, og kjark þeirra til að bregðast við aðsteðjandi vanda.

Stefnan ber þess hins vegar vott, að hún mótast af lagasetningu, sem samþykkt er á nær þriggja áratuga tímabili og að í því efni er ekki fylgt neinni heildaráætlun, heldur er brugðist við aðsteðjandi þörfum og vandamálum eftir því sem þau myndast og leitast við að leysa þau. Á það ber að líta, að á þeim tíma, sem stefnumörkunin fór fram, var ríkjandi hér skortur á flestum landbúnaðarvörum og því eðlilegt að tilhugsunin um að aðhaldsaðgerða í landbúnaði yrði þörf, væri ráðamönnum þjóðarinnar og forystumönnum landbúnaðarins fjarlæg.

Þá er það einkennandi fyrir framkvæmd stefnunnar, að ekki hefur verið fylgt neinni fyrirfram gerðri áætlun um heildarþróun landbúnaðarins, hvorki fyrir einstakar framleiðslugreinar eða heildarþróun framleiðslunnar eftir landshlutum og mismunandi búskaparaðstöðu. Að visu hafa verið gerðar áætlanir og sett markmið um einstaka framkvæmdaþætti, svo sem túnrækt, og Stéttarsamband bænda gerði árið 1950 10 ára áætlun um framkvæmdir í landbúnaði. Stóðst sú áætlun í meginatriðum. Af opinberri hálfu hefur þessum málum lítt eða ekki verið sinnt, nema hvað gerðar hafa verið áætlanir um þróun landbúnaðar á nokkrum afmörkuðum svæðum, þar sem hætta var á eyðingu byggðar. Verður nú vikið stuttlega að einstökum atriðum stefnunnar og framkvæmd þeirra.

Það er athyglisvert, að viðleitni stjórnvalda og forráðamanna landbúnaðarins til að örva framleiðsluna hefur nær eingöngu beinst að tveim höfuðgreinum landbúnaðarins, nautgriparrækt og sauðfjárrækt.

Áður er bent á að hér á landi var ríkjandi skortur á öllum helstu búvörum allt fram á sjötta áratuginn. Þetta á þó ekki við um kindakjöt, að undanskildu tímabilinu frá 1948—1955.

Skortur var á mjólk allt fram til 1959 og varð að flytja inn smjör flest ár. Frá 1960 hefur ekki verið hér mjólkurskortur, en þurft hefur að flytja mjólk og rjóma milli landshluta, sum árin í allverulegum mæli.

Það verður því að teljast eðlilegt mat yfirvalda að örva fyrst þær framleiðslugreinar sem mestu máli skipta fyrir þjóðarheildina. Hins vegar virðist nú ástæða til að staldra við og endurmeta það viðhorf.

Frá árinu 1961 hefur mjólkurframleiðslan verið meiri en þörf er fyrir innanlands. Hefur það verið nokkuð misjafnt eftir árum. Síðastliðin 17 ár hefur framleiðslan 5 sinnum orðið meiri en 10% umfram notkun innanlands (sjá nánar í kafla um markaðsmálin).

Fjölbreytni í framboði mjólkurvara hefur aukist mjög mikið í samræmi við óskir neytenda.

Kindakjöt hefur verið flutt út í verulegu magni árlega frá 1957. Hlutfall útflutnings af heildarmagni hefur verið sveiflukennt, síðustu 4 árin jafnt og þétt vaxandi, og er gert ráð fyrir að flutt verði út 35% af framleiðslu síðasta hausts.

Skortur er á nautakjöti.

Það stefnumið, að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir búvörur, mun framan af hafa átt við um neyluvörur eingöngu. Með vaxandi iðnaði úr ull og skinnnum hefur þetta markmið smám saman fengið víðari merkingu og hefur það átt sinn þátt í að sauðfjárræktin hefur aukist svo sem raun ber vitni.

Eins og að framan segir, virðist athygli ráðamanna aðallega hafa beinst að hinum hefðbundnu búgreinum. Aukabúgreinarnar svokölluðu, garðyrkja og alifugla- og svínarækt, hafa því þróast án verulegra skipulagsaðgerða.

Kartöfluuppskeran hefur verið mjög sveiflukennd vegna áhrifa árferðis. Hefur orðið að flytja inn kartöflur flest ár, stundum fast að  $\frac{1}{3}$  neyslunnar. Aðstaða til kartöfluræktar er all misjöfn eftir landshlutum og staðhátum. Hefur framleiðslan að mestu færst til þeirra landshluta, þar sem uppskera er árvissust, án sérstakra skipulagsaðgerða.

Neysla á grænmeti og garðávöxtum er hér tiltölulega lítil, miðað við það sem gerist með öðrum þjóðum. Ræðst það fyrst og fremst af því, að framleiðslan í landinu er lítil. Líkur eru á að hana megi auka verulega.

Framleiðsla svína- og alifugla hefur farið ört vaxandi síðustu ár, eftir því sem markaðsaðstæður hafa gefið tilefni til. Þessar framleiðslugreinar eru að mestu utan sölukerfis landbúnaðarins og eru ekki verðskráðar af Sexmannanefnd. Framboðið hefur verið stöðugt síðustu ár og, að því er virðist, í samræmi við eftirspurn. Þó bendir tímabundinn skortur á eggjum til þess að nokkuð megi auka þá framleiðslu og með markaðsjöfnun mætti nýta markaðinn betur um landið allt.

Báðar þessar síðasttöldu framleiðslugreinar byggja að mestu á innfluttu fóðri. Það er því umhugsunarefni með tilliti til öryggis þjóðarinnar og af fleiri ástæðum að hve miklu leyti er skynsamlegt að færa kjötframleiðsluna yfir í þær greinar. Umfram það, sem óskir neytenda gefa tilefni til. Miklar sveiflur á kornverði gætu valdið erfiðleikum og einnig gætu hömlur á flutningum til landsins valdið erfiðleikum. Þess ber að geta, að þessar framleiðslugreinar hafa notið hliðstæðrar lána- fyrirgreiðslu og aðrar búgreinar njóta.

Af framansögðu er ljóst, að nokkur misvöxtur er í búvöruframleiðslunni. Talsverð framleiðsla umfram þarfir í sumum greinum og nauðsyn að draga úr, en þörf að auka framleiðslu í öðrum, og jafnvel taka upp nýjar.

**Tekjumarkmiðið:** Fram til ársins 1947 þegar tekin var upp föst viðmiðun um tekjur bænda var afkoma þeirra mjög ótrygg og háð verðsveiflum á erlendum mörkuðum.

Tekjuviðmiðunarákvæði Framleiðsluráðslaganna og síðar ákvæðin um útflutningsbætur hafa því breytt mjög miklu um afkomu bændastéttarinnar og aukið öryggi hennar. Tekjutrygging útflutningsbótaákvæðisins fellur niður strax og framleiðslan fer yfir 10% hámarkið. Hins vegar hafa bændur sjaldan náð sömu tekjum og viðmiðunarstéttirnar, a. m. k. síðustu tvo áratugin.

Ástæðurnar eru einkum þær, að ekki hafa fengist viðurkenndir að fullu veigamiklir kostnaðarliðir við búreksturinn og vinnslu og sölu varanna. Einnig hafa ekki verið metin, við verðlagsákvörðun, ýmis hlunnindi viðmiðunarstéttanna. Ennfremur rýrir það tekjur bænda mjög í mikilli verðbólgu hve seint þeir fá að fullu greitt fyrir afurðir sínar. Það skal tekið fram, að raunhæfur samamburður á tekjum bænda og viðmiðunarstéttanna er afar erfiður og margt sem orkar tvímælis.

Tekjuviðmiðunarákvæði Framleiðsluráðslagann ná eingöngu til samamburðar á beinum peningatekjum. Ekki er gert ráð fyrir samamburði á ýmisri annarri aðstöðu og félagslegri fyrirgreiðslu, sem viðmiðunarstéttirnar njóta fram yfir bændur.

Þetta hefur leitt til þess, að viðleitni Sexmannanefndar til að tryggja afkomu bændastéttarinnar hefur því nær eingöngu beinst að hækkun ú búvöruverðinu. Verðlagskerfið hefur ekki boðið upp á möguleika á að ná því marki eftir öðrum leiðum. Af þessum sökum hafa umbætur á félagslegri stöðu búvöruframleiðenda að mestu setið á hakanum fram til þessa.

**Framleiðni-markmið:** Jafnframt því, sem flest atriði landbúnaðarstefnunnar lúta að því að örva búvöruframleiðsluna, miða þau að því að gera framleiðsluna hagkvæmari og verð til neytenda hagstæðara. Þetta felst í ákvæðum Jarðræktarlaganna, sem miða að hagkvæmri ræktun og uppbyggingu útihúsa, jafnframt því sem framlög til framkvæmda samkvæmt lögnum má skoða sem niðurgreiðslu á kostnaði við framkvæmdir. Kynbótastarfsemi, fyrir áhrif Búfjárræktarlaganna, hefur stórukið afköst hvernar búfjáreiningar, söluskipulag landbúnaðarins, sem byggir á ákvæðum afurðasölulöggjafarinnar, hefur stuðlað að lækkun vinnslu- og sölukostnaðar varanna til hags, bæði fyrir neytendur og framleiðendur.

Þá má nefna leiðbeiningarþjónustuna og starfsemi rannsóknastofnana, sem stefna að þessu sama marki.

Fyrirgreiðsla lánastofnana og viðleitni stjórnvalda til að tryggja ódýrt fjármagn til uppbyggingar í landbúnaði, miða einnig að sama markinu. Sú ákvörðun að lána verðtryggt fé Stofnlánadeildar út óverðtryggt til framkvæmda á bújörðum er í raun jafngildi þess að greiða niður fjármagnskostnað og miðar að því að halda

niðri verði á búvörum. Hins vegar virðist þeirri spurningu enn ósvarað hver á að borga, eins og áður er að vikið. Er það einn þeirra þátta, sem sýnir hvað ljósast ósamræmið í landbúnaðarstefnunni.

Ef lítið er á þróun grundvallarbúsins, er augljóst, að um verulega framleiðsluaukningu er að ræða.

Bústofn grundvallarbúsins hefur aukist úr 187 ærgildum árið 1947 í 440 ærgildi á s. l. hausti. Mjólkurmagn hefur aukist úr 13 500 lítrum í nær 35 000 lítra á sama tíma og magn kindakjöts úr 1 000 kg í 3 570 kg. Afurðamagn hefur farið vaxandi á hverja búfjáreiningu, en vinnumagn á grundvallarbúinu hefur staðið nær óbreytt þennan tíma.

Við verðlagningu búvara hefur ávallt verið tekið tillit til aukningar í afurðamagni við ákvörðun teknahliðar grundvallarins, þannig að afkastaaukning búsins hefur stuðlað að lægra verði til neytenda.

Á hinn bóginn hefur sífelld stækkun grundvallarbúsins verkað mjög framleiðslu- hvetjandi.

Af framansögðu virðist ljóst, að viðleitni stjórnvalda til að auka framleiðni og hagræði hverskonar í landbúnaðinum hafi skilað góðum árangri, þótt vafalaust megi deila um hvort það hefði mátt gera með minni tilkostnaði.

Slíkar aðgerðir hljóta að teljast jákvæðar fyrir landbúnaðinn og þjóðina alla að því marki, sem þær stuðla að því að fyrstu tveim markmiðum landbúnaðarstefnunnar verði náð, þ. e. að tryggja þjóðinni nægar búvörur í meðalári og örugga afsetningu nokkurs umframmagns þegar betur árar og með því jafnframt tryggja bændastéttinni það tekjuöryggi, sem að er stefnt.

Þegar þessu marki er náð, þarf að staldra við og endurmeta allar aðstæður. Kemur bá ekki síst til álita að hve miklu leyti er æskilegt eða nauðsynlegt að stunda hér savðfjárrækt til að tryggja nægilegt hráefni í iðnaðarframleiðslu og jafnframt býðing landbúnaðarins í viðleitni stjórnvalda til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Flestir munu sammála um, að nú sé framleiðsla mjólkur og kindakjöts komin verulega fram úr því magni, sem löggjafinn taldi æskilegt. Framleiðsluaukningin verkar andstætt tekjumarkmiðinu þegar svo er komið, að bændur fá aðeins hluta framleiðslukostnaðarverðs fyrir nokkuð af framleiðslu sinni. Óhjákvæmilegt virðist því að stöðva framleiðsluaukninguna og draga síðan úr mjólkurframleiðslunni að ákveðnu marki.

Þá kemur að því, sem er einn megin annmarki landbúnaðarstefnunnar, að ekki hefur við lagasetningu verið gert ráð fyrir þeim möguleika að hamla þyrfti gegn offramleiðslu. Þetta hefur ýmsum ráðamönnum landbúnaðar og þjóðarinnar verið líóst í all mörg ár. en ekki náðst samstaða um lögfestingu heimilda til slíkra aðgerða.

Óbreytt framhald þeirrar stefnu, sem miðað hefur að því að fullnægja framleiðslumarkmiðinu er því hvorki til hags fyrir landbúnaðinn eða þjóðarheildina við núverandi aðstæður.

Við endurskoðun stefnunnar er nauðsynlegt að hafa í huga að verulegur hluti ræktunar- og byggingarframkvæmda á bújörðum eru viðhalds- og endurnýjunarverkefni, sem ekki leiða til framleiðsluauka, en kostar óhjákvæmilega all mikla fjárfestingu.

Beita þarf stjórnækjum þannig, að framleiðslumarkmiðum verði náð í þeim áföngum og með þeim hraða, sem æskilegur er tölunn af félagslegum og efnalegum ástæðum.

Byggðajafnvægið. Það er yfirlýst stefna stjórnvalda, að leitast skuli við að halda jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir frekari byggðaröskun en nú er orðin. Fjórdi meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar lýtur að þessu verkefni. Markvisst hefur verið unnið að því að treysta byggðina á undanföllum áratugum, m. a. með stofnun nýbýla allt framt til 1970, og sérstakri fjárhagsfyrirgreiðslu við þau. Sérstök fyrirgreiðsla hefur verið veitt til býla undir vissri stærð og á síðustu árum

hafa verið gerðar áætlanir um að treysta byggð á svæðum, sem hætta er á, að fari í eyði. Í árslok 1948 voru 5 719 jarðir í fastri ábúð á öllu landinu. Í árslok 1977 voru þær 4 971 samkvæmt jarðaskrá Landnáms ríkisins. Þar af var lítill sem enginn búrekstur á 600 jörðum. Samkvæmt spaldskrá Stéttarsambands bænda voru bændur með búvöruframleiðslu 4 472 í árslok 1976 og telur Stéttarsambandið að sú tala hafi lítið breyst.

Miðað við reynslu undanfarinna áratuga er ólíklegt, að hjá því verði komist, að nokkur fjöldi jarða fari í eyði á næstu árum og bændum fækki. Það er ekki markmið Byggðastefnunnar að halda tölu byggðra jarða og bændatölu óbreyttri, heldur að koma í veg fyrir frekari óskipulega grisjun byggðar, einkum á þeim stöðum, þar sem hún er veikust. Fækkun bænda þarf þó ekki að þýða samsvarandi fækkun fólks í sveitum, ef að því er unnið að fjölgja þar atvinnutækifærum við annað en framleiðslu í hefðbundnum búgreinum.

Ekki hefur verið skilið á milli fyrirgreiðslu hins opinbera við landbúnaðinn almennt og viðleitni þess til að viðhalda byggðajafnvægi, nema með fáum undantekningum á allra síðustu árum.

Viðleitni til að viðhalda byggð á afskekktum stöðum stríðir að nokkru á móti þriðja markmiði — framleiðnimarkmiðinu, — og er ekki tvímælalaust hagur bændastéttarinnar. Því er æskilegt, að framvegis verði skýrar aðgreindur stuðningur við einstakar byggðir og við landbúnaðinn í heild. Á móti kemur, að víða á afskekktum stöðum er um að ræða nýtingu sérstakra hlunninda, sem annars kæmu að litlu gagni.

Einnig er mikilvægt, að öll fjármagnsfyrirgreiðsla við landbúnaðinn taki framvegis mið af búskaparstöðu á einstökum jörðum, landskostum á einstökum svæðum og markaðsaðstæðum.

#### **Niðurlag.**

Hér að framan hefur verið reynt að gera úttekt á landbúnaðarstefnu síðustu áratuga og því hvernig framkvæmd hennar hefur tekist. Niðurstaða þessara hugleiðinga er sú, að í megin atriðum hafi markmiðum stefnunnar verið náð. Hins vegar virðist augljóst, að heildarskipulag hafi skort og misræmi skapast milli framleiðslu og markaðsmöguleika í einstökum greinum síðustu tvo áratugina. Heimildir til stjórnunar eru ekki fyrir hendi.

Við móton nýrrar landbúnaðarstefnu hlýtur að verða að taka mið af þessum staðrevndum.

#### **Heimildir:**

Árbók landbúnaðarins, árgangar 1950, 1970 og 1972. Opinberar aðgerðir og atvinnulífið 1950—1970. Stjórnartíðindi, ýmsir árgangar. Heimildir frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landnámi ríkisins. Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. heimildir.

### **III. KAFLI**

#### **ÞRÓUN LANDBÚNAÐARINS SÍÐUSTU ÁRIN**

Í þessum kafla verður lýst ýmsum atriðum í þróun landbúnaðarins síðustu áratugina. Í flestum tilfellum verður miðað við tímabilið frá 1947 þegar lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins voru sett. Í sumum atriðum eru þó ekki handbærar áreiðanlegar tölur frá þeim tíma, og er þá ýmist miðað við árið 1960 eða 1970.

### 1. Framkvæmdir í sveitum.

Tölurnar í meðfylgjandi töflu eru fengnar úr jarðabótaskýrslum sem borist hafa Búnaðarfélagi Íslands. Við áætlun um túnstærð, hefur verið reynt að áætla hve mikið hefur fallið úr ræktun vegna þess að jarðir fara í eyði eða tún hefur farið undir mannvirki.

Með endurvinnslu er hér talin túnasléttun eða eyðing túnþýfis. Þær ræktunarframkvæmdir voru einkum áberandi fyrri hluta þess tímabils, sem hér um ræðir. Fram til 1961 eru einungis taldir nýir grænfóðurakrar í dálknum grænfóðurakrar ha, en frá 1962 allir grænfóðurakrar.

Þær jarðræktarframkvæmdir, sem ekki eru taldar í töflunni, en framlag fæst á samkvæmt jarðræktarlögum eru í minni mæli en flestar þær sem í töflunni eru. Þær eru: handgrafnir skurðir, kilræsi, önnur lokræsi, s.s. plastpípuræsi, hnausræsi og grjótræsi, grjótnám, kölkun túna, flóðvarnargarðar, flóðgáttir, vatnsbrýr og haga-skurðir.

Ár	Girð- ingar km	Vélgrafnir skurðir þús. m <sup>3</sup>	Nýrækt ha.	Endur- vinnsla ha.	Græn- fóður ha.	Túnstærð ca. ha.	Plóg- ræsi km	Haga- rækt ha.
1947	.....	729	1205	736	—			
1948	.....	1351	1562	850	43			
1949	.....	1634	1296	568	42			
1950	..... 255	2074	2196	708	162	44 500		
1951	..... 305	1900	2461	680	42			
1952	..... 415	2575	2674	610	106			
1953	..... 401	2962	3016	437	138			
1954	..... 396	3413	2638	1054	39			
1955	..... 546	3013	2474	750	26	57 500		
1956	..... 610	3925	3382	88	18			
1957	..... 593	4042	3576	133	23			
1958	..... 605	4093	3960	132	19			
1959	..... 628	3899	4500	85	30			
1960	..... 560	3273	3696	96	44	75 000		
1961	..... 585	2798	3990	103	42			
1962	..... 643	2482	3827	115	572		13	
1963	..... 591	3488	4445	225	374		946	
1964	..... 840	5375	6084	218	1055		2696	
1965	..... 761	4057	5050	298	969	97 000	3608	
1966	..... 722	3968	4081	316	913		3018	
1967	..... 923	5715	5630	445	1173		5186	
1968	..... 876	6422	5163	675	1706		6798	
1969	..... 670	4455	4124	771	1941		4821	
1970	..... 665	5340	3248	858	3460	117 000	4992	
1971	..... 636	5573	3695	963	3455		6756	
1972	..... 852	5241	3299	736	3222		3668	5
1973	..... 774	3985	2994	562	3483		1669	590
1974	..... 688	5131	2848	483	3585		2376	529
1975	..... 732	4142	2996	627	3560	130 000	1715	564
1976	..... 699	4477	3193	451	3976		2928	403
1977	..... 579	3858	2807	450	4768		2640	437

Heimild: Búnaðarfélag Íslands.



Byggingar, sem hafa fengið framlag samkv. jarðræktarlögum.

Ár	Áburðar- hús m <sup>3</sup>	Þurrheys- hlöður m <sup>3</sup>	Votheys- hlöður m <sup>3</sup>	Súgþurrk- unarkerfi m <sup>2</sup>
1950	10 697	55 640	24 065	
1951	12 707	66 400	34 085	
1952	13 061	68 643	22 291	
1953	8 642	149 518	14 658	
1954	15 979	152 424	24 637	
1955	19 901	174 691	17 923	17 654
1956	22 014	125 193	21 691	15 809
1957	24 320	152 734	12 787	20 784
1958	22 629	159 585	15 403	20 660
1959	19 484	161 194	15 351	22 281
1960	17 706	107 786	13 302	21 207
1961	16 418	104 051	8 614	18 694
1962	17 255	155 733	13 163	28 279
1963	15 912	136 573	14 211	19 741
1964	27 788	134 444	10 939	32 164
1965	28 968	211 702	8 406	46 064
1966	41 538	171 205	7 341	37 205
1967	43 852	174 324	3 148	48 212
1968	31 678	173 001	4 135	59 469
1969	27 764	80 726	3 748	36 097
1970	24 254	56 115	11 094	17 182
1971	35 714	90 649	8 565	18 559
1972	48 156	163 268	13 235	16 754
1973	79 820	188 916	21 658	20 344
1974	113 518	161 003	23 569	15 868
1975	69 484	120 660	17 410	20 592
1976	77 381	116 918	27 892	16 389
1977	99 939	136 380	70 976	19 229

Auk ofantalinna framkvæmda hefur verið veitt framlag á haugstæði, matjurtageymslur og verkfærahús, en í litlum mæli.

Heimild: Búnaðarfélag Íslands.

2. Notkun tilbúins áburðar.

Tilbúinn áburður var fyrst fluttur til landsins árið 1898. Segja má að allt fram til ársins 1925 hafi verið um að ræða innflutning í tilraunaskyni og fór notkun ekki að verða almenn fyrr en á 4. áratugnum. Árið 1954 tók Áburðarverksmiðja ríkisins til starfa og jókst þá áburðarnotkun verulega. Síðustu þrjú árin hafa um  $\frac{2}{3}$  áburðarins verið innlend framleiðsla en  $\frac{1}{3}$  innfluttur.

Eftirfarandi tafla sýnir notkun tilbúins áburðar, hrein efni í tonnum (N<sub>2</sub> + P<sub>2</sub> O<sub>5</sub> + K<sub>2</sub>O), frá árinu 1900.

1900—1904 <sup>1)</sup>	3
1911—1914	1
1921—1925	38
1931—1935	730
1941—1945	1 250

1) Meðaltal 5 ára.

1951—1955 <sup>2)</sup> .....	6 472
1961—1965 .....	16 786
1971—1975 .....	26 095
1978 <sup>3)</sup> .....	29 103

Heimild: Hagstofa Íslands.

### 3. Fóðurframleiðsla og fóðurnýting.

#### Fóðuröflun.

Í eftirfarandi yfirliti er fjallað um fóðuröflun í landinu um 30 ára skeið, eða á árunum frá og með 1948—1977. Hvað varðar notkun fóðursins til hinna ýmsu þarfa er miðað við þann bústofn sem var í landinu árið 1977 og framleiðslu þess árs.

Um magn heimafengings fóðurs af túni og engjum er vert að geta þess, að til ársins 1963 var allur hefyngur talinn í hestburðum. Til þess tíma voru tölurnar fengnar á haustnóttum er bændur tjáðu hreppstjórum hefyng sinn, en þær tölur komu seint, og frá sumum aldrei öruggar, til Hagstofunnar.

Með breytingu búfjárræktarlaganna árið 1963 var svo fyrir mælt, að sveitarstjórnir réðu forðagæslumenn, sem mældu hefyng og teldu hann í m<sup>3</sup>. Hefur sá háttur haldist síðan og tölur yfir fjölda búfjár og magn hefyngs síðan tjáð, á til þess gerðum eyðublöðum, en Hagstofa Íslands birtir niðurstöðurnar árlega í Hagtiðindum. Forðagæsla Búnaðarfélags Íslands og Hagstofan hafa síðan unnið saman að framkvæmd forðagæslunnar.

Til og með árinu 1963 var magn hefyngs talið í hestburðum, sem áreiðanlega hafa ekki verið 100 kg eins og nú er reiknað, en að meðaltali er nú reiknað með 100 kg þurrheys í m<sup>3</sup> og tvöfalt magn næringargildis í hverjum m<sup>3</sup> votheys.

Í töflu I. er yfirlit yfir hefyng, talinn í m<sup>3</sup> á umræddu 30 ára skeiði. Taflan sýnir hins vegar ekki raunverulegt fóðurgildi heyjanna en það er mjög breytilegt frá ári til árs, aðallega eftir verkunarskilyrðum. Taflan sýnir stöðugt vaxandi hefyng, einkum þurrheysmagn. Útheysmagn er svo lítið nú orðið, að það er ekki talið sér, og magn votheys er mjög jafnt frá ári til árs.

#### TAFLA I.

Ár:	Þurrhey, þús. m <sup>3</sup> :	Vothey, þús. m <sup>3</sup> :	Úthey. þús. m <sup>3</sup> :	Innfl. kjarnf. tonn:
1948 .....	1 552 <sup>1)</sup>		642	
1949 .....	1 505		624	
1950 .....	1 479	109	595	13 959 <sup>2)</sup>
1951 .....	1 279	105	788	11 443
1952 .....	1 335	107	766	14 425
1953 .....	1 911	136	690	14 056
1954 .....	1 222	280	554	13 062
1955 .....	1 991	168	403	21 814
1956 .....	2 248	158	413	24 075
1957 .....	2 595	177	385	18 924
1958 .....	2 455	158	447	16 167
1959 .....	2 845	178	246	17 406
1960 .....	3 066	163	312	18 691
1961 .....	3 125	174	229	22 635

2) Áburðarverksmiðjan tók til starfa 1954.

3) Notkun ársins 1978.

1) Samkvæmt forðagæsluskýrslum.

2) Samkvæmt innflutningsskýrslum Hagstofu Íslands.

Ár:	Þurrhey, þús. m <sup>3</sup> :	Vothey, þús. m <sup>3</sup> :	Úthey, þús. m <sup>3</sup> :	Innfl. kjarnf. tonn:
1962	2 936	160	268	28 436
1963	3 020	151	222	30 302
1964	2 775	140	84	32 758
1965	2 901	137		35 007
1966	2 708	98		34 733
1967	2 645	96		52 004
1968	2 763	114	56	57 812
1969	2 264	154	39	55 066
1970	2 060	141	92	70 910
1971	3 090	141	35	59 903
1972	3 567	163	21	58 175
1973	3 426	139	15	65 309
1974	3 309	120	0	58 134
1975	3 328	153	0	55 367
1976	3 585	155	0	67 046
1977	3 735	162	0	71 194

Taflan sýnir að á árunum 1948—52 var árlegt magn þurrheys um 1.5 millj. hestburða að meðaltali, en á árunum 1973—1977 nálægt 3.5 millj. m<sup>3</sup> að meðaltali árlega, með metári í sögu þjóðarinnar árið 1977.

Til viðbótar þessari innanlandsframleiðslu ber að geta framleiðslu hraðþurrkaðrar vöru, grasköggla og mjöls úr grasi og grænfóðri. Framleiðsla þess hefur verið á árunum 1975—1977:

Árið 1975 5 496 tonn	} Meðaltal þriggja ára: 7 186 tonn.
Árið 1976 7 866 tonn	
Árið 1977 8 197 tonn	

Mælt í fódureiningum gerir þetta að meðaltali um 5 millj. F.E. árlega á þessu þriggja ára tímabili.

Aftasti liður töflu 1, sýnir innflutt kjarnfóður samkvæmt innflutningsskýrslum Hagstofunnar, frá ári til árs, talið í tonnum, en þar má meta hvert kg 1 F.E. Þær tölur sýna rúmlega 70 þúsund tonna innflutning árlega þegar mest hefur verið notað, en það var á árunum 1970 og aftur 1977, eftir að brestur hafði í báðum tilvikum orðið á heyfeng. Sönnun þess var fengin 1977 eftir stórfellt hrakviðrasumar sunnanlands og vestan 1976. Nefnd, sem starfaði í ársbyrjun 1977 við að meta afföll á eftirtekjunni, komst að þeirri niðurstöðu, að rýrnun hennar hafi að verðgildi numið a. m. k. 800—900 millj. króna, sem bæta varð upp að verulegu leyti með erlendu fóðri.

#### Fóðurþörf.

Næst er að líta á hvernig umrætt fóður hefur verið notað að undanfögnu. Er þá eðlilegt að skipta árinu annars vegar í innifóðrunartíma búfjárins og hins vegar beitartíma og meta það sem sumarlöndin ásamt græn fóðri hafa gefið:

#### TAFLA II.

##### Vetrarfóðrið:

##### a) Nautpeningur.

	Þús. F.E.:
Suðurland, 16 500 kýr í 240 daga á 3.8 F.E. ....	15 048
Aðrir landshl. 20 500 í 270 daga á 3.8 F.E. ....	21 032
<b>Viðhaldsfóður</b>	<b>36 080</b>

	Þús. F.E.:
Ungviði 25 000 í 280 daga, 3.3 F.E. á dag, vöxtur og viðhald: 25 000 x 280 x 3.3 .....	23 100
Fósturmyndun: 37 000 kýr x 0.85 = 31 000, 31 000 kálfar á 70 F.E.	2 170
5/12 af ársframléiðslu mjólkur, eða 75 millj. kg .....	30 000
Samtals F.E.	91 350

b) Sauðfé.

Allt landið áætlað 700 þúsund ær, viðhaldsf. 0.58 F.E. húsvistar-skeið 210 dagar, samtals .....	85 260
Fósturmyndun: 1.1 millj. fóstur á 10 F.E. ....	11 000
Geldfé alls 170 þúsund, húsvist 230 daga, á dag 0.70 F.E., 170 000 x 230 x 0.7 .....	27 740
Samtals F.E.	124 000

Hér er öll fósturmyndun kúnna færð á vetrarfóður, sem er ekki alveg rétt, en vafalaust fer meiri hluti hennar fram á þessu skeiði. Af tölum þessum má sjá, að til viðhalds og fósturmyndunar þarf kýrin sunnanlands, um 970 F.E. en í öðrum landshlutum tæplega 1 100 F.E. í innifóðri ár hvert að meðaltali.

Ekki fer á milli mála, að fósturmyndun hjá sauðfé, er öll af vetrarfóðri. Skipting fjárstofnsins í ær og geldfé er nærri því sem var á árunum 1976 og 1977, en af greindum tölum um viðhaldsfóður, innistöðutíma og stærð fjárstofns, er auðvelt að reikna fóðurþörf handa hvaða bústofnsstærð sem er.

Framangreindar tölur sýna, að samanlagt vetrarfóður umræddra búgreina, má reikna samtals um 215 milljónir fódureininga.

Í því sambandi er rétt að geta þess að reiknað mjólkurmagn, 75 milljónir kg, er miðað við árið 1977, en það var:

115 463 000 kg innvegið í mjólkurbú,
5 100 000 kg áætluð heimanotkun og
4 445 000 kg rýrnun (3%).

Af þessu magni hafa verið framleidd rétt um 50 milljónir kg á útivistarskeiðinu eða 100 dögum, hitt á innistöðuskeiði með vetrarfóðri.

Hér er ekki reiknað með hrossastofninum sem fær hluta af fóðri því sem safnað er til vetrarforða en magn þess er vandmetið. Hins vegar er tæpast hægt að gera ráð fyrir að minna en 3—4 hundruð F.E. gróffóður sé notað að meðaltali á hross, en það myndi nema samtals 15—20 milljónum fódureininga vetrarlangt.

Í þessu sambandi er vert að minnst þess, að þær rúmlega 5 milljónir fódureininga sem árlega hafa verið framleiddar sem hraðþurrkuð og köggluð vara eru mjög gott fóður fyrir hesta og með því þurfa þeir alls ekki innflutta fóðurvöru.

TAFLA III.

Ársfóður hænsna og svína:

1. Hænsni.

250 þúsund hænur, á fugl 42 kg	10 500 tonn	} 14 350 tonn
150 þús. uppeldi til viðh. á 15 kg	2 250 tonn	
400 þúsund kjúkl. til slátr. á 4 kg	1 600 tonn	

2. Svín.

Fullorðin svín 1 100 á 1 200 kg fóður	1 320 tonn	} 5 520 tonn
Grísir samtals 14 000 á 300 kg ....	4 200 tonn	

TAFLA IV.

Fóðurþörf á húsvistarskeiði:

	Þús. F.E.:
Nautpeningur samtals .....	91 350
Sauðfé samtals .....	124 000
Hross, áætluð tala .....	18 000
Alifuglar .....	14 350
Svín .....	5 520
	<hr/>
Samtals	253 220

Þegar tekið er tillit til reiknaðrar fóðurnotkunar og þess magns fóðurs, sem aflað hefur verið á árunum 1975—1977, er eðlilegt að reikna meðaltalstölur, þar eð fyrningar færast milli ára og innflutt fóður er jafnan notað að nokkru árið eftir að það kemur til landsins.

Fyrningar af heyfeng sumarsins 1977 eru þannig mjög miklar, líklega 30—40 milljónir F.E. Meðalfengur heyja til notkunar á ári, umrædd 3 ár, hefur numið rétt um 200 milljónum fóðureininga. Þar við hafa svo bæst um 64 millj. F.E. í innfluttu fóðri, að meðaltali, umrædd 3 ár, og hafa því samtals um 265—270 milljónir fóðureininga verið til umráða að meðaltali á ári. Hins vegar hefur þörfin samkvæmt framanskráðum tölum, numið um 253 milljónum F.E. Mismunurinn er því nálægt 12—15 milljónum F.E. sem að nokkru hafa farið til spillis, (rýrnun við geymslu og notkun), að nokkru til fóðrunar um beitartímann (hámjólka kýr). Mismunurinn er aðeins um 5% og það er lág tala en forsendum í mati heyfórðans getur skeikað talsvert meira en nemur þessari tölu.

Sumarfóðrið.

Sumarfóður búfjárins, þegar sleppt er alifuglum og svínunum sem eru á innifóðri allt árið, fæst á afréttum, öðrum úthaga, túnunum og á síðari árum á græn-fóðurbeit í vaxandi mæli.

Til þess að gera sér grein fyrir hve mikils virði sumarbeitin er, með tilliti til afurða bústofnsins, er nauðsynlegt að meta hana tölulega. Hér verður ekki reynt að meta hrossabeitina, heldur aðeins það, sem reikna má sauðfé og nautpeningi. Þess skal fyrst getið, að græn fóður fer til sumarbeitar, að meira en 90%, aðeins lítið eitt er verkað sem vothey.

TAFLA V.

Sumarheit nautpenings og sauðfjár.

	Þús. F.E.:
a) Nautpeningur:	
Suðurland 16 500 kýr, 125 daga, 4.2 F.E. á dag.	
Aðrir landshl. 20 500 kýr, 95 daga, 4.2 F.E. á dag.	
Viðhaldsf. 16 500 x 125 + 20 500 x 95 x 4.2 .....	16 842
Til mjólkurframleiðslu: 50 millj. kg mjólkur .....	20 000
Ungviði 25 000 á 3.3 F.E. daglega í 85 daga .....	7 012
	<hr/>
b) Sauðfé:	Samtals 43 854
700 000 ær, í 155 daga, 0.65 F.E. á dag .....	70 525
1 milljón lömb í 135 daga, 0.35 F.E. ....	47 250
1 milljón lömb í 135 daga, 2 F.E. á kg vaxtarauka .....	74 000
170 000 geldfé, 135 daga á 0.65 F.E. ....	17 212
	<hr/>
Samtals	208 987

Af töflu 5 má sjá, að umræddar tvær tegundir búfjár safna um 250 milljónum fódureininga á beit að sumrinu. Þar munar mest um sauðfé, enda fer vöxtur lambanna nær allur fram á beitartímanum. Hér er þó ekki allt talið því að í einhverjum mæli auka ærnar þyngd sína að sumrinu og nota þá þyngdaraukningu sem forða til vetrarins. Þetta má ráða af þeirri staðreynd, að fjöldi fjáreigenda telur skikkanlega fódrað að vetri, ef lambfull ær vegur um sumarmál á móta og hún vó á haustnóttum. Hefur þá verulegur hluti næringar til fósturmyndunar raunar skapast af næringarforða frá sumrinu áður.

Sem áður segir verður ekki reynt að meta þá næringu, sem hrossin sækja í beitiöldin. Þess má þó geta að séu hrossin 50 000, og áætlað að hvert hross þurfi til viðhalds daglega um 3.5 F.E. og reiknað með viðhaldsfóðri aðeins, þá nemur fódurþörfin eftir árið um 64 milljónum fódureininga. Við það bætist svo næringarþörf til vaxtar, sem aðallega fer fram að sumri. Er þar um verulega fódurþörf að ræða. Eins og áður var greint mun mega áætla að af fódurþörf hrossa séu a. m. k. 18 milljónir F.E. vetrarfóður.

#### Niðurstöður.

Af framanskráðu má sjá hver er næringarþörf bústofns þess, sem nú er í landinu og hvernig hún skiptist milli hinna ýmsu búgreina eftir árstímum og framleiðslumagni. Miðað við núverandi bústofn og framleiðslumagn er fódurþörf á húsvist samtals rúmlega 250 milljónir F.E., eins og fram kemur í töflu 4, þar af 60 milljónir F.E. í kjarnfóðri, eða 24%, sem að meginmagni er innflutt. Um 1/3 innflutts fóðurs fer til fóðrunar á alifuglum og svínum.

Með bættri verkun heyja, aukinni framleiðslu grasköggla og innlends fóðurmjöls, má draga verulega úr notkun innflutts fóðurs.

#### 4. Framleiðsla grasmjöls og grasköggla.

Framleiðsla grasmjöls hófst á Stórolfsvallabúinu í Rangárvallasýslu árið 1961 og graskögglaframleiðsla í Gunnarsholti árið 1964. Nú starfa 5 graskögglaferksmiðjur á landinu. Framleiðslan er mestmegnis grasköggla en einnig lítills háttar grasmjöl.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun þessarar framleiðslu árið 1961.

Ár:	Magn, tonn:	Ár:	Magn, tonn:
1961	230	1970	1 371
1962	404	1971	2 380
1963	394	1972	2 928
1964	844	1973	3 550
1965	1 012	1974	3 626
1966	1 331	1975	5 427
1967	909	1976	7 866
1968	1 392	1977	8 197
1969	1 325	1978	11 140

Heimild: Landnám ríkisins.

Hámarksframleiðslugeta verksmiðjanna er 12—13 þúsund tonn.

#### 5. Þróun búsetu.

Mikil breyting hefur orðið á búsetu þjóðarinnar í landinu á síðustu 90 árum. Vöxtur þéttbýlisstaðanna var fremur hægur fram til síðustu aldamóta, en þegar útgerð tók að eflast með tilkomu togaranna, fækkaði fólki í sveitum mjög ört. Eftirfarandi tafla sýnir þessa þróun frá 1890:

Ár:	Mannfjöldi alls:	Í bæjum: <sup>1)</sup>	%	Í sveitum:	%:
1890	70 927	7 852	11.1	63 075	88.9
1901	78 470	15 561	19.8	62 909	80.2
1920	94 690	40 445	42.7	54 245	57.3
1940	121 474	74 490	61.3	46 984	38.7
1960	177 292	141 287	79.7	36 005	20.3
1978 <sup>2)</sup>	223 917	194 377	86.8	29 540	13.2

Heimild: Hagstofa Íslands.

## 6. Fjöldi jarða í ábúð.

Samkvæmt heimildum frá Landnámi ríkisins voru 5 719 jarðir í fastri ábúð á öllu landinu í árslok 1948. Samkvæmt sömu heimildum voru jarðir í ábúð 4 971 í árslok 1976. Byggðum jörðum hefur því fækkað um 848 á þessum 28 árum, eða um 32 á ári að meðaltali.

Það skal tekið fram í þessum tölum Landnámsins eru taldar allar jarðir þar sem ábúandi er skráður, án tillits til þess hvort þar er stunduð meiri eða minni búvöruframleiðsla eða jafnvel engin.

Í eftirfarandi töflu sést skipting setinna býla eftir sýslum. Einnig fjöldi skráðra garðyrkjubýla og býla þar sem lítil eða engin búvöruframleiðsla er stunduð:

	Jarðir alls í ábúð:	Þar af garð- yrkjubýli:	Þar af bændur með 30 ærg. eða minna:
Gullbringusýsla m/Rvík	94	11	72
Kjósarsýsla	142	13	43
Borgarfjarðarsýsla	231	14	46
Mýrasýsla	176	5	12
Hnappadalssýsla	64		6
Snæfellsnessýsla	125		16
Dalasýsla	168		17
A.-Barðastrandarsýsla	55		6
V.-Barðastrandarsýsla	70		3
V.-Ísafjarðarsýsla	69		8
N.-Ísafjarðarsýsla	53	1	2
Strandasýsla	120		7
V.-Húnavatnssýsla	182	1	12
A.-Húnavatnssýsla	203		10
Skagafjarðarsýsla	361	4	25
Eyjafjarðarsýsla	339	2	48
S.-Þingeyjarsýsla	403	2	52
N.-Þingeyjarsýsla	137		14
N.-Múlasýsla	260		17
S.-Múlasýsla	251		15
A.-Skaftafellssýsla	110		13
V.-Skaftafellssýsla	175		8
Rangárvallasýsla	448		39
Árnessýsla	624	82	91
Bæjarfélög	111		34
<b>Samtals</b>	<b>4971</b>	<b>135</b>	<b>616</b>

Heimild: Landnám ríkisins.

1) Þéttbýli með yfir 300 íbúa.

2) Bráðabirgðatölur.

## 7. Fjöldi bænda og fjöldi bóa.

Um það hefur jafnan ríkt nokkur óvissa, hve bændur væru margir og menn ekki verið á eitt sáttir um hver ætti að teljast bóndi og hver ekki, enda er slíkt mat ekki alltaf auðvelt.

Í árslok 1948 voru bændur taldir 6 300, samkvæmt heimildum Landnáms ríkisins. Ekki er ljóst eftir hvaða reglu sú tala var fundin.

Á vegum Stéttarsambands bænda hefur nú tvisvar farið fram talning á bændum landsins, þar er miðað við árslok 1973 og 1976.

Við þessa talningu hefur sá verið talinn bóndi, sem hefur ábúð á lögbylí og búskap að aðalatvinnu, eða svo stórt bú að það teljist fullkomið mannsverk að annast það. Stuðst hefur verið við félagaskrá Lífeyrissjóðs bænda, atvinnumerkingar skattstjóra á framtalsskýrslum, o. fl. gögn. Það ber að hafa í huga að tala bænda og fjöldi bóa fer ekki saman, þar sem tveir eða fleiri bændur standa víða að sama býi.

Samkvæmt talningu Stéttarsambandsins voru bændur 4 472 í árslok 1976. Þar af bjuggu 3 624 einir, en 849 voru aðilar að félagsbúum.

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu bænda eftir búgreinum í árslok 1976. Tölur frá 1973 eru í sviga:

	1976:	1973:
Bændur með nautgripa- og sauðfjárnú .....	4 175	(4 280)
— — nautabú .....	9	( 15)
— — hrossabú .....	12	( 12)
— — hæsnabú .....	90	( 79)
— — svínabú .....	28	( 35)
Garðyrkju- og gróðurhúsabændur .....	148	( 127)
Bændur með fódurframleiðslu eingöngu .....	7	( 6)
Bændur með hlunnindabúskap .....	3	( 2)
	<hr/>	
	Alls bændur 4 472	(4 556)

Fækkun hefur orðið um 84 á þessum þremur árum, en hún getur að verulegu leyti stafað af því, að viðkomandi hafi færst yfir til þess að hafa annað að aðalatvinnu en búskap. Samkvæmt sérstakri talningu þeirra, sem hafa lögbylí til umráða en aðra aðalatvinnu en landbúnað kemur í ljós að þeir eru 598 árið 1976 og hafði fjölgað um 116 síðan 1973.

Athygli skal vakin á því, að samkvæmt skrá landnámsins eru þessir menn nokkru fleiri eða 616, sem kann að stafa af því að í þeim hópi eru menn, sem hafa mjög lítinn bústofn, og eru því ekki með í talningu Stéttarsambandsins.

Auk þess sem hér er talið eru í sveitum 210 elli- og örorkulífeyrisþegar, sem eiga búfé.

Athyglisvert er að á síðustu árum hefur sérhæfing aukist verulega í landbúnaðinum. 297 bændur stunda nú aðrar búgreinar en nautgripa- og sauðfjárrækt og hefur fjölgað um 20 á 3 árum.

Samkvæmt talningu Stéttarsambandsins var skipting bóa í hinum hefðbundnu búgreinum sem hér segir, árin 1973 og 1976:

	1973:	1976:	Breyting:
Fjárnú .....	1 408	1 645	+ 237
Kúabú .....	1 253	1 216	÷ 37
Blönduð bú .....	1 129	860	÷ 269

Í þessum tölum hefur félagsbúum ekki verið skipt.



### 8. Bústærð.

Ærgildaeign landsmanna var í árslok 1976 1 779 412 ærgildi, nautgripir og sauðfé (1 kýr sama sem 20 ærgildi, 1 kvíga sama sem 12 ærgildi, 1 geldneyti sama sem 8 ærgildi og 1 kálfur sama sem 4 ærgildi).

Ærgildi í nautgripum voru 883 220 eða 49.64% og ærgildi í sauðfé 896 192 eða 50.36%.

Eftirfarandi tafla sýnir hvernig ærgildaeignin skiptist milli bænda og annarra búfjáreigenda í árslok 1976:

Ærgildi í eigu bænda .....	1 673 504		94.05%	
Ærgildi í eigu elli- og örorkulífeyrisþega í sveitum .....	11 550	} 105 908	0.65%	} 5.95%
Ærgildi í eigu tilraunabúa .....	15 513		0.87%	
Ærgildi í eigu manna sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði .....	44 850		2.52%	
Ærgildi í eigu þéttbýlisbúa .....	33 995		1.91%	
<b>Ærgildi samtals</b>	<b>1 779 412</b>		<b>100.00%</b>	

Heimild: Spjaldskrá Stéttarsambands bænda.

Ef sauðfjáreignin er tekin sérstaklega, er skiptingin milli bænda og annarra sem hér segir:

Sauðfé í eigu bænda .....	801 752		89.46%	
Sauðfé í eigu elli- og örorkulífeyrisþega í sveitum .....	11 550	} 94 440	1.30%	} 10.54%
Sauðfé í eigu tilraunabúa .....	4 045		0.45%	
Sauðfé í eigu manna sem hafa lögbýli til umráða en aðalatvinnu af öðru en landbúnaði .....	44 850		5.00%	
Sauðfé í eigu þéttbýlisbúa .....	33 995		3.79%	
<b>Sauðfé samtals</b>	<b>896 192</b>		<b>100.00%</b>	

Heimild: Spjaldskrá Stéttarsambands bænda.

Hinir 4 472 bændur landsins eiga að meðaltali 399 ærgildi hver. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu bænda eftir bústærð í árslok 1967:

Fjöldi ærgilda:	Fjöldi bænda:
1— 100 .....	232
101— 200 .....	731
201— 300 .....	897
301— 400 .....	855
401— 500 .....	668
501— 600 .....	414
601— 700 .....	268
701— 800 .....	172
801— 900 .....	112
901—1 000 .....	60
1 001—1 100 .....	32
1 101—1 200 .....	11
1 201—1 300 .....	7
1 301—1 400 .....	4
1 401—1 500 .....	2
1 501—1 600 .....	1
1 601—1 700 .....	3

Fjöldi ærgilda:	Fjöldi bænda:
1 701—1 800	
1 801—2 000	
2 001 og yfir .....	3
	<hr/>
	Samtals 4 472

Heimild: Spjaldskrá Stéttarsambands bænda.

Meðalbústærð er mjög breytileg eftir landshlutum. Eftirfarandi tafla sýnir meðalbústærðina eftir sýslum í árslok 1976 og fjölda bænda á sama tíma. Upplýsingar um meðalaldur bænda eru ekki til nýrri en frá 1973. Talið er að þær hafi ekki breyst verulega síðan. Þessar tölur koma einnig fram í neðanskráðri töflu. Ekki virðist vera samband milli meðalbústærðar og meðalaldurs bænda í hverri sýslu.

	Meðalaldur bænda 1973:	Fjöldi bænda 1976:	Meðalbústærð 1976 (ærgildi á bónda):
Gullbringusýsla .....	57.1	11	305
Kjósarsýsla .....	50.3	56	405
Borgarfjarðarsýsla .....	50.7	178	445
Mýrasýsla .....	50.5	165	438
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla .....	48.4	164	345
Dalásýsla .....	48.1	151	352
A.-Barðastrandarsýsla .....	52.6	57	295
V.-Barðastrandarsýsla .....	50.1	65	311
V.-Ísafjarðarsýsla .....	50.7	66	281
N.-Ísafjarðarsýsla .....	51.0	64	345
Strandasýsla .....	50.1	115	272
V.-Húnavatnssýsla .....	47.8	178	383
A.-Húnavatnssýsla .....	46.9	215	435
Skagafjarðarsýsla .....	46.3	345	388
Eyjafjarðarsýsla .....	46.4	344	529
S.-Þingeyjarsýsla .....	49.3	427	333
N.-Þingeyjarsýsla .....	48.7	141	280
N.-Múlasýsla .....	47.6	282	304
S.-Múlasýsla .....	50.0	250	332
A.-Skaftafellssýsla .....	49.7	113	378
V.-Skaftafellssýsla .....	51.2	199	393
Rangárvallasýsla .....	51.4	391	535
Árnessýsla .....	50.3	495	487
Lögbýli innan marka 11 kaupstaða .....	52.0		313
Allt landið, meðaltal .....	49.2	4 472 <sup>1)</sup>	399

Heimild: Spjaldskrá Stéttarsambands bænda.

1) Í tölunni um fjölda bænda eru bændur í kaupstöðum taldir með bændum í aðliggjandi sýslum.

### 9. Þróun bústærðar og rekstrarkostnaður búsins.

Til að fá mynd af þróun bústærðar má taka mið af breytingum á stærð verðlagsgrundvallarbúsins, bústofni, afurðamagni og samsetningu kostnaðarliða.

Við ákvörðun um stærð grundvallarbúsins hefur að vísu fremur verið haft til hliðsjónar hvað væri hæfilegt verkefni fyrir eina fjölskyldu við ákveðnar aðstæður, en hver meðalbústærðin væri á hverjum tíma. Grundvallarbúið hefur því yfirleitt verið stærra en meðalbúið og munar nú 40 ærgildum.

Eftirfarandi tafla sýnir bústofn og afurðamagn varðlagsgrundvallarbúsins 1943—1978.

Ár:	Nautgripir:	Sauðfé:	Afurðir	
			Mjólk, lítr:	Kindakjöt kg:
1943	7.2	87	12 650	1 161
1948	6.0	87	15 000	1 161
1953	6.0	87	14 900	1 214
1958	8.8	120	17 275	1 762
1963	10.1	137	20 250	2 096
1968	12.0	180	29 500	2 753
1973	13.0	180	33 000	2 942
1978	15.0	204	34 980	3 570

Fjöldi nautgripa á grundvallarbúinu hefur meira en tvöfaldast og tala sauðfjár nær þrefaldast.

Mjólkurmagn hefur langt í þrefaldast og magn kindakjöts rúmlega það.

### Hlutfallsskipting rekstrarkostnaðarliða samkvæmt varðlagsgrundvelli 1943—1978.

Ár:	Kjarnfóður%:	Áburður%:	Viðhald fasteigna %:	Rekstur véla %:	Vextir %:	Ýmis kostnaður %:	Laun %:
1943	2.5	1.2	1.9	1.3	2.9	2.0	88.2
1948	8.5	4.1	1.4	4.2	2.0	2.3	77.5
1953	9.1	6.6	2.3	3.2	1.2	6.3	71.3
1958	10.9	6.8	1.9	5.1	6.1	8.1	61.1
1963	9.3	6.5	3.0	8.1	12.3	7.5	53.3
1968	10.7	10.1	2.9	8.8	7.8	7.9	51.8
1973	14.4	9.6	2.7	7.6	4.2	7.8	53.7
1978	9.7	8.5	2.7	8.6	5.3	8.4	56.8

Heimild: Árbók landbúnaðarins.

Af framanskráðri töflu er ljóst, að á því 35 ára tímabili, sem liðið er frá því fyrsti varðlagsgrundvöllurinn var saminn hefur landbúnaðurinn sífellt orðið háðari aðkeyptum rekstrarvörum.

Kostnaður vegna kjarnfóðurkaupa hefur tæplega þrefaldast. Þó er athyglisvert að þessi liður hefur lækkað töluvert á síðustu 5 árum. Kostnaður vegna áburðarkaupa hefur einnig farið hlutfallslega lækkandi á síðustu 10 árum. Rekstrarkostnaður véla hefur rúmlega sexfaldast síðan 1943 og ýmis kostnaður hefur fjórfaldast. Þar munar mest um flutningskostnað að og frá búinu. Vaxtakostnaður grundvallarbúsins hefur ávallt verið mikið deiluatríði og hefur gengið á ýmsu um ákvörðun á þeim lið eins og sjá má af töflunni.

Árið 1943 var launakostnaður búsins 88.2% af brúttóarði. 47.7% voru laun bóndans sjálfs en hinn hlutinn laun vegna aðkeyptrar vinnu. Nú er launakostnaður búsins 56.8% af brúttóarði. Þar er eingöngu um að ræða laun bóndans og skyldu-liðs hans.

## 10. Vinnuafli í landbúnaði og hlutdeild í þjóðartekjum.

Ekki liggja fyrir áreiðanlegar tölur um hve mikill hluti af vinnuafli þjóðarinnar er bundinn í landbúnaði.

Hagstofa Íslands birtir árlega skýrslu um fjölda slysatryggðra vinnuvikna í hinum ýmsu atvinnugreinum. Hefur Hagstofan ávallt ýmsa fyrirvara um þetta atriði.

Eftir þessum tölum Hagstofunnar var um 13% af vinnuafli þjóðarinnar bundið við landbúnað árið 1968, en árið 1975 var það komið niður í 9.3%.

Mat á hlutdeild atvinnuveganna í þjóðartekjum hefur á síðari árum byggst á fjölda slysatryggðra vinnuvikna í hverri atvinnugrein og hlutfalli þeirra í heildarvinnumagni þjóðarinnar.

Samkvæmt skýrslum Þjóðhagsstofnunar var hlutdeild landbúnaðar í vergri þjóðarframleiðslu metin 8.4% 1968 en 6.3% árið 1976.

Af þessu mætti draga þær ályktanir, að landbúnaðurinn hefði minni framleiðni en aðrar atvinnugreinar, skilaði minna til þjóðarbúsins miðað við það vinnuafli, sem við hann er bundið.

Hins vegar virðist mega álykta með nokkurri vissu að vinnuafli í landbúnaði sé ofmetið. Skal þar fyrst bent á fyrirvara Hagstofunnar sem hér að framan er getið.

Í öðru lagi skal bent á það, að bændur eru skyldir að greiða tryggingargjöld 52 vikur á ári, þó að þeir vinni aðra tryggingaskylda vinnu hluta úr árinu. Vinnuframlag þeirra þann tíma sem þeir eru í öðrum störfum, t. d. sláturhúsavinnu eða öðru, telst þá öðrum starfsstéttum til góða. Enn fremur má benda á að nú eru 967 „bændur“ sem hafa minna bú en 200 ærgildi og er augljóst að þeir leggja ekki fram fullar 52 vinnuvikur til að framfleyta búi sínu á ári.

Í þriðja lagi eru húsmæður í sveitum tryggðar, í 52 vikur á ári, hvað sem líður vinnu þeirra við búið, en samkvæmt niðurstöðum búreikninga 1977 var vinna þeirra við bústörf að jafnaði 21% af framlagi bóndans eða tæplega 11 vikur. Þarna gæti því verið oftalin 41 vinnuvika á hverja húsmóður í sveit. Ekki eru allir bændur kvæntir eða með slíka vinnuástoð en ætla má að um 80% þeirra séu það.

Í fjórða lagi má benda á að aldrað fólk eða sjúkt, sem að einhverju leyti er við búskap, er látið greiða tryggingagjöld lengur eða skemur, jafnvel allt árið, telji það fram tekjur af landbúnaði sem oft eru kannski aðeins tekjur af eign, svo sem landleiga.

Í fimmta lagi má benda á, að vinnuvikur unglunga og barna eru áætlaðar eftir fæðisdögum, tekjum af innlögðum afurðum og vinnu, þann tíma sem þau eru ekki í skóla. Segir þetta lítið um vinnuframlag þeirra eða vinnuþörf býlisins þó að nauðsynlegt sé að þau séu tryggð.

Í sjötta lagi eru þeim, sem eiga búfé í þéttbýli, sér til ánægju og lífsfyllingar, áætlaðar tryggingaskyldar vinnuvikur hið fæsta 13 vikur, eða  $\frac{1}{4}$  úr ári, hve lítil sem framleiðsla þeirra er og jafnvel þó að hún komi engin fram í söluskýrslum. Sama gildir um alla þá sem eiga heima í lögbýlum í sveitum en stunda aðra atvinnu og lifa í raun og veru alls ekki af landbúnaði.

Enn má benda á það að í sveitum annast bændur margháttuð félags- og þjónustustörf sem annars staðar eru unnin af sérhæfðu fólki og flokkast eftir því í öðrum samfélögum. Sveitirnar og sveitaheimilin kaupa enn minni „þjónustu“ í ýmsu formi og þar er lífað meira sjálfsbjargarþjónustur á ýmsan hátt, má þar t. d. benda á byggingavinnu bænda sem er mjög mikil.

Af framansögðu er ljóst að ætla má, samkvæmt skýrslum um fjölda slysatryggðra vinnuvikna, sé vinnuafli í landbúnaði verulega oftalið.

Á vegum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur verið reynt að áætla hvert sé raunverulega vinnuafli í landbúnaði.

Við þessa áætlun er lögð til grundvallar stærð verðlagsgrundvallarbúsins sem er 440 ærgildi og vinnumagnið sem er 4 340 klst. Árið 1977 unnu verkamenn og

iðnaðarmenn að meðaltali 2 600—2 670 klst. árlega. Í áætluninni er ársverk talið jafngilda 2 630 klst., en samkvæmt því jafngildir vinna á grundvallarþú 1.65 ársverkum.

Samkvæmt því þarf einn ársmanntil þess að sinna allri vinnu við 267 ærgildi.

Í árslok 1976 áttu bændur 1 673 504 ærgildi í sauðfé og nautgripum, en aðrir áttu 105 908 ærgildi. Samtals voru ærgildi í landinu þá 1 779 412. Til að finna vinnuframlag bænda og búaliðs var því notuð ærgildaeygn þeirra, en hinn hlutinn talinn tómstundagaman. Það getur þó tæpast að öllu leyti talist réttmætt hvað varðar þau 15 513 ærgildi sem eru í eigu tilraunabúanna.

Eftir þessum forsendum er skilað 6 278 ársverkum í sauðfjár- og nautgripa-rækt. Jafngildir það því að um 375 ársmenn þurfi til að sinna hverjum 100 000 ærgildum.

Í öðrum búgreinum eru unnin 520 ársverk samkvæmt slysatryggðum vinnuvikum.

Í landbúnaði eru því alls unnin 6 800 ársverk samkvæmt þessari áætlun byggða-eildarinnar, eða tæp 7% af vinnuafli þjóðarinnar.

### 11. Framleiðsluaukning.

Ekki eru fyrir hendi áreiðanlegar tölur um framleiðsluaukningu í landbúnaðinum. Veldur þar mestu að ekki eru til traustar upplýsingar um hve mörg manntár eru notuð við framleiðslu búvöru, eins og að framan er rakið.

Í skýrslu Rannsóknarráðs ríkisins um þróun landbúnaðarins, sem út kom 1976, er eftirfarandi tafla um framleiðslu- og framleiðnivisitölu í landbúnaði. Er taflan byggð á heimild frá landbúnaðarráðuneytinu, nema tölurnar fyrir 1977, sem eru frá Þjóðhagsstofnun.

	1950:	1950:	1960:	1970:	1977:
Heildarframleiðslumagn .....	100	140	192	227	309
Heildarframleiðsla á mann í landbúnaði ....	100	181	301	443	665
Virðisaukning landbúnaðarafurða á mann í landbúnaði .....	100	153	211	286	383

Heildarframleiðslumagnið hefur meira en þrefaldast á 38 árum, en á hvern mann í landbúnaði nærri sjöfaldast á þessu tímabili, er sýnir að starfandi fólk í landbúnaði er talið fækka meira en um helming á sama tíma. Virðisaukning eftir mann hefur tæplega fjórfaldast á þessum 38 árum.

#### Breyting á verðmæti búvöruframleiðslu frá 1960—1977 á verðlagi 1969.

	1960 millj. kr.:	1977 millj. kr.:	Aukning %
Mjólk .....	1 177.3	1 544.4	31.2
Sláturafurðir nautgripa .....	92.3	133.4	44.7
Sauðfjárafurðir .....	1 214.8	1 465.3	20.1
Hrossaafurðir .....	41.6	38.9	-6.5
Aðrar búfjárafurðir .....	120.8	387.0	220.4
Svínakjöt .....	30.4	68.4	125.0
Alifuglakjöt .....	3.5	35.0	900.0
Garð- og gróðurhúsaafurðir .....	208.8	211.0	1.1
Hlunnindi, alls .....	61.4	128.6	109.4

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Þetta sýnir allmikla magn- og verðmætisaukningu á 18 árum í nautgripaafurðum, einkum þó sláturafurðum, nokkru minni aukningu í sauðfjárafurðum, samdrátt í afurðum hrossa og kartafna, en í kartöflum gætir árlegra sveifna svo að sá samdráttur er ekki marktækur. Gífurleg aukning hefur orðið á alifuglakjöti og einnig mjög mikil á svínakjöti. Verðgildi hlunninda hefur meira en tvöfaldast.

## 12. Bústofn.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun í bústofnseign landsmanna frá árinu 1947:

Ár	Naut- gripir alls	Þar af mjólkur- kýr	Sauð- fé	Geit- fé	Hross	Svín	Fuglar	Minkar
1947	41 633	28 839	454 255 <sup>1)</sup>	539	46 106	125	117 966	299
1950	44 535	31 766	415 544	207	42 280	719	97 589	263
1960	53 377	37 922	833 989	105	30 795	1 198	96 970	0
1965	59 543	42 216	846 674	158	34 083	854	95 233	0
1970	53 294	34 275	735 543	209	33 472		135 219	0
1975	61 785	36 312	860 376	286	46 925	1 028	221 848	12 350 <sup>2)</sup>
1976	60 783	36 511	870 848	284	48 205	1 013	296 252	11 940
1977	62 677	36 859	896 192	280	49 528	1 177	277 726	9 010

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun o. fl.

Fjöldi mjólkurkúa hefur orðið mestur árið 1965. Þá var innvegið mjólkurmagn 106 millj. lítrar. Síðan 1975 hefur mjólkurkúm lítið fjölgað.

Á sama tíma hefur mjólkurframleiðslan stöðugt aukist og var 115 millj. lítra á árinu 1977.

Sauðfé fækkaði nokkuð á harðindaárunum 1968—1970 en hefur síðan farið jafnt og þétt fjölgandi. Flest hefur sauðfé á Íslandi orðið árið 1977. Talið er að fjárfjöldi um síðustu áramót hafi verið svipaður og 1977.

Geitur munu nú vera til í flestum landshlutum en hvergi ræktaðar til nytja. Greiddur er styrkur úr ríkissjóði til þeirra, sem ala geitur í því skyni að koma í veg fyrir að stofninn deyi út.

Til eru heimildir um fjölda hrossa allt frá árinu 1700. Samkvæmt þeim virðist fjöldi hrossa aðeins tvisvar hafa orðið meiri en var á árinu 1977, þ. e. á árunum 1920—1927 og á árunum 1940—1945. Flest munu hross hafa orðið árið 1943 eða 61 878. Á þessari öld hafa hross fæst orðið 29 536 árið 1963.

Tölur um fjölda fugla ná yfir allar tegundir alifugla. Hænsni eru þó í algjörum meirihluta. Varphænsni munu hafa verið um 202 þúsund í árslok 1977.

Loðdýrarækt var stunduð hér á landi á 4. og 5. áratugnum, en lagðist niður með öllu upp úr 1950.

Þegar minkarækt hófst hér að nýju 1970, var lífdýrastofninn fluttur inn frá Noregi en síðan hafa tvisvar verið keypt kynbótaðyr erlendis frá, til blóðblöndunar við norska stofnin. Fyrri skiptið árið 1975 þegar flutt voru inn 2 500 dýr frá Finnlandi, og síðar vorið 1978, 1 250 paraðar læður frá Skotlandi.

Í töflunni hér fyrir neðan er sýndur fjöldi starfandi minkabúa í landinu, bústofn þeirra og hvolpafjöldi ásamt seldum skinnnum og söluverðmæti þeirra.

Ár	Fjöldi		Högnar	Hvolpar	Hvolpar pr. læðu	Fjöldi s. 1) skinna	Söluverðm. <sup>2)</sup>
	búa	Læður					skinna í millj. kr.
1970	1	900	100	3 000	3.3		
1971	7	7 600	1 250	17 000	2.2	2 700	3.2

1) Vegna sauðfjársjúkdómanna fækkaði fé mjög mikið á árunum 1945—1953.

2) Fullorðin dýr.

1) Ath., að aðeins hluti skinnanna er seldur framleiðsluárið.

2) Ath., að söluverð er miðað við gengi krónunnar í desember hvert ár.

Ár	Fjöldi		Högnar	Hvolpar	Hvolpar pr. læðu	Fjöldi s. 1) skinna	Söluverðm. 2)
	búa	Læður					skinna í millj. kr.
1972	8	8 900	1 450	14 500	1.5	16 600	15.2
1973	8	9 000	1 550	19 000	2.1	17 440	21.8
1974	7	9 000	1 470	27 000	3.0	20 007	40.3
1975	7	10 700	1 650	32 500	3.0	23 500	57.8
1976	7	10 170	1 770	32 500	3.0	26 000	76.3
1977	4	7 350	1 660	23 000	3.1	28 300	130.7
1978	4	7 180	1 580	23 000	3.2	21 400	129.4

Samanborið við nágrannalöndin er frjósemi minkastofnsins minni og endurnýjun hans meiri, en eðlilegt má teljast. Stafar það af minni fag- og verkþekkingu við minkahaldið en almennt gerist hjá reyndum minkaræktarmönnum. Nokkuð hefur þó þokast upp á við í þessum efnum þar sem íslenskir minkabændur ná núorðið svipuðu verði fyrir skinn sín og aðrir skinnaframleiðendur í V-Evrópu.

### 13. Kynbætur.

Afurðaaukning sauðfjár frá 1947. Árið 1934 fengust 10.2 kg af kjöti eftir fóðraða kind, eða 0.8—0.9 lömb til nytja að hausti eftir á, sem gerir umreiknað rúm 11 kg af dilkakjöti eftir ána. Haustið 1977 var kjötframleiðslan 17.2 kg eftir fóðraða kind, eða 1.42 lömb til nytja að hausti eftir á, sem gerir 20.41 kg reiknað dilkakjöt eftir ána. Meðaltal fjárræktarféлага haustið 1977 var 1.54 lömb til nytja eftir á, eða 24.1 kg af reiknuðu dilkakjöti eftir ána. Það ár komu til uppgjörs í fjárræktarfélagum 118.527 ær eða um 16.5% af ám landsmanna, en hefur fjölgað allverulega síðan.

**Kjötframleiðsla eftir fóðraða kind, reiknað dilkakjöt eftir á, lömb til nytja að hausti eftir á, í 5 ára meðaltölum.**

Ár	Kg, kjöt/kind	Kg, dilkakjöt/á	Lömb/á
1944—1948	13.9	14.8	1.05
1949—1953	14.7	14.9	1.08
1954—1958	15.0	16.6	1.15
1959—1963	15.0	15.9	1.14
1964—1968	15.8	17.5	1.24
1969—1973	15.9	18.5	1.26
1974—1977	17.2	20.3	1.41

Á ofanskráðu árabili hefur kjötframleiðsla eftir fóðraða kind aukist um 24% frá meðaltali ára 1944—1948 til 1977, en reiknað kjöt eftir á hefur aukist um 37%. Bestu fjárbændur landsins framleiða nú um og yfir 30 kg af reiknuðu dilkakjöti eftir ána, eða þrefalt meira en landsmeðaltal var eftir á 1934.

Sá árangur, sem hér að framan er lýst er fyrst og fremst að þakka betri fjármennsku, umhirðu og stórbættari fóðrun fjárens og kynbótastarfi fyrir áhrif búfjárræktarlaganna. Má þar nefna sauðfjársýningarnar (hrútasýningar og afkvæmasýningar) og fjárval, viðtæka starfsemi fjárræktarfélaganna með skýrsluhaldi og tölvu-uppgjöri á afurðatölum, svo og starfsemi sæðingastöðva þar sem notaðir eru úrvals hrútar. Í því sambandi eru gerðar afkvæmarannsóknir, þar sem borin eru saman gæði og afurðasemi afkvæma einstakra hrúta.

### Breytingar á afurðum kúa 1947—1977.

Meðalnyt reiknaðra árskúa hjá nautgriparæktarfélagunum fyrstu 5 ár tímabilsins (1947—1951) er 2 851 kg, en er á miðju tímabilinu (1960—1964) komin upp í 3 288 kg, sem er hækkun um 437 kg. Hámarki nær hún árið 1971 og er þá 3 806 kg. Síðustu 5 ár tímabilsins (1973—1977) er meðalnytin 3 635 kg. Munur milli fyrstu 5 ára tímabilsins og síðustu 5 ára þess er 784 kg, en 789 kg, þegar miðað er við meðalnyt 1977 og 1947. Breytingarnar á meðalnyt á tímabilinu svara til þess, að á 15 árskúa búi hafi aukningin á mjólk úr fjósi verið 1 lítri á hverjum einasta degi í 31 ár. Munurinn er enn meiri eða um 1 000 kg (1 064 kg eftir 5 ára tímabilið, en 973 kg milli síðasta og fyrsta árs), ef áætluð meðalnyt allra kúa í landinu er lögð til grundvallar. Er eðlilegt, að þar komi fram meiri munur, þar sem aukið skýrsluhald síðustu árin, vaxandi áhrif kynbóta með sæðingum á allan kúastofninn og jafnari fóðrun um land allt í seinni tíð dregur úr mismun innan og utan nautgriparæktarfélaganna í lok tímabilsins, en hann var mun meiri í byrjun þess.

Á sama hátt hefur breyting á fitumagni mjólkur verið reiknuð af fullmjólkandi kúm á vegum nautgriparæktarfélaganna. Var meðalfita fyrstu 5 ár tímabilsins 3.74%, á því miðju 3.94% og síðustu 5 árin 4.10%. Það er 1953, sem mjólkurfítan fer að aukast að marki. Hún er enn bundnari erfðum en nythæðin. Mjólkurfítan jókst fyrst á Suðurlandi, en síðan í Eyjafirði, þar sem hún er nú hæst. Auknu fitumagni fylgir aukið próteinmagn í mjólk, en þessi eru verðmætustu þurrefni mjólkurinnar. Í athugun er nú að taka upp mælingar á próteini með tilliti til ræktunar, en auðveldar aðferðir til ákvörðunar á því hafa nú verið fundnar.

Þær breytingar, sem orðið hafa á afurðasemi kúnna, einkum mjólkurmagni, eiga rætur að rekja til kynbóta annars vegar og ýmissa „umhverfisþátta“ hins vegar, svo sem fóðrunar. Ekki verður greint á milli, hve mikill hluti breytinganna orsakast af hverjum þætti fyrir sig. Hér á landi hefur verið stefnt að hámarksafurðum í ræktun svo sem annars staðar, þar sem hún stendur framarlega. Því fremur á það við hér á landi að fá sem mestar afurðir af hverjum grip fremur en litlar af mörgum, þar sem vanda þarf til bygginga og vinna við fóðuröflun og vetrarhirðingu er mikil vegna langrar innistöðu. Aukinni afurðahæfni vegna ræktunar þarf ætíð að fylgja eftir með viðeigandi fóðrun, þar með eðlilegri kjarnfóðurgjöf. Verður nú stuttlega minnst á nokkra þætti í kynbótum og fóðrun og hirðingu, sem breyst hafa síðustu 30 árin.

### Kynbætur.

Í byrjun tímabilsins var nautahald á vegum einstakra nautgriparæktarféлага yfirleitt, en annars staðar á vegum einstaklinga. Áhrifa af viðtækri notkun einstakra úrvalsnauta var ekki farið að gæta, þar sem sæðingar voru þá rétt að hefjast og afkvæmarannsóknastöðvarnar á tveimur stærstu mjólkurframleiðsluvæðunum ekki teknar til starfa. Nythæð kúnna vex ekki ört fyrstu ár tímabilsins, en skýrsluhald eykst, eftir áfall styrjaldaráhrifanna, með tilkomu héraðsráðunauta. Nú eru afurðir ætíð hærri í nautgriparæktarfélagum, sem lengi hafa starfað, en annarsstaðar, og dregur þetta úr hækkun meðalafurða þessi árin. Svipað á sér stað eftir 1971, en á árunum 1972—1974 var gert stórt átak víða um land til að auka skýrsluhald, en á þeim árum var verið að taka upp vélskýrsluhald, og þurfti miklar leiðbeiningar til bænda um færslu skýrslna, er hæfðu tölvuvinnslu.

Árið 1969 var hafin djúpfrysting nautasæðis, og skapaðist þá aðstaða til sæðinga í afskekktum byggðarlögum. Hefur djúpfryst sæði verið notað eingöngu síðan 1972, og eru nú um 75% kúa og kvígna sæddar. Aukin þátttaka í skýrsluhaldi, útbreiðsla sæðinga og notkun tölvu við útreikninga á kynbótagildi nauta og kúa stuðlar allt að meira öryggi í vali kynbótagripa. Nú er nýtekin til starfa nautaupplendisstöð með nægu rými, þar sem hægt er að safna saman nautkálfum undan bestu kynbótagripunum hverju sinni og fylgjast með framför þeirra. Úr þessum hópi verða svo valin naut til sæðinga. Er því sköpuð aðstaða til örari framfara í kynbótum en verið hefur.



### Fóðrun og önnur meðferð.

Miklar breytingar til batnaðar hafa orðið á þessu sviði frá 1947. Í upphafi tímabilsins var nær óþekkt að beita kúum á ræktað land, heldur á misjafnan úthaga, nema seinni hluta sumars, og þó var hluti af hánni sleginn. Á síðari hluta tímabilsins hefur kúum yfirleitt verið beitt á ræktað land að öllu eða einhverju leyti. Grænfóðurræktun hefur aukist og dregið úr áföllum að haustlagi. Með ráðningu héraðsráðunauta jukust leiðbeiningar í fóðrun og meðferð. Þá hefur þekking bænda á öllum þáttum mjólkurframleiðslu stóraukist, og fjöldi þeirra fylgist vel með tæknilegum framförum í öðrum löndum með lestri tímarita og í kynnisferðum. Heilsugæsla og húsakostur hefur batnað, ekki hvað síst aðstaða til uppeldis. Breyting búanna úr blönduðum búum í átt að stærri kúabúum leiðir af sér meiri nákvæmni í flestum þáttum, þar sem menn geta fremur einbeitt sér að starfinu og þeir vita, að miklir fjármunir eru í húfi, ef eitthvað fer úrskaiðis í umönnun. Sveiflur, sem orsakast af slæmu árferði, eru ekki augljósar í yfirliti um meðalársafurðir á öllu landinu, þar sem áföllin eru sjaldan um allt land, og áhrif þeirra dreifast yfir á tvö almanaksár, en skýrslur eru gerðar upp um áramót. Svipað má segja um snöggar verðbreytingar á kjaranfóðri. Á fyrri hluta tímabilsins var misjafnt eftir héruðum, hvernig menn brugðust við þeim, en nú hefur skilningur á nauðsyn þess að fóðra kúr í hárrí nyt vel, aukist, og því hefur dregið úr þessum mismun.

### Stækkun búanna síðustu árin og meðalafurðir eftir bústærð.

Það er kunnugt, að mjólkurframleiðendum hefur stórfækkað síðustu árin. Verður ekki rætt um það hér. Hins vegar er fróðlegt að sjá, hver kúaeignin er orðin að meðaltali á þeim 958 búum, sem störfuðu í nautgriparæktarfélagum árið 1977, en þar eru um 60% af kúnum í landinu. Að meðaltali voru 23.4 kúr á þessum búum, en 19.6 þegar þær eru reiknaðar sem árskúr.

Sama ár voru öll kúabúin, 958, flokkuð í 5 flokka eftir stærð og meðalafurðir reiknaðar í hverjum flokki. Niðurstöður voru þessar:

- Bú með færri en 10 kúr voru 180 og meðalnyt 3 511 kg.
- Bú með 10—20 kúr voru 363 og meðalnyt 3 752 kg.
- Bú með 20.1—30 kúr voru 272 og meðalnyt 3 695 kg.
- Bú með 30.1—40 kúr voru 101 og meðalnyt 3 801 kg.
- Bú með fleiri en 40 kúr voru 42 og meðalnyt 3 811 kg.

Á þessu sést, að afurðirnar eru hæstar á stærstu búunum, en minnstar á þeim búum, sem fæstar kúr eru á.

Hér á eftir eru birtar meðaltalstölur um afurðir skýrslufærðra kúa á vegum nautgriparæktarféлага fyrir hvert ár 1947—1977 (Búnaðarrit). Til glöggvunar er einnig birt, hve margar kúr um er að ræða, hver kjaranfóðurgjöfin var og til hve margra búa skýrsluhaldið náði. Aftasti dálkur sýnir áætlaða meðalársnyt (25 af 31 ári) allra kúa í landinu. Tölurnar fyrir árin 1947—1963 eru áætlaðar af Arnóri Sigurjónssyni og birtust í Árbók landbúnaðarins. Eftir það hafa tölur um sama efni ekki birst í Árbókinni. Tölurnar fyrir árin 1969—1976 hefur Pétur Sigurðsson áætlað.

### Skýrgreiningar.

Reiknaðar árskúr eru allir dagar allra skýrslufærðra kúa á árinu deilt með 365. Fullmjólkandi kúr er sú kúr, sem er allt árið á skýrslu og hlekkist ekki verulega á og mjólkur ekki eftir 1. kálf. Heilsárs kúr er sú, sem er allt árið á skýrslu.

**Afurðir skýrslufærðra kúa á vegum nautgriparéktarféлага árin 1947—1977  
og áætluð meðalnyt allra kúa á landinu á sama tíma.**

Ár	Bændur	Kýr alls	Fullmj. kýr	Reiknaðar árskýr	Fullmjólkandi kýr				Reikn. árskýr Ársnyt, kg.	Meðalársnyt allra kúa á landinu, kg.
					Ársnyt kg.	Fita %	Fitu- einingar	Kjarn- fóður kg.		
1947	1159	8143	4934	7338,0	3097	3,75	11613	413	2948	2319
1948	1211	9087	5247	8044,6	3085	3,70	11416	418	2898	2220
1949	1430	11459	6274	10121,2	3028	3,79	11489	463	2845	2330
1950	1422	11591	7098	10381,7	2985	3,78	11272	365	2807	2341
1951	1485	12387	7277	11123,2	2920	3,69	10786	285	2758	2342
1952	1500	13006	7922	11672,3	3084	3,77	11627	368	2923	2442
1953	1487	13181	8350	11917,3	3172	3,85	12212	352	3027	2583
1954	1449	13424	8639	12022,4	3279	3,86	12657	381	3112	2640
1955	1460	14220	8539	12603,0	3283	3,84	12607	509	3111	2667
1956	1471	14276	9074	12925,2	3439	3,85	13240	631	3248	2709
1957	1454	15238	9379	13739,8	3509	3,89	13650	535	3313	2780
1958	1448	15675	9362	14009,8	3445	3,93	13539	461	3259	2800
1959	1410	15486	9590	13920,8	3370	3,92	13210	463	3193	2623
1960	1400	16084	10085	14538,8	3398	3,88	13184	436	3214	2631
1961	1394	16883	10299	15116,3	3416	3,92	13391	457	3222	2683
1962	1358	17438	10002	15423,6	3452	3,94	13601	535	3270	2742
1963	1321	17378	9931	15426,1	3538	3,96	14010	572	3346	2794
1964	1262	17690	10395	15724,9	3563	4,00	14252	546	3389	
1965	1103	16590	9457	14719,2	3608	4,02	14504	575	3420	
1966	964	15477	8197	13548,5	3578	4,04	14455	593	3378	
1967	936	14887	8419	13217,4	3766	4,04	15215	710	3549	
1968	936	14944	8740	13286,9	3797	4,06	15416	692	3599	
1969	932	15175	8648	13473,1	3698	4,04	14940	671	3476	3188
1970	975	15611	8574	13633,2	3923	4,07	15967	871	3711	3525
					Fullmj. og heilsárs kýr					
			Fullmj. og heils- kýr		Ársnyt kg.	Fita %	Mjólkur- fita kg.	Kjarnf. kg.		
1971	1022	16096	9328	14025,9	3963	4,16	165	820	3806	3468
1972	1044	17976	10454	15590,1	3906	4,15	162	820	3746	3433
1973	1008	19272	11323	16349,0	3835	4,08	156	810	3686	3433
			Heilsárs kýr		Heilsárs kýr					
					Ársnyt kg.	Fita %	Mjólkur- fita kg.	Kjarnf. kg.		
1974	1021	21017	12945	17474,8	3728	4,10	153	747	3659	3452
1975	997	21746	13454	18022,3	3594	4,13	149	738	3514	3321
1976	971	21696	14084	18206,0	3662	4,08	150	807	3580	3292
1977	958	22411	14553	18820,5	3804	4,10	156	889	3737	

## 14. Framleiðsla búvara.

### Mjólk og kjötafurðir.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun í framleiðslu helstu búfjárafurða frá árinu 1947<sup>1)</sup>.

Ár	<sup>2)</sup> Innv. mjólk tonn	Nauta- kjöt tonn	Kinda- kjöt tonn	Hrossa- kjöt tonn	Svína- kjöt tonn	Alif.- kjöt.. tonn	Kjöt alls tonn	Egg tonn
1947 .....	29 531	1 400	5 667	999	200	39	8 305 <sup>4)</sup>	
1950 .....	37 766	1 630	4 063	1 480	275	50	7 498	
1960 .....	75 515	1 400	10 387	984	320	50	13 141	1 020
1965 .....	106 515	2 300	11 361	1 100	400	145	15 305	1 285
1970 <sup>3)</sup> ....	100 599	2 090	11 280	1 015	383	300	15 068	1 850
1975 .....	108 300	2 877	14 682	640	650	447	19 296	2 625
1976 .....	108 700	2 900	13 985	690	680	474	18 729	3 000
1977 .....	115 500	2 761	13 964	730	720	500	18 675	2 800
1978 .....	120 200		15 540					

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun og Árbók landbúnaðarins.

### Garðavextir og grænmeti.

Eftirfarandi tafla sýnir uppskeru garðavaxta og grænmetis frá 1947. Einnig magn innfluttra kartaflna.

Ár	Kartöflur, tunnur	Innfl. kartöflur, tunnur	Gulrófur, tunnur	Gul- rætur, tonn	Tómatar tonn	Gúrkur tonn	Hvítkál tonn	Blómkál tonn
1946—50 ....	70 000		7 021					
1956—60 ....	75 082		6 546	104	288	155	138	32
1965 .....	87 058		5 828	115	350	204	182	31
1970 .....	54 057	46 000	4 282	86	315	200	143	38
1975 .....	72 500	35 000	2 871	63	355	213	143	28
1976 .....	79 600	57 000	7 922	84	356	341	239	42
1977 .....	88 000	34 000	6 536	95	440	361	271	50

Heimild: Hagstofa Íslands, Þjóðhagsstofnun.

Kartöfluuppskera á landinu hefur orðið mest árið 1953, þ. e. 158 þúsund tonn. Næstmest uppskera er talin hafa orðið á s. l. ári, eða um 150 þúsund tonn. Þar af er heimilsræktun talin nema rúmum þriðjung. Alls er talið að 15 þúsund heimili á landinu rækti kartöflur.

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða uppskeru heimilsræktenda og ræktun fyrir almennan markað árið 1978, ásamt skiptingu hennar eftir byggðarlögum.

	Tunnur:	%
Hornafjörður og nærsveitir .....	4 000	2.60
Öræfasveit .....	2 500	1.70
Vestur-Skaftafellssýsla .....	4 000	2.70
Landeyjar og Fljótshlíð .....	4 725	3.15
Djúparhreppur — Þykkvibær .....	46 000	30.68
Villingaholtshreppur .....	7 500	5.00
Eyrarbakki og aðrir hreppar í Árnessýslu .....	8 430	5.60
Eyjafjörður .....	18 200	12.13
Austurland .....	800	0.55

1) Um magn ullar vísast til töflu II í kafla V.

2) Tölur fyrir árið 1975 í kg.

3) Tölur um magn nautgripa-, hrossa-, svína- og alifuglakjöts eru áætlunartölur frá 1970, samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar.

4) Ekki er meðtalið kjöt af þjargfugli, rjúpu, hvalkjöt, selkjöt og hreindýrakjöt sem var nokkuð magn áður fyrr, en fer minnkandi.

	Tunnur:	%
Vesturland .....	1 000	0.66
Samtals ræktun til sölu .....	97 155	
Heimilisræktun á ca. 15 þús. heimilum .....	52 845	35.23
Alls ræktað 1978 í landinu .....	150 000	

Heimild: Yfirmatsmaður garðávaxta.

### 15. Nýting hlunninda.

Litlar upplýsingar er að finna um nýtingu ýmissa hlunninda. Mikill hluti rekaviðarins mun vera seldur beint frá bændum og kemst hvergi á skrá. Vitað er þó að Vegagerð ríkisins og Sauðfjárveikivarnir hafa keypt 15—18 þúsund girðingastaura úr rekavið árlega undanfarin ár.

Til eru tölur um dúntekjur en hæpið er að dúnninn hafi allur komist á skrá:

#### Heildardúntekja samkvæmt hagskýrslum.

Ár	Magn, kg	Ár	Magn, kg
1946 .....	2 142	1957 .....	2 363
1949 .....	1 712	1960 .....	2 020
1951 .....	2 026	1963 .....	1 648
1955 .....	1 541	1970 <sup>1)</sup> .....	1 700
		1978 .....	2 000

Nýting veiðihlunninda hefur farið mjög vaxandi síðustu árin. Leyfilegt hámarksframboð veiðileyfa árið 1978 voru 32 900 veiðidagar. Þar af var haldið eftir vegna friðunar eða ekki selt 8 900 veiðidagar. Innanlands voru seldir um 19 000 dagar og 8 900 voru seldir erlendis.

Áætlað söluverð veiðileyfa erlendis var .....	224 millj. kr.
Áætlað söluverð veiðileyfa innanlands .....	333 millj. kr.
<b>Samtals</b> .....	<b>557 millj. kr.</b>
Kostnaður .....	130 millj. kr.

Nettótekjur veiðiréttareigenda af stangaveiði .....

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda veiddra laxa á landinu árin 1946—1978.

Ár	Laxafjöldi	Ár	Laxafjöldi
1946 .....	12 673	1962 .....	34 711
1947 .....	18 417	1963 .....	38 698
1948 .....	21 506	1964 .....	36 832
1949 .....	17 619	1965 .....	35 707
1950 .....	16 649	1966 .....	28 744
1951 .....	18 449	1967 .....	40 503
1952 .....	22 390	1968 .....	40 785
1953 .....	17 470	1969 .....	35 038
1954 .....	16 227	1970 .....	55 971
1955 .....	23 486	1971 .....	58 874
1956 .....	19 170	1972 .....	65 726
1957 .....	24 571	1973 .....	66 162
1958 .....	25 916	1974 .....	55 913
1959 .....	31 936	1975 .....	74 004
1960 .....	32 974	1976 .....	59 633
1961 .....	35 222	1977 .....	64 575
		1978 .....	76 500

Heimild: Veiðimálastofnunin.

<sup>1)</sup> Tölur fyrir 1970 og 1978 eru áætlun Búnaðarfél. Íslands.

## 16. Dreifing búvöruframleiðslunnar um landið.

Ekki hefur verið gerð tæmandi könnun á því hvernig búvöruframleiðslan í heild dreifist um landið eftir einstökum landssvæðum eða byggðum.

Einu tiltæku upplýsingarnar um þetta efni eru skýrslur um innheimtu Búnaðarmálasjóðsgjalds. Búnaðarmálasjóðsgjald er eins og áður er getið innheimt árlega hjá sölufélögum og er það ákveðinn hundradshluti af verðinu til bóndans.

Búnaðarsamböndin fá til ráðstöfunar hluta af þeim gjöldum sem innheimtast á svæði hvers þeirra.

Eftirfarandi tafla sýnir hver hefur verið hlutur búnaðarsambandanna í innheimtu Búnaðarmálasjóðsgjalds að meðaltali árin 1951—60 og 1971—76. Taflan sýnir því hve mikill hluti landbúnaðarframleiðslunnar hefur farið fram á svæði hvers búnaðarsambands og hvernig þetta hefur þróast á síðasta aldarfjórðungi.

Rétt er að taka fram að hluti Búnaðarmálasjóðsgjaldsins kemur ekki til skila, einkum hvað varðar garðyrkju- og gróðurhúsaframleiðslu og einnig alifuglaframleiðslu. Kann þetta að hafa einhver áhrif á hlutfall þeirra héraða þar sem slík framleiðsla er mest stunduð, s. s. á Suðurlandi.

### Hlutdeild búnaðarsambandanna í landbúnaðarframleiðslunni samkvæmt greiðslum í Búnaðarmálasjóð:

	Hlutdeild 1951—1960	Hlutdeild 1971—1976
Búnaðarsamband Kjalarnesþings <sup>1)</sup> .....	6.5%	3.2%
Búnaðarsamband Borgarfjarðar <sup>2)</sup> .....	8.9%	8.8%
Búnaðarsamband Snæfellinga .....	2.8%	2.9%
Búnaðarsamband Dalamanna .....	1.8%	2.8%
Búnaðarsamband Vestfjarða .....	4.7%	3.8%
Búnaðarsamband Strandamanna .....	1.9%	1.8%
Búnaðarsamband V.-Húnavatnssýslu .....	3.2%	3.8%
Búnaðarsamband V. Húnavatnssýslu .....	4.1%	4.4%
Búnaðarsamband Skagfirðinga .....	5.5%	7.0%
Búnaðarsamband Eyjafjarðar <sup>3)</sup> .....	13.0%	13.3%
Búnaðarsamband S.-Þingeyinga .....	5.4%	6.8%
Búnaðarsamband N.-Þingeyinga .....	2.6%	2.1%
Búnaðarsamband Austurlands .....	7.4%	7.5%
Búnaðarsamband A.-Skaftfellinga .....	1.4%	2.2%
Búnaðarsamband Suðurlands <sup>4)</sup> .....	30.8%	29.6%
	<hr/> 100.0%	<hr/> 100.0%

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

1) Gullbringu- og Kjósarsýsla,

2) Mýra- og Borgarfjarðarsýsla

3) Eyjafjarðarsýsla ásamt tveimur vestustu hreppum Suður-Þingeyjarsýslu, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppum.

4) Árnes-, Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslur.

### 17. Hlutfallsskipting verðmætis búvara.

Hlutur einstakra búgreina í heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar er augljóslega mjög misjafn. Í þessari hlutfallsskiptingu hefur á síðustu árum orðið þróun í þá átt að hlutur nautgripaafurða hefur minnkað úr 47.3% árið 1960 í 39.89% árið 1977. Á sama tíma hefur hlutur sauðfjárafurða vaxið úr 36.7% í 43.6%. Afurðir hrossa hafa minnkað hlutfallslega en alifugla- og svínaafurðir aukist. Garðrækt og gróðurhúsaframleiðsla hafa minnkað hlutfallslega. Munar þar vafalaust mest um samdrátt í kartöfluræktun. Hins vegar hefur hlutur hlunnindanna verið nokkuð jafn allan tímann.

#### Hlutfallsskipting verðmætis landbúnaðarafurða, reiknað frá 1.9.—31.8. ár hvert. Verðlagsárin 1960/1961 — 1976/1977.

Ár	Nautgripa- afurðir	Sauðfjár- afurðir	Hrossa- afurðir	Alif. og svínarækt	Minkarækt	Gróðurhús og garðrækt	Hlunnindi
1960	47.30	36.70	1.14	4.54		7.60	2.72
1961	44.40	39.70	1.22	5.00		6.78	2.90
1962	45.60	39.65	1.12	4.82		5.87	2.94
1963	45.77	38.88	1.32	5.02		5.97	3.04
1964	49.29	36.26	1.37	5.17		4.96	2.95
1965	47.80	37.70	0.98	5.30		5.50	2.72
1966	46.64	38.73	1.13	5.64		3.94	2.92
1967	45.76	38.81	1.08	6.18		5.19	2.98
1968	43.13	40.00	1.39	6.98		5.37	3.13
1969	43.84	39.60	2.32	6.21		5.01	3.02
1970	44.17	39.10	1.80	6.75	0.05	5.23	2.90
1971	46.20	35.54	1.71	7.10	0.30	6.32	2.83
1972	45.50	37.34	1.71	7.71	0.35	4.66	2.73
1973	44.07	39.63	1.61	7.49	0.46	4.25	2.49
1974	42.59	39.24	1.23	8.68	0.36	5.61	2.29
1975	40.74	43.04	1.14	8.71	0.23	3.81	2.33
1976	41.04	41.70	1.03	8.50	0.38	5.02	2.33
1977	39.89	43.60	0.87	7.94	0.45	4.96	2.29

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

### 18. Neysla búvara.

#### Þróun í neyslu nokkurra landbúnaðarvara kg pr. íbúa landsins 1948—1977.

Ár	Nýmjólk	Smjör	Ostur	Rjómi	Kinda- kjöt	Nauta- kjöt	Annað kjöt	Kjöt alls	Kart- öflur
1948	309.7	5.5	1.7	6.0	51.8	9.5	20.1	81.4	82.0
1952	304.5	4.8	3.2	4.2	30.1	9.3	18.8	58.2	67.7
1957	350.2	5.8	3.2	5.5	43.4	8.0	27.7	79.1	66.8
1962	358.4	7.4	3.2	6.1	52.7	7.3	24.6	84.6	65.5
1967	309.0	8.2	3.5	5.8	48.5	12.8	10.2	71.5	63.0
1972	283.0	7.7	4.9	5.8	44.0	9.0	18.0	71.0 <sup>1)</sup>	63.0
1977 <sup>2)</sup>	247.5	5.7	6.3	4.9	44.0	10.3	8.3	62.2	63.0

1) Meðaltal 1971/73.

2) Tölur um nautakjöt og annað kjöt eru áætlaðar, mikið af framleiðslunni er selt utan við sölukerfi landbúnaðarins.

## IV. KAFLI MARKAÐSMÁL LANDBÚNAÐARINS.

### 1. Inngangur.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn markaðsmála landbúnaðarins. Því ber samkvæmt lögum að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara, stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna og vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir landbúnaðarvörur utanlands og innan.

Þessu verkefni hefur Framleiðsluráð leitast við að sinna á margvíslegan hátt. Það hefur beitt sér fyrir hagræðingu á sviði slátrunar og vinnslu mjólkur, aukinni vöruvöndun og fjölbreyttara framboði vinnsluvara í samvinnu við sölufélög bænda.

Framleiðsluráð rekur Grænmetisverslun landbúnaðarins sem annast móttöku og heildsöluþreifingu kartaflna. Það hefur viðurkennt Sölufélag garðyrkjumanna sem söluaðila fyrir garðyrkju og gróðurhúsaafurði og það beitti sér fyrir stofnun Osta- og smjörólunnar til að annast um heildsöluþreifingu á smjöri og ostum.

Þetta skipulag miðar að því að innlendi markaðurinn nýtist sem best fyrir framleiðendur og jafnframt að aðstaða þeirra sé sem jöfnust án tillits til búsetu.

Þessu skipulagi er jafnframt ætlað að tryggja neytendum um allt land fjölbreytt framboð búvara á sama verði án tillits til búsetu.

Búvörudeild Sambands íslenskra samvinnufélaga hefur undanfarna áratugi að mestu annast útflutning búvara. Búvörudeildin hefur þó ekki einkarétt á slíkum útflutningi, sem er öllum frjáls. Starfandi er markaðsnefnd landbúnaðarins, sem er samstarfsnefnd bændasamtakanna, sölufélaga bænda og ríkisvaldsins, um umbætur á sviði markaðsmála utanlands og innan.

Komið hefur verið á samstarfi Framleiðsluráðs og allra helstu sölufélaga bænda um auglýsinga- og kynningarstarfsemi fyrir búvörur.

Það skipulag, sem hér hefur verið lýst nær ekki til svína- og alifuglaframleiðslunnar, og aðeins að hluta til gróðurhúsaframleiðslunnar. Í þeim greinum hefur ekki enn skapast full samstaða meðal framleiðenda um solumálin. Framleiðendur eggja hafa nú óskað eftir að lögfest verði ákvæði um skipulag á sölu og dreifingu þeirrar vöru.

Að flestu leyti er reynslan af þessu skipulagi mjög góð. Bændur fá í sinn hlut herra hlutfall af söluverði búvara (smásöluverð + niðurgreiðslur) en í nálægum löndum og tekist hefur að koma til móts við óskir neytenda á flestum sviðum um aukið vöruframboð og þjónustu. Núverandi verðlagskerfi landbúnaðarins hefur þó ekki í sér fólgið nægilegan sveigjanleika til að hægt hafi verið að koma að öllu leyti til móts við þær óskir neytenda og aðlaga vöruframboð breyttum neysluvenjum og aðstæðum.

Þá hefur skort heimildir til að nota niðurgreiðslur og útflutningsbótafé á þann hátt, sem hagkvæmast hefði verið í sumum tilfellum bæði frá sjónarmiði neytenda og framleiðenda.

Einnig hefur skort skýrari lagaheimildir til að Framleiðsluráð gæti sinnt ýmsum þáttum skipulagsmálanna, einkum varðandi stjórnun á framleiðslumagni einstakra vöruflokka.

### 2. Kjöt.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun kindakjötsframleiðslunnar frá 1973 og sölu innanlands:

Ár:	Heildarslátrun:	Innanlandssala:
1973 .....	13 355	9 404
1974 .....	13 500	10 207
1975 .....	14 682	9 673
1976 .....	13 985	9 111
1977 .....	13 967	9 022
1978 .....	15 540	9 845

Heimild Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Kindakjötsframleiðslan, hefur aukist um 2 024 tonn, eða um 15.15% frá 1973. Á samsvarandi tíma (1972—'77) fjölgaði vetrarfóðruðum kindum um 8.15% (árið 1972 var féð 828 589 en 896 192 1977, fjölgun 67 603). Langmestur hluti þessarar aukningar á kjötframleiðslunni varð á síðasta framleiðsluári (1978) um 10.13%.

Augljóst er að sveiflur eru verulega meiri í kindakjötsframleiðslunni en á fjárfjöldanum. Svo sem fyrr var að vikið stafa þær að verulegu leyti af mismunandi frjósemi en einnig af mismunandi fallþunga frá ári til árs sem orsakast af mismunandi veðurfari. Þá kemur það eðlilega fram sem aukning eða minnkun á kjötmagninu þau árin, sem færri eða fleira er sett á heldur en þarf til viðhalds stofninum. Þau árin, sem bændur fækka á fóðrum, verður kjötinnlegg meira en öfugt þegar um fjölgun er að ræða. Nokkuð bendir til þess, að hluta af hinni miklu aukningu á kjötinnleggi, sem varð á s. l. hausti megi skýra með því, að bændur hafi fækkað fé.

Sala á kindakjöti innanlands hefur verið mjög mismikil á þessum árum. Minnst var hún árið 1977, 9 022 tonn, en mest árið 1947, 10 207 tonn, mismunurinn 1 185 tonn svarar til 13.13% meiri neyslu fyrra árið en hið síðara.

Ekki virðist um varanlegan samdrátt í neyslunni að ræða á þessu 5 ára tímabili, þar sem árið 1978 var neyslan hin næstmesta á þessu tímabili 9 845 tonn. Fremur verður að líta á þetta sem sveiflur, vegna misnunandi hárra niðurgreiðslna.

Ef hins vegar er lítið til lengri tíma t. d. á tímabilið frá stríðslokum, hefur kindakjötsneyslan minnkað úr 51.8 kg árið 1948, í 44 kg árið 1977. Þá ber þess að geta, að á tímabilinu hafa niðurgreiðslur verið óstöðugar og miklar sveiflur í neyslunni milli ára.

Heildarkjötnesylan hefur á þessu sama tímabili minnkað úr 81.4 kg í 62.2 kg, ef áætlanir um framleiðslu svína, alifugla og hrossakjöts eru réttar.

Neysla svokallaðra ljósra kjöttægunda (svína- og alifuglakjöts) hefur vaxið verulega á allra síðustu árum. Vafalítið má rekja þá þróun til vaxandi ferðalaga Íslendinga til Suður-Evrópu, þar sem slíkt kjöt, einkum fuglakjöt, er mikið á boðstólum, og ódýrt.

Minnkandi kjötneyslu í heild má rekja til breytinga á neysluvenjum þjóðarinnar síðustu áratugina eins og nánar verður vikið að síðar.

Langmestur hluti slátrunar og heilðsöludreifingar kindakjöts er í höndum sölufélaga bænda eða 93%. 7% eru í höndum einkaaðila.

Hér á landi rennur herra hlutfall af því verði, sem neytandinn greiðir fyrir vöruna í vasa bóndans eins og áður segir. Íslenski bóndinn fær t. d. nú um 65% af verðmæti kjötsins í sinn hlut, en sænski bóndinn 52%.

Annað kjöt, nautakjöt og hrossakjöt, svinakjöt og alifuglakjöt er að verulegum hluta selt utan sölukerfis landbúnaðarins.

Heildarkjötframleiðslan í landinu er áætluð um 18 000 tonn á s. l. ári. Af því magni eru flutt út um 30%, eingöngu kindakjöt.

Söluvenjur hafa litlum breytingum tekið á síðustu áratugum hvað kjöt varðar. Dregið hefur úr notkun saltkjöts og hangikjöts. Langmest af kjötinu er selt frosið. Kjöt hefur selt sig sjálfst og lítið verið lagt í kynninga- og auglýsingastarfsemi.

Frystikistur eru nú til á mjög mörgum heimilum. Neytendur kaupa því gjarna kjöt í heilum skrokkum og geyma á heimilum sínum.

### 3. Mjólk og mjólkurvörur.

Öll vinnsla og heilðsöludreifing mjólkur og mjólkurvara er í höndum samvinnufélaga bænda. Landinu er skipt í mjólkursölusvæði og annast mjólkursamlögin mjólkursölu, hvert á sínu svæði, en Osta- og smjörsalan annast heilðsölu vinnsluvara úr mjólk og útflutning á umframmagni.

Allt fram á þennan áratug var töluvert magn mjólkur selt beint frá framleiðendum til neytenda út um land. Þessi viðskipti hafa mjög dregist saman á síðustu



árum með tilkomu fleiri mjólkursamlaga, fullkomnari mjólkurumbúða og auknu geymsluþoli sölumjólkur vegna bættrar kælingar í rafkælum. Á síðasta ári voru aðeins um 500 000 lítrar mjólkur seldir á þennan hátt.

Fjölbreytni mjólkurvara hefur aukist mjög mikið á síðustu árum og eru nú nálægt 100 mismunandi tegundir á boðstólum. Heildarmjólkurneysla á mann, var svipuð á síðasta ári og var árið 1946 eða um 450 lítra af mjólk og hvers konar vinnsluvörum úr mjólk. Neyslan komst upp í 570 lítra árið 1960, en þá voru niðurgreiðslur mjög miklar. Árið 1967 var neyslan 550 lítrar. Heildarmjólkurneyslan pr. íbúa hefur því minnkað um 21% frá árinu 1960. Líklegt er þó að talan um mjólkurneysluna 1960 sé fullhætt áætluð en gert er ráð fyrir að þá hafi mjólkurframleiðslan verið 24 millj. lítra umfram það sem barst til mjólkursamlaganna.

Á síðustu tveimur árum hefur mjólkurframleiðslan aukist úr 108 millj. lítra árið 1976 í 120 millj. lítra á s. l. ári. Þessu veldur einkum gott árferði og mjög aukin notkun erlendis kjarnfóðurs. Verð á því hefur síðustu tvö árin verið mun hagstæðara en nokkru sinni fyrr frá 1951.

#### Verð á kjarnfóðri og mjólk í verðlagsgrundvelli 1. september 1951—1978.

Ár:	Verð á mjólk í grundv. 1. 9.:	Verð á kjarnfóðri í grundv. 1. 9. pr. kg.:	Magn kjarnfóðurs sem fæst fyrir 1 lítra mjólkur:
1951 .....	2.47	2.23	1.11
1955 .....	3.15	2.40	1.31
1960 .....	4.18	3.90	1.07
1965 .....	8.05	6.55	1.23
1970 .....	15.18	9.74	1.56
1975 .....	55.07	37.65	1.46
1976 .....	70.30	44.00	1.60
1977 .....	94.02	49.03	1.92
1978 .....	152.26	67.40	2.25
1979 .....	$\frac{1}{3}$ 172.33	86.95	1.98

Heimild: Stéttarsamband bænda.

Á sama tíma og mjólkurframleiðslan hefur aukist hefur mjólkurneysla innanlands minnkað verulega eða úr 100 millj. lítrum 1976 í 91 milljón 1977 og 97 millj. 1978. Þar af voru þó um 5 millj. vegna útsölu á smjöri, sem varla er varanleg aukning.

Þetta hefur leitt til verulegrar birgðasöfnunar á smjöri og ostum síðustu árin. Eftirfarandi tafla sýnir þessa þróun frá '75:

Ár	SMJÖR:			OSTUR:			
	Framleitt	Sala innanl.	Birgðaaukning	Framleitt	Sala innanl.	Útflut	Birgðaaukning
1975 ....	1 520	1 496	24	1 974	1 221	589	164
1976 ....	1 834	1 603	231	1 595	1 193	314	88
1977 ....	1 822	1 277	545	2 759	1 240	1 231	288
1978 ....	1 742	1 522	221	3 583	1 262	2 068	253

Heimild Framleiðsluráð landbúnaðarins.

#### 4. Neysluvenjur.

Á síðustu áratugum hefur orðið mjög greinileg breyting á neysluvenjum fólks hér á landi. Hefur neyslan beinst frá ýmsum fituríkum neysluvörum, s. s. smjöri og mjólk til fitusnauðari vara og feitivara með annars konar efnasamsetningu og af öðrum uppruna.

Ef lítið er til lengri tíma, t. d. síðustu 30 ára, er breytingin á neysluvenjum mjög jöfn og má ætla að ástæðan sé einkum breyting á lifnaðarháttum þjóðarinnar, betri húsakostur, minna erfiði, betri efnahagur og fjölbreyttara vöruframboð.

Á síðustu þremur árum hefur breytingin hins vegar verið mjög hröð, sem marka má af því, að árið 1977 minnkaði smjörneyslan úr 1 603 tonnum í 1 277 tonn. Sama ár jókst undanrennusala um 118.9% og rjómasala minnkaði um 2.1%. Nærtækt er að gera ráð fyrir að hér sé um að ræða áhrif vissra læknisfræðilegra kenninga, sem dregið hafa í efa hollustu fituríkra mjólkurvara fyrir kyrrsetumenn nútímans. Ekki er auðvelt að ráða í hvort hér er um varanlega neysluvenjubreytingu að ræða.

Hér koma einnig til áhrif niðurgreiðslna, sem hafa verið mjög óstöðugar á þessu tímabili og valdið sveiflum á verði búvara.

Óvissa um þróun þessara mála gerir það að verkum, að erfitt er að spá um neyslu búvara á næstu árum. Einnig er óvissa um þróun niðurgreiðslna sem ráðið getur úrslitum í þessu efni. Rætt hefur verið um að binda þær við ákveðið hámark fyrir hverja vörutegund og ekki ljóst hvaða áhrif það hefur á neysluna. Þá hefur verið rætt um að breyta á næstunni verðhlutföllum milli einstakra mjólkurvara þannig að hinar fituríkari mjólkurvörur lækki í verði.

Gerðar hafa verið spár um þróun neyslu landbúnaðarvara. Árið 1973 lét Framkvæmdastofnun ríkisins gera slíka spá um neyslupróun fram til ársins 1977. Í skýrslu um þróun landbúnaðar, sem út kom 1976 á vegum Rannsóknarráðs ríkisins er spá um neysluna árin 1980 og 1985. Hér verður brugðið upp dæmum úr þessum spám og til samanburðar neyslunni árið 1977.

	Spá Framkvæmda- stofn. fyrir árið 1977:	Spá fyrir 1980 úr skýrslu um þróun landbúnaðar :	Neysla 1977:
Mjólk .....	250.0 kg	251.0 kg	247.5 kg
Smjör, niðurgreitt .....	5.8 —	6.7 —	5.7 —
Rjómi, óniðurgr. ....	4.3 —	5.7 —	4.9 —
Ostur, óniðurgr. ....	4.9 —	6.0 —	5.2 —
Kindakjöt .....	47.4 —	43.6 —	44.0 —
Kjötneysla alls .....	71.2 —	66.6 —	62.2 —

#### 5. Niðurgreiðslur.

Í kafla II er í stuttu máli rakið upphaf og þróun niðurgreiðslna hér á landi og vikið að áhrifum þeirra á markaðsmálin. Ekkert fast form hefur verið á þessum greiðslum, hvorki að upphæð né fjölda niðurgreiðdra vara. Þær hafa iðulega tekið snöggum breytingum og til skamms tíma í einu. Þær hefur ráðið viðureign ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma við vísitölu framfærslukostnaðar og hafa bændasamtökin sjaldnast haft þar aðstöðu til áhrifa.

Þessi hringlandaháttur hefur komið sér mjög illa, bæði fyrir framleiðendur og neytendur. Neytendur hafa orðið þreyttir á tíðum verðsveiflum og í sumum tilfellum beint kaupum sínum að öðrum vörum með stöðugara verðlagi.


Fyrir framleiðendur gera sveiflur á niðurgreiðslum það mjög örðugt að áætla sölu hvers árs og haga framleiðslu eftir því. E. t. v. eru áhrif sveiflna í niðurgreiðslum greinilegust á sölu smjörs. Eftirfarandi tafla sýnir niðurgreiðslu á mjólkurvörum pr. íbúa árin 1966—1978 og smjörneyslu pr. íbúa sömu ár:

Ár:	Niðurgreiðslur á Smjörneysla pr. mjólkurvörum kr. íbúa á ári, kg á hvern íbúa:	
1966 .....	17 860	8.03
1967 .....	24 365	8.21
1968 .....	15 680	7.58
1969 .....	12 028	6.67
1970 .....	10 798	5.84
1971 .....	23 908	7.93
1972 .....	23 291	7.72
1973 .....	21 326	7.58
1974 .....	25 308	9.35
1975 .....	21 412	6.90
1976 .....	15 866	7.30
1977 .....	11 344	5.70
1978 til 1. 9. ....	12 515	6.80
1978 allt árið .....	20 400	
1979 áætlun .....	42 000	

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Eftirfarandi línurit sýnir breytingar á heildarupphæð niðurgreiðslna pr. íbúa landsins s. l. 10 ár.

Niðurgreiðslur pr. íbúa. Verðlag 1977.



Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

## 6. Útflutningur búvara.

Kindakjöt var flutt út árlega í nokkru magni allt frá aldamótum og fram til 1940. Á stríðsárunum var útflutningur lítill, en setuliðið sem hér var keypti töluvert magn.

Á árunum 1948—56 minnkaði framleiðsla kindakjöts mjög mikið vegna áhrifa sauðfjársjúkdómanna, og var útflutningur lítill flest árin og sum enginn.

Árið 1957 hefst útflutningur kindakjöts aftur að nokkru marki. Voru þá flutt út 2 340 tonn eða 28% heildarframleiðslunnar. Síðan hefur stöðugt verið flutt út kindakjöt. Miklar sveiflur hafa verið á útfluttu magni þessi ár. Árið 1965 voru aðeins flutt út 18% framleiðslunnar, en mestur hefur útflutningurinn orðið árið 1968 eða 44% heildarframleiðslunnar. Frá árinu 1970 hefur útflutningur kindakjöts verið sem hér segir:

### Framleiðsla og útflutningur kindakjöts 1970—1978 í tonnum.

Ár:	Heildarframleiðsla kindakjöts:	Útflutningur:	Útflutningur % af heildarframl.
1970 .....	11 280	2 760	24
1971 .....	10 755	2 945	18
1972 .....	11 829	2 818	24
1973 .....	13 355	2 812	21
1974 .....	13 500	3 009	22
1975 .....	14 682	4 287	29
1976 .....	13 985	4 779	34
1977 .....	13 964	4 533	32
1978 .....	15 540	5 500*)	35

\*) Áætlun.

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan, hefur útflutningur kindakjöts verið ærið sveiflukenndur og byggst á því umframmagni sem verið hefur fram yfir innanlandssölu.

Árum saman var Bretland helsti markaður okkar fyrir kindakjöt en útflutningi þangað er nú með öllu hætt. Einnig var nokkuð magn af saltkjöti selt til Noregs fyrr á árum.

Með inngöngu Íslands í EFTA náðust samningar við Norðmenn og Svía um tollfrjálsan kvóta fyrir dillakjöt. Fékkst þessi kvóti með samþykki sölusamtaka bænda í þessum löndum, og hafa þau á hendi sölu kjötsins. Íslenska kjötið er því ekki selt í samkeppni við þarlenda framleiðslu, en fyllir upp í vöntun á þessari vöru.

Verð það, sem fæst fyrir kjötið í þessum löndum er í samræmi við markaðsverð þar. Niðurgreiðslur hafa verið auknar í báðum þessum löndum undanfarin ár og hafa áhrif á það til lækkunar, auk þess sem í Svíþjóð gildir mjög ströng verðstöðvun.

Norðmenn stefna að því að verða sjálfum sér nógir með kindakjöt og greiðir norska ríkið verulegar fjárhæðir með kindakjötsframleiðslunni í formi framleiðslustyrkja auk niðurgreiðslnanna.

Af þeim sökum hefur verð á íslensku kindakjöti ekki hækkað eins mikið og verðlag almennt til bænda í þessum löndum.

Færeyingar kaupa töluvert magn af kindakjöti og má heita að Íslendingar séu einir um innflutning á kindakjöti þangað.

Útflutningur kindakjöts af framleiðslu ársins 1977 skiptist þannig eftir löndum:

Noregur .....	2 687 tonn
Færeyjar .....	700 —
Svíþjóð .....	650 —

Danmörk .....	430 —
Önnur lönd .....	66 —

Samtals 4 533 tonn

Á öðru mörkuðum en hér hafa verið taldir, þ. e. í Danmörku og öðrum EBE löndum er íslenskt kindakjöt í harðri samkeppni við ný-sjálenskt kjöt. Ný-Sjálendingar flytja út um 100 sinnum meira kindakjöt en við og eru þeir algjörlega ráðandi hvað verðlag á frystu kjöti snertir.

Gæði íslenska kjötsins eru gjarnan borin saman við gæði nýsjálensks kjöts og af mörgum talin svipuð en aðrir telja þau meiri. Eins og horfir, eru því ekki líkur á að hægt sé að reikna með mun herra verði en Ný-Sjálendingar fá. Þó er af mörgum talið, að með auglýsinga- og kynningarstarfsemi megi skapa íslenska kjötinu sérstöðu í huga neytenda og þar með fáist nokkru herra verð t. d. allt að 10–15% herra en Ný-Sjálendingar fá. Þetta er ekki síst talið vera mögulegt vegna þess að magn íslenska kjötsins er tiltölulega mjög lítið.

Á árinu 1977 var stofnuð markaðsnefnd landbúnaðarins. Er það, eins og áður getur samstarfsnefnd landbúnaðarráðuneytisins, bændasamtakanna og sölusamtaka bænda um markaðskönnun fyrir íslenskar landbúnaðarvörur.

Á s. l. hausti gerði markaðsnefndin tilraunir með útflutning á ófrosnu kjöti til nokkurra landa, Frakklands, Þýskalands, Danmerkur og Bandaríkjanna. Af þessum tilraunum hefur fengist mikilvæg reynsla og gæði kjötsins eru alls staðar viðurkennd.

Við ýmsa erfiðleika er að etja, og við ríkjandi aðstæður fæst ekki viðunandi verð í þessum löndum. T. d. er nú um 20% innflutningstollur á öllu kjöti sem flutt er til EBE landanna. Í Frakklandi er auk þess tekinn sérstakur verndartollur, sem er breytilegur, og notaður til verndar innlendri framleiðslu.

Mjólkurvörur hafa verið fluttar út flest ár frá 1934. Þetta kann að virðast í mótsögn við það sem að framan er sagt, að hér hafi verið ríkjandi skortur á mjólkurvörum allt fram til 1960. Ástæðan er sú að þann tíma ársins þegar mest barst af mjólk til mjólkursamlaganna varð að framleiða úr henni osta eða duft sem ekki var nægur markaður fyrir innanlands. Aðra tíma ársins, þegar framleiðslan var minni var svo skortur á nevslumjólk og öðrum ferskum mjólkurvörum og smjöri. Þá var ekki fyrir hendi kunnátta til að nota mjólkurduft til skyrgerðar eða ostagerðar til að drýgja vetrarmjólkina eins og nú er.

Flest árin var þessi útflutningur mjög lítill og oft varð að flytja inn smjör. Smjör var síðast flutt inn árið 1959. Það ár var útflutningur aðeins 800 kg af osti og 17 tonn af ostafni.

Síðan 1961 hefur stöðugt hurft að flytja út mjólkurvörur en mjög mismikið. Ráða árferðissveiflur þar mestu.

Eftirfarandi tafla sýnir mjólkurframl. umfram notkun innanlands 1959–1978. Áætluð heimanotkun og fódurmjólk meðtalin:

Ár:	Framl. umfram notkun innanl.:	Ár:	Framl. umfram notkun innanl.:
1959 .....	skortur (innfl.)	1969 .....	5.9%
1960 .....	0.0%	1971 .....	14.2%
1961 .....	4.1%	1971 .....	6.4%
1962 .....	6.1%	1972 .....	7.4%
1963 .....	9.3%	1973 .....	9.2%
1964 .....	14.4%	1974 .....	3.7%
1965 .....	20.0%	1975 .....	6.5%
1966 .....	7.1%	1976 .....	6.1%
1967 .....	3.8%	1977 .....	18.4%
1968 .....	5.7%	1978 .....	20.3%

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið.

Síðustu árin hefur aðallega verið fluttur út ostur. Fer hann mest til Bandarík-anna, Svíþjóðar og Þýskalands. Hagstæðast verð fæst fyrir óðalsost sem fluttur er til Bandaríkjanna, en framleiðslugeta mjólkursamlaganna fyrir þá tegund er takmörkuð.

Aðrar búvörur, sem fluttar hafa verið út, eru einkum gætur og ull, svið, lifur, garnir og ýmsar aðrar sláturvörur, hey, hross og minkaskinn. Síðustu árin hefur dregið mjög úr útflutningi hrágæra vegna vaxandi vinnslu þeirra innanlands. Einnig hefur lítið verið flutt út af ull síðustu árin og þá aðallega lökustu flokkarnir, sem ekki eru tók á að vinna hérlendis.

Útflutningur á sviðum hófst til Færeyja fyrir nokkrum árum og eru flutt út þangað um 150 tonn árlega. Hey hefur verið flutt til Noregs og Færeyja síðustu tvö árin fyrir allgott verð, en örðugleikar eru á flutningi þess. Nokkur hundruð hross eru flutt út árlega fyrir gott verð, aðallega til landa í Mið-Evrópu og til Danmerkur.

Íslensku minkaskinnin eru seld á opinberum uppboðum erlendis. Meirihluti þeirra hefur farið í gegnum uppboðshúsin hjá Hudson's Bay félaginu í London og Oslo Skinnauksjónar í Noregi. Þar eru þau flokkuð og metin og síðan seld undir þekktum vörumerkjum uppboðshúsanna, eins og BID og SAGA.

Söluverð skinnanna fer eftir framboði og eftirspurn, en eftirspurn er tiltölulega stöðug, utan krepputímabila, þar sem minkaskinn er lúxusvara.

Ársframleiðsla söluskinna á heimsmarkaði síðustu árin hefur verið á bilinu 14—20 milljónir, en jafnvægi í framboði og eftirspurn er um 16—17 millj. skinna. Við oliukreppuna 1974 minnkaði heimsframleiðslan niður fyrir 15 milljónir, og hefur því verð á minkaskinum haldist jafnt og gott síðan. Allar líkur eru á, að svo verði áfram þar sem stöðugt verður erfiðara að fá hráefni í fóður fyrir minka og skinnnum af villtum dýrum fer fækkandi.

## 7. Þróun viðskiptakjara.

Frá árinu 1970 hefur það sem fæst erlendis fyrir kindakjöt og mjólkurafurðir stöðugt farið lækkandi í hlutfalli við verðlag á þessum vörum hér innanlands.

Eftirfarandi tafla sýnir þróun útflutningsverðs á dalkakjöti í Svíþjóð og Noregi frá 1970:

Söluverð dalkakjöts í Noregi og Svíþjóð árin 1970—1978, cif-verð % af innlendu heildsöluverði:

	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
Svíþjóð .....	89%	75%	68%	62%	48%	58%	49%	42%	34.9%
Noregur .....	69%	71%	71%	61%	47%	54%	55%	46%	44.2%

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Um ostinn er svipaða sögu að segja. Hæst verð fæst fyrir óðalsost, sem fluttur er til Bandaríkjanna, 40—50% af innlendu heildsöluverði.

Skýrt skal tekið fram, að ástæðan fyrir þessari þróun er ekki sú, að íslenskar landbúnaðarvörur séu lakari en sambærilegar vörur erlendis. Þvert á móti eru þær hvað gæði snertir, undantekningarlítið fyllilega sambærilegar við hliðstæðar vörur á erlendum mörkuðum.

Ástæðan er fyrst og fremst hækkun verðlags hér innanlands en auknar niðurgreiðslur og útflutningsstyrkir á landbúnaðarvörum í nálægum löndum.

Þetta verður mun ljósara þegar borin er saman verðlagsþróun í helstu viðskiptalöndum okkar á þessum tíma og þróun verðbólgunnar hér á landi.

Verðhækkningar hafa um langt árabil verið miklu meiri á Íslandi en í nálægum löndum. Áratuginn 1963—1972 hækkaði neysluverðlag á Íslandi um nálægt 12% á ári að meðaltali en aftur á móti um 4½% í Evrópulöndum innan OECD og í Bandaríkjunum nam verðhækkun á þessum árum að jafnaði 3¼% á ári.

## Verðbólga á Íslandi og í öðrum OECD-rikkjum. Ársbreytingar neysluverðlags.

	Meðaltal 1950—1966	Meðaltal 1963—1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978
	%	%	%	%	%	%	%	%
Ísland .....	9.3	12.0	22.0	43.0	49.0	32.0	30.5	44.3
Evrópulönd OECD ..	4.0	4.5	8.5	13.5	13.5	8.5	11.2	9.4
Bandaríkin .....	2.0	3.75	6.75	11.0	9.0	6.0	6.5	7.7

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Sé litið enn lengra aftur í tímann, til dæmis yfir árabilið 1950—1962 er verðhækkun á Íslandi mun meiri en í nálægum löndum en munurinn þó minni. Þannig virðist hraði verðbólgunnar um tvöfalt meiri á Íslandi 1950—1962 en nær þrefalt meiri 1963—1972. Þetta bil breikkaði enn í því mikla verðlagssumróti, sem varð í heiminum á árunum 1973 til 1974, en upphaf þeirrar verðbólguöldu er rakið til samstiga verðlagshækkana í flestum iðnaðarríkjum á árinu 1972 og mikillar hækkunar hvers konar hráefnisverðs og loks oliuverðhækkunar í árslok 1973. Þannig hækkaði neysluverðlag hér á landi að meðaltali um 22% 1973, 43% 1974, 49% 1975, 32% 1976, 30.5% 1977 og 44.3% 1978 en í Evrópulöndum OECD um 8.5% 1973, 13.5% 1974 og 1975, 8.5% 1976, 11.2% 1977 og 9.4% 1978.

Þetta yfirlit sýnir, að verðbólga hér á landi hefur magnast á seinni árum og þótt hún hafi einnig ágerst í öðrum löndum er hún mun örari hér á landi.

### 8. Útflutningsbæturnar.

Eins og að framan greinir, voru útflutningsbætur teknar upp 1960. Þær voru á sínum tíma hugsaðar sem öryggistæki eða tekjutrygging fyrir bændastéttina þegar framleiðslan færi fram yfir innlendar þarfir og ekki fengist fullt verð erlendis fyrir útfluttar vörur. Fyrstu árin eftir að ákvæðin um útflutningsbætur tóku gildi, námu bæturnar 2—3% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar.

Fljótlega fór þó útflutningurinn að aukast og 1965/1966 var komið yfir 10% markið. Hélt greiðsla útflutningsbóta um og yfir 10% markið fram til ársins 1970 að dró úr útflutningi. Á þessum árum var mjög til umræðu meðal bænda að taka upp aðgerðir til framleiðsluhömlunar, en það náði ekki fram að ganga.

Verðlagsárið 1975/76 fóru svo útflutningsbæturnar aftur fast að 10% markinu og tvö síðustu árin hefur 10% verðábyrgðin ekki hrokkið til að greiða halla á útflutningi eins og kunnugt er.

### Útflutningsbætur % af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu.

Verðlagsár	%	Verðlagsár	%
1959/60 .....	2.2	1969/70 .....	10.5
1960/61 .....	2.8	1970/71 .....	9.7
1961/62 .....	3.8	1971/72 .....	7.8
1962/63 .....	6.1	1972/73 .....	7.0
1963/64 .....	9.9	1973/74 .....	9.9
1964/65 .....	9.6	1974/75 .....	7.5
1965/66 .....	10.2	1975/76 .....	9.1
1966/67 .....	9.9	1976/77 .....	11.2
1967/68 .....	10.0	1977/78 .....	13.3
1968/69 .....	10.1	1978/79 <sup>1)</sup> .....	18.3

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

1) Útflutningsbótahörf.



Sú hefð hefur skapast, að þegar bótapörfin hefur farið yfir 10% markið hefur verið notaður sá réttur sem afgangur er frá fyrri árum. Á síðasta verðlagsári var enginn slíkur afgangsréttur til, og var því greitt 1 300 millj. króna aukaframlag eins og kunnugt er.

Einnig hafa birgðir verið látnar safnast sum árin til að fara ekki yfir hámark útflutningsbóta.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhæð niðurgreiðslna og útflutningsbóta og hlutfall þeirra af þjóðarframleiðslu 1959—1978:

Ár:	Niðurgreiðslur		Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	3. sem hlutfall af þjóðarframl.	1. + 3.	
	1. m.kr.	2. %			1. m.kr.	3. %
1959	221	2.9	62	0.8	283	3.8
1960	273	3.3	75	0.9	348	4.1
1961	238	2.5	21	0.2	259	2.7
1962	270	2.3	32	0.3	302	2.6
1963	267	1.9	87	0.6	354	2.6
1964	312	1.8	217	1.2	529	3.0
1965	453	2.1	168	0.8	621	2.9
1966	584	2.3	248	1.0	832	3.3
1967	721	2.8	268	1.0	989	3.8
1968	551	2.0	251	0.9	802	2.9
1969	487	1.4	299	0.9	786	2.3
1970	571	1.3	332	0.8	903	2.1
1971	1 640	3.0	407	0.7	2 047	3.8
1972	1 681	2.5	311	0.5	1 992	2.9
1973	2 142	2.3	518	0.5	2 660	2.8
1974	3 740	2.7	936	0.7	4 676	3.4
1975	5 586	3.0	1 102	0.6	6 688	3.6
1976	5 157	2.0	1 546	0.6	6 703	2.6
1977	5 770	1.6	2 706	0.7	8 476	2.3
1978	10 703	2.0	5 285	1.0	15 988	2.9
1979 <sup>1)</sup>	18 900	2.5	5 750	0.7	24 650	3.2

1) Áætlun miðað við niðurgreiðslutölu í fjárlögum 1979 og áætlað hámark útflutningsbótaréttar.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Niðurgreiðslur og útflytningsbætur sem hlutfall af heildargjöldum á ríkisreikningi.

Ár	Niðurg. millj. kr.	Útfl.bætur millj. kr.	Heildarútg. millj. kr.	Niðurg. % af heildarútg.	Útfl.bætur % af heildarútg.
1968 .....	551	251	6 907	7.98	3.63
1969 .....	487	299	7 590	6.42	3.94
1970 .....	571	332	9 351	6.11	3.55
1971 .....	1 640	407	13 534	12.12	3.01
1972 .....	1 681	311	18 395	9.14	1.69
1973 .....	2 142	518	25 129	8.52	2.06
1974 .....	3 740	936	41 008	9.12	2.28
1975 .....	4.448 + 600 <sup>1)</sup>	1 073	58 577	7.59/8.62	1.83
1976 .....	5 005 + 152 <sup>1)</sup>	1 546	70 508	7.10/7.31	2.19
1977 <sup>2)</sup> .....	5 644	2 718	98 289	5.74	2.77

1) Áburðarniðurgreiðsla.

2) Bráðabirgðatölur.

Heimild: Landbúnaðarráðuneytið.

V. KAFLI

IÐNAÐUR ÚR LANDBÚNAÐARVÖRUM.

I. Sláturiðnaður.

Sauðfjársláturhús voru 55 talsins árið 1978. Þau eru mjög mismunandi hvað stærð og tæknibúnað snertir, og mörg þeirra fullnægja ekki þeim kröfum, sem þarf til að fá sláturleyfi og starfa á undanþágum frá ári til árs.

Framleiðsluráð landbúnaðarins gerði áætlun um uppbyggingu sláturhúsa árið 1968. Ákveðið var að fækka þeim og stækka. Frá árinu 1960 hefur sláturhúsum fækkað úr 118 í 55 á s. l. hausti. Áætlun Framleiðsluráðs var endurskoðuð 1974 með tilliti til fenginnar reynslu. Allmörg sláturhús hafa á síðustu árum verið byggð eða endurbyggð með misjafnri afkastagetu frá 1 400—3 000 fjár á dag. Afkastageta sumra þessara húsa er ekki fullnýtt og mætti auka slátrun í þeim með því að leggja niður nærliggjandi sláturhús, sem ekki fullnægja heilbrigðiskröfum, eða hafa ekki frysti-aðstöðu og starfa á undanþágu. Sauðfjárslátrun stendur yfir í 6—8 vikur að haustinu. Önnur nýting á sláturhúsunum hefur reynst erfið. Vegna þess hve sláturhúsin starfa skamman tíma á ári hverju, hefur ekki verið hægt að koma upp þjálfari slátrarastétt. Mannskipti eru tíð og fáir vinna við slátrunina mörg ár samfleytt. Af þessum sökum, m. a., er slátrunarkostnaður hár hér á landi.

Jafnhliða því, að sauðfjársláturhúsin hafa verið endurbyggð, hafa verið byggð nokkur stórgripasláturhús. Slátrun stórgripa fór áður fram á undan eða eftir sauðfjárslátrun, við ófullkomnar aðstæður.

Slátrun svína fer að hluta fram í stórgripasláturhúsunum og að hluta í sláturhúsum á vegum framleiðenda sjálfra.

Alifuglaslátrun fer fram á vegum framleiðenda sjálfra oft við mjög ófullkomnar aðstæður. Reglur um kjötskoðun ná ekki til alifuglaafurða.

Ekki eru tiltækar neinar tölur um mannafla við slátrun, en ljóst er að sauðfjárslátrunin skapar góða atvinnu þann stutta tíma, sem hún stendur yfir. Er það einkum fólk úr sveitum og nálægum þéttbýlisstöðum, sem að slátruninni vinnur. Um iðnað úr sláturafurðum er tæplega að ræða annan en kjötiðnað og skinnaiðnað

( sjá kafla V, 2). Innmatur úr sauðfé, sem ekki selst í sláturtíðinni, er frystur og seldur til útlanda eða á innlendum markaði. Öðrum afurðum, s. s. görnum, heila, blóði og kirtlum, er í flestum tilfellum hent. Á tveim stöðum á landinu er aðstaða til vinnslu kjötmjòls úr sláturúrgangi. Kindakjöt er mest allt fryst í heilum skrokkum og ýmist flutt út eða selt í verslanir í því ástandi. Nokkur niðurbrytjun fer fram á kjöti í neytendapakningar.

Kjöt af nautgripum er að stærstum hluta fryst að lokinni kælingu. Á nokkrum stöðum fer fram úrbeining og þökkun fyrir sölu.

Nokkuð er hirt af blóði úr svinum og nautgripum til vinnslu og innmat svína, aðallega lifur.

Nokkur hluti nautakjötsins og hrossakjöts hefur farið fram hjá söluaðilum, þar sem neytendur í bæjum hafa keypt það beint frá bændum.

Ekki eru tiltækar tölur um kjötvinnslustöðvar eða mannafla í kjötiðnaði. Stærstu kjötvinnslurnar eru á vegum sölufélaga bænda, en ýmsar smærri reknar af kaupmannasamtökum eða einstaklingum.

Neysluhefð hefur ráðið þróun kjötvinnslu, en hér á landi er neytt hlutfallslega minna af unninni kjötvöru en erlendis. Á allra síðustu árum hefur fjölbreytni vinnsluvara aukist mjög, svo og neyslan.

Kjötiðnaðurinn hefur ekki verið skipulagður með tilliti til markaðskannana né tilliti til hagkvæmni í verkaskiptingu milll landssvæða og/eða framleiðslutegunda. Helstu vinnslugreinar eru pylsugerð, söltun, reyking, suða og niðursuða.

## 2. Þróun ullar- og skinnaiðnaðarins.

Í þessum kafla verður greint frá helstu þáttum í þróun ullar- og skinnaiðnaðar í landinu á s. l. 10 árum. Á þessum árum hefur orðið ör framleiðsluaukning á full- unnum ullarflíkum sérstaklega, þótt mjög vanti á, að við fullvinnum enn íslensku ullina í landinu. Fullvinnsla skinna og úrvinnsla í fatnað er miklu skemmra á veg komin, en þar virðast möguleikarnir mjög miklir, ef rétt er á haldið.

Tafla I sýnir heildarútlutning landsmanna í krónum talinn á árunum 1969—1978, heildarútlutning iðnaðarvara annarra en áls og hlutdeild iðnaðarvara úr ull og skinnum í þeim útlutningi. Af töflunni sést, að aukning í útlutningi iðnaðarvara úr ull og skinnum er til muna örari en annarra iðnaðarvara og hlutfall þessara vara af heildarútlutningi landsmanna fer nokkuð stöðugt vaxandi fram til ársins 1978, en samdrátturinn á því ári varð vegna minnkandi viðskipta við Sovétríkin. Nú hafa verið gerðir samningar, sem gera ráð fyrir svipaðri sölu til Sovétríkjanna á árinu 1979 og var 1977.

### Ullarframleiðslan.

Á árunum milli 1960 og 1970 varð verð á ull svo lágt, að mjög dró úr því, að bændur legðu áherslu á að hirða ullina sæmilega. Breyttir búskaparhættir ollu því einnig, að erfiðara varð um vik að ná fénu til rúnings á vorin. Um 1970 fór vetrar- rúningur á sauðfé að aukast og batnaði þá nokkuð umhirða ullarinnar. Árið 1975 hóf ríkissjóður greiðslu verðbóta á ull og hækkaði þá verð til bænda verulega og skil á ullinni hötnuðu. Enn vantar þó mikið á að ullin sé hirt svo vel sem skyldi og fer verulegt magn forgörðum. Gera má ráð fyrir að væri nýting ullarinnar alls staðar eins og hún gerist best væri framleiðslan 2—2.2 kg á vetrarfóðraða kind og gæðin væru til muna betri, ef flest allt fé væri vetrarrúið. Enn mun þó langt í land að þær aðstæður verði fyrir hendi, að bændur telji sér fært og hagkvæmt að vetrar- rýja allt fé.

TAFLA I. Útfluttar iðnaðarvörur úr ull og skinum 1969—1978, F. o. b. í millj. kr. Hlutfall af heildarútlutningi án áls og hlutfall af útfluttum iðnaðarvörum án áls.

Ár	Heildarútl. án áls	Heildarútl. iðnaðarvara án áls	Útfluttar ullar- og skinnvörur	% af heildarútl. án áls	% af heildarútl. iðnaðarvara án áls
1969 .....	8 946.9	454.3	191.3	2.14	42.11
1970 .....	11 207.3	662.7	326.1	2.90	49.21
1971 .....	12 287.5	889.0	401.7	3.27	45.18
1972 .....	13 985.2	1 167.2	612.8	4.38	52.50
1973 .....	21 597.9	1 617.3	873.8	4.05	54.03
1974 .....	28 090.7	2 238.5	1 186.5	4.22	53.00
1975 .....	42 390.1	3 474.2	2 025.3	4.78	58.30
1976 .....	61 136.1	5 221.5	3 123.0	5.11	59.81
1977 .....	86 952.9	7 405.8	4 526.2	5.20	61.12
1978 .....	152 633.7	11 192.9	6 661.7	4.36	59.51

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

TAFLA II.

Innvegið ullarmagn 1968—1977

Ár	Innvegið ullarmagn tonn	Þar af vetrarrúnið tonn	Vetrarrúnið í %
1968 .....	1 409		
1969 .....	1 394		
1970 .....	1 327	70	5.0
1971 .....	1 250	85	8.0
1972 .....	1 337	178	15.5
1973 .....	1 400	239	17.0
1974 .....	1 438	296	20.6
1975 .....	1 534	424	27.6
1976 .....	1 600	427	36.3
1977 .....	1 590	639	40.2

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Tafla II sýnir heildarmagn móttækinnar ullar á árunum 1968—1977 og hversu mikill hluti ullarinnar var vetrarrúinn. Kemur þar glögg fram, hve vetrarrúningur hefur aukist ört á undanförunum árum. Á töflu III er sýnd skipting ullarinnar í gæða- og litarflokka á árinu 1977, samkvæmt upplýsingum frá Álafossi og Búvörudeild S. Í.S.

TAFLA III.

Úrvalsflokkur	var um	17.5%
I. flokkur	var um	45.0%
II. flokkur	var um	12.0%
III. flokkur	var um	11.0%
Úrval svart	var um	5.0%
Úrval mórautt	var um	3.1%
Úrval grátt	var um	6.4%
		Samtals 100.0%

### Vinnsla ullarinnar.

Áður fyrr var ullin þvegin á heimilunum og unnin heima eða seld hrein. Nú selja bændur ullina óþvegna og er hún þvegin í þremur þvottastöðvum.

Talið er, að ullin léttist nálægt 40% við þvott, en auk þess er talið að rýrnun ullarinnar í vinnslu sé um 7% og er þar átt við léttingu vegna lóar og óhreininda, sem losna úr ullinni í vinnslunni. Við þrjóna- og saumaskap verður enn veruleg rýrnun, misjöfn eftir aðferðum við tilbúning flikarinnar og fleira.

#### TAFLA IV.

##### Mannafli í ullariðnaði árin 1972—1977 talinn í mannrúm.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Ullarþvottur, spuni og vefnaður . . . .	429	520	418	331	347	424
Þrjónavöruframleiðsla . . . . .	312	318	294	300	253	285
Samtals	741	838	912	631	600	709

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Í aðalatriðum má skipta íslenskri ullarvöruframleiðslu í fjóra flokka:

1. Þrjónafatnaður, vélþrjónaður eða handþrjónaður.
2. Fatnaður úr ofnum ullardúk.
3. Ábreiður og áklæði.
4. Lopi og band til sölu í neytendaumbúðum eða til verksmiðjuframleiðslu.

### Þrjónavörur.

Á árinu 1978 voru flutt út 330 tonn af þrjónavörum fyrir 2 774 milljónir íslenskra króna. Árið 1977 var magn þessara vöru 449 tonn og verðmætið 2 405 milljónir. Útflutningur þessara vara til Sovétríkjanna minnkaði um 193 tonn, en á öðrum mörkuðum jókst salan um 24 tonn milli ára 1977 og 1978. Meginhluti þessarar vöru er ytri fatnaður unninn í vélum, en nokkurt magn er selt af handþrjónuðum peysum. Þá er selt umtalsvert magn af smávörum, svo sem húfum og treflum.

#### TAFLA V.

##### Útfluttar þrjónavörur eftir löndum 1977—1978

Lönd	1977			1978		
	Magn í tonnum	Upphæð í millj. kr.	Meðal-verð p. kg	Magn í tonnum	Upphæð í millj. kr.	Meðal-verð p. kg
Danmörk . . . . .	15.2	109.3	7,191	29.0	288.5	9,948
Færeyjar . . . . .	0.8	3.3	4,125	0.7	5.5	7,857
Noregur . . . . .	10.9	66.8	6,128	13.4	119.5	8,918
Svíþjóð . . . . .	3.3	29.9	8,848	4.9	53.8	10,980
Austurríki . . . . .	1.0	8.0	8,000	2.4	35.6	14,833
Bretland + Írland . . . .	58.5	176.6	3,019	34.0	154.3	4,538
Frakkland . . . . .	0.5	3.4	6,800	0.6	7.7	12,833
Holland . . . . .	1.4	13.2	9,429	1.4	17.9	12,786
Ítalía . . . . .	3.1	32.2	10,387	5.1	62.2	12,196
Sovétríkin . . . . .	270.2	958.9	3,549	77.1	453.7	5,885
Sviss . . . . .	0.4	5.1	12,750	2.0	29.4	14,700
V.-Þýskaland . . . . .	37.6	312.0	8,298	29.2	384.1	13,154
Bandaríkin . . . . .	79.4	549.8	6,924	96.2	775.1	8,057
Kanada . . . . .	14.6	116.9	8,007	29.6	335.8	11,345
Önnur lönd . . . . .	2.1	20.0	9,524	4.1	51.2	12,488
Samtals	499.0	2 405.4	4,820	329.7	2 774.3	8,415

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

TAFLA VI.

## Útflutt ullarteppi eftir löndum 1977—1978.

Lönd	1977			1978		
	Magn i tonnum	Upphæð i millj. kr.	Meðal-verð p. kg	Magn i tonnum	Upphæð i millj. kr.	Meðal-verð p. kg
Danmörk .....	1.5	3.6	2,400	8.6	33.0	3,837
Noregur .....	0.4	1.1	2,750	1.9	6.9	3,632
Sovétríkin .....	171.5	247.0	1,440	167.3	372.5	2,227
V.-Þýskaland .....	2.4	5.1	2,125	1.4	5.5	3,929
Bandaríkin .....	1.8	3.7	2,056	7.2	25.3	3,514
Kanada .....	0.0	0.1		0.3	1.1	3,667
Önnur lönd .....	1.4	3.6	2,571	7.1	21.1	2,972
Samtals	179.0	264.2	1,476	193.8	465.4	2,401

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

TAFLA VII.

## Útflutningur á lopa og bandi 1977—1978.

Lönd	1977			1978		
	Magn i tonnum	Upphæð i millj. kr.	Meðal-verð p. kg	Magn i tonnum	Upphæð i millj. kr.	Meðal-verð p. kg
Danmörk .....	151.9	208.8	1,374	127.9	278.1	2,174
Noregur .....	18.2	31.6	1,736	19.4	51.2	2,639
Svíþjóð .....	1.8	2.4	1,333	3.9	9.6	2,462
Austurríki .....	2.6	4.1	1,577	4.0	9.8	2,450
Bretland .....	45.1	69.3	1,537	53.3	121.2	2,274
Frakkland .....	18.4	24.1	1,310	21.4	44.5	2,079
Holland .....	7.0	9.8	1,400	1.6	3.7	2,312
Írland .....	3.2	4.5	1,406	0.0	0.0	
Ítalía .....	14.0	19.0	1,357	20.0	34.8	1,740
Júgóslavía .....	22.4	30.1	1,344	20.0	41.1	2,055
Spánn .....	0.5	1.0	2,000	0.3	0.7	2,333
V.-Þýskaland .....	9.5	14.1	1,484	12.3	32.7	2,659
Bandaríkin .....	80.1	111.2	1,388	56.5	122.4	2,166
Kanada .....	17.6	25.8	1,466	43.2	104.5	2,419
Japan .....	1.6	2.2	1,375	53.4	114.9	2,152
Suður-Kórea .....	21.2	33.9	1,599	0.0	0.0	
Ástralía .....	7.2	11.1	1,542	9.9	20.0	2,020
Önnur lönd .....	1.7	2.6	1,529	11.8	16.0	1,356
Samtals	424.0	605.6	1,428	458.9	1 005.2	2,190

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

Íslenski þrjónafatnaðurinn nýtur mikilla vinsælda erlendis. Fatnaður úr náttúrulegum efnum hefur verið í tisku á undanförunum árum og íslenska ullin er létt, hefur fallega áferð og ber sérstakan svip í lit og gerð mynstra, sem erlendur aðilar hafa reynt að líkja eftir með misjöfnum árangri. Ekki má gleyma því, að haldið hefur verið uppi kerfisbundnu upplýsinga- og kynningarstarfi, sem farið er að hafa veruleg áhrif á eftirspurn.

Á töflu V er sýndur útflutningur þrjónavara eftir löndum árin 1977 og 1978.

### Fatnaður úr ofnum ullardúk.

Um alllangt skeið hefur farið fram nokkur útflutningur á fatnaði úr ofnum ullardúk. Þessar vörur eiga í harðari samkeppni en prjónavörurnar á erlendum mörkuðum og framtíð þessa útflutnings er háðari hönnun og frágangi varanna.

### Ullarabreiður og húsgagnaáklæði.

Ábreiður hafa til þessa nær eingöngu verið seldar til Sovétríkjanna, en á árinu 1978 jókst útflutningur til Vesturlanda úr 7.5 tonnum 1977 í 26.5 tonn 1978. Er þessi söluaukning beinn árangur aukins kynningarstarfs á vestrænum mörkuðum. Húsgagnaáklæði er nú flutt út í litlum mæli, en gæði efnisins virðast bjóða upp á aukna sölumöguleika.

Á töflu VI er sýndur útflutningur upparteppa eftir löndum árin 1977 og 1978.

### Lopi og band.

Stöðug aukning hefur verið á sölu á lopa og bandi. Þessi vara hefur verið seld á tvennan hátt, í neytendaumbúðum og sem iðnaðarhráefni.

Á töflu VII er sýndur útflutningur ullarlopa og bands eftir löndum árin 1977 og 1978.

### TAFLA VIII.

#### Útflutningur á ull og ullarvörum í tonnum 1970—1978.

	Útflutt þvegin ull	Útflutt band og lopi	Útflutt teppi og prjónav.	Aðrar vörur úr ull	Samtals
1970 .....	377.7	84.8	175.1		637.6
1971 .....	253.2	76.0	247.6		576.8
1972 .....	264.0	128.6	343.3		735.9
1973 .....	228.0	233.7	379.1	34.0	874.8
1974 .....	121.0	358.2	368.7	8.4	856.3
1975 .....	342.3	358.7	461.3	10.6	1 163.3
1976 .....	318.3	361.2	496.3	24.4	1 200.2
1977 .....	291.0	424.0	678.0	43.5	1 436.5
1978 .....		458.9	523.5	36.4	

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

### Prjóna- og saumastofur.

Prjóna- og saumastofur, sem vinna úr íslenskri ull, eru dreifðar víðs vegar um landið. Fjöldi þeirra, sem vinna á þessum stofum, er nokkuð misjafn. Oftast hefur skort verkefni fyrstu 2—3 mánuði ársins og stundum einnig síðustu 1—2 mánuðina. Nú eru víðast næg verkefni fyrir hendi, þannig að flestar saumastofurnar hafa verið reknar með fullum afköstum frá áramótum. Venjulega er erfiðast að anna eftirspurn fyrri hluta sumars.

Engar nákvæmar tölur eru til um fjölda þess fólks, sem vinnur í prjónavöruiðnaðinum. Þar eru margir, sem vinna hluta úr degi eða hluta úr ári. Á töflu IV er sýndur fjöldi ársmanna í þessum iðnaði á undanförunum árum. Hér fer á eftir skrá yfir prjóna- og saumastofur sem vinna eingöngu, eða að verulegu leyti, úr íslensku hráefni. Bandið er allt unnið hjá Ullarverksmiðjunni Gefjun og Álafossi.

### Prjóna- og saumastofur:

Prjónastofan Alís  
Les-Prjón  
Rammaprjón

Reykjavík  
Reykjavík  
Reykjavík

Álafoss	Reykjavík
Akraprjón	Akranes
Prjónastofa Borgarness	Borgarnesi
Pólarprjón	Blönduósi
Saumastofan Vaka	Sauðárkróki
Hekla	Akureyri
Prjónastofan Dyngja	Egilsstöðum
Prjónastofan Katla	Vík
Sunna	Hvolsvelli
Prjónastofan Inga	Kópavogi
Prjónastofa Gunnlaugs Sigurðssonar	Kópavogi
Garðaprjón	Garðabæ
Prjónastofan Iðunn	Seltjarnarnesi

#### Saumastofur:

Saumastofa Hildu	Reykjavík
Saumastofan Tóta	Reykjavík
Saumastofan Borg	Víðidal, V-Hún.
Saumastofan Drifa	Hvammstanga
Saumastofan Víóla	Skagaströnd
Saumastofan Strönd	Barðaströnd
Saumastofa Sigríðar Árnadóttur	Sauðárkróki
Saumastofan Salína	Siglufirði
Saumastofan Prýði	Húsavík
Saumastofan Útskálar	Raufarhöfn
Saumastofan Hrund	Vopnafirði
Saumastofan Nálin	Borgarfirði eystra
Saumastofan Harpa	Reyðarfirði
Saumastofan Framtak	Selfossi

#### Handprjónaðar ullarvörur.

Verulegt magn af handprjónuðum ullarvörum er flutt út. Engar skýrslur eru til um heildarútflutning þessara vara þar sem þær blandast öðrum prjónavörum í útflutningi. Enn síður eru til upplýsingar um þá vinnu sem liggur að baki útflutningi á handprjónuðum vörum.

Upplýsingar þær sem koma fram í máli því sem hér fer á undan eru einkum tengdar útflutningi á ullar- og skinnavörum. Ekki má gleyma því að mikill markaður er fyrir þessar vörur hér innanlands og munar þar mikið um verslun erlendra ferðamanna. Ekki er rúm til að gera þessum markaði nein skil, enda örðugt um öflun upplýsinga.

Útflutningur ullar og skinnavara er að mestu í höndum nokkurra stórra útflutningsaðila. Inna þeir af hendi mikilvægt sölu- og kynningarstarf. Erlendir umboðsmenn þessara söluaðila eru orðnir mjög margir og þeim fer sífellt fjölgandi. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur unnið mikilvægt leiðbeiningar- og aðstoðarstarf á ýmsum sviðum í sambandi við ullar- og skinnaiðnað.

#### Gærum.

Ástand í útflutningi tilbúins fatnaðar úr skinum er í svipuðu horfi og útflutningur prjónavara var um 1970. Verð framleiðslunnar er hátt og skortur er á faglærðu fólki í iðnaðinum. Enda er það svo, að aðeins lítil hluti skinnaframleiðslunnar er fullunninn hér á landi.

Á töflu IX er sýndur útflutningur á gærum árin 1971—1977 eftir vinnslustigi. Tafla X sýnir útflutning vara úr loðskinum árin 1977 og 1978 eftir löndum.



TAFLA IX.

## Útfluttar gærur eftir árum og vinnslustigi.

Ár	Saltaðar gærur	For-sútaðar	Sútaðar gærur	Samtals	Unnar innanlands	Magn útfluttra
						vara úr loðskinni tonn
1971	165 705	.....	361 823	527 528	174 418	11.7
1972	267 533	.....	462 418	729 951	39 004	12.6
1973	168 636	.....	575 299	743 925	114 788	17.2
1974	209 636	344 805	114 546	668 987	238 526	2.3
1975	377 150	396 710	98 691	872 551	89 251	2.9
1976	126 575	601 590	101 320	829 485	105 591	30.0
1977	157 017	524 035	84 421	765 473	ca. 170 000	36.0

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

TAFLA X.

## Vörur úr loðskinum.

	1977		1978	
	Magn í tonnum	Upphæð í millj. kr.	Magn í tonnum	Upphæð í millj. kr.
Danmörk	0.0	0.6	0.2	6.7
Noregur	0.2	2.9	1.1	29.0
Sovétríkin	7.7	123.5	4.9	114.9
V-Þýskaland	0.4	2.4	0.0	0.0
Bandaríkin	1.8	20.5	0.7	17.2
Kanada	0.1	0.2	0.2	2.7
Önnur lönd	0.4	7.5	0.4	11.9
Samtals	10.6	157.6	7.5	182.4

Heimild: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins.

## 3. Mjólkuríðnaðurinn.

Mjólkurstöðin í Reykjavík, sem tók til starfa 1919, er fyrsta mjólkursamlagið á Íslandi.

Í dag 60 árum síðar eru mjólkursamlögin 17 að tölu, en á þessu tímabili hafa 8 mjólkursamlög hætt störfum.

Stærð mjólkursamlaganna, sem yfirleitt er miðuð við innvegið mjólkurmagn á ári, er mjög misjöfn, allt frá 0.2 milljónum lítra upp í 42.0 milljónir lítra á árinu 1978.

TAFLA I.

## Fjöldi og stærð mjólkursamlaga í landinu 1940—1978:

Ár:	Fjöldi samlaga:	Innvegið mjólkurmagn á ári, millj. lítra		
		Meðaltal:	Mest:	Minnst:
1940	7	2.6	8.0	0.2
1950	8	4.6	14.5	0.4
1960	14	5.3	29.2	0.3
1970	19	5.1	34.0	0.2
1978	17	7.1	42.0	0.2

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Fjöldi mjólkurinnleggjenda jókst stöðugt fram á miðjan síðasta áratug, en á s.l. 10 árum hefur þeim fækkað um 32% eða rúmlega 1 200 og eru þeir nú um 2 550. Þessi þróun ásamt tilkomu heimilismjólkurtanka, sem nú nýtast fyrir um 90% af heildarmjólkurmagninu í landinu, hefur orðið þess valdandi, að það

hráefni, sem í dag berst til mjólkursamlaganna er mun jafnara að gæðum og hefur meira geymsluþol en áður var.

Mjög miklar breytingar hafa orðið á öllum sviðum mjólkuriðnaðarins á undanförunum áratugum og ber þar hæst eftirfarandi atriði:

- a) Komið hefur verið á heildarskipulagi með mjólkursölulögunum 1935, Framleiðsluráðslögunum 1947 og stofnun Osta- og smjörsölnunnar 1958.
- b) Tæknilegar framfarir í mjólkursamlögunum hafa verið gífurlega miklar, bæði í vélum, tækjum og framleiðsluaðferðum.
- c) Faglærðu starfsfólki hefur fjölgað mikið og eru nú starfandi milli 80 og 90 mjólkurfræðingar við mjólkursamlögin.
- d) Sá hluti innveginnar mjólkur sem fer í vinnslu hefur stöðugt aukist.
- e) Fjölbreytni í vöruframboði hefur aukist mjög mikið. Fyrir 20 árum var framleiðsla mjólkursamlaganna takmörkuð að mestu leyti við aðalafurðirnar, nýmjólk, rjóma, skyr, smjör og mjólkurost. Þessar vörutegundir eru enn í dag aðaluppistaðan í heildsölu mjólkurafurða, en allverulegur markaður hefur samt náðst með tilkomu nýrra afurða, enda eru mjólkurvörutegundir nú að nálgast 100, ef allt er talið.

## TAFLA II.

### Skipting innveginnar mjólkur í neyslumjólk og vinnslumjólk:

Ár:	Innvegið alls millj. lítra	Neyslumjólk og rjómi		Vinnslumjólk	
		millj. lítra	%	millj lítra	%
1940 .....	18.0	10.2	56.7	7.8	43.3
1950 .....	36.7	26.8	73.0	9.9	27.0
1960 .....	73.7	43.9	59.6	29.8	40.4
1970 .....	97.6	50.5	51.7	47.1	48.3
1978 .....	120.2	55.9	46.5	64.3	53.5

Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins.

## VI. KAFLI VIÐHORF BÆNDA.

### 1. Inngangur.

Eins og rakið er í II. kafla þessarar greinargerðar hafa samtök bænda haft mikil áhrif á alla lagasetningu sem snertir málefni landbúnaðarins. Fyrst Búnaðarfélag Íslands og síðar einnig Stéttarsamband bænda eftir stofnun þess 1945.

Allir bændur í landinu eiga aðild að þessum samtökum báðum. Æðstu stofnanir þessara samtaka eru Búnaðarþing og aðalfundur Stéttarsambands bænda. Á þessum þingum bænda eru málefni stéttarinnar rædd og afstaða mótuð. Hefur löggjafinnu jafnan talið sér skylt að taka verulegt tillit til þeirra samþykktu sem þar eru gerðar.

Á árunum 1935—1947 urðu miklar umræður meðal bænda um kjaramál stéttarinnar og skipulagsmál. Leiddu þessar umræður að lokum til nokkurra félagslegra átaka sem urðu kveikjan að stofnun Stéttarsambands bænda árið 1945, og til setningar Framleiðsluráðslaganna árið 1947.

Á síðustu árum hafa aftur farið fram miklar umræður um þessi mál vegna þess vanda, sem nú er í framleiðslu og sölumálum landbúnaðarins.

Þótt þessi umræða hafi verið almennari og fyrirferðarmeiri nú síðustu tvö árin, en menn annars hafa átt að venjast, er hún engan veginn ný af nálinni og má rekja upphaf hennar allt til ársins 1966.

## 2. Upphaf umræðna um skipulagsaðgerðir.

Strax í upphafi sjöunda áratugsins þegar framleiðsla nautgripa og sauðfjárafurða hafði náð því marki að fullnægja þörfum þjóðarinnar og framleiðslan hélt stöðugt áfram að vaxa, varð mörgum það ljóst að nauðsyn væri að festa í lög heimildir til að takmarka búvöruframleiðsluna.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda í ágúst 1966, var rætt um skipulagsmál landbúnaðarins, vegna vandamála sem upp komu á því ári sökum mikillar mjólkurframleiðslu árin 1964 og 1965, er leiddi til þess, að miklar smjörbirgðir söfnuðust hjá mjólkursamlögum landsins, sem ekki reyndist unnt að selja á fullu verði.

Máli þessu var vísað til framleiðslunefndar fundarins er bar fram svohljóðandi tillögu:

„Vegna þess ástands, sem skapast hefur vegna mjög mikillar aukningar í mjólkurframleiðslu undanfarin ár, sem hefur nú leitt til þess, að bændur fá ekki grundvallarverð fyrir mjólkina, telur fundurinn nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að skipuleggja framleiðsluna eftir þörfum og markaðsmöguleikum.

- a) Kannað verði, hvort ekki sé hægt að draga úr framleiðslu landbúnaðarafurða í kaupstöðum og kaupsýnum, þar sem auðvelt er fyrir menn að hafa tekjur af annari vinnu.
- b) Farið verði þess á leit við landbúnaðarráðuneytið, að ríkisbú og bú í eigu bæjarfélaga verði lögð niður, nema að því leyti sem þau þjóna tilraunastarfsemi landbúnaðarins.
- c) Stuðlað verði að hagkvæmari skiptingu á framleiðslunni á milli búgreina, með því að útvegað verði frá ríkinu fjármagn, sem Framleiðsluráð úthlutar til þeirra, sem vilja leggja niður mjólkurframleiðslu, en taka upp aðra hagkvæmari framleiðslu í staðinn, enda sé ekki þörf fyrir mjólk þeirra bænda til nýtingar á neyslumjólkurmarkaðnum.
- d) Framleiðsluráð láti athuga, hver þau byggðarlög eru, sem hafa erfiðasta aðstöðu um framleiðsluskilyrði og önnur þýðingarmikil atriði varðandi búskaparstöðu og hvernig komið verði til móts við þau þannig að búseta í þeim sé ekki í hættu.
- e) Á fyrri hluta hvers verðlagsárs skal Framleiðsluráð gera framleiðsluáætlun sérstaklega um nautgripa- og sauðfjárafurðir fyrir verðlagsárið og um leið ákveða skiptingu útflutningsbótanna milli afurðategunda. Skal lagt til grundvallar magn afurða í þessum búgreinum, reiknað með verðlagsgrundvallarverði og útflutningsbótum skipt á milli þessara tveggja aðalbúgreina hlutfallslega eftir því, ef vantar á, að útflutningsuppbætur dugi til að fullnægja báðum búgreinum. Áætlun þessi verði endurskoðuð ef þörf krefur.
- f) Framleiðsluráði verði heimilað að taka gjald af innfluttum fóðurbæti, en þetta gjald yrði endurgreitt af ákveðnu magni fóðurbætis handa framtöldum bústofni á ásetningsskýrslu verðalgsársins samkvæmt mati Framleiðsluráðs. Það fé, sem ekki verður endurgreitt, verður notað til verðjöfnunar, ef nauðsyn krefur, annars til hagræðingar í búskap.
- g) Leitað verði eftir því við Alþingi að fá breytingu á Framleiðsluráðslögum, svo að hægt verði að koma framangreindum atriðum til framkvæmda, ef þörf krefur.
- h) Takist ekki með framangreindum ráðstöfunum að halda framleiðslunni hæfilegri miðað við þarfir markaðarins og solumöguleika, skulu stjórn Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráð undirbúa nýjar tillögur, sem verði lagðar fyrir Stéttarsambandsfund.“

Fyrstu fjórir liðir tillögunnar voru samþykktir með miklum meirihluta atkvæða, en þrem síðustu liðum var frestað til framhaldsaðalfundar. Á þeim fundi, sem haldinn var 19. febrúar 1967, var svofelld dagskrártillaga samþykkt með 24 atkvæðum gegn 9.

„Þar sem enn er ekki séð, hver þörf er á notkun fóðurbætis á þessum vetri og næsta vori og ekki vitað, hvað gerist í sölumálum landbúnaðarvæðinga, telur fundurinn rétt að fresta afgreiðslu málsins til næsta aðalfundar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Málið var nú sent til umsagnar hjá búnaðarsamböndunum og á aðalfundi Stéttarsambandsins 31. ágúst 1968 var það enn rætt.

Framleiðslunefnd fundarins bar fram svofellda tillögu:

„Þar sem nú liggja fyrir svör búnaðarsambandanna um fóðurbætisskatt og þau eru að meiri hluta neikvæð, og ennfremur með tilliti til þess ástands sem nú er með fóðuröflun í landinu, þá telur fundurinn ekki að svo stöddu ástæðu til þess að fara fram á heimild Alþingis til þess að leggja á fóðurbætisskatt. Hins vegar telur fundurinn, að við endurskoðun framleiðsluráðslaganna þurfi að auka vald Framleiðsluráðs til þess að hafa áhrif á framleiðslumagn landbúnaðarvöru eftir markaðsmöguleikum.“

Tillaga þessi var afgreidd á fundinum með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Með því að þegar er búið að samþykkja á aðalfundinum að fela nefnd manna ásamt stjórn Stéttarsambandsins að gera tillögur til breytinga á framleiðsluráðslögunum, þar sem sett verði ákvæði um skipulag á framleiðslu á búvörum, sér fundurinn ekki ástæðu til að fjalla frekar um það mál að sinni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Þessi dagskrártillaga var samþykkt með 24 atkvæðum gegn 6.

Tillaga sú, sem hér er vitnað til, var flutt af laganefnd fundarins og er svohljóðandi:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn í Skógaskóla dagana 31. ágúst til 1. september 1968, telur að reynslan hafi sýnt að núverandi verðlagslöggjöf, löggin um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðun, sölu á landbúnaðarvörum o. fl., tryggi ekki bændastéttinni sambærileg kjör við aðrar stéttir eins og að var stefnt, þegar löggjöfin var sett.

Auk þess hafa komið fram mikil vandkvæði á framkvæmd laganna, sem m. a. gera það að verkum að verðlagning gengur seint og illa.

Fundurinn samþykkir því að kjósa fjóra menn, einn úr hverjum landsfjórðungi til að vinna með Stéttarsambandsstjórninni að því að semja breytingartillögur við framleiðsluráðslögin, þar sem einkum verður lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Að bændum verði tryggðar sambærilegar tekjur við aðrar stéttir.
2. Sex-manna-nefndin í núverandi mynd verði lögð niður, en bændastéttin fái aðstöðu til að semja við ríkisstjórnina um verðlagið, framleiðsluáðstöðu og kjör stéttarinnar.
3. Sett verði ákvæði í löggin, er tryggi möguleika til að hafa stjórn og skipulag á framleiðslu búvöru þannig, að of mikið framboð vöru valdi ekki bændastéttinni beinu tjóni.

Fundurinn felur Stéttarsambandsstjórninni og þeim fjórum mönnum, sem kosnir verða, að vinna að því að fá samstöðu um ofanefndar breytingar.“

Samþykkt með 35 atkvæðum gegn 2.

Það sem hér er framan er rakið sýnir ljóslega að þau skipulagsatriði landbúnaðarins, sem nú eru efst á haugi voru það einnig fyrir 10—12 árum og hafa verið það óslitið síðan.

Það sýnir einnig að nokkur skoðanamunur hefur ávallt verið um sum atriði þessara mála, einkum hugmyndina um töku kjarnfóðurgjalds.

### 3. Frumvarpið 1972.

Árið 1972 var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögnum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Þær breytingar, sem frumvarpið gerði ráð fyrir byggðu á þeim samþykktum bændu, sem hér hafa verið raktar.

Á aukafundi Stéttarsambandsins í febrúar 1972 var fjallað um frumvarp þetta og samþykkt samhljóða að mæla með lögfestingu þess, að undanskildu því ákvæði, sem gerði ráð fyrir töku kjarnfóðurgjalds. Það var samþykkt með 35 atkvæðum gegn 5.

Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga og urðu bændum það mikil vonbrigði. Kemur þetta glöggst fram í samþykktum aðalfunda næstu ár á eftir.

### 4. Umræður um stefnumörkun.

Eitt þeirra atriða í skipulagsmálunum, sem nú er mikið rætt, er skipulagning landbúnaðarframleiðslunnar miðað við landkosti og markaðsaðstæður og búskaparaðstöðu á hverri jörð.

Eftirfarandi samþykkt á aðalfundi Stéttarsambandsins í ágúst 1969 sýnir að þessar hugmyndir eru ekki heldur nýjar.

„Aðalfundur Stéttarsambands bændu árið 1969 telur nauðsynlegt að landbúnaðurinn sé að vissu marki skipulagður með landkosti og markaðsskilyrði innanlands og utan fyrir augum. Þess vegna felur fundurinn stjórn Stéttarsambandsins að vinna að þessu máli á þann hátt, sem hún telur vænlegt til árangurs.“

Á aðalfundi 1976 er enn gerð mjög stefnumarkandi samþykkt:

„Aðalfundur Stéttarsambands bændu 1976 álitur nauðsynlegt að mörkuð sé heildarstefna í búvöruframleiðslu, sem höfð sé til viðmiðunar um framleiðslumagn. Fundurinn telur rétt að skipuð sé þriggja manna nefnd skipuð einum fulltrúa frá Stéttarsambandi bændu, einum frá Búnaðarfélagi Íslands og einum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, er athugi hvort ekki sé tímabært og eðlilegt, með lánafyrirgreiðslu og/eða verðlagstílfærslum að beina landbúnaðarframleiðslunni að þeim framleiðsluáttum, sem eru samfélaginu hagkvæmastir á hverjum tíma.“

Samþykkt með öllum þorra atkvæða gegn 1.

Þessi samþykkt og aðrar þær sem hér að framan eru raktar, sýna ljóslega að þær ásakanir sem stundum eru fram bornar, að bændur og forystumenn þeirra hafi ekki viljað ljá máls á framleiðslutakmarkandi skipulagsaðgerðum fyrr en allt var komið í óefni, eiga ekki við rök að styðjast.

Þvert á móti virðist bændum almennt hafa verið ljós þörfin á skipulagsaðgerðum þegar í lok sjöunda áratugsins.

Hins vegar hefur löggjafarvaldið ekki verið reiðubúið að samþykkja heimildir til slíks.

### 5. Eiðafundurinn.

Á aðalfundi Stéttarsambandsins á Eiðum 29. ágúst 1977 hefst svo lokakaflinn í þessari umræðu og sem nú stendur sem hæst.

Mjólkurframleiðslan hafði aukist mjög mikið fyrri hluta ársins. Ljóst var í hvert óefni stefndi og útflutningsbætur voru þrotnar.

Eiðafundurinn gerði svofellda samþykkt með 37 atkvæðum gegn 6:

„Þar sem fram hefur komið að útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir yfirstandandi verðlagsárs duga ekki til þess að fullt grundvallarverð náist, og allt bendir til að svo verði einnig næsta ár, þá er aðalfundur Stéttarsambands bændu því meðmæltur að eftirfarandi ráðstafanir séu gerðar:

1. Að lagt verði verðjöfnunargjald á framleiðslu yfirstandandi verðlagsárs í trausti þess að viðurkennt verði mat Framleiðsluráðs á heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar.
2. Að lagt verði verðjöfnunargjald á innfluttan fóðurbæti allt að 8% af cif-verði. Gjaldið verði í vörslu Framleiðsluráðs og notað til verðjöfnunar á framleiðslu hvers árs, þó þannig að hver búgrein njóti þess framlags sem frá henni kemur, þar til hún hefur náð grundvallarverði. Gjaldið verði ákveðið af Framleiðsluráði landbúnaðarins, lengst til eins árs í senn.
3. Að Framleiðsluráði verði veitt lagaheimild til þess að greiða lægra verð fyrir aukna framleiðslu á hverri jörð, þó þannig að þar sem bú eru lítil sé greitt fullt verð fyrir aukningu að ákveðnu marki. Þetta komi aðeins til framkvæmda þegar ekki er hægt að greiða fullt verð fyrir alla landbúnaðarframleiðsluna. Þegar þannig háttar verði jafnframt greitt lægra verð fyrir framleiðslu ríkisbúa og þeirra sem hafa landbúnaðarframleiðslu utan lögbýla.“

Á gundvelli þessara tillagna var síðan samið frumvarp til laga um breytingu á lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem gerði ráð fyrir heimild til töku gjalds af innfluttu kjarnfóðri og að ákveða mismunandi hátt verð á búvöru til framleiðenda.

Þetta frumvarp var lagt fyrir aukafund Stéttarsambandsins í nóvember 1977. Ágreiningur var sem fyrr um heimildir til töku kjarnfóðurgjalds. Var sá hluti frumvarpsins samþykktur með 37 atkvæðum gegn 7. Aðrir hlutar þess samþykktir samhljóða.

Frumvarpið var sent ríkisstjórninni en aldrei lagt fram á Alþingi.

#### 6. Bændafundirnir.

Haustið 1976 hófst nýr þáttur í umræðunni um skipulagsmál landbúnaðarins og kjör bænda, en það voru hinir almennu bændafundir.

Fram að þeim tíma höfðu umræður um þessi mál að mestu farið fram á fundum búnaðarfélaganna, búnaðarsambanda og á fundum Stéttarsambandsins, kjörmannafundum og aðalfundi og á Búnaðarþingi. Þótt fundir þessir séu opnir öllum bændum, er reynslan sú, að þeir eru almennt ekki sóttir af öðrum en þeim sem til þess eru kjörnir og svo félagsmönnum í hverju einstöku búnaðarfélagi. Með tilkomu bændafundanna hefur fundarsókn orðið almennari.

Fyrsti bændafundurinn var boðaður af nokkrum bændum á Suðurlandi, en flestir hafa verið haldnir fyrir forgöngu búnaðarsambandanna eða einstakra búnaðarféлага. Á flestum bændafundanna hafa mætt fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda, einnig stjórnarmálmennt og sérfræðingar á sviði búnaðarmála.

Í ályktunum þessara funda komu í fyrstu fram ærið skiptar skoðanir á lausn þeirra vandamála sem við er að fást í landbúnaðinum. En viðhorfin hafa smám saman skýrst og hafa fundirnir reynst mjög gagnlegir til að kynna bændum almennt ástand mála og hvaða lausnir koma helst til greina.

#### 7. Þáttur Búnaðarþings.

Hér að framan hafa verið raktar samþykktir aðalfunda Stéttarsambands bænda um skipulagsmálin s.l. 12 ár. Þessi ár hafa líka farið fram miklar umræður um málin á Búnaðarþingi og samþykktir verið gerðar. Hafa þær verið mjög á sama veg og samþykktir Stéttarsambandsfunda.

Á Búnaðarþingi 1976 voru samþykktar ályktanir, sem á vissan hátt marka tímamót í þessum málum:

Ályktun I:

„Búnaðarþing 1978 lýsir fylgi sínu við þá afstöðu Stéttarsambands bænda að æskja heimildar til að leggja gjald á innflutt kjarnfóður, m. a. sem leið til að hafa hemil á framleiðslu landbúnaðarvara og vernda innlenda fóðurframleiðslu.“

Ef til slíks kemur, leggur þingið áherslu á eftirfarandi:

- a) Að tryggt sé í lögum, að ákvörðun um álagningu gjaldsins, upphæð þess og notkun sé að öllu leyti í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
- b) Að vel beri að athuga, hvort ekki er heppilegast, að það gangi að mestu eða öllu leyti til niðurgreiðslu á tilbúnum áburði.
- c) Þar eð gjaldtaka af kjarnfóðri bitnar mest á mjólkurframleiðslu í hækkuðum framleiðslukostnaði, en lækkun áburðarverðs kemur allri fódurframleiðslu til góða, verði tekið til athugunar, hvort ekki er nauðsynlegt að viðbótarfjármagn komi frá sauðfjárframleiðslunni til sömu nota og kjarnfóðurgjaldið.

Samþykkt með 20 atkvæðum gegn 4.

Ályktun II:

„Búnaðarþing beinir þeirri ósk til landbúnaðarráðherra, að hann skipi 7 manna nefnd, þrjá eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, þrjá eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda og einn án tilnefningar, sem jafnframt verði formaður nefndarinnar.

Nefnd þessi taki til athugunar, hvaða leiðir séu færastar til þess að tryggja sem best stöðu landbúnaðarins og afkomu þeirra, sem að honum vinna, svo og til lausnar þeim vanda í markaðsmálum, sem nú blasir við.

Nefndin gerir tillögur um þær aðgerðir, er líklegast þykja til úrbóta í þessu efni, og skili álit í frumvarpsformi svo fljótt, sem kostur er, og eigi síðar en í júlímánuði n. k.

Í því sambandi bendir þingið á eftirfarandi:

1. Hvernig haga bæri gjalddöku af innfluttum fódurbæti, ef lögfest yrði, sam- anber ályktun I og þá í hvaða mæli og hvernig því skuli varið.
2. Hvort unnt sé að taka upp kvótakerfi í einhverri mynd í þeim tilgangi að draga úr framleiðslunni á þeim landbúnaðarafurðum, sem selja þarf á erlend- um mörkuðum og ekki skila viðunandi verði. Til athugunar komi m. a., að greitt verði fullt grundvallarverð fyrir það hlutfall framleiðslunnar, sem selst á innlendum markaði en hinn hlutinn greiðist með því verði, sem út- flutningur vörunnar gefur að viðbættum þeim útflutningsbótum, er greiddar kunna að verða hverju sinni. Einnig verði kannað, hvort setja eigi mismun- andi kvóta eftir bústærð, þannig að stærri búin beri hlutfallslega meira af þeirri skerðingu, sem af kvótakerfinu leiðir.
3. Hvort ávinningur myndi verða af því, að t. d. nætur- og helgidagavinna bónda og húsfreyju yrði tekin út úr verðlagningu búvaranna og greidd beint til viðkomandi, annaðhvort sem jöfn upphæð á hvert lögbýli eða í hlutfalli við afurðamagn það, sem greitt yrði fullu grundvallarverði, ef til kvótakerfis kemur.
4. Hvort raunhæft væri að greiða útflutningsbætur beint til framleiðanda og beita þeirri greiðslu að einhverju leyti sem kvótakerfi, ef það yrði ekki tekið upp í öðru formi. Í því sambandi má benda á sérstakar greiðslur, hliðstætt því, sem Norðmenn hafa tekið upp til þeirra, sem draga úr mjólkurfram- leiðslu.
5. Hvort ástæða sé til að endurskoða jarðræktarlögin í þeim tilgangi, að heim- iluð verði breytileg tilhögun á greiðslu framlaga, sem þar er kveðið á um, þannig að hægt sé að leggja tímabundna áherslu á einstakar fram- kvæmdir. Í því sambandi má benda á lækkun framlaga til ræktunar, en verulega aukin framlög til súgþurrkunar og votheysgerðar.
6. Hvort ekki sé unnt að auka hlutdeild garðræktar í búvöruframleiðslunni, þannig að fullnægt verði innlendum markaði fyrir þessar afurðir.

7. Hvort ekki sé unnt að fá fjármagn úr Byggðasjóði til þess að efla nýjar búgreinar s. s. loðdýrarækt, aukna fiskrækt o. fl., sem hugsanlegt væri að taka upp og auka, en draga í þess stað úr mjólkur- og kjötframleiðslu.
8. Hvernig auka megi tengsl og samræma stefnur og starfsemi þeirra stofnana, er vinna að framgangi þeirra mála, sem landbúnaðinn varða sérstaklega, þegar um er að ræða fjárfestingar- og lánamál landbúnaðarins. Stofnanir þær, eru m. a. Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Landnám ríkisins, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Byggingarstofnun landbúnaðarins, Landgræðsla ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins o. fl.

Samþykkt samhljóða.

Í apríl 1978 skipaði landbúnaðarráðherra síðan nefnd sjö manna, „sjömannanefndina“, svokölluðu til að gera tillögur í þessum efnunum. Nefndin var skipuð sex bændum og ráðuneyttisstjóra landbúnaðarráðuneytisins.

Nefndin skilaði álitum haustið 1978. Gerði hún m. a. tillögu til breytinga á framleiðsluráðslögunum, sem er efnislega samhljóða því frumvarpi, sem samið var haustið 1977 og sent ríkisstjórninni. Einnig gerði nefndin ýmsar tillögur um skipulagsmál og hagsmunamál bænda. Aðalfundur Stéttarsambandsins féllst í aðalatriðum á tillögur hennar, og í desember s. l. lagði landbúnaðarráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem er í flestum atriðum samhljóða tillögum nefndarinnar.

Tillögur sjömannanefndar hafa birst í fjölmiðlum og verið prentaðar í þingskjólum svo þær verða ekki raktar hér. Segja má að þær séu í stórum dráttum niðurstaða þeirra umræðna sem fram hafa farið á fundum bænda undanfarin ár um framleiðslu- og skipulagsmál landbúnaðarins.

Eins og fram kemur í þeim samþykktum, sem hér hafa verið raktar, hefur verið nokkur ágreiningur um hvort skipulagsaðgerða væri þörf og hvaða leiðir ætti að fara í því efni.

Þessi mál hafa nú verið til umræðu á fundum bænda í rúm tólf ár, og á þeim tíma hafa viðhorfin smám saman skýrst.

Óhætt er að segja að þótt menn greini nokkuð á um leiðir, eru bændur nú almennt sammála um tvö megin atriði þessara mála. Í fyrsta lagi nauðsyn þess að lögfestar verði heimildir til að hafa áhrif á framleiðslumagn, og í öðru lagi nauðsyn þess að skipuleggja búvöruframleiðsluna um landið í samræmi við markaðsaðstæður og landskosti á hverjum stað.

## VII. LANDBÚNAÐARSTEFNA

### 1. Hlutverk landbúnaðar á Íslandi.

Erfitt er að skilgreina í stuttu máli hvert er hlutverk landbúnaðar í íslensku þjóðlífi. Mat manna á því er auk þess mjög misjafnt og í sumum tilfellum um að ræða tilfinningaleg eða þjóðernisleg sjónarmið, sem erfitt er að festa hendur á.

Hér verður lögð áhersla á 4 meginatriði:

- a) Landbúnaðurinn sér þjóðinni fyrir matvælum, sem eru drjúgur hluti af neyslu fólksins.  
Með því skapar hann þjóðinni það öryggi, sem í því felst að framleiða sem mest af matvælum í landinu sjálfu eða geta framleitt þau, ef aðflutningar teppast eða matvæli verða á annan hátt torfengin.
- b) Landbúnaðurinn er grundvöllur að lífsafkomu verulegs hluta þjóðarinnar og meginhluta fólks í stórum landshlutum.

Hann leggur til hráefni til iðnaðar, sem er mikilvægur þáttur iðnþróunar í landinu.



- c) Landbúnaðurinn hefur menningarlegt og félagslegt gildi, sem felst m. a. í snertingu þeirra, sem að honum vinna við náttúru landsins, tengsl þeirra við sögu þjóðarinnar og sambúð hennar við landið um aldir.
- d) Landbúnaðurinn nýttar gæði landsins, og hann er ómissandi hlekkur í byggðakeðju landsins.

Í umræðum um landbúnaðarmál er því oft lítill gaumur gefinn hver nauðsyn eyþjóð eins og Íslendingum er að geta verið öðrum óháð um sem flest matvæli. Hefur því stundum verið slegið fram að ódýrara væri að flytja inn þorra þeirra búvara, sem þjóðin þarfnast en að stunda hér slíka framleiðslu við erfið skilyrði að dómi viðkomandi. Flestar Evrópuþjóðir hafa fylgt þeirri stefnu að halda uppi öflugri búvöruframleiðslu í löndum sínum, tryggja bændum fullt verð fyrir framleiðsluna, en selja umframmagnið úr landi á „dumping“ verði. Því hefur nú um skeið verið hægt að gera mjög hagstæð kaup á búvörum í nágrannalöndum okkar. Jafnframt hefur markaðsaðstaða fyrir þær íslensku búvörur sem flytja þarf út farið versnandi.

Varlegt er að treysta á að búvörur fái til frambúðar á hagstæðum kjörum erlendis. Efnahagsbandalag Evrópu hefur ekki mótað sér frambúðarstefnu í landbúnaðarmálum. Grundvallarbreyting á stefnu þess getur gjörbreytt verðlagi búvara á heimsmarkaði á tiltölulega skömmum tíma.

Þá geta óvæntir atburðir eins og uppskerubrestur eða þjóðfélagsátök á stuttum tíma breytt markaðsaðstæðum. Nægir í því sambandi að benda á átökin í Íran nú nýverið og áhrif þeirra á efnahagsþróun í heiminum.

Því er lögð á það áhersla að íslenskur landbúnaður fullnægi þörfum þjóðarinnar fyrir þær búvörur, sem hér er unnt að framleiða.

Við mat á öryggisgildi landbúnaðarins ber þó að hafa í huga að hann er að töluverðu leyti háður innfluttum rekstrarvörum, s. s. olíu, áburði og kjarnfóðri. Unnt er að auka öryggisgildið til muna með því að bæta innlenda fóðurframleiðslu og auka notkun innlendrar orku við búvöruframleiðsluna.

Ekki hefur verið gerð fullnægjandi könnun á því hve margir hafa atvinnu við landbúnað, iðnað og vinnslu úr landbúnaðarvörum og þjónustu ýmiskonar. Ljóst er hins vegar að landbúnaðurinn er mjög mikilvægur atvinnugjafi um land allt og í sumum byggðum má heita, að atvinna fólks byggist að mestu á starfsemi tengdri honum.

Iðnaður úr skinnnum verður með hverju ári mikilvægari atvinnugjafi og einnig sífellt mikilvægari útflutningsatvinnuvegur. Á s. l. ári voru ullar- og skinnvörur 59% af útfluttum iðnaðarvörum, öðrum en áli.

Menningarlegt og félagslegt gildi landbúnaðar verður tæpast metið til fjár eða mælt á nokkra þá mælistíku, sem notuð er við mat á veraldlegum gæðum. Engu að síður er þessi þáttur landbúnaðarins gildur.

Hingað til hefur það verið talið mikilvægt fyrir uppeldi hvers unglings að fá að kynnast sveitalífi. Við vaxandi þéttbýli verða tækifæri manna til að njóta hinnar ósnortnu náttúru og samfélags við húsdýrin sífellt færri. Er því líklegt að þessi gæði verði mönnum enn ljósari þegar lengra líður.

Megin auðlindir landsins eru þriár; fiskurinn við strendurnar, orkan í fallvötnum og háþífasvæðum og landið sjálft með gróðri sínum og ræktunarmöguleikum.

Skilyrði til grasræktar eru hér góð, vegna veðurfars, jarðvegs, legu lands og landrýmis. Sömu veðurfarsþættir valda því, að grasið er næringarríkt og uppskera fóðuriurta, sem eru ræktanlegar, er viðunandi.

Talið er að alls séu 33 þús. km<sup>2</sup> lands neðan við 400 m hæð sem geti orðið ræktanlegt gróðurlendi. Gróið og ræktanlegt land neðan 200 m er talið vera 13 718 km<sup>2</sup>, en ræktanlegar auðnir 9 112 km<sup>2</sup>. Af þeim er ætlað að breyta megi 5 000 km<sup>2</sup> í arðgæft land með fullum afrakstri. Ef áætlað er að 20% (3 000 km<sup>2</sup>) af ræktanlegu landi hurfi undir mannvirki ýmiskonar, byggíngar, vegi og athafnasvæði yrðu um 15 000 km<sup>2</sup> eftir til ráðstöfunar sem ræktunarland. Tíu á Íslandi voru 1 298 km<sup>2</sup> árið 1977.

Í gróðri heiða og beitilanda felast mikil verðmæti. Bústofn landsmanna, hross og sauðfé, safna á úthagabeit um 270 millj. f.e. árlega. Er það rúmlega það, sem þarf til innifóðrunar alls búpenings. Að margra dómi er beitarþol á afréttum landsins nú fullnýtt, m. v. núverandi ástand gróðurfars. Beitiland á láglandi hefur batnað mjög og afköst þess aukist fyrir framræslu og græðslu sanda og jökulaura.

Ljóst er af framansögðu, að í ræktunarmöguleikum landsins er fólgin auðlind, sem ekki er nema að litlum hluta nýtt ennþá.

Þessi auðlind og önnur gæði landsins, s. s. hlunnindi við sjó og í ám og vötnum, verður ekki með góðu móti nýtt án landbúnaðar og hæfilegrar dreifingar byggðarinnar um landið.

Gildi landbúnaðarins fyrir byggðajafnvægið er fólgið í þeirri atvinnu, sem hann veitir beint og óbeint og því að hann veitir þorpum og bæjum öryggi, með því að sjá þeim daglega fyrir nauðsynlegum búvörum.

## 2. Framleiðslumarkmið.

Þegar sett er markmið í framleiðslu fyrir einstakar búgreinar þarf jafnframt að hafa í huga gildi þeirra fyrir atvinnulíf og byggðaðróun í landinu, og hvaða áhrif rótlækar breytingar geta haft.

Nautgripa- og sauðfjáramleiðslan er nú komin all langt fram yfir það mark að fullnægja þörfum þjóðarinnar, en aðrar greinar eru ýmist í jafnvægi eða langt frá því að ná þessu marki.

Í eftirfarandi töflu er gerð tilraun til að meta hver er staða einstakra búgreina í þessu efni. Öruggar upplýsingar eru til um framleiðslu og sölu nautgripa og sauðfjárafurða, en tekið skal fram, að mjög takmarkaðar upplýsingar eru um það efni varðandi aðrar búgreinar, s. s. hrossa-, svína-, alifugla- og grænmetisræktun og er því um áætlunartölur að ræða. Sömuleiðis er um ágiskanir að ræða varðandi hæfilega, eða æskilega neyslu t. d. eggja og grænmetis, en stuðst við reynslu í nálægum löndum.

Mjólk	Kindakjöt	Nautakjöt	Hrossakjöt	Svinakjöt	Alifkjöt	Egg	Kartöflur	Grænmeti	Tómatar, gúrkur
24%	50%								
100%	100%	90%	90%	90%	90%	85%	76% <sup>1)</sup>	50% <sup>2)</sup>	40% <sup>3)</sup>

Innlendar þarfir = 100%.

### Mjólkurframleiðslan.

Mjólkurframleiðsla í landinu er nú meiri en hún hefur nokkru sinni verið. Áætlað er að á verðlagsárinu 1978/1979 verði innvegið mjólkurmagn til mjólkursamlaganna um 125 milljónir lítra, sem er rúmlega 16% aukning frá verðlagsárinu 1975/1976. Á sama tíma hefur heildarsala mjólkurafurða innanlands dregist saman um 5—6% og umframframleiðsla því orðin allveruleg eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

1) Meðaltal síðustu 10 ára.

2) Ágiskun.

3) Miðað við neyslu í Svíþjóð.

### Umframframleiðsla mjólkur 1975—1978.

Ár	Innvegið mjólkur- magn millj ltr.	Heildarsala mjólkur- afurða millj ltr.	Umfr.framl. millj. ltr.	%
1975 .....	108.3	101.1	7.2	6.6
1976 .....	108.7	100.7	8.0	7.4
1977 .....	115.5	91.2	24.3	21.0
1978 .....	120.2	97.0	23.2	19.3
1978/1979 <sup>1)</sup> .....	125.0	95.0	30.0	24.0

Á yfirstandandi verðlagsári þarf að flytja út um 24% af innvegnu mjólkurmagnu ef mjólkurvörubirgðir í landinu eiga ekki að aukast. Í upphafi verðlagsársins voru birgðir mjólkurvara mjög miklar og er nauðsynlegt að reyna að draga úr þeim, þar sem vaxta- og geymslukostnaður mjólkursamlaganna er þeim þungur baggi.

Mikið umframframboð hefur verið á mjólkurafurðum í heiminum undanfarin ár og miklar birgðir eru til af smjöri og undanrennuþufti. Heimsmarkaðsverð á mjólkurafurðum er því lágt og erfitt að finna markaði. Fyrir smjör og undanrennuþuft fást nú 10—15% af óniðurgreiddu heildsöluverði erlendis, fyrir venjulega osta 20—30%, en fyrir óðalsost 40—45%. Það er því augljóst að við ríkjandi markaðs- aðstæður er ekki grundvöllur fyrir að framleiða mjólk til útflutnings.

Eðlilegt er að mjólkurframleiðslan sé það mikil að hægt sé að fullnægja eftirspurn eftir mjólkurafurðum innanlands árið um kring hvar sem er á landinu. Vegna mikillar árstíðasveiflu í framleiðslunni þarf að framleiða um 5—10% umfram heildarsölu innanlands til þess að þessu marki sé náð.

Miðað við þá sölu sem nú er á mjólkurafurðum innanlands og eðlilega sveiflu í framleiðslu milli ára og árstíða er hæfileg mjólkurframleiðsla 105 milljónir lítra  $\pm$  3%.

Þessu marki má ná á tiltölulega skömmum tíma, 1—2 árum, með minni fóður- bætisgjöf og einhverri fækkun mjólkurkúa. Leggja verður áherslu á að fá sem hagstæðast verð fyrir þær mjólkurvörur sem flytja þarf út.

### Nautakjöt.

Mjög óljósar upplýsingar eru til um framleiðslu og sölu nautakjöts, þar sem verulegur hluti þess er seldur beint frá framleiðendum til neytenda. Þjóðhagsstofnun áætlað að framleiðslan hafi verið 2 300 tonn árið 1977 eða um 10 kg ársneysla pr. íbúa. Vitað er að skortur er á nautakjöti í bestu gæðaflokkunum, en ekki verður annað séð en framleiðsla á ódýrara nautakjöti sé nægileg.

Vegna hárra niðurgreiðslna á kindakjöti síðustu mánuði hafa verðhlutföll milli þess og nautakjötsins raskast og nokkrar birgðir safnast. Gera verður ráð fyrir að þetta sé tímabundið ástand.

Á næstu árum er gert ráð fyrir að hafist geti framleiðsla á úrvals nautakjöti af holdanautablendingum sem ræktaðir hafa verið á tilraunastöðinni í Hrisey. Erfitt er að átta sig á því hvort aukið framboð af úrvals nautakjöti muni verða til þess að auka heildarkjötneysluna eða draga úr sölu á öðru kjöti. Þar koma einnig til áhrif niðurgreiðslna og óvissa um þróun neyslunna. Heildarkjötneysla pr. íbúa árið 1977 er áætluð 62.2 kg. Er það töluvert meira en í Noregi og Svíþjóð, þar sem ársneyslan er 46.0 kg og 53 kg pr. mann á ári (alifuglakjöt ekki meðtalið). Í öðrum nálægum löndum er kjötneyslan víða nokkru meiri eða 70—80 kg á ári. Ef tekið er meðaltal síðustu 30 ára er árleg kjötneysla hér á landi um 70 kg á mann.

1) Verðlagsárið 1978/1979 áætlað.

Sé reiknað með svipuðu efnahagsástandi hér á landi næstu árin og tiltölulega lægri niðurgreiðslum, sem er yfirlýstur vilji stjórnvalda, má gera ráð fyrir að kjötneysla minnki, og þá sérstaklega á kindakjöti. Ef hins vegar efnahagur almennings batnar er líklegt að kjötneysla vaxi og beinist aukningin fremur að dýrari kjöttegundunum.

Mjög litlu fé hefur verið varið til kynningar og auglýsinga á kjöti hér á landi og verður því að teljast líklegt að auka megi neysluna. Hér verður gert ráð fyrir að auka megi framleiðslu á úrvals nautakjöti á næstu árum og nautakjötsneyslan þr. íbúa vaxi um 10% frá því sem nú er.

#### Kindakjöt.

Miklu erfiðara er að setja skynsamlegt markmið í sauðfjárframleiðslunni en í öðrum greinum. Það stefnumið, að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir búvörur átti framan af einkum við um matvörur. Með vaxandi iðnaði úr ull og skinnnum hefur þetta markmið smám saman fengið víðari merkingu. Hefur það átt sinn þátt í að auka sauðfjárframleiðsluna svo sem raun ber vitni. Kindakjötsframleiðslan var á s. l. hausti um 35% umfram innlendar þarfir og ráðgert er að flytja út um 5 500 tonn af kjöti. Ef tekið er meðaltal árána 1970—1978 hefur þurft að flytja út 26.8% þessi ár.

Kindakjötsneyslan hefur farið minnkandi síðustu árin. Árið 1962 var hún 52.7 kg þr. íbúa á ári. Árið 1967 48.5, árið 1972 44 kg og árið 1977 44 kg. Þessu valda breyttar neysluneytur, aukið framboð annars kjöts og tíðar verðsveiflur vegna breytilegra niðurgreiðslna. Líklegt er að með lækkandi niðurgreiðslum og enn frekari aukningu á framboði annars kjöts muni kindakjötsneyslan minnka enn á næstu árum. Ítarleg leit að betri mörkuðum erlendis hefur enn ekki borið árangur.

Samkvæmt upplýsingum um þróun ullar- og skinnaiðnaðar mun, við ríkjandi aðstæður, ekki kreppa að þeirri framleiðslu þótt nokkuð dragi úr sauðfjárframleiðslu. (sjá nánar í VIII. kafla)

Það er því fátt, sem bendir til annars en að draga verði nokkuð úr framleiðslunni um sinn að minnsta kosti.

Hins vegar er vandi að setja markið í því efni. Skyndiákvæðanir um öran samdrátt geta valdið byggðaröskun, sem ekki verður við ráðið.

Sauðfjárræktin er megin uppistaða búvöruframleiðslunnar í heilum landshlutum, s. s. í Dölum, á Vestfjörðum, á Norðurlandi austanverðu og á Austurlandi. Þetta eru jafnframt þeir landshlutar þar sem byggð stendur almennt höllustum fæti og þolir minnsta röskun. Þótt samdráttur í sauðfjárræktinni hefði ekki áhrif á skinnaiðnaðinn í núverandi stöðu, eru líkur á að hann megi stórauka, eins og fram kemur í kafla VIII, 6. Flestir, ef ekki allir atvinnuvegir þjóðarinnar eiga nú í vök að verjast. Ekki er ljóst í hvaða atvinnugreinar á helst að beina því aukna vinnuafli, sem á næstu árum kemur á vinnumarkaðinn.

Ekki er heldur ljóst hvert ætti að beina vinnuafli, sem úr landbúnaðinum kæmi, ef samdráttur í nautgripa- og sauðfjárrækt yrði meiri en svo, að vinnuafliinu mætti að mestu beina í aðrar búgreinar.

Skinnaiðnaðurinn er e. t. v. sá útflutningsiðnaður sem mesta vaxtarmöguleika á. Þótt hann nýti nú aðeins hluta þess hráefnis sem sauðfjárræktin leggur til eru vaxtarmöguleikar hans í náinni framtíð augljóslega samtengdir ákvörðun um umfang sauðfjárframleiðslunnar.

Hér er því lögð áhersla á, að hið fyrsta verði gerð úttekt á gildi sauðfjárræktarinnar fyrir þróun atvinnulífsins í landinu og framtíðarþróun byggðar um landið.

Hins vegar er nú þannig komið málum, að útflutningsbætur eru þrotnar, og bændur fá ekki nema hluta framleiðslukostnaðarverðs fyrir um helming þess kindakjöts, sem flytja þarf út. Það virðist því óhjákvæmilegt að draga úr framleiðslunni á allra næstu árum að því marki að bændur fái fullt verð fyrir framleiðslu sína. Miðað við ríkjandi markaðsástand er það samdráttur um 18—20%.

Skipulega þarf að vinna að því, að þessi samdráttur verði á mjólkurframleiðslu-  
svæðunum og á framleiðslu þéttbýlisbúa og annarra sem hafa aðalatvinnu af öðru en  
sauðfjárrækti. Jafnframt þarf að leita leiða til að lækka framleiðslukostnað sauð-  
fjárbúanna og bæta samkeppnisaðstöðu þeirra.

#### Aðrar kjöttegundir.

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan, virðist framleiðsla hrossakjöts,  
svínakjöts og alifuglakjöts vera nokkurn veginn í samræmi við eftirspurn. Þessar  
kjöttegundir fara að mestu utan sölukerfis landbúnaðarins og eru því upplýsingar  
um framleiðslu og sölu af skornum skammti.

Það virðist hins vegar ljóst, að birgðir safnist ekki og ekki verður vart við skort  
á markaðnum, nema tímabundið á svínakjöti og folaldakjöti.

Gert er ráð fyrir, að með aukinni kynningu og bættu markaðsskipulagi megi  
auka nokkuð sölu á svína- og alifuglakjöti á næstu árum og því sé rúm fyrir litils-  
háttar framleiðsluaukningu. Breytt stefna í niðurgreiðslumálum og aukin hagræðing  
myndi vafalítið gera þessar kjöttegundir samkeppnisfærari við annað kjöt heldur  
en nú er. Þó verður að fara mjög gætilega í að auka þessa framleiðslu. Enginn er  
bættari með því að færa offramleiðslu á kjöti úr einni grein framleiðslu í aðra.  
Auk þess byggja þessar greinar nær eingöngu á innfluttu fóðri og væri það því í  
andstöðu við öryggismarkmið landbúnaðarstefnunnar að færa kjötframleiðsluna yfir  
í þær umfram það, sem bein aukning eftirspurnar gefur tilefni til.

#### Egg.

Litlar upplýsingar eru til um eggjaframleiðsluna því hún fer öll utan við sölu-  
kerfi landbúnaðarins. Hins vegar eru til nokkuð áreiðanlegar tölur um fjölda  
varphænsna (sjá kafla IX, 3). Samkvæmt því má gera ráð fyrir að neyslan sé um  
180 egg á ári sem er svipað og í Noregi, en töluvert minna en í öðrum nálægum  
löndum.

Talið er, að með bættu söluskipulagi og aukinni kynningu megi auka eggja-  
neysluna á næstu árum um allt að 15% og er það markmið sett hér.

#### Kartöflur.

Síðustu tíu árin hefur að meðaltali þurft að flytja inn 24% af árlegri kartöflu-  
neyslu eða 37 000 tonnur á ári. Stefna ber að því að fullnægja þessari þörf og jafn-  
framt að gera uppskeruna árvissari.

#### Grænmeti og gróðurhúsaafurðir.

Ljóst er, að við eigum langt í land með að fullnægja þörfinni innanlands fyrir  
þessar vörur, nema þá helst gulrófur. Raunar er lítið vitað hver neyslupörfin er,  
því hún hefur takmarkast af framboðinu.

Almennt verður að teljast æskilegt að auka verulega neyslu grænmetis og þarf  
að gera átak í þá átt á næstu árum.

Um vaxtarmöguleika garðyrkjunnar og líklega neyslu vísast til kafla IX. 4.

#### 3. Neysluáætlun.

Á síðustu árum hafa neysluvenjur þjóðarinnar beinst að ýmsum innfluttum  
matvælum á kostnað innlendrar framleiðslu sem almennt er viðurkennd að vera  
æskilegri frá manneldissjónarmiði.

Gera þarf átak í að snúa þessari þróun við með upplýsingum og fræðslu í  
samvinnu ríkisvalds, bændasamtaka og neytenda.

Í samræmi við þau framleiðslumarkmið, sem sett eru hér að framan verði gerð  
neysluáætlun fyrir þjóðina, er miði að aukinni hollustu í neysluvenjum og nýtingu  
innlendrar framleiðslumöguleika. Í því sambandi má benda á að ostaneysla er hér

aðeins um helmingur þess sem er t. d. í Noregi og Svíþjóð. Neysla kartaflna pr. íbúa hefur minnkað á síðustu áratugum og er einnig minni hér en í nálægum löndum. Ástæðan er vafalítið sú að gæði kartaflna eru oft misjöfn og neytendur heina því kaupum sínum að öðrum vörum sem komið geta í stað kartaflna. Áður er bent á að neysla grænmetis er lítil hér á landi og þyrfti að aukast.

#### 4. Byggðastefnan.

Landbúnaður gegnir miklu hlutverki í sambandi við búsetu fólksins í landinu og fjöldi manna starfar bæði við atvinnuvegin og við störf tengd honum. Erfitt er að gera sér grein fyrir hversu margir byggja afkomu sína á þjónustu við landbúnaðinn eða úrvinnslu landbúnaðarafurða. Nefna má allmörg þorp og bæi, sem byggjast nær eingöngu á þjónustu við landbúnaðinn eða úrvinnslu. Helstu staðir eru Borgarnes, Búðardalur, Blönduós, Vík, Hella, Hvolsvöllur og Selfoss. Aðrir staðir, sem byggja afkomu sína verulega á landbúnaðarframleiðslu eru Hvammstangi, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Vopnafjörður, Egilsstaðir, Breiðdalsvík, Höfn og svo höfuðborgin Reykjavík. Aðrir þéttbýlisstaðir byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, verslun, almennri þjónustu og iðnaði.

Ör og mikill samdráttur í landbúnaðarframleiðslu alls staðar á landinu myndi hafa veruleg áhrif á atvinnulíf margra þeirra staða sem nefndir voru áður, þótt ekki þurfi að gera ráð fyrir heinu atvinnuleysi. Bein áhrif verða fyrst og fremst á sláturhús og mjólkurstöðvar. Samdráttur í viðskiptum og þjónustu allskonar myndi líklega hafa meiri áhrif. Af upptalningu þéttbýlisstaðanna sést að áhrifin yrðu einna mest á Norðurlandi og Suðurlandi, en einnig talsverð á Vesturlandi.

#### 5. Landnýting — landvernd.

Úthagi, afréttir og heimalönd eru einkum nýtt fyrir sauðfjár- og hrossabeit. Þó gengur sauðfé mikið á ræktuðu landi, einkum vor og haust. Mjög hefur dregið úr hrossabeit á afrétti, og verulegur hluti fjárins gengur í heimalöndum á láglendi sumarlangt, þó mismunandi eftir sveitum, en sum sveitarfélög eiga ekki afrétti. Vetrarbeitið hefur farið minnkandi, og er hún víða lítið sem ekkert notuð fyrir sauðfé. All víða er vetrarbeitið notuð fyrir hross, en þó er jafnan gefið töluvert með.

Að sumra áliti eru afréttarlönd og jafnvel heimalönd fullnýtt, og á sumum svæðum mun vera of mikið beitarálag, einkum þegar árferði er slæmt. Mest er ofbeitarhættan á eldfjallasvæðunum, en víða á þeim hefur orðið tiltölulega mikil fjölgun búfjár síðustu árin. Ýmsum aðgerðum hefur verið beitt (í samræmi við lög um afréttarmálefni og landgræðslu) til að draga úr beitarálagi, t. d. með styttingu beitatíma og takmörkunum eða hanni á uppreksri hrossa í afrétti, en ítölu hefur aðeins verið beitt í fáeinum tilvikum til þessa. Auk þess hefur verið unnið að ýmskonar landgræðslufrákvæmdum, yfirleitt með góðum árangri, sem hafa leitt til jafnari dreifingar fjárins og dregið úr ofbeitarhættu á viðkomandi svæðum.

Skilningur fer vaxandi á nauðsyn þess að varðveita landgæði og vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs. Hafa víða verið unnin stórvirki á undanförunum áratugum við uppgreðslu gróðursnauðs eða örfoka lands. Í þessu sambandi þarf m. a. að huga vel að beitarálagi í landinu og nýta alla tiltæka þekkingu við að bæta skipan þeirra. Þarf m. a. að ljúka gerð gróður- og jarðakorta af landinu öllu svo og skráningu landamerka allra jarða. Þess má geta, að jarðakort vantar enn af flestum héruðum landsins.

Framtíð íslensks landbúnaðar hlýtur að byggjast mjög á því, að beitargróður verði hóflega nýttur, hvar sem er á landinu. Viðhald hinna dreifðu byggða stuðlar að bættri dreifingu beitarfélnaðar og sem jafnastri nýtingu landsins alls. Taka þarf sérstakt tillit til landstærðar og landgæða á einstökum býlum, svo og í einstökum sveitum og landshlutum, við mörkun nýrra framleiðslustefnu í landbúnaði. Því þarf sem best samræmi að vera á milli vals á búgreinum og uppbyggingar á hverri jörð annars vegar og hins vegar þeirra landgæða, sem jörðin hefur yfir að

ráða, hvort sem er um að ræða ræktunarland, beit í heimalöndum, eða afréttanot. Leggja ber sérstaka áherslu á samhengið á milli landnýtingar og fjárfestingar í byggingum, vélum og bústofni (sbr. IX. kafla, 2. lið) og þörfina fyrir öflun upplýsinga um búskapar- eða framleiðsluhæfni jarða með tilliti til hinna ýmsu búgreina. Því eru augljós tengsl skynsamlegrar og hóflegrar landnýtingar, hvort sem er til beitar eða annarra þarfa, og gerðar búrekstararáætlana (sbr. IX. kafla, 1. lið). Móta þarf ákveðnari reglur um veitingu styrkja og lána til uppbyggingar og endurbóta á jörðum og búa þannig um, að ákveðnum skilyrðum um landkosti sé ætíð fullnægt, áður en fjárfestingarsjóðir veita fyrirgreiðslu sína. Því er frumskilyrði, að fyrir liggi úttekt á búskaparhæfni einstakra jarða.

Verði samdráttur í hefðbundinni búvöruframleiðslu, t. d. vegna fækkunar sauðfjár, verður væntanlega rýmra í högum. Engu að síður þarf að komast ákveðin og markviss langtímaskipan á nýtingu beitilanda, svo sem áður var vikið að. Slíkt skipulag gæti reyndar orðið þáttur í mótun nýrrar framleiðslustefnu, en þess skal gætt, að sem best samræmi verði á milli þarfa landbúnaðar annars vegar og almennra landverndar- og náttúruverndarsjónarmiða hins vegar. Í framtíðinni ætti að stefna að því að tengja skógrækt traustari böndum við landbúnaðinn en raun er á, og þörf er á samræmingu þeirra sjónarmiða, sem þessi mál varða.

## 6. Kjör bænda.

Markmið landbúnaðarstefnunnar er að tryggja búvöruframleiðendum fjárhagslega afkomu og félagslega aðstöðu sem sé hliðstæð því sem aðrir þjóðfélagshópar hafa.

Þessu marki skal m. a. náð með beinum samningum um verðlags- og kjaramál milli ríkisvalds og bænda.

Í slíkum samningum verði m. a. heimilt að semja um ýmsa fjárhagslega fyrirgreiðslu, umbætur á félagslegri aðstöðu og stuðning við hagræðingu í stað beinna hækkana á verði búvöru. Um slíkt atriði visast nánar í kafla IX. 8. lið.

Til að tryggja það enn frekar að tekjumarkmið landbúnaðarstefnunnar náist eru ýmsar umbætur í markaðs- og sölumálum nauðsynlegar.

Nauðsynlegt er að heimila meiri sveigjanleika í verðlagningu búvara svo hagræða megi verði þeirra eftir markaðsaðstæðum. Ætti það að vera til hags jafnt fyrir neytendur og framleiðendur.

Til að nýta sem best innlenda markaðinn þarf að auka sölustarfsemi og kynningu á framleiðsluvörum bænda. Búvöruframleiðendum verði áfram veitt sú tekjuþrygging sem felst í verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra búvara. Stöðugt þarf að vinna að því að sem hagstæðast verð fáið fyrir þær vörur sem flytja þarf út.

Atvinnuöryggi búvöruframleiðenda er undir því komið að jafnvægi haldist milli framleiðslumagns, innlendra sölumöguleika og þeirrar verðábyrgðar sem ríkissjóður veitir vegna útfluttra búvara.

Ef tryggja á atvinnuöryggið og sanngjarna nýtingu verðábyrgðarinnar þarf stjórnþæki til að halda framleiðslunni innan hæfilegra marka.

## 7. Markmið í framleiðni.

Almennt verður að gera þá kröfu að búvöruframleiðslan sé rekin með fyllstu mögulegri hagkvæmni miðað við aðstæður. Tækniþróun og aukin þekking undanfarna áratugi hefur gert kleift að stórauka framleiðsluna, þrátt fyrir stöðuga fækkun þeirra, sem að bústörfum vinna.

Tækniþróun og beiting þekkingar ásamt aukinni sérhæfingu geta enn aukið framleiðslumagn á hvern starfsmann. Mikilvægt er að stefnt sé að hagræðingu þannig að sem mest af andvirði framleiðslunnar komi í hlut bóndans.

Auka þarf hagfræðilegar rannsóknir í þágu landbúnaðarins og beina þeim meira að þeim þáttum, sem felast í þessari stefnumörkun.

Jafnfarmt þarf að tryggja að slík aukin þekking eigi greiða leið til bænda (sjá kafla IX. 6. lið).

## VIII. KAFLI

### ÁHRIF SAMDRÁTTAR Í BÚVÖRUFAMLEIÐSLUNNI.

Í eftirfarandi köflum verður reynt að gera grein fyrir áhrifum samdráttar í nautgripa- og sauðfjárframleiðslu. Fjallað er m. a. um áhrif samdráttarins á tekjur bænda og hvernig þeir geta brugðist við þeim vanda.

Einnig er fjallað um áhrif samdráttar í sauðfjárframleiðslunni á ullar- og skinnaiðnaðinn í núverandi stöðu og möguleika á að fullvinna ull og gærur innanlands.

#### 1. Áhrif samdráttar á byggðajafnvægið.

Áhrif samdráttar í búvöruframleiðslunni á sveitirnar eru mjög mismunandi eftir búgreinum. Almennur samdráttur í sauðfjárrækt hefur mest áhrif í Dalasýslu og Vestfjarðakjálkanum, og á svæðinu frá Tjörnesi til A.-Skaftafellssýslu. Almennur samdráttur í mjólkurframleiðslu hefur mest áhrif á Norðurlandi vestra og í Eyjafirði, á Suðurlandi og í Borgarfirði.

Lítils háttar samdráttur um skamman tíma á landinu öllu hefur ekki úrslitaáhrif á landbúnaðinn, en þar sem draga þarf verulega saman er nauðsynlegt að gera það skipulega. Skipta þarf landinu niður í framleiðslusvæði með tilliti til hættu á byggðaröskun og möguleika íbúanna á annarri atvinnu.

Samdráttur í sauðfjárrækt þyrfti að verða í sterkustu byggðum landsins: Suðurlandi, Vesturlandi að Snæfellsnesi og á Norðurlandi í Skagafirði og Eyjafirði. Á þessum svæðum er sauðfjárrækt víða stunduð sem hliðarbúgrein eða tómstundabúskapur, en annars staðar er hún víða aðal búgreinin og verður það næstu árin. Til þess að halda landinu í byggð er nauðsynlegt að sauðfjárrækt fái að vaxa á strjálbýlustu svæðunum, bú þurfa að stækka og framleiðni að aukast. Þau svæði þola ekki mikinn og enn síður langvarandi samdrátt. Sérstakar ráðstafanir þarf að gera til styrktar búsetu á þessum svæðum.

Mjólkurframleiðslu er að ýmsu leyti erfiðara að draga saman, þar sem hún er almennt stunduð sem aðal búgrein eða önnur af tveimur. Helst ætti að draga hana saman á jöðrunum, en gefa þarf þeim svæðum möguleika á kjötframleiðslu af nautgripum eða öðrum búgreinum. Mjólkurframleiðendum á aðalframleiðslusvæðunum þarf að fækka til þess að aðrir fái að þróast eðlilega í framtíðinni.

Frá hagkvæmnis- og byggðasjónarmiði er því nauðsynlegt að skipta landinu í framleiðslusvæði búgreina. Til stjórnunar framleiðslumagninu er hægt á grundvelli slíkrar svæðaskiptingar að greiða misjafnt verð eftir því hvort um aðal búgrein svæðisins er að ræða. Hugsanlegt er, að í framtíðinni þurfi að setja hömlur á tómstundabúskap.

#### 2. Áhrif samdráttar í ræktun.

Árleg stækkun túna var mest á árunum 1963—1969, en síðan hefur dregið nokkuð úr henni. Eftir því að dæma ætti einnig að hafa dregið úr aukningu fóðuraflla, en þó þarf það ekki að vera, þar eð meiri uppskera af flatareiningu, t. d. vegna hagstæðara tíðarfars og bætt verkun, þ. e. betri nýting heyja, getur vegið í móti samdrætti í nýræktun og meira en það.

Stækkun túna getur verið ráðleg í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi til að stækka búið og auka framleiðslu. Eins og málum er nú háttáð, verður stækkun í þessum tilgangi að teljast óhagkvæm fyrir þjóðarbúið og bændastéttina í heild, en getur verið hagkvæm fyrir einstaka bónda, t. d. þann, sem hefur það lítið bú, að það er óheppileg rekstrareining. Í öðru lagi getur túnstækkun verið ráðleg til að auka heffing, án þess að fjölga búfé. Við það yrði búreksturinn hagkvæmari, þar sem minna þyrfti að kaupa af fóðurbæti. Stækkun af þessu lagi ætti ekki að þurfa að hafa framleiðsluaukningu í för með sér.



Samdráttur í ræktun myndi trúlega bæði draga úr framleiðsluaukningu og hagkvæmni í búrekstri. Hið fyrra verður að teljast æskilegt, en hið síðara miður. Best væri, ef unnt reyndist að draga úr framleiðsluaukandi ræktun, en hvetja ræktun til aukinnar hagræðingar við búrekstur.

Verði stórfelldur og skyndilegur samdráttur í ræktunarframkvæmdum bænda, er hætt við að ýmis ræktunarsambönd lendi í erfiðleikum, einkum þau, sem nýlega hafa keypt vélar, ýtur eða skurðgröfur, sem stæðu skyndilega verkefnalausar eða verkefnalitlar. Gæti farið svo, að selja yrði vélararnar úr byggðarlaginu, en það gæti naft óheillavænleg áhrif á þróun mála þar.

### **3. Áhrif samdráttar í mjólkurframleiðslunni á rekstur mjólkursamlaganna.**

Samdráttur í mjólkurframleiðslunni hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif á rekstur mjólkursamlaganna.

Jákvæð áhrif eru að mjólkurvörubirgðir minnka og þá um leið binding fjármagns í birgðum. Um s. l. áramót var verðmæti mjólkurvörubirgða um 6,5 milljarðar króna, en það samsvarar um 39% af því fé, sem mjólkursamlögin eiga að standa skil á til framleiðenda fyrir innlagða mjólk á árinu 1978.

Einnig minnkar útflutningur mjólkurafurða. Það mundi í fyrsta lagi hækka útborgunargetu mjólkursamlaganna og í öðru lagi minnka greiðslu útflutningsbóta. Útflutningur yrði nær eingöngu óðalsostur. Þegar vöntun er á útflutningsbótum, eins og nú er, og framleiðendur verða sjálfir að taka á sig það sem á vantar að útflutningurinn skili innanlandsverði, þá orsakar 1% samdráttur í mjólkurframleiðslunni hækkun á greiðslugetu samlaganna um kr. 1.00 — 1.50 pr. ltr.

Neikvæð áhrif eru þau, að ef samdrátturinn verður jafn mikill alls staðar á landinu og deilist jafnt hlutfallslega á allar árstíðir er augljóst, að töluverð vöntun verður á neyslumjólk og rjóma á svæði Mjólkurstöðvarinnar í Reykjavík og á svæði Mjólkursamlagsins á Ísafirði yfir vetrartímann. Miðað við 15% samdrátt mjólkurframleiðslu, má gera ráð fyrir að flytja yrði 300—500 þús. ltr. af mjólk og rjóma frá Norðurlandi til Reykjavíkur árlega og um 100 þús. ltr. til Ísafjarðar.

Reksturskostnaður samlaganna pr. ltr. mjólkur mundi hækka, þar sem fastir kostnaðarliðir deildust á færri lítra. Aftur á móti mætti gera ráð fyrir minni yfirvinnu yfir sumartímann.

Af föstum kostnaðarliðum eru afskriftir og vextir stærstu liðirnir, en einnig er talið, að töluverður hluti af vinnulaunum sé í reynd fastur kostnaður.

Mikill samdráttur kæmi verst niður á þeim mjólkursamlögum, sem nýlega hafa fjárfest mikið í nýjum byggingum og nýjum og afkastameiri vélum, eins og mjólkursamlögunum á Akureyri, Egilsstöðum, Hvammstanga og í Borgarnesi.

Fastur kostnaður er mjög misjafn frá einu samlagi til annars eða á bilinu kr. 10.00—30.00 pr. ltr. mjólkur. Samdráttur mjólkurmagns um 1% mundi því minnka greiðslugetu mjólkursamlaganna um 10—30 aura á mjólkurlitrann og 15% samdráttur þar af leiðandi orsaka kr. 1.50—4.50 minni greiðslugetu á lítrann.

### **Hvernig má draga úr neikvæðum áhrifum samdráttar og auka hagkvæmni í rekstri mjólkursamlaganna.**

- a. Stefna verður að því að samdráttur í framleiðslu verði hlutfallslega meiri yfir sumarmánuðina en vetrarmánuðina. Þetta verði m. a. gert með því að greiða 20—25% hærra verð fyrir vetrarmjólk en sumarmjólk.
- b. Koma verður í veg fyrir að mjólkurframleiðsla minnki á svæði Mjólkursamlags Ísfirðinga.
- c. Athugað verði hvort ekki sé hagkvæmt fyrir alla aðila að þau tvö mjólkursamlög, sem taka á móti minna en 400 000 lítrum mjólkur á ári verði lögð niður og mjólkinn flutt til nærliggjandi samlaga. Rekstur þessara litlu samlaga er mjög óhagkvæmur og verður verðmiðlunarsjóður mjólkur að greiða háar upphæðir til þeirra árlega til þess að þau geti greitt framleiðendum fullt grundvallarverð.

Með bættem samgöngum hafa sjónarmið varðandi fjölda mjólkursamlaga í landinu breyst mikið. Það getur verið hagkvæmara að flytja bæði hrámjólk og unnar neysluvörur nokkra vegalengd í stað þess að reka lítið mjólkursamlag á staðnum með miklu tapi.

- d. Afkastageta mjólkursamlaganna til ostagerðar verði betur nýtt með því að lengja vinnutímann með skiptivöktum eða tvískiptum vöktum yfir sumarmánudina og með því að nota undanrennuduft og jafnvel smjör til ostagerðar á veturna. Einnig verði athugað með enn frekari flutning á hrámjólk milli samlaga en nú er.
- e. Tekið verði upp nánara samstarf milli samlaga, þannig að hvert samlag sérhæfi sig í ákveðnum vörutegundum eða vöruflokkum. Horfið verði frá þeirri stefnu, sem ríkt hefur hingað til að hvert samlag framleiði með miklum tilkostnaði nær allar vörutegundir fyrir sitt sölusvæði.
- f. Gert verði heildarskipulag fyrir mjólkursamlögin í landinu til langs tíma þar sem m. a. verði mótuð stefna varðandi eftirfarandi atriði: Hvar í landinu á að reka mjólkursamlög, hver afkastageta hvers samlags á að vera, hvaða verkefnum hvert samlag á að sinna og hvernig samlögin geti starfað nánar saman til hagræðis fyrir alla aðila?

#### 4. Áhrif samdráttar í mjólkurframleiðslu á afkomu bænda.

Samdrætti í framleiðslu búfjárafurða má ná á tvo vegu. Annars vegar með fækkun gripa og hins vegar minni afurðum eftir grip. Hér á eftir verður fjallað um misunandi áhrif þessara þátta á afkomu bænda. Gengið er út frá því að engar útflutningsbætur séu og umframframleiðsla á mjólki sé 20 milljón lítrar.

##### Fækkun gripa.

Fækkun gripa getur í meginráttum orðið á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að framleiðendum fækki og í öðru lagi fækkun gripa á framleiðanda.

a) Færri framleiðendur. Framleiðendur fá fullt verð á innanlandsmarkaði, en eins og er, er lítið verð fyrir útfluttar mjólkurvörur. Ef aðeins ætti að fullnægja innanlandspörf í góðum árum þyrftu nú um 400 mjólkurinnleggjendur að hætta framleiðslu, þar sem meðalframleiðsla innleggjenda er um 50 000 lítrar. (Hér er átt við innleggjenda en ekki kúabú). Tekjulega séð yrði afkoma þeirra bænda, sem héldu áfram framleiðslu betri, því að þá mundu þeir fá betra verð fyrir framleiðslu sína og herra verð eftir því, sem fleiri hættu þar til framleiðslan er í samræmi við innanlandspörf. Áhrif fækkunar framleiðenda fara meðal annars eftir staðsetningu þeirra. Ef t. d. flutningaleiðir mjólkurbíla mundu stytast við fækkun, yrði það jákvætt fyrir þá, sem halda framleiðslu áfram. Möguleikar til að fækka og áhrif fækkunar framleiðenda eru mjög misjöfn eftir svæðum. Einungis þeir bændur, sem ekki hafa byggt upp á síðustu árum, geta hætt framleiðslu án stórkostlegrar röskunar séu aðrir möguleikar ekki fyrir hendi, til þess að bæta tekjutapið. Nauðsynlegt er að aðrir atvinnumöguleikar séu fyrir hendi fyrir þá bændur, sem mundu hætta mjólkurframleiðslu. Sennilegast er að þeir sem fyrst mundu hætta væru eldri bændur eða þeir sem eru að hefja eða hafa nýlega hafið búskap. Framleiðsluminnkun, sem yrði, þegar mjólkurframleiðsla er lögð niður á þessum stöðum, mundi ekki verða mikil, því gera má ráð fyrir að þeir sem hættu væru ekki stórir innleggjendur. Ákveðin prósentufækkun innleggjenda mun því ekki þýða samsvarandi framleiðsluminnkun.

Þar sem ekki er vitað um heildarfjölda þeirra, sem geta hætt án mikillar röskunar, er erfitt að gera sér grein fyrir því hverjir eru líklegastir til þess að hætta framleiðslu og hve mikil áhrif það mun hafa á framleiðslumagn.

b) Fækkun gripa á framleiðanda. Til þess eingöngu að fullnægja innanlandspörf í góðum árum þyrfti um 31 000 kýr, sem er um 6 000 kúm færri en nú eru í landinu. Þegar framleiðsla er dregin saman með fækkun gripa hjá hverjum framleið-

anda kemur sú tekjuskerðing sem bændur verða fyrir í raun og veru ekki strax fram, vegna þess að þá losnar um fjármagn bundið í bústofni og rekstri (rekstrarfjármagn).

Aðgerðir, til samdráttar með því að fækka gripum, þurfa að hafa langan aðdraganda, ef áhrifa þeirra á að gæta á réttum tíma.

Burðartími kúnna er breytilegur og dreifist yfir allt árið. Í mars, apríl og maí mánuðum bera um 40—50% af kúnum og er mjólkurframleiðslan þar af leiðandi mest yfir sumartímann. Þessi árstíðasveifla hefur skapað mjólkurbúum mikinn vanda, þar sem mjólkurframleiðslan er helmingi meiri þegar hún er mest yfir sumarið heldur en þegar hún er minnst yfir vetrarmánuðina og minni nýmjólkurneysla er einnig yfir sumarmánuðina. Vinnsla á smjöri fer því að mestu leyti fram á sumrin, þegar framleiðslan er mun meiri heldur en neyslan.

Af framansögðu má leiða að því rök að þær kýr, sem fargað yrði, þyrftu helst að vera vorbærur, þar sem það myndi draga úr framleiðslu yfir sumarið. Á hinn bóginn er kjarnfóðurnotkun handa vorbærum minnst, því að mjólkurframleiðslan fer hjá þeim að mestu fram á beit.

Endurnýjun kúastofnsins er um 17% á ári, og hugsanlegt er að fækka gripum með því að endurnýja ekki að hluta til þann kúastofn, sem fellur frá á árinu.

Fækkun gripa mun í bili auka framboð á nautgripakjöti, en eftirspurn eftir því hefur aukist stöðugt á undanförunum árum. Einnig má benda á að kýr, sem fyrirsjáanlegt er að mundu verða arðlítlar vegna heilsuleysis, erfiðleika í sambandi við frjósemi, fastmjólka kýr, kýr með skapgalla og fl. ættu að koma frekar til greina, þegar um fækkun er að ræða. Sparnaður í tilkostnaði er því í reynd meiri, ef slíkum kúm er fargað, heldur en meðaltölur sýna. Þá bása, sem auðir yrðu mætti nýta fyrir holdanaut til kjötfframleiðslu.

#### Minni afurðir eftir grip.

Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr afurðum eftir grip er að takmarka magn og gæði fóðurs. Hagkvæmasta leiðin til að ná ákveðinni afurðaminnkun, er að draga úr notkun á aðkeyptu fóðri, sem er að mestu leyti kjarnfóður. Erfitt er að áætla lágmarkskjarnfóðurþörf þannig að innanlandsmarkaði sé fullnægt í góðum árum. Fjölmargir þættir hafa áhrif á kjarnfóðurþörfina. Meðal annars má nefna árferði, gæði sumar- og haustbeitar (grænfóðurs) og þá sérstaklega heygæði. Með því að reikna með hagstæðu árferði og góðum heyjum má áætla að lágmarkskjarnfóðurþörf gæti verið um 20 000 tonn. Með stórbættri heyverkun og nýtingu beitilands mætti draga allverulega úr kjarnfóðurþörfinni. Þó er ólíklegt að hægt væri að ná kjarnfóðurþörfinni niður fyrir 10 000 tonn þar sem alltaf verður þörf á kjarnfóðri handa nýthæstu kúnum og á fyrsta hluta mjaltaskeiðsins.

Minni kjarnfóðurnotkun við mjólkurframleiðslu mun ekki hafa sömu áhrif alla mánuði ársins, þar sem mjólkurframleiðslan yfir sumar- og haustmánuðina fer að miklu leyti fram á beit á túni og grænfóðri og kjarnfóðurnotkun er þá í lágmarki. Eins og áður er vikið að fer smjörframleiðslan að mestu leyti fram á sumrin og samdráttur í kjarnfóðurnotkun mun því ekki leysa þann vanda nema að litlu leyti. Þelja verður óæskilegt fóðurfræðilega séð að draga úr kjarnfóðurnotkun hjá nýbærum niður fyrir fóðurfræðilega þörf, þar sem þær fá ekki nauðsynlega næringu til viðhalds og mjólkurmyndunar nema með kjarnfóðurgjöf. Skynsamlegasti tíminn til þess að draga úr kjarnfóðurgjöf mjólkurkúa er síðari hluti mjaltaskeiðsins, þegar nytin er orðin allmiklu minni en á fyrri hluta mjaltaskeiðsins og gólfóður á í flestum tilfellum að sjá fyrir næringarþörfinni.

Eftir búreikningum að dæma er kjarnfóður ofnotað í sumum tilfellum þannig að framleiðandinn leggur sig ekki fram um að mismuna kúnum í kjarnfóðurgjöf eftir ný.

Ljóst er að mismunandi gæði gróffóðurs krefjast mismikils fóðurbætis. Bætt heyverkun er mikilvægasti þátturinn í þá átt að stuðla að minni þörf á kjarnfóðurnotkun.

Áhrif samdráttar í framleiðslu mjólkur á tekjur bænda fer eftir því á hvern hátt samdrátturinn á sér stað. Þær þrjár leiðir, sem um er að velja og nokkur grein hefur verið gerð fyrir hafa ekki sömu áhrif. Fækkun gripa virðist hagkvæmari leið en samdráttur í afurðum eftir grip. Sérstaklega á þetta við á stærri búunum með litlar afurðir eftir árskú.

Lauslegur samانبurður bendir til þess að með samdrætti í kjarnfóðurnotkun megi spara um 60 kr. á hvern lítra, sem hætt er við að framleiða, en frá 67—80 kr. með því að fækka kúm. Þá er reiknað með því að nýta megi heyið, sem sparast, handa öðru búfé eða selja það. Vinnusparnaður er að öðru leyti ekki tekinn með í dæminu.

Ef vinna við gripahirðingu og vextir væru tekin með mundi sparnaður í tilkostnaði verða enn þá meiri með fækkun gripa heldur en minni kjarnfóðurnotkun, þegar dregið er úr framleiðslu.

Til að vega upp á móti því tekjutapi, sem samdráttur hefur í för með sér, mætti draga verulega úr framleiðslukostnaði með því að stórauka heygæði, sem hefði í för með sér mun minni þörf á kjarnfóðri, sjá töflu.

#### Árleg kjarnfóðurbörf miðað við mismiklar ársafurðir (kg).

Burðartími	Heygæði	Ársnyt	Ársnyt
		2 750 kg	4 250 kg
1. október	Góð hey 1.7 kg/fe .....	124	690
	Léleg hey 2.1 kg/fe .....	954	1 705
1. maí	Góð hey 1.7 kg/fe .....	60	579
	Léleg hey 2.1 kg/fe .....	476	1 273

Í töflu er sýndur útreikningur á árlegri kjarnfóðurbörf kúa miðað við mismunandi ársafurðir, burðartíma og heygæði. Taflan sýnir hve mikil áhrif heygæðin hafa á kjarnfóðurbörf og að mestum sparnaði í kjarnfóðurnotkun má ná með því að láta kýrnar bera á vorin og eiga kost á góðum heyjum. Taflan sýnir einnig að bætt heygæði ættu að hafa meiri áhrif til þess að draga úr framleiðslukostnaði mjólkur hjá haustbærum heldur en vorbærum.

Bætt hey er forsenda fyrir því að ná meiri jöfnun á framleiðslu mjólkur eftir árstíðum og samdrætti í kjarnfóðurnotkun.

Miðað við núverandi aðstæður er óraunhæft að reikna með því að verulegur árangur náist, þar sem hey eru almennt ekki nógu góð. Því hlýtur það að vera forgangsverkefni að auka heygæði til muna.

#### 5. Áhrif samdráttar í sauðfjárrækt á afkomu bænda.

Samdrætti í framleiðslu kindakjöts má ná á tvo vegu. Annars vegar með fækkun sauðfjár og hins vegar minni afurðum eftir kind. Reynt verður að fjalla um mismunandi áhrif þessara leiða á afkomu sauðfjársænda.

##### Fækkun sauðfjár.

Fækkun sauðfjár getur í megindráttum orðið á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að sauðfjáreigendum fækki og í öðru lagi fækkun sauðfjár hjá hverjum bónda.

##### a) Færri eigendur sauðfjár.

Eigendur sauðfjár eru margir og fjöldi sauðfjár mjög misjafn. Fjölmargir eiga sauðfé sér til skemmtunar og tómstundastarfs og gerð er grein fyrir því á öðrum stað. Það sem sérstaklega mælir gegn fækkun sauðfjársænda, er eftirfarandi.

- 1) Á sauðfjárræktarsvæðunum er víða fremur strjál byggð. Félagsleg aðstaða þessa fólks er því þegar erfið og mundi versna mjög ef bændum fækkaði.
- 2) Tekjur sauðfjárbænda eru ekki háðar fjárfjöldanum og myndu því ekki endilega lækka þó að þeir fækkuðu fé um óákveðinn tíma.
- 3) Sauðfjárrækt gæti hæglega orðið arðvænleg útflutningsatvinnugrein. Ef svo yrði, væri mjög óheppilegt að þeim, sem stunda fjárbúskap fækkaði, enda færu þá mikil verðmæti í súginn.

Hugsanlegt er að þeim fækki, sem stunda búskap sér til gamans og þeim sem stunda aðallega mjólkurframleiðslu, og öðrum sem hafa meginhluta tekna sinna af öðru en sauðfjárrækt fækkaði. Slík fækkun mundi að sjálfsögðu ekki hafa þau áhrif, sem að framan greinir.

#### b) Fækkun fjár hjá hverjum eiganda.

Kostir þessarar aðferðar eru aðallega:

1. Tekjur eru ekki alltaf háðar fjárfjölda. Búreikningar sýna, að ekki er alltaf sambandi milli fjárfjölda og nettótekna. Þessi fækkun, ef hófleg væri, þyrfti því ekki að leiða til minni tekna.
2. Fækkun gripa hjá hverjum bónda mundi ekki leiða af sér nein félagsleg vandamál.
3. Sauðfjárrækt sem útflutningsatvinnuvegur: Ef að því yrði stefnt að gera sauðfjárrækt að útflutningsatvinnugrein, væri tvímælaust rétt að halda öllum jörðum í byggð.

#### Minni framleiðsla á grip.

Þessi leið býður upp á þann möguleika að draga úr kostnaði við framleiðsluna, en mundi jafnframt leiða til minnkaðra tekna þeirra sem sauðfjárrækt stunda, miðað við að fullt grundvallarverð fái fyrir alla framleiðsluna.

Tveir stærstu útgjaldaliðirnir við sauðfjárframleiðsluna eru áburður, 12.2% og fóðurbætur 10.4%, hvort tveggja af veltu búans. Á „búreikningabúum“ eru notuð 21.8 kg kjarnfóður og 3.9 kg grasköggjar samanlagt 25.7 kg á kindi eða 1.37 kg á hvert kg kjöts. Í þessu kjarnfóðurmagni er innifalinn fiskúrgangur, loðna o. fl. Ætla má að draga megi úr notkun kjarnfóðurs um 15 kg á kind og að það mundi minnka kjötf framleiðsluna um ca. 2.0 kg á kind, eða um ca. 1 800 tonn alls.

Forsendur fyrir þessu eru að frjósemi mundi minnka um ca. 6 lömb á 100 kindur enda þótt meira hey væri gefið. Jafnframt er reiknað með að fallþungi minnkaði um minnst 1 kg.

Önnur hugsanleg leið til að draga úr framleiðslu er að minnka beit á ræktað land að hausti. Hér er einkum átt við s.k. grænfóðurbeit.

Ætla má, að um 1 800 ha grænfóðurs séu notaðir til beitar fyrir lömb að hausti. Eitthvað þyrfti að rækta af grænfóðri til beitar fyrir lömb, sem ekki er hægt að slátra fyrr en seint að hausti og þar, sem engin beit er. Samkvæmt tilraunaniðurstöðum má ætla, að um 250—300 kg af kjöti fái með beit af hverjum ha. Telja verður að eitthvað af þessu kjöti yrði framleitt á há eða öðrum gróðri. Ef gert væri ráð fyrir að með eðlilegu móti væri hægt að leggja niður grænfóðurbeit á ca. 1 600 ha, mundi það minnka kjötf framleiðsluna um u.þ.b. 400 tonn.

#### Útflutningsverð.

Eftirfarandi tafla sýnir verð sauðfjárafurða við útflutning í des. s.l. Miðað er við verð kjöts með slátur- og heildsöluverðum, verð saltaðra gæra og þveginnar ullar.

Kjöt 17.20 kg x 680 kr. ....	=	11 696.00
Gæru 3.45 kg x 600 kr. ....	=	2 070.00
Ull 1.94 kg x 700 kr. ....	=	1 358.00

---

Alls 15 124.00

Í hlut framleiðanda kæmu u. þ. b. 8 þúsund kr. Ef breytilegur kostnaður er 7 500 kr. á kind hrekkur útflutningsverðið lítið meira en til að greiða breytilegan kostnað og framleiðandinn fengi ekkert fyrir vinnu og fjármagnskostnað.

Miðað við núverandi útflutningsverð á dilkakjöti á þeim mörkuðum, sem völ er á, virðist ekki vera grundvöllur fyrir bændur að framleiða dilkakjöt til útflutnings. Þeir bændur, sem best standa að vígi, mundu hins vegar hugsa sig um tvisvar áður en þeir drægju úr framleiðslu, þótt þeir fengju lítið upp í fjármagnskostnað og vinnu, ef byggingar, ræktun og vélar eru fyrir hendi og ekki væru möguleikar á að stunda heysölu.

Lauslegur samiburður á fækkun annars vegar og minni tilkostnaði í kjarnfóðurnotkun og græn fóðurrækt hins vegar bendir til þess, að skynsamlegra sé fyrir bændur að draga fremur úr kostnaði en að fækka sauðfé, hafi þeir ekki um annað að velja en að minnka framleiðsluna. Kjarnfóðurnotkun virðist nú vera óhóflega mikil og mætti draga úr þeim kostnaði. Aukin heygæði, minni kjarnfóðurnotkun og ef til vill samdráttur í beit sláturlamba á græn fóður virðist í fljótu bragði árangursríkasta leiðin til þess að auka hagkvæmni í dilkakjötsframleiðslu.

Auk þess má benda á, að með því að fækka ekki dilkum að ráði, en minnka fallþunga og draga þannig úr framleiðslu, helst gæruframleiðslan nær óbreytt, enda þótt kjötfraðleiðsla minnki verulega.

#### 6. Áhrif samdráttar í sauðfjárrækt á ullar- og skinnaiðnaðinn og möguleikar á að auka fullvinnslu innanlands.

Á árinu 1977 var heildarmagn innveginna ullar 1 590 tonn (óhrein ull). Af töflu III í V. kafla sést hvernig ullin flokkaðist í hina ýmsu gæðaflokka. Um 75—80% ullarinnar er nothæft í góða framleiðslu.

Áætlað er að nú séu framleidd um 1 200 tonn af ullarvörum á ári hér á landi. Til þess að framleiða þetta magn þarf um 1 350—1 400 tonn af hreinni ull.

Á árinu 1977 voru til ráðstöfunar fyrir iðnaðinn:

Hrein, góð íslensk ull .....	840 tonn
Skinnaull .....	400 tonn
Innflutt ull .....	550 tonn

Samtals 1 790 tonn

Íblöndun erlendrar ullar í íslensku ullina hefur færst í vöxt á síðustu árum og er það af flestum talið til bóta að vissu marki.

Sé miðað við að blanda íslensku ullina

25% með erlendri ull .....	405 tonn
25% með skinnaull .....	405 tonn
50% séu hrein ísl. „vorull“ .....	810 tonn

Samtals 1 620 tonn

Þá eru til ráðstöfunar um 220—270 tonn umfram það, sem iðnaðurinn hefur þörf fyrir nú.

Samkvæmt því sem að framan segir myndi það ekki há ullariðnaðinum í núverandi stöðu, þótt ullarframleiðslan drægist saman um allt að 300 tonn.

Á s. l. hausti var slátrað um 1 milljón fjár hér á landi. Aðeins um 180 þúsund af þeim gærum sem til falla eru fullunnar innanlands. Hinn hlutinn er fluttur úr landi á hinum ýmsu vinnslustigum. Það virðist því ekki myndi hefta vaxtarmöguleika skinnaiðnaðarins á næstu árum þótt nokkur samdráttur yrði í sauðfjárfraðleiðslunni.

Hins vegar ber að hafa það í huga, eins og áður er bent á, að möguleikar kunna að vera á því, að stórauka fullvinnslu ullar og skinna innanlands á næstu árum.

Lögð er áhersla á að þessir möguleikar séu kannaðir til hlítar áður en tekin er ákvörðun um stórfelldan samdrátt sauðfjárframleiðslunnar.

Eins og áður hefur komið fram hefur unnist umtalsverður markaður fyrir ullarvörur á ýmsu vinnslustigi á mörkuðum Austur- og Vestur-Evrópu, í Norður-Ameríku og jafnvel í Asíu. Á töflum V, VI og VII í V. kafla er sýndur munur verðs á seldum ullarvörum eftir löndum og vinnslustigi. Sú spurning hlýtur að vakna, hversu enn sé hægt að auka verðmæti ullarvöruútflutningsins með aukinni vinnslu og betri markaðsöflun fyrir vöruna.

Á framangreindum töflum sést, að hæst verð fæst á mörkuðum Vestur-Evrópu fyrir fullunnar þrjónaflikur. Algengt er að meðalverð á flikunum fullunnum sé 4–5 sinnum hærra en meðalverð á lopa og bandi. Hafa ber í huga að mikil rýrnun verður á bandi og lopa í þrjóni og voðinni í saumaskap. Ekki eru til tölur um þá rýrnun, en oft mun hún vera um og yfir 30%.

Á s. l. ári jókst útflutningur á fullunnum þrjónavörum á Vesturlandamarkað um 10% og varð 253 tonn. Söluhorfur á árinu 1979 eru taldar góðar og líklegt er, að útflutningur aukist enn um 10 af hundraði. Með sömu hlutfallslegri söluaukningu á næstu 5 árum — 1979—1983 yrði útflutningur á þrjónuðum ullarvörum rúm 400 tonn árið 1983.

Vel kann að vera hægt að auka þennan útflutning örvar. Veltur þar á miklu, að kynningar- og sölustarfsemi sé vel rækt, hönnun og frágangur varanna sé samkeppnisfær við það sem best gerist og verðlag spilli ekki sölumöguleikunum. Þótt framfarir hafi orðið miklar í þessum iðnaði á undanförunum árum er þó vafalaust hægt að auka framleiðni iðngreinarinnar og gæði framleiðslunnar en þetta tvennt ásamt öflugri kynningar- og sölustarfsemi ætti að tryggja þá markaði sem fyrir eru og greiða götuna á nýja markaði. Þá benda líkur til, að sala ofinna ullarvara á vestrænum mörkuðum gæti aukist mikið frá því sem nú er, en þeir möguleikar eru að verulegu leyti á huldu.

Framleiðsla fullverkaðra skinna og fatnaðar úr þeim er enn mun styttra á veg komin en ullarvöruframleiðslan. Meginhluti skinnanna er nú fluttur út á ýmsum vinnslustigum, eins og áður segir  $\frac{2}{3}$  hlutar einungis forsútaður (þvegin, þurrkuð og klippt), en framleiðsla á mökkaskinum nemur ca. 180 000 og skrautgærum 50 000 stk.

Talið er, að framleiðslugeta skinnafataiðnaðarins sé um 12 000 flikur á ári og til þess að fullnýta þessa framleiðslugetu þurfi um 100 þúsund fullunnin skinn.

Verulegir erfiðleikar eru nú á sölu íslensks skinnafatnaðar erlendis þrátt fyrir hátt verð á heimsmarkaði og mikla eftirspurn. Íslensku vörurnar eru of dýrar og hönnun og frágangur naumast sem skyldi miðað við verð. Hitt er annað mál, að íslensku lambaskinnin eru mjög eftirsótt erlendis til fataframleiðslu og aðrar þjóðir hafa náð mjög góðum tókum á framleiðslu verðmæts fatnaðar úr íslenskum skinnunum.

Gera má ráð fyrir, að ef við gætum unnið sauðskinn í fullbúnar flikur, mætti a. m. k. fjórfalda útflutningsverðmæti skinnavöru frá því sem nú er, en á árinu 1978 nam útflutningur skinnavöru tæpum tveim milljörðum.

Nýlega hefur verið gerður samningur til 5 ára við þekktan austurískan sérfræðing í hönnun, framleiðslu og sölu skinnavara um ráðgjöf fyrir skinnaiðnaðinn. Er þess að vænta að starf hans verði þessum iðnaði heilladrjúgt.

Mikilla aðgerða þarf við áður en tók verða á að breyta öllum gærunum í fullbúnar flikur. Að ýmsu leyti virðist nú réttur timi til að hefja slíkar aðgerðir, þar sem verðlag þessara vara er hátt, eftirspurn mikil, sítunarverksmiðjur betur í stakk búnar til aukningar á framleiðslu mökkaskinna og aukningar á tilraunastarfsemi en áður og fataframleiðendur verða að leita meira á erlenda markaði, ef framleiðslan á ekki að dragast saman. Ef árangur á að nást í aukningu á framleiðslu og sölu skinnafatnaðar, eru þessar aðgerðir nauðsynlegastar:

1. Menntun og þjálfun feldskera og annars starfsfólks fyrir iðnaðinn.
2. Almenn hagræðing í þeim iðnaði, sem fyrir er og fullnýting þeirra afkastamögu- leika, sem þegar eru fyrir hendi.
3. Markaðs- og könnunaraðgerðir til að tryggja sölu framleiðslunnar.
4. Aðgangur að lánsfé til rekstrar og uppbyggingar eftir því sem framleiðsla kann að geta aukist.

## IX. KAFLI

### LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

#### 1. Búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir.

Í álitinu hinnar svokölluðu sjömannanefndar er gerð tillaga um að búnaðarsam- böndum verði, í samráði við áætlananefnd landbúnaðarráðuneytisins, falið að gera framkvæmda- og búrekstraráætlun fyrir allar jarðir innan viðkomandi sambands- svæðis. Verði stefnt að því að ljúka því verki svo fljótt sem kostur er.

Í landbúnaðaráætlananefndinni eiga sæti, undir forustu landbúnaðarráðuneytis- ins, fulltrúar frá þessum stofnunum:

Búnaðarfélagi Íslands, Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Framleiðslu- ráði landbúnaðarins, Landnámi ríkisins og Stéttarsambandi bænda.

Ákveðið er að fjölga um einn fulltrúa í nefndinni frá Stofnlánadeild land- búnaðarins.

Með þessari skipan nefndarinnar er þess gætt eftir mætti að ná samræmingu milli stofnana, sem vinna á einn eða annan hátt að málum sem hafa stefnumark- andi áhrif í landbúnaðinum.

Með gerð búrekstrar- og framkvæmdaáætlana fyrir einstakar jarðir, yrði stefnt að eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að leggja grundvöll að ákvarðanatöku um ráðstöfun lánsfjár og styrkja til framkvæmda á hverri einstakri jörð í samræmi við heildarstefnumörkun í framleiðslu og markaðsmálum hverju sinni, og með fyllstu aðgát að því að jafn- vægi haldist í þessum málum. Með því væri horfið af braut skipulegs lána- og styrkjakerfis, þar sem hver einstakur bóndi hefur vegið og metið framkvæmda- möguleika sína, án tillits til stöðu framleiðslu- og markaðsmála stéttarinnar allrar, sem hefur m. a. leitt til þess hvernig horfir í markaðs- og framleiðslumálum í landbúnaði.

Í öðru lagi myndi tilgangur búrekstrar- og framkvæmdaáætlana vera að taka tillit til sérþarfa sveitarfélags eða landshluta fyrir landbúnaðarframleiðslu. Nýting afréttu og annars beitarsvæðis yrði einnig tekin inn í myndina við val bústofns og bústærðar á hverju svæði, þannig að hæfileg nýting yrði tryggð á afréttum og heimahögum. Jafnframt yrði gætt að nýtingu á hlunnindum og möguleikum til annars búskapar og landnýtingar en hinna hefðbundnu búgreina, sauðfjár- og naut- griparæktar. Áhersla yrði lögð á heimaöflun fódurs í stað aðkeypts fódurs, til að auka eftir mætti verðmætasköpun á búnum án þess að af hlytist framleiðslu- auki í kjöt og mjólk, svo nokkru næmi.

Búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir myndu einnig verða gerðar með hliðsjón af æskilegri byggðapróun á hverju svæði og geta lagt til efni í byggðaáætlun þar sem tilefni væri til slíkra áætlanagerða.

Í þriðja lagi gæti tilgangur þessara áætlana verið að skapa grundvöll fyrir skipu- legri stjórnun framleiðslu í landbúnaði með beinum stjórnunaraðgerðum.

Búrekstrar- og framkvæmdaáætlanir myndu skapa grundvöll fyrir heildar- landbúnaðaráætlun sem miðaði að sautengingu framleiðslu og markaðsskilyrða auk annarra stefnumarkmiða sem sett væru landbúnaðinum.



Þegar hefur fengist hljómgrunnur hjá búnaðarsamböndum landsins um samvinnu við gerð búrekstrar- og framkvæmdaáætlana svo sem eftirfarandi samþykkt þeirra ber með sér:

„Fundur formanna búnaðarsambanda 18. og 19. febrúar 1979 lýsir sig samþykkjan áætlunargerð vegna framleiðslu landbúnaðarvara, sem miði að samtengingu framleiðslu og markaðsskilyrða t. d. til allt að 5 ára í senn. Þannig að búvöruframleiðendur viti með nokkurri vissu hvers þeir mega vænta vegna sinnar framleiðslu með nokkrum fyrirvara.

Fundurinn telur eðlilegt og sjálfsagt að búnaðarsamböndin ynni af hendi þá vinnu sem leysa þarf af hendi heima í héraði til slíkrar áætlunargerðar enda búnaðarsamböndin sá aðilinn sem líklegastur er að tengja saman hinn almenna bónda og æðstu stjórn landbúnaðarmála, landbúnaðarráðuneytið. Fundurinn telur eðlilegt að landbúnaðarráðuneytið hafi samráð við stjórnir búnaðarsambandanna við mótun vinnubragða við áætlunargerðina.“

Þá er jafnframt fyrirhugað samstarf við fjórðungssamböndin við gerð þessara áætlana, en áhugi og skilningur þeirra á grundvallarstöðu landbúnaðarins í hinum dreifðari byggðum landsins hefur farið vaxandi frá stofnun samtakanna, en nauðsyn er þó, vegna þeirrar stöðu sem skapast hefur í framleiðslu og markaðsmálum landbúnaðarins, að aðgerðir til eflingar landbúnaðinum í einstökum byggðum verði gerðar með hliðsjón af heildarstefnumörkun þessara mála, þannig að lausn á vanda eins, leiði ekki af sér erfiðleika hjá öðrum.

## 2. Fjárfestinga- og styrkjakerfi.

Svo sem áður er nefnt, yrði horfið af braut sjálfvirkra ríkisframlaga og stofnana, með því að ríkisframlög yrðu veitt hverju sinni eftir árlegu verkefnavali með hliðsjón af hverjir væru bestir fjárfestingarmöguleikar í landbúnaði og hverjar framkvæmdir þarfatar þjóðarbuinu og landbúnaðinum í heild.

Lögfesta þarf breytingu þar að lútanði á jarðræktarlögum, en jafnframt tryggja landbúnaðinum framlög til næstu 5 ára að sama verðgildi og hafa verið undanfarin ár til að takast á við ný verkefni er skönuðu tekiuöflunarleiðir fyrir hændur til að jafna þann tekiumissi sem er óhjákvæmilegur við samdrátt í nauðgripa- og auðfjárrækt.

Þá er jafnframt þörf á að samræma stofnlán og framlög til landbúnaðar með lagaheimild þannig, að ekki komi til framlags á framkvæmdir sem ekki eru taldar lánshæfar vegna þess að þær falla ekki að æskilegri heildarstefnu í framleiðslu- og markaðsmálum landbúnaðarins. Á undanförunum árum hefur verið farið inn á þá braut við úthlutun lána frá Stofnlánadeild landbúnaðarins að takmarka lánin við hámarksstærð bygginga og að taka tillit til aldurs dráttarvéla við lán til endurnýjunar þeirra. Einnig hefur verið neitað lánveitingum til verksmiðjubúskapar í hænsna- og svínarækt. Þrátt fyrir þessa takmörkun deildarinnar hefur bændum staðið opið að fá framlög samkvæmt jarðræktarlögum til stærri framkvæmda, en lánað hefur verið til. Þetta hefur leitt af sér fjárfestingar, sem frá sjónarmiði stjórnar Stofnlánadeildar landbúnaðarins hefur verið landbúnaðinum óhagkvæm stærð. Fyrirhuguð er breyting hér á til samræmingar, með lagasetningu.

Ákvarðanir í fjárfestingarmálunum yrðu byggðar á búrekstrar- og framkvæmdaáætlunum m. a. sem um er rætt í kafla IX. 1.

Um núverandi fyrirkomulag styrkja- og lánakerfis í landbúnaði vísast til kafla II Landbúnaðarstefnu fyrri ára.

## 3. Aukin fjölbreytni landbúnaðarframleiðslunnar.

Þegar dregið verður úr framleiðslu nauðgripa- og sauðfjárafurða, þarf að huga að því hvaða leiðir eru færar til að bæta bændum það tekjutap, sem óhjákvæmilega

verður af slíkum samdrætti. Hér er ekki eingöngu um tekjutap að ræða, heldur getur samdráttur valdið verkefnaskorti hjá sumum bændum. Í þessum kafla verður leitast við að benda á hvaða möguleikar eru á að fylla í það skarð sem samdrátturinn veldur og koma í veg fyrir þá byggðaröskun sem af getur hlotist.

**Garðrækt:** Íslenskir bændur hafa aðeins sjaldan framleitt nægjanlegt magn kartaflna fyrir innlendan markað. Árin 1968—1977 voru að meðaltali fluttar inn 37 000 tonn af kartöflum árlega eða um 27% af árlegri neyslu að meðaltali þessi ár. Allmargir bændur til viðbótar þeim, sem nú stunda kartöflurækt, gætu lagt stund á þessa framleiðslu sem aukabúgrein.

Kartöfluræktin er nú lang mest á tveim svæðum á landinu, við Eyjafjörð 12.3% og í neðanverðum Árnes- og Rangárvallasýslum um 44%.

Eins og fram kemur í kafla 14, er uppskeran mjög sveiflukennd eftir árum. Það sem mestu ræður um hvort uppskera heppnast er hvort frýs um sprettutímann.

Í eftirfarandi töflu sést hver hefur verið tíðni frostnotta um sprettutímann á helstu kartöfluræktarsvæðunum s. l. 20 ár:

Staður	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	Alls frostn.	% af heildarfj.
Síðumúli, Borg. ....	162	14		6	84	266	18
Akureyi .....	151	12		4	71	238	16
Hallormsstaður .....	196	27	2	14	79	318	21
Hornafjörður .....	90	3			17	110	7
Fagurhólmýri .....	101	2			26	129	9
Hella, Rang. ....	122	9		8	86	225	16
Eyrarbakki .....	119	6		4	61	190	13

Heimild: Veðurstofa Íslands.

Minnst frosthætta virðist vera í Austur-Skaftafellssýslu og væri því ástæða til að hvetja sérstaklega til aukinnar kartöfluræktar þar.

Ræktun gulrófna hefur ekki fullnægt þörfum innlenda markaðarins, nema e. t. v. á síðasta ári. Sama er að segja um gulrætur, hvítkál og annað grænmeti, sem árlega er flutt inn í nokkru magni. Ræktun þessara garðávaxta virðist geta verið nokkuð árviss summsstaðar á landinu, en það sem mest háir er skortur á geymsluhúsnæði, sem hentar fyrir slíka framleiðslu. Tilfinnanlega vantar rannsóknir á geymslutækni.

#### Alifugla- og svínarækt.

Bændur hafa á undanfórnum árum verið tómlátir um þessar búgreinar. Í stað þess að ýmsir tækju þær upp, hafa verið sett upp nokkur mjög stór bú til að framleiða egg, kjúklinga og svínakjöt. Ástæðan er e. t. v. einkum sú, að ekki hefur verið lögð rækt við leiðbeiningaþjónustu fyrir þessar búgreinar og sölukerfið er með öllu óskipulagt. Eftirfarandi tafla sýnir, hve margir töldu fram gyltur og gelti árið 1977 og hvernig svínaeignin skiptist eftir landshlutum og bústærð:

#### Framleiðendur svína 1977, eftir landshlutum og bústærð:

Landshluti	Bústærð (gyltur og geltir, tala)				Framtelj- endur alls	Samt. gylt- ur og geltir
	1-4	5-9	10-19	20 og fl.		
Reykjanessvæði .....	3	2		6	11	446
Vesturland .....			2		2	27
Vestfirðir .....			1		1	11
Norðurl. vestra .....		1			1	8
Norðurl. eystra .....	7	4	1	4	16	210
Austurland .....	1	1			2	8
Suðurland .....	13	9	10	3	35	467

Landshluti	Bústærð (gyltur og geltir, tala)				Framtelj- endur alls	Samt. gylt- ur og geltir
	1-4	5-9	10-19	20 og fl.		
Framtelj. samtals .....	24	17	14	13	68	
Samt. gyltur og geltir ..	58	118	177	824		1 177

Heimild: Búnaðarfélag Íslands.

Framteljendur svína eru aðeins 68, er sýnir hve lítil þátttaka er í þessari búgrein. 70% svínafjöldans er í eign 13 búna, sem eiga 20 gyltur eða fleiri og meðal gyltu-fjöldi á þessum búum er 63.4 en aðeins 6 bú eiga meira en 40 gyltur og gelti. Nú mun hóflegt að áætla, að hægt sé að framleiða um 1 smálest af kjöti eftir 1 gyltu á ári, sem jafngildir kjötframleiðslu eftir 60 ær, en til viðbótar koma ull og gærur hjá fjárbónda. 9 gyltur og göltur jafngilda a. m. k. vísitölubúi sem framleiðslutæki, en útheimtir varla nema hálfmanns vinnu. Svínarækt er því tilvalin búgrein, einkum fyrir þá, sem hætta mjólkurframleiðslu, af því að tiltölulega auðvelt og ódýrt er að breyta fjósi í svínahús. Hentugt er fyrir nokkra bændur á tiltölulega litlu svæði að stunda svínarækt, svo að þeir geti nokkrir notað gölt í félagi. Tvær til 9 gyltur á bú getur verið ágæt aukabúgrein. Svínaræktin leysir þó aldrei vanda margra bænda. Allgott jafnvægi virðist hafa verið í þessari framleiðslugrein á síðustu árum og varasamt að hvetja of marga bændur til að hefja svínakjötsframleiðslu, ef það jafnvægi á ekki að raskast.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda varphænsna eftir landshlutum og bústærð:

#### Fjöldi hænsnaeigenda eftir bústærð.

Svæði	Bústærð, tala hænsna,				Yfir 10 þús.	Bú alls	Hænur þús.
	1-99	100-499	500-1000	1-10 þús.			
Reykjanessvæði ...	23	27	7	22		77	73 000
Vesturland .....	170	12	1	2		185	17 000
Vestfirðir .....	132	4	1	2		139	7 000
Norðurl. vestra ....	119	6				125	3 000
Norðurl. eystra ....	227	21	3	5		256	24 000
Austurland .....	327	7		1		335	7 000
Suðurland .....	375	43	5	12	1	436	71 000
Bú alls .....	1 375	120	17	44	1	1 555	
Hænur alls .....	21 000	21 000	12 000	113 000	35 000		202 000

Heimild: Búnaðarfélag Íslands.

Ekki getur verið um nákvæmar tölur að ræða af því að í mörgum hreppum er engin hæna talin, en þar munu mjög fá hænsni vera til eða engin. Alls eru taldir 1 555 eigendur varphænsna, flestir á Suðurlandi 436. Rúmlega fjórði hlutur hænsna eru í eigu 1 512 bænda, sem hafa færri en 1 000 hænur hver, en um 56% hænsna er í eigu 44 bænda með á milli 1 000 og 10 000 hænsni, en eitt bú hefur 35 000 hænur eða tæp 18% af varphænsnaeign landsmanna.

Ársneysla á eggjum er talin vera um 10 kg pr. íbúa á ári eða nálægt 180 egg. Er það svipað og í Noregi, en töluvert minna en í öðrum nálægum löndum (Svíþjóð 210 egg, EBE löndin 230, Bandaríkin 280 egg á ári pr. íbúa).

Holdakjúklingar virðast taldir með í heildaralífuglafjölda landsmanna. Þeir eru 50 þúsund á einu búi norðanlands og 20 þúsund alls á 5 búum sunnanlands.

Þjóðhagsstofnun telur að framleiðsla kjúklingakjöts hafi numið 500 tonnum árið 1977 eða um 2.7 kg pr. íbúa. Í Noregi er ársneysla af kjúklingakjöti 2 kg pr. íbúa á ári. Erfitt er að spá hver þróunin verður hér, en líklegt er þó að neyslan fari vaxandi. Fleiri bændur ættu því að geta sinnt holdakjúklingarækt sem aukabúgrein, a. m. k. ef kjarnfóðurverð helst lágt.

Sölu og dreifingarkerfi á eggjum má heita óskipulagt. Þau eru ekki gæðamats-kyld og ekki er á þeim föst verðskráning. Með bættu söluskipulagi og auglýsinga-

og kynningarstarfsemi er líklegt að auka megi eggjaneyslu þjóðarinnar. Það mundi skapa svigrúm fyrir mun fleiri bændur að hafa varphænsni. Ef margir bændur ættu að geta haft þessa viðbótarframleiðslu til búdrýginda, væri hæfileg bústærð 100—500 varphænur á búi.

Tilfinnanlega vantar leiðbeiningar á sviði alifugla- og svínaræktar. Nauðsynlegt er að taka upp kennslu í þessum búgreinum við bændaskólana. Verðlag þessara afurða er mun hærra hér á landi en í nálægum löndum, og þær stóru framleiðslueiningar, sem hér eru starfræktar virðast ekki geta skilað lægra verði en smáir framleiðendur. Bendir það til þess að brýn þörf sé hagræðingar og leiðbeininga í þessum búgreinum. Brýnt er að koma upp dreifingarkerfi fyrir alifuglaafurðir, geymsluhúsnæði og pökkunarstöð. Einnig þarf að stuðla að nýtingu aukaafurða frá sláturhúsunum og nýtingu áburðar.

#### Stóðbúskapur.

Hrossastofn landsmanna mun nú vera um 49 500. Mikið hefur verið unnið að kynbótum á hrossum á undanförunum áratugum. Ætti hrossastofninn að geta skilað landsmönnum mun meiri tekjum en nú er. Vel gæti hentað sumum bændum, sem draga úr mjólkurframleiðslu eða sauðfjárrækt að fjölga hrossum. Á þetta einkum við um bændur, sem búa á grasgefnum jörðum. Þótt hrossum væri fjölgað sumsstaðar, gæti verið nauðsyn að fækka þeim annarsstaðar, þar sem þröngt er í högum.

Ekki virðist vera offramboð af hrossakjöti hér á landi. Víða í Vestur-Evrópu færast hrossakjötsneysla í vöxt og er ástæða að leita markaða fyrir hrossakjöt þar.

Nú síðari ár hafa verið flutt út nokkur hundruð hross árlega, oft 4—500, fyrir viðunandi verð. Eftirspurn eftir gæðingum hefur aukist verulega undanfarin ár, en framboð er takmarkað. Brýnt er því að efla kynbætur og auka leiðbeiningarstarfsemi. Starfandi er ráðunautur í hrossarækt hjá Búnaðarfélagi Íslands, en stóðbændur hafa óskað eftir að einnig starfi héraðsráðunautar á þessu sviði.

Á undanförunum árum hafa risið tamningastöðvar víða um land og hafa margir góða atvinnu af því. Tamning hrossa er kostnaðarsöm og væri því æskilegt að bændur gætu sem mest sjálfir haft atvinnu af tamningu hrossa sinni og unnið að henni ásamt öðrum bústörfum.

Það yrði hrossaræktinni mikil lyftistöng ef komið yrði upp miðstöðvum fyrir hrossarækt í helstu hrossaræktarhéruðunum, þar sem leiðbeint væri með kynbætur hrossa og bændur gætu fengið leiðbeiningar og aðstoð við tamningu. Jafnframt gætu þessar stöðvar aðstoðað við sölu hrossanna.

Stóðbændur hafa engrar fyrirgreiðslu notið með afurðalán til þessa. Yrði það vafalítið til að greiða fyrir umbótum í þessari búgrein ef hún nyti svipaðrar fyrirgreiðslu bankakerfisins á sviði afurðalána og aðrar helstu búgreinar njóta.

Starfandi eru nokkrar hestaleigur, sem aðallega miðast við leigu á hrossum til ferðamanna. E. t. v. væri hægt að auka þá starfsemi.

Aðrar tekjuöflunarleiðir af hrossum, sem vert er að athuga eru aukin hagnýting húða, bæði af folöldum og fullorðnum hrossum, nýting á hrosshári til iðnaðar, framleiðsla á kaplamjólk til útflutnings sem barnamjólk og handa sjúklingum og loks hirðing á þvagi og blóði úr hrossum til lyfjafframleiðslu.

#### Heysala.

Sala heys innanlands hefur verið drjúg tekjulind fyrir nokkra bændur, þó meiri fyrir þá, sem hafa ráð á ræktuðum landspildum eða jörðum, án þess að stunda þar hefðbundinn búskap. Kaupendur að þessu heyi eru aðallega hestaeigendur í þéttbýli. Nú síðustu árin hefur sýnt sig, að góður markaður er fyrir hey erlendis, t. d. í Noregi og Færeyjum, þ. e. þar hefur fengist framleiðslukostnaðarverð fyrir hevið, en óvíst er, hve þessi markaður er mikill. Þarf að kanna það til hlítar og einnig þarf að kaupa 1 eða 2 heybindivélar, sem binda fast stóra balla eða bagga til útflutnings. Væri eðlilegt að slíkar vélar væru fyrst keyptar til reynslu í Eyjafirði og á Suðurlandi þar sem heyframboð er mest.

### Loðdýrarækt.

Refarækt var stunduð með góðum árangri allvíða hér á landi rétt fyrir síðustu heimsstyrjöld, en lagðist niður þegar verðfall varð á skinnnum í lok stríðsins. Nokkrir bændur eru enn á lífi, sem stunduðu refarækt og þekkja til slíkra starfa. Síðustu árin hafa Íslendingar öðlast nokkra reynslu af minnkarækt, og sýnir hún að sé rétt að farið, getur þetta verið arðbær atvinnugrein. Hefur hún þann kost að vera eingöngu gjaldeyrisskapandi, og getur nýtt mikið magn af verðlitlum fiskúrgangi frá frystihúsum og sláturúrgang og feitmeti frá sláturhúsum. Undirstaða þess að vel geti tekist um uppbyggingu þessarar búgreinar er næg fræðsla og leiðbeining um meðferð og fóðrun dýranna. Minkaelði er eins og hver önnur búfjárrækt. Hún tekst því aðeins, að sá sem stundar hana hafi þekkingu og áhuga á starfinu og sé nærfærinn við hirðingu og geri hvert verk á réttum tíma, en slíkt hið sama gildir bæði um mjólkurframleiðendur og sauðfjárændur.

Námskeiðum í loðdýrarækt er auðvelt að koma á við bændaskólana og sérfræðingar eru við bændaskólann á Hvanneyri og hjá Búnaðarfélagi Íslands. Sé litið á hagfræðihliðina, þá er hér ekki um neina gullnámu að ræða heldur aðeins einn þátt búskapar, sem fylgir bæði áhætta og vandi eins og öllum búskap, en takist vel til, getur verið góðrar afkomu að vænta. Fjárfestingar í upphafi eru erfiðastar fjárhagsafkomunni. Hús fyrir eina minkalæðu ásamt rými fyrir högna og fyrirhvolpana er um 1.5—1.7 m<sup>2</sup> eða svipað og þarf í hús- og hlöðurými fyrir eina kind. Nýbygging með búrum og sjálfbrynningu fyrir 100 minkalæður og tilheyrandi hvolpa og högna kostar miðað við verðlag í desember 1978 um 3 320 000 eða kr. 33 200 fyrir hverja læðu. Er það rúmlega  $\frac{2}{3}$  af kostnaði við fjárhúsbyggingu af fullkomnustu gerð með kjallara og súgburrkun fyrir kind, eða svipaður kostnaður við fjárhúsbyggingu af einfaldri gerð án kjallara. Sé aðstaða fyrir hendi til að breyta eldri byggingu, t. d. fjárhúsum án kjallara, en með steiptum veggjum í minkahús, er áætlaður kostnaður við húrin, brynningarkerfi, frágang á gólfi, girðingu o. fl. kr. 17 200 fyrir læðu með tilheyrandi hyski eða rúmlega helmingur kostnaðar miðað við nýbyggingu. Verðmæti bústofns í minkum mun nokkru minni en sauðfé af sama fjölda. Áætlaður brúttóarður af minkalæðu er 3 hvolpar á ári og miðað við núverandi verð er hvert skinn um kr. 8 000 að verðgildi eða kr. 24 000 pr. læðu, sem er svipað og eftir kind á sæmilega vel reknu fjárbúi.

Í þessari áætlun er fóðurkostnaður ekki metinn, en hráefni fóðursins er ódýrt, en frystikostnaður er verulegur. Veltur þar á, hvort hægt er að fá fóðrið geymt í frystihúsi, eða hvort nokkrir minkabændur þurfa að byggja frystigeymslur sérstaklega fyrir þessa starfsemi. Er þá venja að setja upp nokkurskonar sameiginlega matseld fyrir nokkra minkabændur. Þurfa þeir því að starfa nokkrir á tiltölulega ífmrörkuðu svæði, a. m. k. ef þeir hafa minnkarækt aðeins sem hluta af búskap sínum. Hver bóndi væri þá með frá 100 til 250 læður. Eigi að sinna minnkarækt sem aukabúgrein, þarf að breyta gildandi lögum, af því að lögin, sem nú eru í gildi leyfa ekki minni minkabú en 250 læður.

### Refarækt.

Öðru máli gegnir með refarækt. Hana er auðvelt að stunda sem aukabúgrein hvar sem er eða því sem næst. Miðað við gildandi lög og reglur er svipaður kostnaður á hvern fermetra í byggingu og búrum fyrir refi og minka, en hver læða með hyski sínu þarf fjórum sinnum stærri gólfhlöt en minkalæða. Verður því stofnkostnaður miklu meiri við að koma upp nýbyggingum fyrir refi en minka, en á nóti því kemur, að miðað við núverandi verðlag má gera ráð fyrir, að hver belgur sé 25 þúsund króna virði, og miðað við árangur hjá Norðmönnum gefur refalæðan að meðaltali 6 hvolpa og er því um 6 sinnum arðsamari en minkalæða. Um fóðrun refa er það að segja, að refir eru ekki eins vandmeðfarnir í fóðrun, þó þarf að varast að gefa þeim of kalt fóður eða of feitt. Heppilegasta refafóður er sláturúrgangur og fiskúrgangur og ódýrasta kjöt. Ef refir eru hafðir sem aukabúgrein á til-

tölulega afskekktum stöðum er hægt að slátra í þá gamalám og ungválfum eftir hendinni. Refir eru í alla staði léttari á fóðrum en minkar og ekki síður heppilegir sem búgrein. Fækki bóndi kúm, þarf hann 3 refatríó (Tríó: högni og tvær læður) til að gefa sama brúttóarð og 2 kýr. Varla tekur því fyrir bónda að hafa refarækt með minna en 3—10 tríóum.

#### Lax- og silungsveiði, fiskrækt og fiskeldi.

Veiðimál eru þau kölluð, sem fjalla um lax-, silungs- og álaveiðar, fiskrækt og fiskeldi. Skipulag þessara mála er ákveðið í lögum nr. 76, 1970 um lax- og silungsveiði. Landbúnaðarráðherra er æðsti yfirmaður veiðimála og eru veiðimálastjóri og Veiðimálanefnd honum til aðstoðar við stjórn þessara mála. Veiðifélög starfa við um 130 árkerfi, ársvæði og stöðuvötn víðsvegar um landið. Þau ráðstafa veiði og vinna að fiskrækt, hvert á sínu félagssvæði. Skipulag veiðimála hér á landi hefur reynst mjög vel. Lax- og silungsveiðilöggjöfin hentar vel aðstæðum, yfirvöld hafa ákveðna stefnumörkun, veiðifélög vinna ótullega að verkefnum hvert á sínu svæði og mikill stuðningur hefur verið af stangveiðifélögum.

Laxveiðar hafa fjórfaldast að tölunni til á síðasta aldarfjórðungi. Unnið hefur verið af atorku að fiskrækt með því m. a. að sleppa seiðum í ár og gera fiskvegi. Miklir möguleikar eru enn ónotaðir í laxarækt í ám og vötnum ofan fiskgengra fossa. Liggur nú fyrir að snúa sér að því verkefni.

Sjógenginn silungur hrygnir og elst upp í ám allt í kringum landið. Upplýsingar um veiðimagnið liggja ekki fyrir. Leitast verður við að fá sem besta nýtingu á sjósilungi í framtíðinn.

Vatnasilungur er í flestum stöðuvötnum landsins. Ætla má að veiða megi úr þeim samtals um 500 tonn á ári. Veiðimöguleikar í vötnum hafa verið vannýttir og silungsstofnarnir komist í órækt í þeim flestum af þeirri ástæðu. Auka þarf veiði í stöðuvötnum verulega á næstu árum, koma á skipulagi veiðanna, byggja veiðihús við stöðuvötnin og vinna að aukinni sölu á silungi. Verð á silungi hefur verið lágt og markaður þröngur. Unnið er að því að einfalda veiðiaðferðir með það fyrir augum að draga úr vinnu við veiðarnar.

Álaveiðar hafa lítið verið stundaðar hér á landi. Gera þarf tilraunir með álaveiðar og koma þeim í fast horf.

Eldi laxfiska hefur farið vaxandi hér á landi nú síðustu áratuginu og eru nú starfandi sex fiskeldisstöðvar. Þær ala upp lax- og silungsseiði um lengri eða skemmri tíma. Seiðin eru að mestu notuð til fiskræktar innan lands. Eldi á silungi upp í söluhæfa stærð til neyslu hefur farið fram, en söluverð á honum er það lágt, að slíkt eldi hefur ekki staðið undir sér fjárhagslega. Leita þarf nýrra leiða til að draga úr eldiskostnaðinum.

Hafbeit, sem einnig mætti nefna laxabúskap, þ.e. þegar laxaseiðum af sjógöngustærð er sleppt í veiðilausar ár, hefur verið reynd í Tilraunastöðinni í Kollafirði og víðar. Þegar laxinn kemur af hafi er honum lógað og hann sendur á markað. Tilraunir með hafbeit standa nú yfir á nokkrum stöðum á landinu. Ef vel tekst til með tilraunirnar, má ætla, að margar jarðir, sem nú hafa ekki laxveiði, muni geta komið henni á með hafbeit.

Lax- og silungseldi í sjó, þar sem fiskur er alinn upp í söluhæfa stærð, hefur einnig verið reynt í netkvíum í sjó úti fyrir ströndinni. Annar möguleiki er að ala laxfisk í tjörnum á landi og dæla í þær sjó, eins og fyrirhugað er að gera í Grindavík. Hafa tilraunir verið gerðar með fyrrnefndu aðferðinni, en lítil reynsla fengist af þessari aðferð hér á landi enn, sem komið er.

Á næstu árum þarf að koma upp fleiri fiskeldisstöðvum út um landið í eigu veiðifélaga. Í starfandi eldisstöðvum eru skilyrði til að ala upp um 500 þúsund sjógönguseiði og nokkur hundruð þúsund seiði á fyrsta sumri. Fyrirsjáanlegt er að með aukinni laxarækt í ám ofan fossa og í stöðuvötnum vaxi þörfin fyrir seiði til

fiskiræktar svo og einnig vegna hafbeitar og sjóeldis. Stefna verður að því að fiskrækt í ám og vötnum fari fram með seiðum af heimastofni í hverju tilviki.

Arðsemi af veiði vatnafiska og fiskeldi þeirra má auka verulega. Starfsemi á þessum sviðum er nauðsynlegt að hafa aðgang að stóraukinni fjármagnsfyrirgreiðslu við uppbyggingu fiskeldisstöðva og annarra skyldra mannvirkja og mikil þörf er á riflegri fjárveitingum til tilrauna og rannsókna. Niðurstöður af þeim eiga að vísa leiðina að hagkvæmum og árangursríkum vinnubrögðum við fiskrækt og fiskeldi. Ef fé verður myndarlega veitt til tilrauna, rannsókna og leiðbeiningaþjónustu, má flýta frekari uppbyggingu þessara mála. Nauðsyn er á að fá útibú frá Veiðimálastofnuninni í alla landsfjórðunga til þess að auka þar þjónustu við bændur og aðra, sem að veiðimálum vinna út um byggðir landsins.

#### Aukin nýting annarra hlunninda.

Frá uphafi búsetu hér á landi og fram yfir síðustu aldamót voru hlunnindi jarða stór liður í afkomu fólks til sjávar og sveita. Með þjóðfélagsröskun um og upp úr 1940, breyttist mjög mat almennings og stjórnvalda á gildi landsins gæða og nýtingu hlunninda hrakaði.

Hér áður voru talin til hlunninda ýmis gæði, sem ekki eru litin sömu augum í dag. Má þar nefna fuglaveiðar, eggjatekju, sölvafjöru, grasatekju, skelfisk, hrisrif, svarðartekju og skógarhögg. Um þessar mundir teljast til hlunninda fyrst og fremst reki, dúntekja, selveiði, hrognkelsa- og silungsveiði svo og jarðhiði og laxveiði, sem eru hæst skráð af hlunnindum í dag.

Áriðandi er að vinna markvisst að gjörnýtingu hlunninda í hverju tilviki. Hvort sem um er að ræða reka, hrognkelsa- og selveiði eða annað. Það er t. d. fráleitt að rekaviður skuli svo til eingöngu vera nýttur í girðingarstaura, og mötu hrognkelsa- og selaveiða að mestu fleygt. Þarna þarf hið opinbera að koma til skjalanna, og kanna úrvinnslumöguleika og markað. Margir bændur hafa af grásleppuveiði drjúgar tekjur og komast af með minni bústofn þess vegna. E. t. v. væri eðlilegt að bændur og smábátautgerð sjávarþorpa sitji ein að öflun grásleppuhrogna.

Samkvæmt fasteignamati 1970 voru skráðar 270 jarðir á landinu með æðarvarp og 566 jarðir með reka. Víst má þó telja, að í háðum tilfellum sé vantalið, þar sem ekki hefur þótt taka að telja fram til hlunnindamats 1—2 kg af æðardún eða reka til eldiviðar.

Á síðustu þremur áratugum hefur orðið mikil röskun á búsetu jarða, margar hlunnindajarðir hafa fallið úr fastri búsetu og aðrar skiptst upp milli margra erfingja. Er því víða nýting hlunninda með öðrum hætti en áður var. Eftirfarandi tafla um dúntekju gefur þar um nokkrar upplýsingar:

#### Heildardúntekja á Íslandi, samkvæmt hagskýrslum nokkur ár frá 1898—1963.

(Einar A. Gíslason).

Ár	Magn, kg	Ár	Magn, kg
1898	3 585	1938	2 852
1902	2 973	1939	3 298
1903	3 250	1943	2 319
1910	3 575	1944	2 535
1912	4 045	1946	2 142
1915	4 294	1949	1 712
1919	3 241	1951	2 026
1924	3 840	1955	1 541
1928	4 287	1957	2 363
1930	3 631	1960	2 020
1934	3 161	1963	1 648

Feitletruð er í töflunni hæstu ár eða síðustu á viðkomandi þúsundi.

Ollumengun stríðsára og eftirstríðsára, netalagnir, minkur og fjölgun vargfugls hefur allt mjög herjað á æðarstofninn.

Eftir 1963 liggja fyrir mjög óljósar skýrslur um dúnframleiðslu landsmanna, en áætla má fram til ársins 1975 að árleg dúnframleiðsla hafi verið 1 500—1 800 kg.

Tvö undanfarin ár hefur dúnframleiðslan verið um 2 000 kg af hreinsuðum dún á ári. Mest af honum er flutt út og selt á heimsmarkaðsverði.

Meinfugl og minkur herja nú æðarstofninn geigvænlega. Gildandi lög um fuglaveiðar og fuglafriðun setja stólinn fyrir dyrnar um að hægt sé að beita árangursríkum aðgerðum í baráttu við vargfuglinn. Frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem nú liggur fyrir Alþingi, þarf breytinga við svo það þjóni tilgangi í því tilliti. Ens og horfir er enginn gerður ábyrgur fyrir því að halda í skefjum offjölgun meinfugla. Nauðsynlegt er, að veiðistjóra verði falið með lagaákvæðum að annast um eyðingu meinfugla eins og refa og minka. Auka þarf leiðbeiningar og fræðslu um hirðingu æðarvarpa og meðferð dúns. Þá ber nauðsyn til að fram fari vísindaleg athugun á lifnaðarháttum æðarfugls, sbr. ályktun Alþingis frá í maí, 1978.

Frá fornu hafa landeigendur átt það, sem berst á þeirra reka, sé ekki um vogrek að ræða. Rekaviður hefur allt fram á þennan dag verið til margra hluta nytSAMUR hér á landi. Hann hefur verið notaður til húsagerðar, skipasmíða, brúar- og bryggjugerðar, búsaðhalda og húsgagnagerðar og til hvers konar trésmíða, í girðingar-efni og til eldiviðar.

Ekki hefur tekist að ná saman neinum tölum að byggja á um árlegt verðmæti rekaviðar, enda reki breytilegur frá ári til árs, og verðmætasköpun fer eftir því hvað úr honum er unnið. Til að nefna einhverja viðmiðun, má ætla að árlega reki sem svarar 500 girðingastaurum á hverja rekajörð. Á söluverði 1978, kr. 500 á staurinn, er það að verðmæti 140 milljónir króna. Með meiri úrvinnslu rekaviðar mætti auka verðmæti hans stórlega.

Sárafáir verslunaraðilar hafa tekið rekavið til sölumeðferðar og þá eingöngu unna girðingarstaura. Flestir rekabændur hafa selt beint til neytenda án nokkurra samtaka og aldrei vitað hvert eða hvað eða hversu mikið magn þeir gætu selt árlega. Nú er vitað, að stór hluti rekaviðar er mun betra timbur heldur en húsaviður sá, sem fluttur hefur verið til landsins hin síðari ár, og því misráðið að nota allan rekavið í girðingarsaura. Einstaka bændur hafa komið upp sögun heima og hafa framleitt borðvið, battinga og annað til bygginga fyrir heimilið og jafnvel aðra og hefur þá verðmætasköpun rekaviðar markfaldast.

Þjóðhagslega væri æskilegt að nýta rekavið til hins ýtrasta. Til að svo megi vera, þarf að koma upp sögunarstöð í hverju héraði, t. d. í sambandi við trésmíða- eða byggingarverkstæði, sem víða eru rekin á vegum kaupfélaganna. Þá gætu bændur komið og lagt inn rekavið eins og aðrar búsafurðir, svo sem mjólk, kjöt og ull og munu þá nýta reka fullkomlega. Eins þarf að athuga hvort grundvöllur sé fyrir að vinna í pappa eða þilplötur morvið, sem víða hefur safnast fyrir á reka í miklum mæli. Án utanaðkomandi afskipta er tæpast hægt að koma á því skipulagi, sem þarf til að gjörnýta megi rekavið.

Rétt væri að athuga, hvort nýta má ýmis önnur hlunnindi svo sem fjallagrös, söl og krækling. Benda má á að útselskópskinn eru það verðlital, að bændur telja ekki borga sig að stunda þá veiði. Útsel hefur fjölgað hin síðari ár og flæmir gjarnan burtu landsel. Við fjölgun hans eykst útbreiðsla á hringormi í fiski, sem torveldar vinnslu afurða. E. t. v. kæmi til greina að greiða bændum einhverja fjárhæð fyrir hvern veiddan útselskóp til að halda stofninum í skefjum.

### Skógbúskapur.

Skógrækt hefur verið reynd hér á landi í 75 ár. Fyrstu plantanir voru á Þingvöllum 1899 og fljótlega eftir það á Hallormsstað.



Skógrækt ríkisins hefur flutt inn og reynt mikinn fjölda tegunda víðsvegar að úr heiminum. Fyrstu tuttugu ár þessarar aldar beindist starfið mikið að tilraunum með erlendar trjátegundir, en þeim var hætt 1922 og friðun og sáning birkis sett í fyrirrúm. Eftir 1933 og einkum eftir síðari heimsstyrjöldina hefur vaxandi áhersla verið lögð á ræktun barrviða.

Skógræktarskilyrði eru mjög breytileg, ekki aðeins eftir landshlutum heldur og staðháttum í sama héraði. Mikilvægt er að leiða í ljós, hvaða trjátegundir og kvæmi henta á hverjum stað.

Að fenginni 70 ára reynslu er fullyrt, að hægt sé að rækta nytjaskóg til viðarframléiðslu á innanverðu Fljótaldshéraði, í Eyjafirði og á nokkrum stöðum öðrum. Á þessum svæðum er árlegur vöxtur barrskóga fyllilega sambærilegur við það sem gott er talið erlendis. Á þremur svæðum öðrum hefur veruleg skógrækt verið stunduð síðan um 1950. Þau eru:

Hlíðarbeltið í uppsveitum Árnessýslu, Skorradalur og víðar í Borgarfjarðarsýslu og í dölum Suður-Þingeyjarsýslu.

Á ýmsum öðrum svæðum á landinu hafa erlendar trjátegundir verið ræktaðar, en með mismunandi árangri, og verður ræktun þar enn að teljast á tilraunastigi.

Nokkur reynsla er nú fengin af gerð skjólbelta á ýmsum stöðum á landinu. Skjólbelti auka og tryggja öryggi uppskerunnar. Rík ástæða er til að koma upp skjólbeltum fyrir garðrækt og aðra verðmæta ræktun og einnig á beitilöndum.

Þegar er fengin góð reynsla á ræktun jólatrjáa og eru nú árlega seld um 10 þúsund íslensk jólatré á móti u. þ. b. 20—25 þúsund innfluttum jólatrjám.

Skógrækt ríkisins selur nú nokkurt magn af innlendum girðingarstaurum. Staurar koma fyrst til nytja eftir 12—17 ár. Á Hallormsstað hefur Síberíulerki gefið borðvið eftir 35 ár, en greni þarf 5—10 árum lengri tíma. Áætlað er að frá árinu 1985 muni víður koma til vinnslu á Hallormsstað og 1—2 áratugum síðar á öðrum skógræktarsvæðum.

Gildar líkur eru á að skógbúskapur geti í sumum héruðum orðið arðsöm búgrein er fram líða stundir, og líkur eru til að gildi skógræktar til viðarframléiðslu fari vaxandi, þar sem spáð hefur verið verulega hækkandi verði á timbri og trjávörum fram til næstu aldamóta. Þótt e. t. v. megi segja að hér sé fyrst og fremst um framtíðarverkefni að ræða er nauðsynlegt að því sé fullur gaumur gefinn. Ræktun skógar til nytja tekur langan tíma og þarf því þegar að skapa þeim bændum, sem það vilja og aðstöðu hafa, möguleika til að stunda skógbúskap.

Skógrækt er nú þegar umtalsverður atvinnugjafi í þeim sveitum þar sem Skógrækt ríkisins hefur aðalstarfsemi sína.

#### Ferðamannaþjónusta.

Að lokum skal hér fjallað um atvinnugrein sem lítið hefur verið sinnt hér á landi, enn sem komið er, en það er þjónusta við ferðamenn. Þessi búgrein er stunduð með góðum árangri víða á Norðurlöndum, og væri ástæða til að efla hana hér.

Á Húsafelli í Borgarfirði er þessi atvinnugrein nú stunduð eingöngu með góðum árangri. Á nokkrum stöðum á landinu t. d. í uppsveitum Árnessýslu hefur ferðamannaþjónusta í tengslum við félagsheimilin skapað góða atvinnumöguleika fyrir húsmæður í nágrenninu. Ástæða er til að ætla, að bændur í grennd við ferðamannaslóðir geti haft af slíkri þjónustu nokkrar tekjur t. d. með leigu tjaldstæða eða leigu gistirýmis í húsum sínum og í smáhýsum. Einnig með leigu á aðstöðu í veiðihúsum við fiskisæl fjallavötn.

Nauðsyn er, að gerð verði athugun á framtíðarmöguleikum þessarar atvinnugreinar sem allra fyrst í samvinnu við yfirvöld ferðamála.

Hér að framan hefur verið bent á helstu leiðir til að auka fjölbreytni landbúnaðarframléiðslunnar.

Sumar þær búgreinar, sem rætt hefur verið um eru gamalreyndar, en þurfa bættrar skipulagningar við. Aðrar eru nýjar af nálinni og hafa ekki verið reyndar hér áður. Sterklega ber að vara við því að flana að neinu í því efni, heldur kanna nákvæmlega fyrst hvaða líkur eru á að þær búgreinar geti unnið sér þegnrett í íslenskum landbúnaði.

Bent hefur verið á, að æskilegt væri að nokkrir bændur á sama svæði mynduðu samtök um að reyna nýjar búgreinar. Gætu þeir á þann hátt notið stuðnings hvers annars og einnig auðveldaði það störf leiðbeiningaþjónustunnar.

Sameiginlegt er öllum þeim búgreinum, sem hér hafa verið taldar, að undirstaða þess, að þær geti almennt heppnast og skilað góðum arði eru rannsóknir og leiðbeiningastarfsemi.

Annað er þeim einnig sameiginlegt, en það er nauðsyn þess, að yfirvöld fjármála sýni skilning á þörf fyrir stofnlán til þeirra og fyrirgreðslu með afurðalán.

#### 4. Ylraekt.

Að framan er fjallað um ræktun kartaflna, gulrófna og annarra garðávaxta, sem helst hafa verið ræktaðir sem aukabúgrein hjá bændum almennt.

Í þessum kafla verður fjallað sérstaklega um starfsemi gróðrarstöðva.

Sem atvinnugrein er garðyrkja hér ekki nema u. þ. b. hálftrar aldar gömul. Ýmis ræktun var þekkt, jafnt til húdryginda og sölu, en var einkum í höndum bænda og áhugamanna um ræktun.

Það er fyrst með notkun heita vatnsins og byggingu gróðurhúsa að rísa tekur upp sjálfstæð stétt garðyrkjubænda, sem alfarið lifir á framleiðslu.

Það er um 1930, sem sérstakar gróðrarstöðvar taka til starfa og hefir fjöldi þeirra vaxið jafnt og þétt.

Þær er einkum að finna á Suðvesturlandi, þ. e. Reykjavík — Mosfellssveit — Borgarfirði og Árnessýslu. Nú er fermetrafjöldi undir gleri/plasti u. þ. b. 140 þús. m<sup>2</sup> og garðyrkjubændur u. þ. b. 150. Til samanburðar má geta nokkurra annarra ára:

1929	.....	1 200 m <sup>2</sup>
1939	.....	9 300 m <sup>2</sup>
1950	.....	63 000 m <sup>2</sup>
1960	.....	95 000 m <sup>2</sup>
1970	.....	120 000 m <sup>2</sup>
1978	.....	140 000 m <sup>2</sup>

Af þessum tölum sést, að uppbygging hefir verið hlutfallslega minni hin síðari ár. Orsaka er eflaust að leita í erfiðari fjármagnsútvegum, erfiðara hefir verið að fá land og hita en áður var, og hlutfallsleg arðsemi hefir farið minnkandi, a. m. k. í mörgum greinum.

Enginn vafi er t. d. á því, að verð vöru gagnvart launakostnaði er nú til muna lakara en var t. d. fyrir 20—30 árum.

Má e. t. v. segja, að gagnvart neytendum sé þetta spor í rétta átt, en rekstrarlega hlýtur þessi þróun að skapa erfiðleika.

Meginhluti ísl. gróðrarstöðva er fremur litill og lang flestar gróðrarstöðvar á bilinu 800—1 500 ferm. Þetta eru of litlar rekstrareiningar til að hagkvæmt geti talist og víðast í nágrannalöndum okkar er æskileg stærð talin 2 000—3 000 m<sup>2</sup>.

Stefna Stofnlánadeildar landbúnaðarins er í andstöðu við þetta sjónarmið því hún lánar ekki til stækkunar gróðrarstöðva, sem eru 1 200 m<sup>2</sup> eða þar yfir.

Eðlilegra verður að teljast að stuðla að stækkun og uppbyggingu þess sem fyrir er og koma á lífvænlegum rekstri en að stefna að nýjum stöðvum sem eru utan hagkvæmra stærðarmarka.

Stofnlánadeild lánar 50% af matsverði nýrra gróðurhúsa, en önnur fjármögnun er afar erfið eins og lánamálum er nú háttáð hér á landi.

Þess má geta að viðá erlendis er tilsvarendi fyrirgreiðsla 80—85% og lán oftast til a. m. k. 15 ára.

Byggingakostnaður er til muna hærri hér á landi. Hús þurfa að vera sérlega traust og flutningur á efni frá höfn að byggingastað er ætíð verulegur kostnaðarliður.

Menn, sérhæfðir í byggingu gróðurhúsa eru fáir og ekki alltaf tiltækir, svo að garðyrkjubændur verða yfirléitt að standa að þessum þætti sjálfir að mestu leyti en eru auðvitað afar misjafnlega í stakk búnir til þeirra hluta.

Helstu þættir garðyrkju eru:

I. Ræktun grænmetis og ávaxta.

II. Ræktun afskorinna blóma og pottaplantna.

III. Ræktun sumarblóma, fjölærra plantna, runna og trjáplantna.

IV. Skrúðgarðyrkja.

Þessir þættir geta verið tengdir með margvislegum hætti. T. d. er nokkuð algengt að liðir I og II séu tengdir að meiru eða minna leyti, þ. e. ýmis blönduð ræktun, grænmeti — ávextir — blóm. Þó er þróun eindregið í átt að aukinni sérhæfingu, ein eða fáar aðrar tegundir.

All algengt er líka, að tengsl séu milli III og IV, þ. e. að sami aðili annist plöntuuppeldi til sölu í skrúðgarða og annist jafnframt verklegar framkvæmdir í skrúðgarðyrkju. Hér er þó hið sama uppi á teningnum, að sérhæfing verður æ tíðari.

Skrúðgarðyrkja hefir þá sérstöðu, að þar er aðeins um að ræða þjónustu, en ekki beina framleiðslu. Gróðrarstöðvar, sem framleiða matvæli og skrautjurtir er einkum að finna á eiginlegum hverasvæðum, oftast í nokkurri fjarlægð frá mörkuðum (20—150 km).

Framleiðsla sumarblóma — fjölærra plantna o. s. frv. er oftast nærri helstu markaðssvæðum, í útjaðri bæja eða nærri þeim og sjaldan yfir 50 km frá helstu markaðssvæðum. Þetta kemur til af því að hér er að mestu um að ræða bein kaup neytenda hjá framleiðanda, svo að þessi verslun hefir nokkra sérstöðu.

Sala grænmetis og ávaxta fer að mestu um hendur Sölufélags garðyrkjumanna. Af tómtum mun þó u. þ. b. 25% fara eftir öðrum leiðum. Heildaruppskera tómata 1977 mun hafa numið 440 000 kg eða u. þ. b. 2 kg á mann á ári, sem er það hæsta sem verið hefir um árábil. Algengasta meðalneysla hefir verið u. þ. b. 1.5 kg á mann.

Samsvarandi tölur pr. íbúa í Svíþjóð munu vera 5.5—6.0 kg á íbúa.

Heildaruppskera gúrkna var u. þ. b. 360 tonn 1977, sem er mesta uppskera á ári hingað til. En sívaxandi neysla á þeim og hefir verið um nokkurt árábil. Magn á íbúa u. þ. b. 1.6 kg, en meðaltal hefir verið 1.3—1.5 kg. Samsvarandi tölur frá Svíþjóð eru 3.2—4.0 kg. Með lýsingu mætti lengja uppskerutíma tómata og gúrkna verulega og fullnægja eftirspurninni með innflutningi þann tíma ársins sem innlend framleiðsla er ekki á boðstólum. Ræktun á salati hefir stóraukist á síðari árum. Sala 1977 nam u. þ. b. 135 000 hausum, en var aðeins um 70 000 þús. höfuð 1973. Magn 1977 svarar til u. þ. b. 14% magns á mann í Svíþjóð, þótt aukin neysla hafi verið veruleg, er enginn vafi á að verulegir möguleikar eru á aukinni sölu á markaði hérlendis, og eiga breyttar neysluvenjur þar stóran þátt. Útiræktað grænmeti fullnægir ekki nema litlum hluta markaðsþarfa, og aðeins takmörkuðum hluta árs.

Á þessu sviði eru eflaust verulegir möguleikar ónýttir, en veðurfar er hinsvegar takmarkandi þáttur. Með aukinni ræktun skjólbelta og notkun plasts o. fl. efna er eflaust hægt að ná betri og öruggari ræktunarárangri, en hins vegar eru þeir stofnar og afbrigði, sem unnt er að rækta hér á landi, flestir með takmarkað geymsluþol, þannig að þess er ekki að vænta að hægt sé að geyma uppskeru nema takmarkaðan tíma, sjaldan lengur en til áramóta, nema kartöflur og rófur.

Ekki liggja fyrir eins nákvæmar tölur um sölu blóma og skrautjurtu hér á landi, en ljóst er að hún fer stöðugt vaxandi, og heilðsöluvelta þessara greina mun hafa numið um 400 milljón króna árið 1978.

Heildarverðmæti sumarblóma, fjölbærra plantna trjáa og runna í skrudgarða og annarra skyldra nota mun hafa numið u. þ. b. 150 millj. króna árið 1978.

Ljóst er að í þessum greinum eru verulegir aukningarmöguleikar vegna breyttra lífsviðhorfa almennings, þar sem ræktun, snyrting og fegurra umhverfi er að verða snar þáttur í lífi flestra manna.

Staða skrudgarðyrkjumanna markast einnig mjög af þessum breyttu viðhorfum. Það sem einkum er til boga á þeirra sviði eru langir kaflar á veturnum þegar ekki er hægt að sinna skrudgarðyrkjustörfum, en í heild hafa atvinnumöguleikar í greininni farið vaxandi á síðari árum.

Koma þar einnig til vaxandi umsvif margra sveitarfélaga á sviði umgengnis- og fegrunarmála.

Þess hefir þegar verið getið, að fjármagnsliðir séu garðyrkjubændum erfiðir og uppbygging til muna erfiðari en í nágrannalöndum okkar, þar sem fyrirgreiðsla er meiri á flestum sviðum. Tollar og aðflutningsgjöld eru lögð á ýmsar rekstrarvörur íslenskrar garðyrkju. Í ýmsum greinum er algengt að erlent verð rekstrarvara tvöfaldist eða meira þegar öll kurl koma til grafar, s. s. tollar, vörugjöld, söluskattur, farmgjöld, bankakostnaður o. fl. Á þetta t. d. við liði eins og varnarlyf, plöntur, græðlinga, lauka o. fl.

Mikið er rætt um möguleika á notkun raflýsingar til að ná betri ræktunarárangri í skammdegi. Eins og málum er nú háttað eru perur, straumfestur, lampar og flest, sem þarf til þessarar sérstöku lýsingar, í háum tollflokki, og lýsingartaxtar óhagstæðir, þannig að ekki er neinn kostur að nota plöntulýsingu, nema í alveg sérstökum tilfellum, s. s. við uppeldi unglantna.

Möguleikar til menntunar í garðyrkju eru hér góðir. Garðyrkjuskólinn að Reykjum var stofnaður 1939, og hafa nemendur þaðan haft mikil áhrif á framvindu garðyrkjumála. Skólinn er fullskipaður ungu fólki og atvinnumöguleika virðist ekki skorta.

Ljóst er að neysla og notkun garðyrkjuafurða fer jafnt og þétt vaxandi hér á landi og markaðshorfur allgóðar. Þessi breyting er þó hægfara og er þróun á þessu sviði æskilegri en byltingarkenndar stækkanir.

Rekstrarleg staða íslenskrar garðyrkju er ekki sterk og hugmyndir um útflutning á erlenda markaði ekki raunhæfar eins og nú háttar, en kanna þarf til hlítar alla möguleika á því sviði. Síðasta hækkun olíuverðs gæti hafa breytt þeirri stöðu.

Gagnvart innflutningi er staða veik vegna þess hve markaður er þröngur og lítið má út af bera hvort er of eða van.

Alþekkt er sú tilhneiging innan sterkra markaðsheilda, svo sem EBE, að losna við umframframleiðslu af ýmsu tagi á stórlega niðurgreiddu verði.

Innflutningur til að brúa bil þegar innlenda framleiðsla þrýtur er hinsvegar sjálfsgæddur eins og áður var að vikið, en jafnframt nauðsynlegt að honum sé stjórnað og farið eftir þörfum hverju sinni.

Af framansögðu er ljóst, að ísl. garðyrkja hefur verulega vaxtarmöguleika á flestum sviðum. Framvinda mála hlýtur mjög að markast af því hvernig að henni er búið.

## 5. Rannsóknastarfsemi.

Undirstaðan undir hagræðingu, aukinni fjölbreytni og meiri vörugæðum í landbúnaði eru rannsóknir. Án öflugrar rannsóknar- og leiðbeiningastarfsemi verður fljótt stöðnun í tæknilegum framförum og atvinnuvegurinn verður sífellt ósamkeppnisfærari. Þess vegna er framtíðarvelferð íslensks landbúnaðar mjög háð því að takast megi að halda uppi öflugu og skynsamlega mótuðu rannsóknar- og leiðbeiningastarfi. Leggja verður áherslu á að sú undirstaða, sem hagnýtar rannsóknir skapa er jafnmikilvæg, hvort sem stefnt er að aukningu eða samdrætti í framleiðslumagni landbúnaðarvara.

Í íslenskum landbúnaðarrannsóknnum verður að leggja höfuðáherslu á eftirfarandi:

- a) finna leiðir til að lækka framleiðslukostnað í hefðbundnum landbúnaði.
- b) auka gæði matvæla og annarra afurða, sem landbúnaðurinn framleiðir,
- c) auka fjölbreytni í landbúnaðarframleiðslunni og finna ný viðfangsefni fyrir landbúnaðinn,
- d) finna leiðir til að framleiða innlendan fóðurbæti sem komið gæti að mestu eða öllu leyti í stað innflutts fóðurs bæði fyrir jörturdýr, svin og alifugla,
- e) auka öryggi heyskapar,
- f) efla garðrækt og ylrækt bæði fyrir heimamarkað og vegna útflutnings,
- g) finna hentugri tegundir og aðferðir við skógrækt bæði til skrauts, skjóls og viðarframleiðslu,
- h) koma í veg fyrir gróður- og landeyðingu með rannsóknum á beitarpoli og finna öflugar aðferðir við uppgræðslu,
- i) leita eftir búskaparháttum, sem samræmast náttúru landsins og vernda hana,
- j) finna leiðir til að auka fiskgengd í ám og vötnum og tryggja hámarksnýtingu þessara auðlinda,
- k) finna hvernig nýta megi betur ýmis hlunnindi,
- l) leita að aðferðum til að létta bóndanum störfin,
- m) hanna betri útihús og innréttingar til að draga úr byggingarkostnaði,
- n) efla búvélarannsóknir til að tryggja hámarksnýtingu vélakosts,
- o) taka upp rannsóknir á hagfræðilegum þáttum búskapar,
- p) efla rannsóknir, sem leiða til uppskerumeiri túna og afurðameira búfjár.

Á undanförunum árum hefur megináhersla verið lögð á ýmis undirstöðuatriði jarðræktar, búfjárræktar og hagræðingar í landbúnaðarframleiðslu. Á síðustu árum hefur aukin áhersla verið lögð á rannsóknir á nýtingu beitilands.

Af því, sem að framan er talið þarf á næstu árum að leggja mesta áherslu á fóðurrannsóknir (fóðuröflun, verkun og fóðrun), afurða, og vinnslurannsóknir, rannsóknir í þágu hliðarbúgreina og hlunninda. Einnig rannsóknir til að létta bóndanum störfin og hanna betur útihús og innréttingar til að draga úr byggingarkostnaði landbúnaðarins.

Stefna þarf að því að skapa íslenskum landbúnaðarrannsóknum viðunandi starfskilyrði og fá til starfa sérmenntað fólk á sviðum, sem nú eru vanrækt (t. d. garðrækt, svina- og alifuglarækt, hagfræði, tölvuúrvinnuslu gagna) og skipuleggja starf tilraunastöðvanna þannig að þær komi að sem mestum notum.

Hér skal vísað til langtímaáætlunar Rannsóknaráðs ríkisins um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

## 6. Leiðbeiningaþjónustan.

Hlutverk leiðbeiningaþjónustunnar (ráðunautaþjónustunnar) er m. a.:

1. Að vera tengiliður á milli bænda og rannsóknastarfseminnar í landinu; — leggja dóm á niðurstöður rannsókna, meta hagnýtt gildi þeirra og koma þeim á framfæri við bændur á þann hátt að þeir geti notfært sér þær til að ná betri árangri í búskapnum.
2. Að fylgjast með erlendis, kynna sér búnaðarnýjungar þar, meta gildi þeirra og kynna eftir því sem við á fyrir bændum.
3. Að leiðbeina í ræktun og fóðurverkun, á grundvelli þekkingar og reynslu, þar á meðal að túlka niðurstöður efnagreininga á jarðvegi og fóðri frá einstökum býlum.
4. Að leiðbeina um framkvæmdir á einstökum jörðum, bæði á frumstigi, við ákvarðanir hvað og hvenær skuli framkvæma svo og um hvernig skuli framkvæma.
5. Að leiðbeina um kynbætur búfjárins, leiða kynbótastarfið á félagslegum grund-

velli, dæma kynbótagripi og leiðbeina einstökum bændum um kynbótaaðferðir og val kynbótagripa.

6. Að leiðbeina bændum um búskapinn í heild og búskaparhætti á grundvelli búnaðarhagfræðilegra niðurstæðna úr búreikningum og öðrum könnunum.

7. Að fylgjast með og annast framkvæmd landbúnaðarlöggjafar svo sem Búfjárræktarlaga, Jarðræktarlaga, laga um forðagæslu, landgræðslulaga, laga um afrettarmálefni og fjallskil o. fl.

Búnaðarfélag Íslands var stofnað 1899 og sama ár kom Búnaðarþing fyrst saman. Búnaðarþing fer með æðstu stjórn Búnaðarfélags Íslands og kýs stjórn þess. Fyrstu ráðunautar Búnaðarfélags Íslands voru ráðnir upp úr aldamótunum og hafa þeir alla tíð starfað sem landsráðunautar. Framan af voru haldin búnaðarnámskeið víða um land oft á bændaskólunum og/eða í samvinnu við þá.

Ræktunarfélag Norðurlands var stofnað 1903, og starfaði framan af árum sem búnaðarsamband yfir Norðurland. Það starfrækti þá þegar tilraunastöð á Akureyri og smærri stöðvar víðar á starfssvæðinu, auk þess sem það hafði leiðbeiningastarfsemi og hélt búnaðarnámskeið. Nú starfar Ræktunarfélag Norðurlands sem samband búnaðarsambandanna á Norðurlandi.

Búnaðarsamböndin voru stofnuð á fyrstu áratugum aldarinnar og höfðu nokkur þeirra ráðunauta í þjónustu sinni, en föst skipan kemst ekki á ráðunautabjónustuna fyrr en eftir síðari heimsstyrjöldina, en þá ráða búnaðarsamböndin sér ráðunauta eitt af öðru, þar til héraðsráðunautar eru komnir til starfa um landið allt, undir lok sjötta áratugs aldarinnar.

Búnaðarfélag Íslands hefur alla tíð haft yfirumsjón með leiðbeiningastarfsemi fyrir landbúnaðinn. Á þess vegum starfa nú landsráðunautar á eftirtöldum sviðum: Jarðrækt og fóðurverkun, garðrækt og ylækt, verkfæranotkun og vatnsveitur, byggingum og nútækni, landnýtingu, nautgripærækt, sauðfjárrækt, hrossarækt og hrossaúttflutningi, loðdýrarækt, æðarrækt, alifugla- og svínarækt (óráðið í starfið) og búnaðarhagfræði. Á sumum starfssviðum starfa tveir eða þrjú ráðunautar, en öðrum er aðeins sinnt sem hlutastarfi. Auk þess eru sérhæfðir starfskraftar við útgáfustörf, tveir starfsmenn við tölvubjónustu búfjárræktar og jarðræktar og starfsfólk Búreikningastofu landbúnaðarins að hluta sérhæft.

Fastráðnir ráðunautar hjá Búnaðarfélagi Íslands eru nú 15 og hefur þeim lítið fjölgað síðasta einn og hálfan áratuginn, enda hefur á þeim tíma mest áhersla verið lögð á að efla ráðunautastarfsemi búnaðarsambandanna. Ráðunautar og starfslíð Búnaðarfélags Íslands starfa fyrir fé úr ríkissjóði.

Héraðsráðunautar starfa á vegum búnaðarsambandanna sem nú eru 15 á landinu. Þau hafa nú að jafnaði 35–40 ráðunauta í sinni þjónustu, en suma lausráðna og fá ekki að fullu launahluta ríkissjóðs greiddan þeirra vegna. Það mark hefur verið sett að einn ráðunautur skuli vera fyrir hverja 100 bændur, en það hefur ekki náðst og vantar samþykki fjárveitingavaldsins fyrir fastráðningu 4 héraðsráðunauta. Í nokkrum héruðum starfar aðeins einn ráðunautur sem þá sinnir öllum fagsviðum. Þar, sem fleiri ráðunautar eru, hafa þeir ýmist ákveðin starfssvæði innan sambandssvæðisins, eða þeir skipta með sér fagsviðum og starfa hver um sig að jarðræktar-, búfjárræktar- eða nútæknileiðbeiningum.

Héraðsráðunautum hafa auk hinna beinu leiðbeiningastarfa verið falin ýmis umboðs- og eftirlitsstörf, svo sem eftirlit með framkvæmd jarðræktar- og búfjárræktarlaga, störf í jarðanefndum, og umboðsstörf fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins í sambandi við umsagnir með lánsumsóknnum. Fleiri hliðstæð störf vilja hláðast á ráðunautana. Búnaðarsamböndin fá 65% af launum viðurkenndra héraðsráðunauta úr ríkissjóði.

Það hefur helst verið gagnrýnt í sambandi við skipulag leiðbeiningabjónustunnar að ráðunautar væru um of uppteknir við önnur störf en þeirar leiðbeiningar, og hefðu því of lítinn tíma til að sinna þeim. Og í annan stað, að í því fælist veikleiki að sömu menn leiðbeini bændum um framkvæmdir og skipuleggi þær og komi síðan

sem úttektarmenn sömu framkvæmda fyrir hönd ríkisvaldsins. Ekki hefur þó verið bent á að þetta kæmi að sök. Hins vegar er á það bent að ef breyta ætti til og hafa sérstaka úttektarmenn myndi það krefjast meiri mannafla og verða mikið dýrara í framkvæmd. Á sama hátt má benda á að bæði við leiðbeiningar og undirbúning framkvæmda og eins við úttekt gefst ráðunautum tækifæri til að fylgjast með öðrum þáttum búrekstrarins og leiðbeina í sambandi við það.

Heyrst hefur, að ekki væri ætíð nógu gott samband á milli þeirra sem vinna að rannsóknum eða annarri öflun þekkingar í landbúnaði, og þeirra sem einkum miðla henni til bænda. Þessu er þó til að svara að allt síðan upp úr 1950 hefur Búnaðarfélag Íslands staðið fyrir svonefndum ráðunautafundum sem með réttu hafa verið nefndir endurhæfingarnámskeið fagmanna landbúnaðarins. Þessir vikulöngu fundir voru í fyrstu annað hvert ár, en hafa nú á annan áratug verið haldnir árlega og þá á vegum Búnaðarfélags Íslands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í sameiningu. Fundina sækja allir ráðunautar sem tók eiga á hverju sinni, sérfræðingar og tilraunastjórar og bændaskólakennarar auk fleiri fagmanna eftir því sem efni standa til.

Enn hefur verið um það rætt að auka þurfi hinn hagfræðilega þátt leiðbeiningastarfseminnar og hefur Búnaðarfélag Íslands einkum lagt á það áherslu undanfarin ár.

Búreikningastofa landbúnaðarins vinnur mikilvægt grundvallarstarf á þessu sviði og hefur á undanförunum árum lagt traustan grunn, sem auknar hagfræðilegar leiðbeiningar byggjast á.

Hins vegar virðast niðurstöðurnar tæplega hafa átt nógu greiða leið til alls þorra bænda og er það einkum því að kenna að héraðsráðunautar, sem vegna anna við hinar hefðbundnu leiðbeiningar í jarðrækt og búfjárrækt og önnur störf virðast leiða þennan þátt um og of hjá sér.

Með þeim nýju viðhorfum sem skapast hafa í framleiðslumálum landbúnaðarins og breyttum markmiðum sem keppa verður að þegar draga verður úr framleiðslu mjólkur og kjöts, er eðlilegt að litið verði á það sérstaklega hvernig leiðbeiningaþjónustan getur brugðist við.

Benda má á að Búnaðarþing 1978 fjallaði sérstaklega um þetta efni og gerði um það svofellda ályktun:

„Búnaðarþing lítur svo á, að leiðbeiningaþjónustunni hafi á undanförunum árum og áratugum tekist vel að aðstoða bændur landsins við að ná mikilvægum áfanga að því markmiði landbúnaðarstefnunnar að auka og bæta framleiðslu landbúnaðarvара jafnframt því, sem reynt hefur verið að láta haldast í hendur bættu afkomu bændastéttarinnar og lækkandi framleiðslukostnað á búvörueiningu.

Nú hafa fyrirvaralítið skapast ný viðhorf í framleiðslumálum landbúnaðarins og því breytt markmið, sem keppa verður að. Aðaleinkenni þess er að draga verður nokkuð úr framleiðslumagni mjólkur og sauðfjárafurða, en auka má verulega sumar aukabúgreinar.

Leiðbeiningaþjónustan þarf því nú þegar að hefja nýja baráttu til þess, að landbúnaðurinn fari inn á þessa braut án þess, að bændastéttin verði fyrir fjárhagslegum skakkaföllum eða framleiðslukostnaður á búvörueiningu hækki.

Í því sambandi er rétt að minna á eftirfarandi atriði, sem nú verður að vinna að:

1. Fækka nokkuð kúm og kindum, og helst þar, sem bændur geta bætt sér tekjumissi á annan hátt.
2. Minnka aðföng til landbúnaðarins, eins og kostur er, án þess þó að hverfa frá stefnunni um góðar og miklar afurðir búfjárins.
3. Minnka fjármagnsnotkun landbúnaðarins, eins og fært er, með ódýrari og hagkvæmari byggingum og fullkomnari nýtingu og viðhaldi véla.
4. Halda áfram ræktunarstarfi bæði í jarðrækt og búfjárrækt, þ. e. bæta og auka afurðagetu búfjárins og bæta túnin, gróður þeirra og framræslu, en hægja á ný-

ræktarframkvæmdum í bili. Jafnframt þarf að bæta stórlega heyverkunina. Með þessum aðgerðum skapast grundvöllur að ódýrari og betri landbúnaðarframleiðslu.

5. Leita að nýjum framleiðslugreinum og fullnýta aukabúgreinar, þar sem markaður hefur ekki verið fullnýttur til þessa (garðyrkja, loðdýrarækt, fiskrækt, hlunnindabúskapur af ýmsu tagi).
6. Bæta hinn hagfræðilega þátt leiðbeiningarþjónustunnar með auknu búreikningahaldi ásamt kynningu niðurstaðna þeirra.“

Auk þessa hefur all mikið verið rætt um að leiðbeiningarþjónustu þurfi að efla á sviði ýmissa hliðarbúgreina, svo sem í nýtnu hlunninda, í fiskrækt, loðdýrarækt o. fl. slíku. Einnig hefur vaknað áhugi á því að Búnaðarfélag Íslands gæti veitt beina aðstoð við að efla aðra þætti atvinnulífsins í sveitunum og nefnt hefur verið að það veitti leiðbeiningar við eflingu iðnaðar í sveitum.

Mikilvægt er að ráðunautarþjónustan geti einbeitt sér að því að finna ráð til þess að hagur bænda þurfi ekki að versna þó samdráttur verði í hinum hefðbundnu búgreinum. Til þess kunna að finnast ýmis ráð ef vel er að unnið.

Hér hefur verið bent á nokkur atriði sem lagfæra þarf í starfsemi leiðbeiningarþjónustunnar.

Til að þessum umbótum verði komið fram þarf skilning og velvilja fjárveitingavaldsins. Hér er ekki um að tefla stórar fjárhæðir, en von um mikinn árangur, ef vel tekst til um framkvæmdina. Árangur á þessu sviði er engu síður hagur neytenda og alls almennings í landinu en bændastéttarinnar.

## 7. Búnaðarmenntun.

Einn af undirstöðupáttum landbúnaðar sem og annarra atvinnuvega er fræðsla og kennslumál þeirra, sem viðkomandi atvinnuveg stunda. Með vaxandi tæknivæðingu og sérhæfingu er í flestum atvinnustéttum lögð ríkari áhersla á faglega menntun. Í mörgum tilfellum er fagmenntun eitt þeirra skilyrða, sem þarf að uppfylla til þess að öðlast atvinnuréttindi í viðkomandi starfsgrein. Í landbúnaði er þessu nokkuð á annan veg farið. Almenn búnaðarmenntun veitir í fáum tilvikum nokkur starfsréttindi. Engar sérstakar kröfur eru gerðar um menntun þeirra, sem hefja búskap. Af starfandi bændum munu um 25—28% hafa verið á búnaðarskóla.

Af þeim, sem hefja búskap árlega eru vart yfir 30%, sem lokið hafa búfræðiprófi. Þó margir hafi starfað undir leiðsögn bænda áður en þeir hófu búskap, eru ýmsir, sem hefja búskap, nánast ókunnugir flestu, er lýtur að daglegum störfum bóndans.

Megin markmið búnaðarfræðslunnar má setja fram í nokkrum atriðum.

- a. Að sem flestir þeirra, sem hefja búskap hafi hlotið nokkra hagnýta fræðslu um landbúnað, þannig að búfræðingar séu hæfir um að annast sjálfstæðan búrekstur og gegna ábygðarstöðum í þágu landbúnaðarins.

Almennt búnaðarnám fari fram við bændaskóla, en auk þess komi til greina að skipuleggja hluta námsins við aðra framhaldsskóla, ef henta þykir.

Til að ná þessu markmiði skal m. a. leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Búfræðinamið verði skipulagt í samræmi við annað framhaldsskólánám.
- Bóklegum og verklegum námsþáttum þannig fyrir komið, að takmörkun á verkkunnáttu hindri ekki bóklegt nám.
- Lögð áhersla á tengsl búnaðarnámsins við almennan búrekstur m. a. með verknámi hjá bændum og búrekstri og tilraunastarfsemi bændaskólanna.
- Lögð sé áhersla á að kynna nýjungar og gera bændur þannig hæfari um að takast á við ný verkefni í landbúnaði.
- Boðið sé upp á bréfaskólánám, sem komið geti til móts við nemendur, sem ekki geta sótt reglubundið búnaðarnám.



b. Að í auknum mæli verði stuðlað að endurmenntun þeirra sem við og fyrir landbúnað vinna.

Efling þessa þáttar búnaðarfræðslunnar felur m. a. í sér eftirfarandi:

- Námskeiðahald fyrir starfandi bændur, þar sem tekin eru til meðferðar sérstök verkefni og nýjungar í búskaparháttum eru kynntar. Í þessu námi þarf verktækni og verkkunnáttu að vera ríkur þáttur.
- Námskeið fyrir starfsmenn landbúnaðarins, sem miða að ákveðinni sérhæfðri starfsmenntun. Hér má nefna námskeið fyrir sæðingamenn, úttektarmenn, afleysingamenn við búfjárhirðingu o. fl.
- Námskeið í sérhæfðum búgreinum s. s. loðdýrarækt, matjurtaækt, alifuglarækt o. fl.
- Efla útgáfu smárita og fjölríta af ýmsu tagi.

Verkefni þau, sem hér eru nefnd eru dæmigerð samvinnuverkefni búnaðarskóla, búnaðarsambanda, rannsóknarstarfseminnar og Búnaðarfélags Íslands.

c. Að þeir, sem vilja starfa við leiðbeiningar og rannsóknir í landbúnaði eigi kost á vísindalegri fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar innanlands. Innlent búvísindanám verði við það miðað að búfræðikandidatar geti tekið að sér leiðbeiningarstörf í landbúnaði og unnið að hagnýtum rannsóknarverkefnum í þágu hans.

Til að ná þessu markmiði ber að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- Búvísindanámið sé skipulagt sem alhliða undirstöðunám í búfræðigreinum.
- Námið verði tengt rannsóknar- og tilraunastarfsemi landbúnaðarins. Þetta verði gert með eflingu þeirrar starfsemi við Bændaskólann á Hvanneyri og með nánnum tengslum við aðra rannsóknarstarfsemi í landinu.
- Nemendum gefist kostur á að kynnast leiðbeiningaþjónustu og vinnubrögðum hennar.
- Komið verði á námskeiðum fyrir leiðbeinendur og rannsóknarmenn. Þar verði nýrri þekkingu miðlað og kynntar nýjungar á hverju fagsviði.

Mennt er máttur, og virðing samtímans fyrir störfum er oft bundin við þær menntunarkröfur, sem gerðar eru til þeirra er í viðkomandi atvinnugrein starfa. Efling búnaðarmenntunarinnar er því brýnt verkefni, bæði hvað snertir afkomumöguleika bóndans og virðingu þjóðfélagsins fyrir störfum hans.

Búnaðarmenntunina og menntun bændastéttarinnar má m. a. efla á eftirfarandi hátt:

- Efla og auka há starfsemi, sem fyrir er í landinu á sviði búnaðarmenntunar, og þar með skapa fleiri bændum og bændaeignum tækifæri til að afla sér búfræðimenntunar.
- Gera auknar kröfur til þeirra, sem í framtíðinni hefja búskap með því m. a., að búfræðimenntun eða sambærileg menntun sé eitt skilyrði til þess að hefja framleiðslu búvara og nióta fyrirgreiðslu hins opinbera.
- Koma á fót búnaðarskóla á Suðurlandi í einhverri mynd. Í framhaldi af því verði unnið að samræmdri verkefnaskiptingu skólanna.
- Koma á markvissu samstarfi milli þeirra, sem stunda kennslu, rannsóknir og leiðbeiningar, og stéttasamtaka bænda um skipulag og framkvæmd búnaðarfræðslunnar.

#### 8. Félagsleg aðstaða og þjónusta.

Það sem e. t. v. ræður mestu um hvar fólk velur sér búsetu er sú félagslega aðstaða og þjónusta, sem í boði er á hverjum stað. Aðstaða þegnanna í þessu tilliti er ákaflega misjöfn, sem ekki er óeðlilegt í stóru og strjálbýlu landi. Óhætt er að fullyrða, að fáir munu ver settir í þessu sambandi en bændur almennt. Í þeim hópi eru þó búfjárbændur lakast settir sem í flestum tilfellum hafa hvorki aðstöðu til að njóta reglulegra frídaga eða fara í orlof. Dýrin þurfa sína umhirðu á hverju sem gengur.

Árið 1972 var á vegum Búnaðarfélagss Íslands og Stéttarsambands bænda samið frumvarp um orlof bænda. Hlaut það samþykki Búnaðarþings og aðalfundar Stéttarsambandsins. Hafa orlofsmálin síðan verið eitt helsta baráttumál bændastéttarinnar á þessu sviði.

Nú hefur landbúnaðarráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Er þar gert ráð fyrir að búvöruframleiðendur eigi kost á afleysingamanni í allt að 24 daga á ári, ef veikindi eða slys ber að höndum. Það verður að teljast sanngirnismál að enginn neyðist til að vinna sjúkur og baki sér e. t. v. með því varanlegt heilsutjón, auk þess sem það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir hið öfúllnægjandi vegna smíthættu.

Enda þótt tækist að koma á fót forfalla- og afleysingaþjónustu í veikinda- og slysatilfellum eru orlofsmál búvöruframleiðenda óleyst.

Ef vel tekst til um framkvæmd þeirrar afleysingaþjónustu, sem frumvarp landbúnaðarráðherra gerir ráð fyrir, má á næstu árum auka við há starfsemi svo hún geti einnig náð til afleysinga við töku orlofs og reglulegra frídaga. Kostnað af þeirri þjónustu myndu bændur væntanlega sjálfir greiða, þar eð orlof, 8.33%, er reiknað á launalið í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvæðinguna og er innifalið í búvöruverðinu til bóndans. Undirstaða þess að vel takist til um afleysingaþjónustu er að hæfir starfskraftar fái.

Ófullnægjandi heilbrigðisþjónusta og erfiðar samgöngur er annar þáttur, sem mjög er brýnt að bætt verði úr. Einnig er símaþjónusta víða léleg, símstöðvar lokaðar megin hluta sólarhringsins.

Aðstaða til náms er enn einn þáttur þessa mismunar. Víða hurfa foreldrar að sjá af börnum sínum ungum að heiman til dvalar í heimavistarskóla. Á þetta jafnvel við um næstu þekki skyldunámsins. Augljóst er hvaða erfiðleika það skapar.

Mörg fleiri atriði mætti nefna, s. s. hátt orkuverð, ófullkomnari verslunarþjónustu, slæm hlustunarskilyrði hljóðvarps og sjónvarps o. fl.

Þau atriði, sem hér hafa verið rakin, önnur en orlofsmálin, snerta að sjálf-sögðu marga fleiri en búvöruframleiðendur, þar sem þau eiga einnig við um marga minni héttbýlisstaði.

Hins vegar eru þau e. t. v. enn tilfinnanlegri fyrir fólk í sveitum þar sem bæði kemur til hindring vegna umhirðu búfjárens og oft á tíðum einangrun og þar af leiðandi lítið félagslíf.

Á það skal bent, að margir telja, að starfi bóndans fylgi ýmsir kostir, sem íbúar í borgum og bæjum fari á mis við. Má þar m. a. benda á friðsari vinnutíma, kosti þess að vera sjálfs síns húsbóndi, heilnæmt umhverfi o. fl. Þessar ábendingar eiga vissulega við mörg rök að styðjast. Þótt þessir kostir sveitalífsins vegi tæpast upp á móti heim annmörkum, sem að framan getur, ef margir fara saman.

Ef ekki verða verulegar umbætur á félagslegri stöðu bænda og skylduliðs þeirra á næstu árum, er hætt við, að ekki verði sú endurnáin í stéttinni, sem nauðsynleg er. Dugmikið ungt fólk mun þá fremur velja sér önnur störf, sem betri aðstöðu bjóða, meðal annars í stéttinni hækkar og mun það með tímanum leiða til lakari afkasta og minni framleiðni í landbúnaðinum.

### 9. Fjölgun atvinnutækifæra í sveitum.

Á undanförunum árum hefur stöðugt fjölgað því fólk í sveitum, sem hefur aðalatvinnu af öðru en búvöruframleiðslu. Hér er um að ræða fólk, sem stundar ýmskonar þjónustustörf, embættismenn og iðnaðarmenn. Þetta fólk hefur þó flest nokkra búvöruframleiðslu sér til ánægju og búdrýginda, t. d. er talið að um 2.5% af ærgildaeign landsmanna sé í eigu slíkra manna.

Margir þessara manna hafa ríman frítíma og geta því veitt forstöðu ýmskonar félagsstarfsemi og sinnt nauðsynlegum trúnaðarstörfum fyrir sveit sína. Margir þeirra hafa allgóðar tekjur og leggja því drjúgan skerf til þarfa sveitarfélagsins.

Þetta er mjög æskileg þróun og hefur orðið til að styrkja byggðina.

Samdrætti í nautgripa- og sauðfjárframleiðslunni verður að mæta með einhverjum hætti. Hér að framan er fjallað um leiðir til að gera búvöruframleiðsluna fjölbreyttari. Aukinni fjölbreytni í framleiðslunni fylgja jafnframt ný atvinnutækifæri. Ólíklegt er þó að nýjar búgreinar geti veitt öllum þeim atvinnu, sem að öðrum kosti hefðu lagt stund á hinar hefðbundnu búgreinar.

Auk þess er það staðreynd að í sveitum ríkir það, sem kalla mætti dulið atvinnuleysi. Margt ungt fólk í sveitum hefur ekki nægileg verkefni en vill þó ekki yfirgefa sveitirnar í von um að úr rætist. Einnig gætu margar húsmæður í sveitum unnið að heiman hluta úr degi, ef færi byðist.

Fjölgun atvinnutækifæra í sveitum er eitt brýnasta hagsmunamál þeirra, sem í sveitum búa og ein af forsendum þess að unnt sé að koma í veg fyrir fólksfækkun í sveitunum og byggðaröskun sem af því leiðir.

Fjölga þarf atvinnutækifærum í þéttbýlisstöðum í sveitum. Þjónusta og félagsstarfsemi í sveitum mun á næstu áratugum safnast saman í litla þéttbýlisstaði, þar sem stórir þéttbýlisstaðir eru ekki innan seilingar. Bændur geta ekki sótt viðgerðarþjónustu um langan veg og ýmiskonar verslunarþjónusta mun einnig leita til slíkra þéttbýlisstaða. Þar þyrfti einnig að koma upp iðnaði og úrvinnslu ýmiskonar úr landbúnaðarvörum, s. s. ull og skinnum. Slíkum iðnaði hefur þegar verið komið upp í sveitum á nokkrum stöðum á landinu og gefst það vel. Þessa vinnu má þó ekki færa inn á sveitaheimilin því það yrði eyðilegging á búrekstrinum.

Sérstaka áherslu þarf að leggja á það, að ungt fólk, sem lokið hefur námi, eigi afturkvæmt til áthaganna og geti fundið starf við sitt hæfi.

Með tilkomu forfalla- og afleysingarþjónustunnar skapast atvinnutækifæri, sem henta mjög vel ungu fólki, sem lokið hefur búnaðarnámi, en hefur ekki að föstu starfi að hverfa. Reynslan hjá nágrannaþjóðum okkar sýnir þó, að fáir vinna lengi í þessari starfsgrein, eða 4—5 ár, en hverfa að því búnu flestir í önnur störf, eða hefja búrekstur sjálfir.

Þá má enn nefna störf við ýmiskonar þjónustu sem nauðsynleg er í sveitum s. s. vöruflutningar, fólksflutningar og flutningur á efni vegna ýmissa framkvæmda s. s. vegagerðar.

#### 10. Markaðsstarfsemi.

Þörfin á sölustarfsemi fyrir búvörur fer sívaxandi í nægtaþjóðfélaginu. Vörur „selja sig ekki sjálfar“ í sama mæli og áður því nú er úrval fjölbreyttara, þar á meðal úrval innfluttra vara sem keppa beinlínis við innlendar búvörur um markaðinn.

Landbúnaðinum er því mikil nauðsyn að leggja ríka áherslu á að nota nútímaaðferðir við sölu framleiðslu sinnar, til að nýta markaðsmöguleikana og halda hlut sínum sem best. Því þarf á næstunni að vinna skipulega að eftirfarandi atriðum á sviði markaðsmála á innlenda markaðnum:

1. Neytendakönnunum.
2. Vöruþróun.
3. Sölustarfsemi.

Neytendakannanir eru nauðsynlegar til að afla vitneskju um neysluvenjur, kanna óskir og viðhorf neytenda um matvörur og til að fylgjast með þróun neyslu. Með því að gera ýtarlegar athuganir á þessu sviði er hægt að fá mikilsverðar upplýsingar um breytingar á eftirspurn eftir einstökum vörum og unnt að hefja undirbúning að framleiðslu nýrra vörutegunda í stað þeirra gömlu í tæka tíð.

Vöruþróun í samræmi við niðurstöður neyslukannana stuðlar að aukinni sölu búvaranna. Vöruþróun verður að taka mið af hollustusjónarmiðum. Þarf því samvinnu milli framleiðenda og þeirra sem vinna að matvæla- og neytendarannsókn-

um. Neytendakannanir gefa vísendingar um í hvaða formi skuli bjóða vöruna, hvernig umbúðir örvi sölu hennar o. s. frv. Gera má ráð fyrir að þróun næstu ár verði í átt til aukinnar eftirspurnar eftir „tilbúnum“ mat og unnum vörum eins og kjötvörum og mjólkurréttum. Er því mikilvægt að huga að framleiðslu unnina vara þar sem kindakjöt er uppistaðan. Að sjálfsgöðu ber að leggja höfuðáherslu á ueyslu þeirra búvara sem þjóðhagslega eru hagstæðastar í framleiðslu og æskilegastar frá almennu mannelldissjónarmiði.

**Sölustarfsemi.** Þótt margt hafi verið vel unnið er sölustarfsemi fyrir búvörur tæpast nægilega markviss og heildarskipulag vantar. Sumar vörur eru lítið sem ekkert kynntar, aðrar aftur á móti töluvert, á ýmsan hátt eins og t. d. mjólkurvörur og ýmsar unnar kjötvörur. Þar hefur vöruþróun verið til fyrirmyndar og sölufélögin og samtök bænda varið talsverðu fé til kynningar og auglýsinga. Mikil nauðsyn er að móta heildarstefnu í þessu efni. Á það ekki aðeins við um heina sölustarfsemi heldur óheina, sem miðar að því að kynna landbúnaðinn sem atvinnuveg og þýðingu hans í þjóðfélaginu. Gera þarf ráð fyrir að verja framvegis verulegum fjárhæðum til sölu- og kynningarstarfsemi. Þar sem fjármagn er af skornum skammti er nauðsyn að nýta það sem best og því þarf sölustarfsemin að vera mjög vel skipulögð og undir heildarstjórn, sem mótar stefnuna í sölumálunum.

Markaðsstarfsemi fyrir íslenskar búvörur erlendis fer eftir því hvort verið er að selja umframframleiðslu eða hvort stefnt er að framleiðslu með útflutning í huga. Í fyrra tilfellinu hefur ekki mikla þýðingu að leggja fjármuni í auglýsingar og kynningu erlendis, því óviss er um hvort hægt sé að bjóða vöruna stöðugt á markaðnum. Sé hins vegar um útflutning að ræða sem vísar er fyrir að verði varanlegur um allmörg ár, er ljóst að kosta þarf til fjármunum til að kynna vöruna og gera hana eftirsóttu. Við höfum mjög lítið magn að bjóða miðað við stórbjóðirnar. Það er því nauðsynlegt að leggja áherslu á afmörkuð og viðuráðanleg markaðssvæði. Vegna takmarkaðs framboðs og mikils framleiðslukostnaðar hér þarf að leggja megin áherslu á að fá sem hæst verð fyrir vöruna og þarf söluviðleitnin að beinast í þá átt. Eins og nú er háttáð, er lítt fýsilegt að framleiða búvörur til útflutnings. Veldur því, eins og áður er fram komið, óhagstæð verðlagsþróun innanlands og það að millirikjaviðskipti með búvörur eru yfirleitt mjög erfið um þessar mundir. Þó verður að vinna ótullega að því að fá sem hæst verð fyrir þær búvörur sem nauðsynlegt er að flytja úr landi.

## 11. Efling innlendrar fóðurframleiðslu.

Í kafla III kemur fram að um 24% af fóðurþörf búpenings landsmanna á innifóðrun er innflutt kjarnfóður.

Möguleikar eru taldir á því að framleiða megnið af þessu fóðri innanlands og auka gæði heyfóðurs svo að stórlega megi draga úr þörfinni fyrir kjarnfóður.

Þetta hlýtur að verða eitt höfuð verkefni næstu ára á sviði rannsóknar og tilraunastarfsemi og hagræðingar.

Hér að framan er í 5. lið rætt um helstu verkefni á sviði rannsóknarstarfsemi og lögð áhersla á að finna leiðir til að framleiða fóðurbæti sem komið gæti að mestu eða öllu leyti í stað innflutts fóðurs bæði fyrir jörturdýr, svín og alifugla.

Mikilvægasti þátturinn til að draga úr þörf fyrir kjarnfóður er bætt heyverkun.

Það eru margir áhrifaþættir sem ráða því hvernig heyöflunin gengur og bóndinn fær ekki stjórnað eins og t. d. veðurfar og verð á rekstrarvörum.

Ýmislegt má gera til að draga úr áhrifum veðurfars og auka öryggi heyverrunar. Súgburrkun gerir kleyft í fyrsta lagi að stytta þurrkunina á velli og í öðru lagi tryggja verkun heys í hlöðu.

Þetta á að sjálfsgöðu aðeins við um „alvöru“ súgburrkun, þ. e. a. s. nægilega stórt kerfi og blásara. Súgburrkun kemst varla í viðunandi horf nema til komi þriggja fasa rafmagn, sem er forsenda stærri rafmótara.

Nægur og vel við haldinn tækjakostur er önnur höfuðnaðsyn þess að heyskapur gangi vel. Bilun tækja yfir heyskapartímann getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á gæði þeirra heyja, sem aflast.

Votheysverkun hefur átt erfitt uppdráttar í sumum landshlutum. Annarsstaðar er vothey megin uppistaða heyfóðursins og eykur það mjög öryggi fóðuröflunarinnar.

Nauðsynlegt er að hvetja bændur til aukinnar votheysverkunar og stuðla að umbótum á tækniþúnaði í sambandi við fóðrun á votheyi.

Á næstu árum þarf að gera stóráttak í því að efla innlendan fóðuriðnað. Rannsóknir sýna að graskögglar eru að fóðurgildi fyllilega sambærilegir við annað kjarnfóður, og er talið að innlendir graskögglar geti að mestu leyti komið í stað innflutts fóðurbætis sem fer til fóðrunar á nautgripum, sauðfé og hrossum.

**Viðauki:**

Bráðabirgðaáætlun um þörf útflutningsbóta árin 1980—1984 m.v. takmörkun mjólkurframleiðslu með kjarnfóðurgjaldi þannig að hún verði 5—6% umfram neyslu innanlands í lok áætlunartímabilsins og samdrátt í framleiðslu kindakjöts um 15%.

**Forsendur áætlunarinnar eru:**

1. Söluverð mjólkur verði hliðstætt grundvallarverði til bænda.
2. Söluverð kindakjöts hið lægsta ( $1\frac{1}{2}$  skrokkar, óbrytjaðir) er hliðstætt grundvallarverði til bænda.
3. Niðurgreiðslur á smjöri verði 55% af kostnaðarverði.
4. Niðurgreiðslur á rjóma og ostum verði 10% af kostnaðarverði.
5. Reiknað er með verðhlutfalli kjarnfóður/mjólk jöfnu 0.9, sem náð yrði með álagningu kjarnfóðurgjalds, sem lækkar útflutningsbótaþörfina um 1 200—1 300 millj. króna árlega frá því sem yrði við núverandi verðhlutfall.
6. Reiknað er með að kjarnfóðurgjaldið dragi úr framleiðslu sauðfjárafurða árið 1980 og síðar.
7. Spáð er neyslu búvara út frá fyrrnefndum verðlagsforsendum og reynslu um áhrif þeirra árin 1960—1978.
8. Reiknað er með að útflutningsverð skili um 35% af verði mjólkurafurða og 45% af verði kindakjöts.
9. Óvissa er í vaxtakostnaði við geymslu kindakjötsins, sem ekki er tekinn með í dæmið.
10. Miðað er við verðlag búvöru í mars, 1979.

